FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
292. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —
LAUGARDAGUR 10. DESEMBER 2016



# Sorgin var ferðalag

**Björk Guðmundsdóttir lýsir sorginni sem fylgdi sambandsslitunum við Matthew Barney sem ferðalagi sem nú er lokið. Sú reynsla er rótin að stafrænum heimi Bjarkar sem hún vill glæða sál.** →34

FRÉTTABLAÐIÐ MYND/NICK THORNTON JONES OG WARREN DU PREZ



Heimagerðar gjafir →40



Saga framherjans Sánchez →56



Faðirinn myrtur af glæpagengi →44

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● LÍFRÆNT VOTTAÐ

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Strekkings norðaustanátt. Rigning NA-til og slydda eða snjókoma til fjalla, en einnig dálítil rigning syðst á landinu.

SJÁ SÍÐU 70

## Þróun húsnæðisverðs

Á einu ári í nokkrum löndum.




# Húsnæðisverð hækkað einna mest á Íslandi

**EFNAHAGSMÁL** Húsnæðisverð hefur hækkað hvað hraðast í heiminum á Íslandi samkvæmt nýrri skýrslu.

Frá september 2015 til september 2016 hækkaði húsnæðisverð um 12,9 prósent á Íslandi en um 5,5 prósent að jafnaði um allan heim. Mest var hækkunin í Tyrklandi, á Nýja-Sjálandi og Íslandi.

Property Investor Today greinir frá því að húsnæðisverð hafi hækkað í Tyrklandi fimmta ársfjórðunginn í röð og um 13,9 prósent milli ára samkvæmt Global House Price Index eftir Knight Frank.

**12,9%**

**hækkaði húsnæðisverð á Íslandi frá september 2015 til september 2016.**

Á eftir Íslandi hækkaði verð mest í Kanada, eða um 11,7 prósent. Húsnæðisverð hækkaði einnig í Bandaríkjunum og var í lok tímabilsins hærra að raunvirði en nokkurn tímann áður.

Húsnæðisverð er þó ekki alls staðar á uppleið.

Húsnæðisverð lækkaði mest á tímabilinu í Úkraínu, eða um 9,9 prósent, og í Taívan um 8,9 prósent. Einnig lækkaði húsnæðisverð í Hong Kong um 5,5 prósent og í Singapúr um tvö prósent. **– sg**

## Stígamót veittu viðurkenningar



Árlegar viðurkenningar Stígamóta voru afhentar í gær. Talskonur og talsmenn Stígamóta í fræðslu- og fjáröflunarátaki ársins „Styttum svartnættið“ hlutu viðurkenningarnar í ár. Átakið felst í að stytta tímann frá því að kynferðisbrot er framið þar til brotaþoli leitar sér aðstoðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Landsbankinn auglýsir eftir bankastjóra

**SAMFÉLAG** Bankaráð Landsbankans hefur auglýst stöðu bankastjóra bankans lausa til umsóknar.

Auglýsing þess efnis er í atvinnuauglýsingum Fréttablaðsins í dag. Steinþór Pálsson, bankastjóri bankans, lét af störfum fyrir skemmstu og Hreiðar Bjarnason hefur verið starfandi bankastjóri síðan.

Farið er fram á að nýr bankastjóri búi yfir ótvíræðum leiðtoga- og stjórnunarhæfileikum og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum, auk menntunar og þekkingar á viðskiptaumhverfi og fjármálamarkaði.



Steinþór Pálsson

Umsóknarfrestur er til 28. desember. **– hh**

# Sem á valdi fjárkúgara í brúðkaupsferð á Íslandi

**Þriggja daga Íslandsheimsókn breskra hjóna var að þeirra sögn því líkust að lenda í greipum fjárkúgara. Lítið hafi verið um dýrðir í langþráðri brúðkaupsferð. Þau segjast afar vonsvikin. Þau muni vara ættingja og vini við verðlaginu.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Við vorum búin hlakka lengi til og spara fyrir þessari ferð,“ segja hjónin Sarah og Mark Bellew vonsvikin á síðasta degi fyrstu heimsóknar sinnar til Íslands. Ástæða vonbrigðanna er verðlagið.

„Þetta er eiginlega alveg ótrúlegt,“ segja þau Sarah og Mark þar sem þau sitja í anddyrinu á Center Hotel við Þingholtsstræti.

Daginn áður höfðu þau farið Gullna hringinn svokallaða; á Þingvelli og Gullfoss og Geysi. Að auki var heimsókn í baðstaðinn The Secret Lagoon á Flúðum innifalin í verðinu og veik von um norðurljós á himni en engar máltíðir. Þau sýna kvittunina. Á henni stendur skýrum stöfum: 87.800 krónur. Verðið er sem sagt 43.900 krónur á manninn.

„Við erum bara hér í örfáa daga. Allir segja að þessa staði verði maður einfaldlega að sjá og þetta var það ódýrasta sem við fundum,“ segir Mark. Farið var með fimm farþega jeppa en þau voru reyndar þau einu sem mættu. „Við veltum því ekki alvarlega fyrir okkur að leigja bíl sjálf til að fara þennan hring af því að aðstæður geta verið ótryggar en hefðum svo sem allt eins getað gert það.“

Sarah og Mark gengu í hjónaband í september en geymdu brúðkaupsferðina til Íslands þar til nú. Þau keyptu flug og gistingu á verði sem þau segja að hafi verið tiltölulega sanngjarnt. Þau hafi hins vegar fengið áfall við komuna.

„Við höfðum heyrt að verðlagið hér væri hátt og áttum von á að það væri kannski eins og í London. Við höfum farið víða, til dæmis til Moskvu þar sem eru mjög dýr hverfi en þetta slær jafnvel það út,“ segja



„Það er talsvert af ferðamönnum í búðunum í Reykjavík en maður sér varla nokkurn mann kaupa nokkuð,“ segja hjónin Mark og Sarah Bellew. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Við hefðum einfaldlega farið á hausinn ef við hefðum ekki haldið aftur af okkur.**
>
> Sarah og Mark Bellew

hjónin sem ætluðu að gera vel við sig þá fáu daga sem brúðkaupsferðin átti að vara. Lítið varð af því.

„Verðlag á veitingastöðum og börum í Reykjavík er svakalegt. Við hefðum einfaldlega farið á hausinn ef við hefðum ekki haldið aftur af okkur. Það er svekkjandi að hafa þurft að gera það,“ segir Sarah.

Mark, sem er fertugur, er samskiptastjóri hjá lestarfyrirtækinu Network Rail. Sarah er 33 ára og er dagskrárgerðarmaður á útvarpsstöðinni Global Radio í heimabæ þeirra Manchester.

„Við eigum vini sem eru að koma til Íslands í næstu viku og þekkjum fleiri sem velta því fyrir sér. Við verðum að vara þau við því sem er hér er í gangi. Þetta er eins og að lenda í höndunum á fjárkúgurum,“ segja Bellew-hjónin sem komu til landsins á miðvikudag og fóru aftur heim í dag – nánast tómhent.

„Okkur langaði að kaupa minjagripi til að færa börnunum. Við sáum Geysis-tröll sem kostaði 150 pund. Það er svona tífalt meira en sambærilegur hlutur kostar í London,“ segir Mark. Sama gildi um tuskudýr, lopavörur og hvaðeina sem þau hafa rekist á. „Ætli við endum ekki á að reyna að finna minjagripasegul á ísskápinn heima. Þannig seglar kosta um tvö pund annars staðar. Ef við erum heppin sleppum við kannski með sex pund hér.“ **gar@frettabladid.is**





NJÓTTU AÐVENTUNNAR
JÓLAGAMAN
Við bjóðum þér inn í hlýjuna þar sem þú getur undirbúið jólin og notið jólalegrar skemmtidagskrár sem er full af fjöri og glaðningum.
Jólasveinar verða á ferli um helgina og gleðja káta krakka. Kaffi og piparkökur í boði fyrir gesti og gangandi.
SPENNANDI DAGSKRÁ UM HELGINA
LAUGARDAGUR
Kl. 14.00 Atvinnukylfingurinn og afrekskonan Ólafía Þórunn Kristinsdóttir gefur eiginhandaráritanir
Kl. 15.00 Hinn eini sanni Helgi Björns syngur inn jólaandann
Kl. 14–16 Ókeypis myndataka með jólasveini á Bíógangi
SUNNUDAGUR
Kl. 14.00 Skoppa og Skrítla skemmta yngstu börnunum
OPIÐ TIL
22
ÖLL KVÖLD TIL JÓLA
OPIÐ 10–23 Á ÞORLÁKSMESSU
Kringlan
Af öllu hjarta
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

**TÖLUR VIKUNNAR** 04.12.2016 -10.12.2016

**7̶9̶4̶**

**9** ættu sveitarfélögin að vera en ekki **74**, samkvæmt tillögu **efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins.**

**112.000 kr.**

**eða 7.000 kr. danskar**, er greitt fyrir gjafaegg í Danmörku.

**39%**

meiri losun er frá samgöngum núna en var **árið 1990.**

**450 til 460**

**milljarðar** verða gjaldeyristekjur ferðaþjónustunnar á þessu ári, **áætla SAF.**

**6. söluhæsta**

Domino's-staðinn í heiminum árið 2015 er að finna í Skeifunni.

**200%**

fleiri slasast vegna ölvunaraksturs er áætlað á þessu ári, miðað við fyrra ár.

**46%**

fækkun hefur orðið á úthaldsdögum varðskipa frá árinu 2007.

**SJÓÐUR 9**

**3,1 milljarði**

króna nema úttektir úr Sjóði 9 sem skilanefnd taldi réttlætanlegt að rifta.

## Þrjú í fréttum
## Golfdrottning, hamfarir og dómari

**Ólafía Þórunn Kristinsdóttir**
*Íslandsmeistari í golfi*



tryggði sér á sunnudag, fyrst íslenskra kvenna, keppnisrétt á LPGA-mótaröðinni sem hefst í lok janúar. Um er að ræða sterkustu atvinnumótaröð kvenna í golfi í heimi. Á Ólafía von á því að leika á að minnsta kosti 16 mótum. Ef vel gengur gætu þau orðið 26.

**Páll Matthíasson**
*forstjóri Landspítalans*



sagði frumvarp til fjárlaga valda svo miklum vonbrigðum að hamfarir og styrjaldarástand lýsti því best. Skera þurfi niður um rúma fimm milljarða króna til að mæta því. Spítalinn hefði talað skýrt um að þörfin væri um 12 milljarðar króna. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að fjórum milljörðum verði bætt við hjá Landspítalanum.

**Markús Sigurbjörnsson**
*hæstaréttardómari*



telur sig ekki hafa verið vanhæfan þegar hann dæmdi í málum sem vörðuðu Glitni fyrir hrun á meðan hann var hluthafi í bankanum. Hann sagði sig heldur ekki frá málum eftir hrun þrátt fyrir að hafa tapað umtalsverðum fjármunum.

# Fjárlög taka ekki mið af þörf þeirra sem þurfa að taka lyf

**Fé til kaupa á nýjum lyfjum er of lítið að mati framkvæmdastjóra samtaka frumlyfjaframleiðenda. Ekki gætt að þróun nýrra lyfja þrátt fyrir að hún sé ör. Fé til sama málaflokks í ár var uppurið um miðjan september.**



Þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi samþykkt á fundi í febrúar að tryggja rúma tvo milljarða aukalega til lyfjakaupa entist fjármagn fyrir nýjum lyfjum ekki nema fram í miðjan september. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjárlög Bjarna Benediktssonar valda verulegum vonbrigðum og koma á óvart að mati Jakobs Fals Garðarssonar, framkvæmdastjóra Frumtaka, samtaka frumlyfjaframleiðenda á Íslandi. Hann segir að á fjárlögum sé ekki sett nægjanlegt fjármagn í lyfjakaup og að sú upphæð sem eigi að verja í málaflokkinn dugi skammt.

„Þessi fjárlög koma mjög á óvart. Það er athyglisvert að undanfarin ár hafa framlög til lyfjamála ekki endurspeglað þá þörf sem við búum við,“ segir Jakob Falur. „Ár eftir ár hafa Sjúkratryggingar Íslands farið fram úr fjárlögum og þurft að fá aukafjármagn með fjáraukalögum. Þetta segir okkur að áætlanagerð fjármálaráðuneytisins er broguð.“

Þann 20. september síðastliðinn var sagt frá því á forsíðu Fréttablaðsins að fjármagn til kaupa á nýjum sjúkrahúslyfjum væri uppurið. Guðrún Gylfadóttir sagði í viðtali við Fréttablaðið að svo væri en bætti við að samt sem áður hefði mikill fjöldi nýrra lyfja verið samþykktur á árinu og lyfjum forgangsraðað.

Mikil og ör þróun er í lyfjum, svo sem í krabbameins- og gigtarlyfjum. Þessi lyf eru hins vegar afar kostnaðarsöm fyrir hið opinbera. Á Vesturlöndum hefur þessi málaflokkur vaxið gífurlega og er miklum fjármunum árlega varið í lyf.

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi í febrúar að tryggja rúma tvo milljarða aukalega til lyfjakaupa. Fór heildarfé í lyfjakaup því úr sex milljörðum króna í átta milljarða. Þrátt fyrir það entist fjármagn fyrir nýjum lyfjum ekki nema fram í miðjan september.

Að mati Jakobs Fals er sama uppi á teningnum á næsta ári ef ekkert verður að gert. „Tal stjórnarmanna um að koma til móts við heilbrigðiskerfið með þeim hætti að fjármagna íslenskt heilbrigðiskerfi að fullu stenst ekki. Fjárlögin taka alls ekki mið af raunverulegri þörf í lyfjamálum og því munum við sjá sama ástandið á næsta ári og við höfum verið að sjá síðustu ár,“ segir Jakob Falur.

> **Fjárlögin taka alls ekki mið af raunverulegri þörf í lyfjamálum.**
>
> Jakob Falur Garðarsson, framkvæmdastjóri Frumtaka



Gerður Gröndal, lyf- og gigtarlæknir, og Gunnar Bjarni Ragnarsson, yfirlæknir lyflækninga krabbameina á Landspítala, reifuðu áhyggjur sínar um málefni sjúkrahúslyfja í ritstjórnargrein Læknablaðsins í október í fyrra.

Sögðu þau áhyggjuefni ef lyfjameðferð sjúklinga með alvarlega sjúkdóma næði ekki að vera sambærileg þeirri sem tíðkast á hinum Norðurlöndunum. sveinn@frettabladid.is





ÞREKVIRKI

„Guðjón Friðriksson hefur unnið þrekvirki með þessari bók. Hún er vel skrifuð og efni hennar skipulega fram sett ... sennilega viðamesta verk, sem komið hefur út til þessa um stjórnmálabaráttu 20. aldarinnar á Íslandi.“

Styrmir Gunnarsson / Morgunblaðið

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu



HÚSASMIÐJAN

blómaval

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

# PAKKAJÓL

# 20-30% afsláttur



ÖLL SMÁRAFTÆKI 20-30%

**8.690kr**

~~11.590kr~~

**Blandari**
Mix&Go.
1804553



ÖLL RAFMAGNS-VERKFÆRI 20-30%

BLACK&DECKER

**16.995kr**

~~27.495kr~~

**Höggborvél**
18V, 2 rafhlöður, 1,3Ah Li-ion.
5245557



ÖLL BÚSÁHÖLD 20-30%

taylor's eye witness

**7.490kr**

~~9.990kr~~

**Eldhúshnífar**
5 stk. í standi.
2007431



ALLUR TRUE NORTH FATNAÐUR 20-30%

TRUE NORTH

**4.499kr**

~~5.999kr~~

**Jakki dömu**
5852678-89

# JÓLATRÉ

**EITT VERÐ VELJIÐ SJÁLF 150-240 CM**

Normannsþinur, standard flokkur
Takmarkað magn

**2.990 kr**

~~5.990 kr~~

**Blómaval lækkar verð á innfluttum jólatrjám um 11-15% vegna styrkingar íslensku krónunnar**



Laugardag:

## Jóla-sveinar

Jólasveinar skemmta börnunum kl. 15-16 í Skútuvogi í dag.



Laugardag og sunnudag:

## Verkfæra-kynning

Sérfræðingur kynnir nýjungar frá Hitachi og DEWALT kl. 13-16 laugardag og sunnudag.

HITACHI Inspire the Next | DEWALT

Sunnudag:

## Latibær í dag

Íþróttaálfurinn og Solla úr Latabæ skemmta börnunum í Skútuvogi kl. 15 á sunnudag.



Sunnudag:

## Helgi Björns á sunnudag kl. 16

Hinn eini sanni Helgi Björns skemmtir í Skútuvogi kl. 16 á sunnudag.





Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, velti upp möguleikanum á að mynda þjóðstjórn. Hún gæti litið einhvern veginn svona út. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM







# Fátt því til fyrirstöðu að boða aftur til kosninga

**Formenn tveggja stærstu flokkanna hafa tekið jákvætt í þær hugmyndir að boða aftur til alþingiskosninga. Starfandi forsætisráðherra og forseta þarf til að rjúfa þing og boða til kosninga. Fáar reglur gilda um þá stöðu sem nú er uppi.**

**STJÓRNMÁL** Í dag eru sex vikur frá kosningum. Tvær formlegar stjórnarmyndunarviðræður hafa runnið út í sandinn, tvær óformlegar en opinberar viðræður sömuleiðis og þær óformlegu viðræður sem standa yfir núna hafa dregist á langinn frá því Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pírata, sagðist ætla að skila stjórnarmyndunarumboðinu strax ef ekki næðist lending í fimm flokka viðræðurnar.

Þegar óformlegar viðræður Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks sigldu í strand lét Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, hafa eftir sér að þjóðstjórn allra flokka gæti verið skynsamleg lausn til að mynda meirihluta á þingi svo boða mætti aftur til kosninga.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, hefur sömuleiðis ljáð máls á öðrum þingkosningum. „Ef það er niðurstaðan af átökum á vettvangi stjórnmálanna á þessu ári að það hafi einhvern veginn komið þannig upp úr kjörkössunum að það er ekki hægt að raða saman kubbunum þannig að það sé traust til staðar og sameiginlegt sýn á verkefnin, nú þá er ekkert að því mín vegna að það sé kosið aftur," sagði Bjarni í Kastljósi á þriðjudag.

Alþingiskosningar áttu að fara fram næsta vor en var flýtt vegna þeirra aðstæðna í stjórnmálum sem sköpuðust þegar flett var ofan af aflandseignum forsætisráðherrahjónanna í fjölmiðlum.



Ragnheiður Kristjánsdóttir, dósent í sagnfræði



Ragnhildur Helgadóttir, prófessor

Ragnhildur Helgadóttir, forseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík, segir að sömu reglur gildi um þingrof og boð til alþingiskosninga við þessar aðstæður sem aðrar. Sigurður Ingi Jóhannsson er enn starfandi forsætisráðherra og ákvörðun um þingrof og kosningar yrði að vera tekin af honum og Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands. „Vandinn með þetta, eins og með stjórnarmyndanir, er að reglurnar segja tiltölulega lítið en pólitíkin ræður meira. Einu formlegu reglurnar sem við höfum eru reglurnar um þingrof en það er stjórnmálanna að reyna að haga þessu skynsamlega."

Þrátt fyrir að Sigurður Ingi sé forsætisráðherra sé það ekki svo einfalt að hann geti sjálfur rofið þing og boðið til kosninga. „Það þarf alltaf bæði forseta og forsætisráðherra til að boða til kosninga. Þetta er nefnilega vel hannað hjá okkur. Það að boða til kosninga er auðvitað alvörumál."

Ragnheiður Kristjánsdóttir, dósent í sagnfræði við Háskóla Íslands, minnist þess ekki að boðað hafi verið til kosninga áður án þess að ríkisstjórn hafi verið mynduð í millitíðinni. „Það var kosið 25. júní 1978 og aftur í desember 1979. Þá var í raun og veru stjórnarkreppa sem leiddi til þess að kosið var aftur fljótlega. Í september 1978 myndaði Ólafur Jóhannesson ríkisstjórn Framsóknar, Alþýðuflokks og Alþýðubandalags en hún var sprungin ári seinna."

Ragnheiður segir þó ástandið núna ekki langa stjórnarkreppu í sögulegu samhengi. Dæmi séu um að ríkisstjórnir hafi verið myndaðar tæplega þremur mánuðum eftir alþingiskosningar.

**snaeros@frettabladid.is**

# Engin svör berast frá skilanefnd Glitnis

**VIÐSKIPTI** Fyrrverandi formenn skilanefndar Glitnis, þau Steinunn Guðbjartsdóttir og Árni Tómasson, geta ekki fjallað um einstök mál tengd Glitni, enda þeim óheimilt. Það sama á við um Ragnar Björgvinsson, yfirlögfræðing Glitnis HoldCo, sem svaraði því til við skriflegri fyrirspurn Fréttablaðsins að hann gæti ekki tjáð sig um einkamálefni einstakra viðskiptavina.

Eins og Fréttablaðið sagði frá í gær hafði skilanefnd Glitnis til skoðunar úttektir nokkurra félaga og einstaklinga á háum fjárhæðum úr peningamarkaðssjóði Glitnis, Sjóði 9, í mars 2010, með það að augnamiði að kanna hvort riftun viðskiptanna kæmi til greina. Ástæðan var tímasetningar viðskiptanna stuttu fyrir þjóðnýtingu Glitnis 29. september og dagana fyrir hrun bankans 7. október árið 2008.

Um háar upphæðir var að ræða eða 3,1 milljarð þegar allt er talið. Einn þriðji af þeirri upphæð var vegna úttekta Guðbjargar Matthíasdóttur, athafnakonu og stærsta eiganda Ísfélagsins í Vestmannaeyjum. Einnig var um háar fjárhæðir að ræða í tilviki Benedikts Sveinssonar athafnamanns.

Fyrirspurnir Fréttablaðsins og Stöðvar 2 til skilanefndarformanna og yfirlögfræðings Glitnis HoldCo lutu að því að fá upplýsingar um framhald málsins innan skilanefndarinnar – um hver niðurstaða þessarar athugunar hennar hefði verið og hvort einhverjum af þeim viðskiptum sem tiltekin voru í skjalinu sem Fréttablaðið hefur undir höndum hefði verið rift. **– shá**



SMÁRALIND




# LEIKHÓPURINN LOTTA SKEMMTIR

**LAUGARDAG KL. 14**
ÞYRNIRÓS OG HRÓI HÖTTUR

**SUNNUDAG KL. 16**
LITLA GULA HÆNAN OG GILLI GRÍSLINGUR

OPIÐ TIL 22 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA · ÞORLÁKSMESSA 11-23 · AÐFANGADAGUR 10-13 · WWW.SMARALIND.IS · FACEBOOK · INSTAGRAM · SNAPCHAT

HEKLA

VW Caddy Maxi 1.4 TGI / MetanBensín / Beinskiptur*
KJARAKAUP 2.750.000 kr.
Fullt verð: 3.210.000 kr.
Afsláttur
460.000 kr.
Vistvænn

KJARAKAUP

Nú er tækifærið að fá sér nýjan bíl!

HEKLA býður einstök kjör á takmörkuðu magni nýrra sýningarbíla, reynsluakstursbíla og valdra bíla frá Volkswagen, Skoda, Mitsubishi og Audi – allir með fimm ára ábyrgð. Nýttu tækifærið og fáðu þér nýjan gæðabíl fyrir jólin!

MMC ASX Intense / 4x4 / Dísil / Sjálfskiptur
KJARAKAUP 4.490.000 kr.
Fullt verð: 4.990.000 kr.
Afsláttur
500.000 kr.
TAKMARKAÐ MAGN

Skoda Octavia G-Tec Ambition 1.4 TGI / MetanBensín / Beinsk.
KJARAKAUP 3.190.000 kr.
Fullt verð: 3.510.000 kr.
Afsláttur
320.000 kr.
Vistvænn

VW Polo Trendline 1.0 MPI / Bensín / Beinskiptur
KJARAKAUP 2.270.000 kr.
Fullt verð: 2.420.000 kr.
Afsláttur
150.000 kr.
NÝIR BÍLAR

VW Passat Highline 1.4 TSI / Bensín / Sjálfskiptur
KJARAKAUP 4.430.000 kr.
Fullt verð: 5.330.000 kr.
Afsláttur
900.000 kr.
FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ!

Audi A4 B9 Avant 4x4 Sport 2.0 TDI / Dísil / Sjálfskiptur
KJARAKAUP 8.595.000 kr.
Fullt verð: 9.550.000 kr.
Afsláttur
955.000 kr.
KOMDU Í REYNSLUAKSTUR

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Hér er aðeins sýndur hluti af bílum í boði. Fullt verð er verð hvers bíls með aukabúnaði. Aukabúnaður á myndum gæti verið annar en í auglýstum verðdæmum. *Fimm ára ábyrgð gildir ekki með atvinnubílum.



**Sjómenn þurfa að verja meiri tíma og það er meiri fyrirhöfn að ná síldinni – hlýindum gæti verið um að kenna.** FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTÍN SVANHVÍT

# Hlýindin hafa áhrif á síldina

**Sjómenn þurftu mikið að hafa fyrir því að veiða upp í síldarkvóta sína. Síldin þjappar sér ekki í stærri torfur – hlýindum gæti verið um að kenna.**

**UMHVERFISMÁL** Ein birtingarmynd óvenjulegs árferðis í haust og vetur virðist vera að sjómenn þurftu lengri tíma til að veiða upp í síldarkvóta sína, enda hafði síldin ekki myndað stórar torfur heldur var hún dreifð um veiðisvæðið. Ekki eru vísbendingar um að síldin sé að breyta um vetursetustöðvar, eins og henni er gjarnt. Enn þá má greina í stofninum sýkingu sem kom upp árið 2008.

Nýlega var birt frétt á heimasíðu Síldarvinnslunnar þar sem sagði að skip fyrirtækisins, Beitir NK og Börkur NK, hefðu lokið veiðum á íslenskri sumargotssíld þessa vertíðina.

Þar segir skipstjórinn á Berki, Hjörvar Hjálmarsson, að vertíðin hafi verið frekar slök miðað við undanfarin ár. „Síldin virðist ekki enn komin í vetursetu og torfumyndun varla hafin. Hún er dreifð og sennilega höfum við alls ekki fundið megnið af síldinni. Spurningin er bara hvar hún heldur sig. Þessi síld er þekkt fyrir að breyta um hegðun með reglulegu millibili og kannski er eitthvað slíkt að gerast núna,“ sagði Hjörvar.

Guðmundur J. Óskarsson, fiskifræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, segir erfitt að fullyrða nokkuð um samhengi veiða og veðurfars – til þess vanti nauðsynlegar rannsóknir sem bíða næstu tveggja mánaða. Í fyrrahaust hafi síldin verið dreifð djúpt vestur af landinu líkt og í haust, og var ekki komin í stórar torfur út af Snæfellsnesi fyrr en undir lok janúar. Ekki hafi náðst að mæla stofninn fyrr en í mars síðustu ár.

„Ég held að það fari kannski saman hlý haust sem seinka því að síldin fari í vetrarástand og að á veiðisvæðinu fyrir vestan er „stanslaust“ skark með flotvörpu sem tvístrar torfum og kemur í veg fyrir að hún myndi stórar torfur. Með öðrum orðum virðist hún vera það dreifð langt fram eftir haustinu og fram í janúar að veiðiskip þurfa að hafa meira fyrir henni og vandamál séu að mæla hana með rannsóknarskipum vegna stærðar svæðisins,“ segir Guðmundur.

Sú umræða að síldin væri að breyta um vetursetustöðvar kom upp í fyrra líkt og nú. Hafró fann engar vísbendingar um slíkt þá og mælingar á stofninum fyrir vestan, sem heppnuðust loks í mars, gáfu svipað magn og væntingar voru um.

svavar@frettabladid.is

## Nýsmit í síld staðreynd

- Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar í fyrrahaust á ungsíld fyrir norðan land sýna nýsmit sömu alvarlegu sýkingar og greindist fyrst í sumargotssíldarstofninum árið 2008.
- Merki um nýsmit í stofninum hafa annars ekki verið teljanleg síðustu fimm ár.
- Sýkingarhlutfall af völdum frumdýrsins Ichthyophonus hoferi í 2003–2006 árgöngum síldarinnar er enn hátt, eða um 30 til 40%.
- Stofninn, eða fullorðin síld, er talinn vera um 400.000 tonn.

# Þýsk kjarnorkuver eiga að fá skaðabætur fyrir lokun

**ÞÝSKALAND** Hæstiréttur Þýskalands segir að eigendur kjarnorkuvera geti gert sér vonir um skaðabætur frá þýska ríkinu þegar starfsemi þeirra verður lögð niður.

Hins vegar sér dómstóllinn enga annmarka á þeirri stefnu stjórnvalda að leggja niður öll kjarnorkuver í landinu. Sú stefna brjóti hvergi í bága við stjórnarskrána.

Fyrirtækin, sem reka kjarnorkuverin, hafi hins vegar fjárfest í þeim á sínum tíma og eigi að fá sanngjarnar bætur verði starfsemin lögð niður.

Í Þýskalandi eru starfrækt sautján kjarnorkuver. Árið 2002 ákvað ríkisstjórn landsins, sem þá var samsteypustjórn Sósíaldemókrata og Græningja, að leggja niður öll kjarnorkuver.

Þetta var svo staðfest árið 2011, þegar Angela Merkel stýrði hægri stjórn CDU og Frjálslynda flokksins. Þá var ákveðið að árið 2022 yrði síðasta kjarnorkuverið tekið úr notkun. – gb



Mikið úrval af inni- og útiseríum á frábæru verði!
INNISERÍUR VERÐ FRÁ:
289
LED ÚTISERÍUR VERÐ FRÁ:
695
JÓLATILBOÐ
Í RÚMFATALAGERNUM
Allir skór
25%
afsláttur
PARMA FERÐATÖSKUR
Fást í 2 litum. Lítil 4.995 nú 3.995
Miðstærð 7.995 nú 6.395
Stór 10.950 nú 8.750
Allt settið 19.950 nú 15.950
Vnr. 327-11-1007
NÚ VERÐ FRÁ:
3.995
20%
afsláttur
20%
afsláttur af öllum dúnsængum
Gildir til 10.12
Allir stólar og borð fyrir eldhúsið og borðstofuna
20%
afsláttur
Gildir til 14.12
Netgíró
Allar svampdýnur, WELLPUR og MEMORY FOAM
20%
afsláttur
Gildir til 14.12
Allir sófar
20%
afsláttur
Gildir til 14.12
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
20-35%
afsláttur af öllum sængurverum
Gildir til 11.12
www.rfl.is






Grunur leikur á að eitrað hafi verið fyrir þremur köttum í Hafnarfirði í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kettir drepast á dularfullan hátt

**Grunur er um að eitrað hafi verið fyrir þremur köttum nærri Hellisgerði í Hafnarfirði. Enginn þeirra lifði af. Kettirnir kveljast mikið áður en þeir drepast.**

**SAMFÉLAG** Undanfarna viku hafa þrír kettir verið lagðir inn á Dýraspítalann í Garðabæ. „Enginn kattanna lifði því miður af," segir Hanna M. Arnórsdóttir dýralæknir. Starfsmenn dýraspítalans grunar að frostlagareitrun hafi dregið kettina til dauða.

Vefjasýni úr einum kattanna hafa verið send til rannsóknar til að fá úr því skorið hvernig dauðann bar að garði. Kettirnir þrír áttu það allir sameiginlegt að eiga heimili nærri Hellisgerði í Hafnarfirði. Það gefur til kynna að mögulega hafi verið eitrað fyrir köttunum.

Frostlögur er baneitraður fyrir ketti. Starfsmenn dýraspítalans segja að koma þurfi ketti sem neytt hefur frostlagar á dýraspítala strax. Líði meira en þrír tímar frá neyslu eru litlar líkur á því að hægt sé að bjarga kettinum. Eitrunin veldur miklum kvölum. Kötturinn kastar ítrekað upp og missir alla matarlyst. Hann verður mjög máttfarinn og fellur loks í dá áður en hann drepst.

Á síðustu árum hafa fjölmargir kettir drepist með grunsamlegum hætti. Í fyrrasumar lék grunur á að eitrað hefði verið fyrir sex köttum í Hveragerði með frostlegi. Nærri húsi eiganda eins kattarins sem drapst fannst blátt fiskflak. Nú í sumar fundust tveir kettir til viðbótar í Hveragerði sem grunur er um að hafi verið eitrað fyrir. Sömu sögu er að segja frá Sandgerði. Þar hafa um tíu kettir drepist á síðustu tveimur árum.

Leiki grunur á að dýr hafi verið beitt illri meðferð ber skylda til að tilkynna það til Umhverfisstofnunar, héraðsdýralæknis eða lögreglu samkvæmt dýraverndarlögum. Starfsmenn dýraspítalans vonast til þess að ekki hafi verið vísvitandi eitrað fyrir köttunum en ætla að fylgja málinu eftir eins og svo sé. Þeir hafa því tilkynnt málin til héraðsdýralæknis suðvesturumdæmis.

Stórfelld brot gegn dýraverndarlögum geta varðað allt að tveggja ára fangelsi. **thorgeirh@frettabladid.is**

Vínbúðin í Smáralind verður lokuð vegna flutninga mánudaginn 12. desember

Opnum á nýjum stað í Smáralind 13. desember

Við opnum nýja og glæsilega Vínbúð í Smáralind 13. desember á nýjum stað skammt frá gömlu Vínbúðinni.

Við þökkum þolinmæðina og hlökkum til að taka á móti ykkur í nýrri Vínbúð.

VÍNBÚÐIN

# Cazeneuve tekur við af Valls sem forsetaefni

**FRAKKLAND** Manuel Valls, forsætisráðherra Frakklands, sækist eftir því að verða forsetaefni Sósíalistaflokksins í forsetakosningunum í vor.

Valls sagðist jafnframt segja af sér sem forsætisráðherra. Bernard Cazeneuve innanríkisráðherra ætlar að taka að sér það embætti.

Forval Sósíalistaflokksins verður í janúar næstkomandi. François Hollande forseti skýrði nýlega frá því að hann ætlaði ekki að taka þátt í forvalinu, og yrði þar með ekki forsetaefni flokksins.

Verði Valls forsetaefni Sósíalista, sem flest bendir til að verði, mun hann mæta í forsetakosningunum hægri manninum François Fillon, sem er frambjóðandi Demókrataflokksins, og þjóðernispopúlistanum Marine le Pen, frambjóðanda Þjóðfylkingarinnar.



**Bernard Cazeneuve verður forsætisráðherra en Manuel Valls sækist eftir forsetaembættinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Skoðanakannanir hafa til þessa sýnt að frambjóðandi Sósíalista myndi eiga minnstu möguleikana á að komast í seinni umferð forsetakosninganna. – **gb**

F&F

# Gjafadagar í F&F

# 20%

afsláttur*

## F&F dömufatnaði
## 8.-11. desember

*Gildir ekki með öðrum tilboðum

Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri

# Ekki fordæmi fyrir því að ríki kosti umfjöllun

**Endurskoðun utanríkisráðuneytisins á umdeildu útboði á tíu milljóna króna ríkisstyrk til að fjalla um þróunarmál lýkur vart fyrir áramót. Ráðuneytið veit ekki um erlendar fyrirmyndir að því fyrirkomulagi sem til stóð að koma á hér.**

**STJÓRNSÝSLA** Utanríkisráðuneytið er enn að endurskoða leit sína að fréttamiðli til að fjalla um þróunarmál gegn tíu milljóna króna framlagi frá ráðuneytinu.

Í nóvember var auglýst á vef Ríkiskaupa eftir „hæfum aðilum til þátttöku í auglýstu ferli er varðar vefgátt um þróunarmál, sérstaka fjölmiðlaumfjöllun um málefni sem tengjast alþjóðlegri þróunarsamvinnu og mannúðarmálum, í gegnum vefrænan fjölmiðil“. Greiða ætti tíu milljónir á ári fyrir þjónustuna.

Tilgangurinn var sagður sá að auka umfjöllun frjálsra íslenskra fjölmiðla um málaflokkinn. Birta ætti minnst tvær fréttir á dag að jafnaði auk fréttaskýringa og myndbanda. „Á aðalfréttasíðu vefsins skuli að lágmarki birtast helmingur frétta/fréttaskýringa og sami fjöldi frétta á samfélagsmiðlum (Facebook),“ sagði nánar í gögnum sem tilheyrðu auglýsingunni.

„Tilnefndum fréttamanni sem er starfsmaður viðkomandi fjölmiðils verður gert kleift að fara í kynnisferð til samstarfslands eða samstarfslanda og heimsækja verkefni á sviði tvíhliða þróunarsamvinnu. Sá kostnaður er borinn af ráðuneytinu,“ sagði í gögnunum.

Þessi tilhögun var nokkuð harðlega gagnrýnd fyrir að ríkisvaldi væri með þessu að hafa óeðlileg áhrif á fjölmiðla. Lilja Alfreðsdóttir utanríkisráðherra afréð fljótlega að draga auglýsinguna til baka og endurskoða málið.

„Ég þori ekki að segja til um hvenær henni lýkur, en tel ólíklegt að það verði fyrr en á nýju ári,“ svarar Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins, aðspurð um hvernig endurskoðunin gangi.

Urður segir í svari til Fréttablaðsins að ráðherra hafi í málinu samþykkt tillögur frá þróunarsamvinnuskrifstofu og laga- og stjórnsýsluskrifstofu ráðuneytisins sjálfs. „Á meðal þeirra var tillaga um að tekið yrði upp samstarf við fjölmiðil um rekstur vefgáttar um þróunarmál, að breskri og sænskri fyrirmynd,“ segir hún.

Í tillögunni var lagt til að tekið yrði upp samstarf við einn fjölmiðil um sérstaka vefgátt sem helguð yrði þróunarmálum. Í nágrannalöndunum væri almennri upplýsingagjöf um þróunarmál sinnt bæði af stjórnvöldum og borgarasamtökum.



Lilja Alfreðsdóttir, núverandi utanríkisráðherra. Ráðuneyti hennar er að endurskoða leit sína að fréttamiðli til að fjalla um þróunarmál. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Tilnefndum fréttamanni sem er starfsmaður viðkomandi fjölmiðils verður gert kleift að fara í kynnisferð til samstarfslands eða samstarfslanda og heimsækja verkefni á sviði tvíhliða þróunarsamvinnu. Sá kostnaður er borinn af ráðuneytinu.**
>
> Úr gögnum vegna útboðs utanríkisráðuneytisins

„Ráðuneytið styrki viðkomandi fjölmiðil með greiðslu sem svari til árslauna eins starfsmanns og verði miðlinum innan handar um ráðgjöf og upplýsingar um efni. Ritstjórnarlegt frelsi verði hins vegar hjá viðkomandi fjölmiðli,“ segir í tillögunni.

„Fyrirmyndir eru meðal annars frá Bretlandi þar sem dagblaðið The Guardian rekur myndarlega fréttaveitu um þróunarmál og upplýsingamiðlun fyrir fagfólk í þróunarsamvinnu þar sem það getur deilt þekkingu sinni með öðrum og tekið þátt í umræðum. Önnur fyrirmynd er ný vefgátt sænska dagblaðsins Dagens Nyheter um heimsmarkmiðin sem heitir einfaldlega Global Udvikling – þar sem DN auglýsti sérstaklega eftir blaðamanni til að sinna umfjöllun um heimsmarkmiðin.“

Þess má geta að hvorki The Guardian né Dagens Nyheter fá styrki frá stjórnvöldum vegna sinnar umfjöllunar um þróunarmál. The Guardian fær styrk úr sjóði Melissu og Bill Gates og Dagens Nyheter frá EJC, óháðri miðstöð um fjölmiðlun í Evrópu. Aðspurð segir Urður að utanríkisráðuneytið viti engin dæmi þess að ríkið styrki ákveðinn starfandi fjölmiðil til að fjalla um þróunarmál. gar@frettabladid.is


NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN
...á þínum vegum!
568 5000

XPRENT Hönnun & Merkingar

ER KYNNING eða SÝNING Á NÆSTUNNI?
Banner-up standar í miklu úrvali!
PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | xprent.is
Xprent ehf - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - Sími 777-2700 - email:xprent@xprent.is

Advania er með allan pakkann

Öflug i7 fartölva
Dell Inspiron 7559
Verð: 189.990 kr.
Falleg hliðartaska
14" Leðurtaska
Verð: 29.990 kr.
advania Welcome to IT
advania.is/jol

ÞÚ VELUR HAMBORGARHRYGGINN VIÐ SÖGUM HANN TIL FYRIR ÞIG

Kominn í kjötborðið
19% afsláttur
999 kr./kg
Grísasíða, purusteik
verð áður 1243 kr./kg
Alla daga 8-20
Við gerum meira fyrir þig – Nóatún Austurveri – www.noatun.is
NÓATÚN

# FRÁBÆR BÓKATILBOÐ!






Máttur matarins
**TILBOÐSVERÐ: 5.299.-**
Verð áður: 6.999.-




Blómið
**TILBOÐSVERÐ: 4.699.-**
Verð áður: 6.999.-




Kökugleði Evu
**TILBOÐSVERÐ: 5.399.-**
Verð áður: 6.999.-




Vögguvísurnar okkar
**TILBOÐSVERÐ: 4.699.-**
Verð áður: 5.999.-




Stóra bókin um villibráð
**TILBOÐSVERÐ: 7.699.-**
Verð áður: 9.999.-




Passíusálmarnir
**TILBOÐSVERÐ: 4.899.-**
Verð áður: 6.999.-




Eldhús grænkerans
**TILBOÐSVERÐ: 5.299.-**
Verð áður: 6.999.-




Lukka og hugmyndavélin
**TILBOÐSVERÐ: 2.999.-**
Verð áður: 3.999.-




Ómótstæðileg Ella
**TILBOÐSVERÐ: 3.999.-**
Verð áður: 5.699.-




Bangsi litli í sumarsól
**TILBOÐSVERÐ: 2.799.-**
Verð áður: 3.599.-




Netið
**TILBOÐSVERÐ: 4.799.-**
Verð áður: 6.999.-




Stjörnuskoðun
**TILBOÐSVERÐ: 4.499.-**
Verð áður: 5.899.-



MUNDU EFTIR GJAFAKORTI
PENNANS EYMUNDSSON!

VILDARKLÚBBUR
EYMUNDSSON

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er 10. desember, til og með 11. desember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Jólagjöfin er 66°Norður.



Á tökustað klæðist Emma Leth Jöklu parka.
Tökumaðurinn er með Vík hanska.


66°
NORÐUR
66north.is

## Bretar fá mjög lítinn tíma til að semja við Evrópusambandið

**BRETLAND** Bretar fá innan við átján mánuði til að semja við Evrópusambandið um útgöngu, fari svo að bresk stjórnvöld virki útgönguákvæði sáttmála sambandsins.

Þetta er styttri tími en til þessa hefur verið gert ráð fyrir. Samkvæmt 50. grein Lissabonsáttmálans eiga tvö ár að líða frá því sótt er um útgöngu þangað til samningur um hana verður afgreiddur.

Michel Barnier, sem verður aðalsamningamaður Evrópusambandsins í viðræðum við Breta, segir hins vegar að þegar útgönguákvæðið hefur verið virkjað þurfi framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tíma til undirbúnings, og svo þurfi að gera ráð fyrir fimm mánuðum í lokin fyrir umfjöllun í leiðtogaráði Evrópusambandsins, Evrópuþinginu og breska þjóðþinginu, sem öll þurfa að fullgilda samninginn.

Hæstiréttur Bretlands fjallar þessa dagana um það hvort breska stjórnin geti virkjað útgönguákvæði Evrópusambandsins án aðkomu breska þjóðþingsins. gudsteinn@frettabladid.is


Advania er með
allan pakkann



Lítil og nett
Dell Inspiron 3162
Verð: 39.990 kr.

Vandaður bakpoki
15" Canvas/leður
Verð: 12.890 kr.

advania
Welcome to IT

advania.is/jol


# Aukinn fjöldi greinist með kynsjúkdóma

**Það sem af er ári hafa greinst jafn mörg tilfelli af sárasótt hér á landi og allt árið 2015. Er það mat sóttvarnalæknis að það staðfesti aukningu á sjúkdómnum á undanförnum þremur árum. Lekandatilfellum fjölgar einnig jafnt og þétt.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Landlæknir telur ástæðu til að vekja athygli á auknum fjölda þeirra sem greinst hafa á undanförnum árum með kynsjúkdóma, einkum sárasótt og lekanda. Vakin hefur verið athygli á því af embættinu að það kunni að hafa verið slakað á notkun smokka við kynmök eftir að öflug meðferð við HIV-sýkingu kom fram.

Sóttvarnalæknir telur mikilvægt að vekja athygli á þessari þróun, einkum meðal þeirra sem teljast til áhættuhópa.

Það sem af er ári hafa greinst jafn mörg tilfelli af sárasótt hér á landi og allt árið 2015. Er það mat sóttvarnalæknis að það staðfesti aukningu á sjúkdómnum á undanförnum þremur árum.

Árið 2014 greindust sautján tilfelli af sárasótt og árið 2015 greindust 24 tilfelli. Af þeim sem greinast með sjúkdóminn eru 90% karlmenn en flestir þeirra sem sýktust voru karlar sem stunda kynlíf með öðrum körlum. Af þeim sem sýktust voru flestir á aldrinum 30 til 39 ára.

Á undanförnum þremur árum hefur einstaklingum sem greinst hafa með lekanda fjölgað jafnt og þétt. Á árinu 2014 greindust 38 einstaklingar, árið 2015 voru þeir 46 og það sem af er árinu 2016 hafa 68 greinst með lekanda.

Flestir eru í aldurshópnum 20 til 29 ára og eru 77 prósent þeirra karlmenn. Smit tengist samkynhneigð í yfir 70 prósentum tilfella það sem af er árinu 2016. Enn sem komið er tengist lekandi hér á landi ekki sýklalyfjaónæmi en víða erlendis er það vaxandi vandamál.

Mánaðarlegur fjöldi þeirra sem greinst hafa með klamydíusmit á þessu ári er svipaður og á árinu 2015. Vorið 2016 greindust óvenju margir einstaklingar með HIV-sýkingu sem náði hámarki í apríl síðastliðnum. Það sem af er árinu 2016 hafa fleiri greinst með HIV-sýkingunni en allt árið 2015. - shá




**Fleiri greinast með kynsjúkdóma og virðist minni notkun smokksins vera hluta skýringarinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


# OPNUNARTÍMAR
## um jólin

Pósthús okkar á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri eru opin oftar og lengur fram að jólum svo þú hafir aukinn sveigjanleika til að sækja sendingar og koma jólagjöfum, jólakortum og pökkum til skila í tæka tíð. Allt um opnunartíma og örugga skiladaga á **postur.is/jol.**

| | | |
|---|---|---|
| Virkir dagar til 23. desember | | 9–19 |
| 10. desember | laugardagur | 11–17 |
| 11. desember | sunnudagur | 13–17 |
| 17. desember | laugardagur | 11–17 |
| 18. desember | sunnudagur | 13–17 |
| 24. desember | laugardagur | 9–12 |

PÓSTURINN



# Jól2016

**Hjá okkur færðu þýsk gæðatæki frá Siemens, Bosch og Gaggenau.
Fyrir jólin bjóðum við fjölda glæsilegra tækja á sérstöku jólaverði.
Komdu til okkar og gerðu frábær kaup þér og öðrum til ánægju.**



## SIEMENS Ryksuga

VS 01E1550

3 lítra poki. Vinnuradíus: 8 metrar.

Jólaverð:
**10.900 kr.**
Fullt verð: 14.900 kr.



## Bosch Gufustraujárn

TDA 102411C

Öflugt, 2400 W. Slekkur sjálfkrafa á sér.

Jólaverð:
**7.500 kr.**
Fullt verð: 9.900 kr.



## Bosch Örbylgjuofn

HMT 75M421

Frístandandi. 17 lítra. Mesti örbylgjustyrkur 800 W.

Jólaverð:
**15.900 kr.**
Fullt verð: 19.900 kr.



## Bosch Matvinnsluvél

MCM 3110W

800 W. Tvær hraðastillingar og ein púlsstilling. Tætir, sneiðir, rífur og sker. 2,3 lítra skál. Örugg í notkun: Fer aðeins í gang þegar lok er í læstri stöðu.

Jólaverð:
**9.500 kr.**
Fullt verð: 11.900 kr.



## Bosch Töfrasproti

MSM 67170

Kraftmikill, 750 W. Hljóðlátur og laus við titring. Losanlegur neðri hluti sem má þvo í uppþvottavél. Skál með loki, stór hakkari, ísbrjótur og þeytari fylgja með.

Jólaverð:
**8.900 kr.**
Fullt verð: 11.900 kr.



## Bosch Baðvog

PPW 3330

Stafræn baðvog með nákvæmni upp á 100 g. Hámarksþyngd 180 kg. Stórir og skýrir stafir. Mælir vatnshlutfall, fituprósentu og BMI-gildi.

Jólaverð:
**6.900 kr.**
Fullt verð: 9.900 kr.



SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is




KEFLAVÍK – FRANKFURT / HEIDELBERG – SAIGON – HUE
HOIAN HANOI – HALONG BAY – FRANKFURT – KEFLAVÍK

**Fararstjórar:** Jón Ingvar Kjaran / Árni Hermannsson



Einstaklega áhugaverð ferð til Víetnam sem býður uppá stórkostlega og ógleymanlega upplifun ásamt ótrúlegri sögu lands og þjóðar. Landið er einstaklega fagurt og gróðursælt með skógiklæddum fjöllum, gróskumiklum hrísgrjónaökrum, fossum og lækjum.

Heimamenn taka einstaklega vel á móti ferðamanninum og hvarvetna má sjá brosandi andlit. Í upphafi ferðar er flogið til Frankfurt og gist í bænum Heidelberg rétt sunnan við Frankfurt. Daginn eftir er flogið til Ho Chi Minh City (Saigon) í suðurhluta Víetnam og dvalið þar í 4 nætur.

Þaðan er haldið í norðurátt til fyrrum höfuðborgar Víetnam, Hue og borgarinnar Hoian en þær eru báðar afar áhugaverðar og á heimsminjaskrá UNESCO. Í lok ferðar er dvalið í höfuðborginni Hanoi. Þaðan verður farið í einnar nætur siglingu á Halong flóa með dæmigerðum bát heimamanna og gist þar eina nótt. Það er sem ævintýri líkast að sigla þar á milli stórfenglegra kalksteinskletta og fallegra sandstranda.

Fjölmargar áhugaverðar kynnisferðir eru innifaldar í ferðinni og þess ávallt gætt að heimsækja áhugaverða sögulega staði en einnig að njóta alls þess sem þetta fallega land hefur uppá að bjóða.



**Frá kr. 469.900 m/fullt fæði innifalið**
Netverð á mann frá kr. 469.900 m.v. 2 í herbergi
**Innifalið:** Flug, skattar, 1 taska/20kg, gisting í 1 nótt í Heidelberg, gisting í 11 nætur á 4* hótelum í Víetnam. Fullt fæði innifalið. Fjölmargar kynnisferðir og sigling innifalið í verði.

Heimsferðir

ENNEMM / SÍA • NM78942 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.




MARKAÐURINN

# Neytendur láta ekki bjóða sér hvað sem er

**Neytendur benda í auknum mæli á háa verðlagningu á samfélagsmiðlum og neyða fyrirtæki til að bregðast við. Formaður Neytendasamtakanna segir vitundarvakningu eiga sér stað. Fyrirtæki eru að læra að bregðast við þessu.**

„Ég held að það sé vitundarvakning hjá neytendum. Samanburður við útlönd er orðinn auðveldari í gegnum netið. Samfélagsmiðlar eru orðnir leið til að deila þessu og fjölmiðlar hafa líka sýnt þessu meiri áhuga núna," segir Ólafur Arnarson, formaður Neytendasamtakanna.

Með samfélagsmiðlum hefur neytendahegðun að miklu leyti breyst á undanförnum árum. Neytandinn er stutt frá forsvarsmönnum fyrirtækisins og ein Facebook-færsla um ósanngjarnt verðlag getur haft gríðarleg áhrif. Undanfarnar vikur hafa dunið á fréttir um gríðarlegan verðmun annars vegar hér á landi og utan landsteinanna, dæmi hafa verið um dekk og legókubba.

### Fjölmiðlaumfjöllun hefur áhrif

„Einstaklingur sem gerir samanburð og birtir á Facebook er gott mál, en það er virkilegur slagkraftur þegar sterkir fjölmiðlar taka þetta upp og fara að fjalla um þetta. Þá verður þetta alvöru mál. Það er samspil þessa held ég sem veldur þessu," segir Ólafur.

Hann bendir á að annað sem geti einnig spilað inn í sé styrking krónunnar. „Það er tilfinning okkar að verslunin í landinu hafi ekki látið þessa styrkingu ganga áfram til neytenda í lækkuðu vöruverði. Þetta á ekki við um alla, en þetta á við í of mörgum tilfellum. Það verður mjög áberandi og það verður sérstaklega áberandi með vörutegundir sem hafa alltaf verið dýrari hér en eru núna svívirðilega dýrar eins og dekk og legókubbar."

### Kaupmenn þurfa að bregðast við

Ólafur segir að neytandinn vilji ekki láta bjóða sér þetta lengur. „Ég held að verslunareigendur og kaupmenn þurfi að bregðast við þessu hér því netverslun er svo auðveld. Ef þú pantar dekk þá eru þau komin til þín eftir viku en ef þú kaupir minni vöru er hún komin eftir tvo eða þrjá daga," segir hann.

Ólafur bendir á að fólk fari í auknum mæli í verslunarferðir og svo skipti það ekki máli varðandi verslun hvort neytandinn kaupi af íslenskri eða erlendri netverslun. „Hann situr bara fyrir framan tölvuna og flestir Íslendingar eru með þannig kunnáttu í ensku að þeir geta hæglega verslað á netinu, þetta er raunveruleiki sem kaupmenn standa frammi fyrir. Hingað eru svo að koma erlendar verslunarkeðjur eins og H&M og Costco. Þetta mun koma með samkeppni inn á íslenskan smásölumarkað, draga úr álagningu og koma neytendum til góða. En það er ekkert sem virkar eins vel og virkt eftirlit neytenda sem hafa tök á að gera verðsamanburð," segir Ólafur.

### Mikil breyting á áratug

„Valdapendúllinn hefur farið mjög mikið til neytenda. Fyrir tíu til fimmtán árum gat ég, ef ég fór á lélegan veitingastað, refsað fyrirtækinu með því að fara aldrei þangað aftur og sagt vinum mínum frá því. Þá heyrðu kannski ellefu af því, nú hefurðu tæki til að láta 500 vini á samskiptamiðlum heyra þetta sem og vini vina þinna. Það er allt í kerfinu sem ýtir undir það að neytendur tjái sig. Íslenskir neytendur eru að átta sig á því að þeir geta nýtt snjallsíma sína og samfélagsmiðla. Alþjóðaviðskipti hafa líka aukist þannig að ef ég er óánægður kaupi ég bara á netinu. Þetta er allt til styrkingar neytendum," þetta segir Valdimar Sigurðsson, doktor í markaðsfræðum með áherslu á neytendasálfræði. Hann er prófessor við Háskólann í Reykjavík.



Neytendur eru duglegir að bera saman verð á gjöfum hér og úti. MYND/TEITURJ

> Valdapendúllinn hefur farið mjög mikið til neytenda.
>
> Valdimar Sigurðsson, prófessor við Háskólann í Reykjavík



> Það er ekkert sem virkar eins vel og virkt eftirlit neytenda sem hafa tök á að gera verðsamanburð.
>
> Ólafur Arnarson, formaður Neytendasamtakanna



### Búið að missa nokkra sölu út

Valdimar tekur undir með Ólafi um að það sé vaxandi óánægja með hátt verðlag hér á landi hvort sem það er á dekkjum, legókubbum eða barnafötum. „Sala að utan hefur aukist mikið hvort sem það er í gegnum Aliexpress eða verslunarferðir vinkvenna til Boston. Það er almennt minnkandi trú á verslun hér á landi, bæði er það vegna vöruframboðs, eða þá verslunin sjálf er ekki eins skemmtileg og erlendis og svo er það verðlagið. Ég get ímyndað mér að mörgum neytendum finnst þeir illa sviknir hér á landi, að verðlagið sé þannig að þú verslir bara þarna vegna þess að þú átt ekki annarra kosta völ," segir Valdimar.

„Maður heyrir það svolítið að sumar verslanir hugsi þannig að þetta sé orðinn þeirra kjörmarkaður hér á landi: að selja þeim sem þurfa vöruna strax. Það er það sem verslunin þarf að gera því hún er búin að missa nokkra sölu út," segir Valdimar.

### Verð endurspeglar virði

Hann bendir þó á að ef maður setur sig í spor verslunareigenda endurspegli verðlagning oft meira þá virðingu og væntingar sem neytandinn fær, en ekki endilega kostnað og einhverja álagningu. „Það er alls ekki nýtt að þykja það góð viðskipti að reyna að búa til sem mest virði fyrir neytandann. Svo er líka spurning hvenær er verið að misnota þetta."


Blöskraði dekkjaverð á Íslandi og sparaði sér á þriðja hundrað þúsund

Frétt sem birtist á Vísi um dekkjaverð vakti mikla athygli í vikunni.

### Fyrirtæki bregðast við

Að mati Valdimars voru fyrirtæki fyrir nokkrum árum algjörlega berskjölduð gagnvart gagnrýni á samfélagsmiðlum. „Fyrir örfáum árum var ráðist á nokkur fyrirtæki og þau vissu ekki af því fyrr en eftir nokkra daga. Núna eru hins vegar fleiri fyrirtæki að taka upp stefnumótun í þessu. Þau átta sig á að það er ekki sniðugt að setja upp Facebook- eða Instagram-síður án eftirlits. Það kemur ekkert út úr þessu nema þú sért í almennilegu sambandi við neytendur. Nú eru mörg fyrirtæki að vinna á faglegri hátt til að svara svona gagnrýni."

Hann bendir á að sum fyrirtæki sjái núna hvort þeir sem gagnrýna fyrirtækið séu áhrifavaldar á samfélagsmiðlum og þá skiptir álit þess þau fyrirtæki meira máli. „Samskiptamiðlar eru bæði til góðs og ills. Það sem skiptir mig máli og aðra er að þetta geti gefið okkur betri fyrirtæki og betra samfélag ef við getum nýtt kraft neytenda," segir Valdimar. saeunn@frettabladid.is

# Við óskum Búseta til hamingju!

Bygging 204 íbúða í Smiðjuholti í Reykjavík á vegum Búseta hsf. er ein stærsta og metnaðarfyllsta framkvæmd á húsnæðismarkaði sem ráðist hefur verið í á Íslandi um langt árabil.

Í tilefni þess að fyrsta áfanga framkvæmdanna er að ljúka með afhendingu 60 íbúða, viljum við óska Búseta innilega til hamingju og þakka félaginu fyrir gott samstarf. Við erum stolt af því að vera þátttakendur í að bjóða fólki hagkvæman valkost til að eignast þak yfir höfuðið þar sem gæði og umhverfisvitund eru höfð að leiðarljósi.

ALVERK
VERKEFNIS- OG BYGGINGASTJÓRN

AÐALHÖNNUÐIR
Sigríður Ólafsdóttir
og Guðrún Ingvarsdóttir
arkitektar FAÍ

SAMSTARFSAÐILAR

GKS trésmiðja
GG VERK byggingaverktak
VGH Mosfellsbæ
Húsasmíði
Tambi
ORRI ehf
BLIKKSMIÐURINN
Teiknistofan Storð
HÚSASMIÐJAN
TRIMUM ráðgjöf
HARÐVIÐARVAL
E.SIGURÐSSON BYGGINGARFÉLAG
Raflausnir RAFVERKTAKAR
MÁLMTÆKNI
RAFLAX
ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN
KONE
VILHJÁLMUR ÞORGEIRSSON
Dúklagningameistari
Villi Dúkari
KRAFLA EHF.
VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN EHF
TEIKNISTOFAN H.R. ehf
Parki
Óskar & Heimir slf.
PARKETLAUSNIR
KRAFTLAGNIR ehf.
40 RAFTÁKN
LOTA
Hjá Ingvarsson ehf
STEINHELLA EHF STÁLSMÍÐI






Vetrarkortasalan í Bláfjöll hófst þann 5. desember. Samkvæmt Einari Bjarnasyni, rekstrarstjóra Bláfjalla, var lítið hringt í vikunni. „Það gerist ekki neitt hjá okkur fyrr en það kemur snjór,“ segir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Auð skíðaparadís í Bláfjöllum



Vilhelm Gunnarsson
villi@365.is
ljósmyndari

Trúlega er heppilegra að taka með sér gönguskó upp í Bláfjöll en skíðaskó. Brekkurnar sem yfirleitt iða af lífi í desember standa nú auðar. Hlýindin það sem af er vetri hafa haft veruleg áhrif á skíðasvæði landsins og aðeins skíðasvæði Skagfirðinga í Tindastóli er opið. Ekki hefur verið eins hlýtt í meira en heila öld.



Allar lyftur í Bláfjöllum eru klárar í átök vetrarins og bíða eftir fyrstu snjókomunni – líkt og allir skíðamenn.



Staðan í Bláfjöllum er þannig að starfsmenn eru í biðstöðu og dytta að og laga það sem þarf að laga.



Eftir að hafa ekið um Bláfjallasvæðið fannst loksins smá snjór í brekkunum og var hann á suðursvæðinu.



Þessi snjóbíll kemur að litlu gagni enda er búið að taka beltin af honum og situr hann á bílaplaninu þar sem hann bíður.



Það er heldur grámyglulegt um að litast í Bláfjöllum þessa dagana enda hitinn nær því sem gerist yfir haustmánuðina en í desember.

# Frumsýning

## *Ford Fiesta Sports Technology*




## FORD FIESTA ST-LINE

Sports Technology er sérstök útfærsla af Ford Fiesta sem farið hefur sigurför um heiminn. Fiesta ST sem Brimborg hefur áður kynnt er rómaður í bílaheiminum og nú kynnum við nýja útfærslu, Fiesta ST-Line sem sameinar í senn sportlegt útlit, sportlega eiginleika og ríkulegan staðalbúnað.

Við frumsýnum nú þessa sportlegu, nýju útfærslu mest selda smábíls í Evrópu á einstaklega hagstæðu verði. Ford Fiesta ST-Line er búinn 16" metallic álfelgum, ST-Line spoilerakitti, ST-Line sportsætum, leðurstýri og gírstangarhnúð, SYNC samskiptakerfi með 4,2"skjá, svartri topp-klæðningu, álpedulum og ST-Line innstigshlífum.

**FORD FIESTA ST-LINE**
**5 DYRA BEINSKIPTUR**

FRÁ **2.750.000** KR.

**OPIÐ 12-16 Í DAG**
REYKJAVÍK OG AKUREYRI

**Komdu og reynsluaktu**
**Ford Fiesta ST-Line**

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Umræða í skotgröfum



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Fréttir úr slitabúum föllnu bankanna voru fyrirferðarmiklar í vikunni.

Sagt var frá hlutabréfaeign Hæstaréttardómara í Glitni og þeirri staðreynd að þeir hefðu dæmt í málum er vörðuðu bankann sjálfan fyrir hrun, og málum sem varða starfsmenn bankans eftir hrun. Í vikulokin voru fluttar sambærilegar fréttir um hlutafjáreign dómara í Landsbankanum, og einnig fréttir af riftunarmálum sem slitastjórn Glitnis íhugaði að höfða vegna úttekta úr bankanum á síðustu metrunum. Þær síðastnefndu vörðuðu ekki dómara.

Fréttirnar byggjast í öllum tilvikum á traustum gögnum, sem líklega eru þau sömu í einhverjum tilvikum. Athygli vekur að frumfréttirnar hafa komið fram í að minnsta kosti þremur ólíkum miðlum. Hvergi hafa komið fram efnislegar athugasemdir um innihaldið. Kenningar um að samráð hafi átt sér stað eru fjarstæðukenndar. Raunar er merkilegt að sjá staðhæfingar um slíkt að óathuguðu frá fólki sem vill láta taka sig alvarlega.

Fjölmiðlarnir sem fluttu fréttirnar studdust við staðreyndir málsins, ekkert annað. Enginn dómur var felldur um hvort dómarar hefðu verið hæfir eða ekki í dómsmálum, hvort þeir hefðu uppfyllt reglur um skráningar á hagsmunum eða hvort viðskiptavinir bankanna hefðu framið einhver lögbrot með því að taka út háa fjármuni svona rétt áður en það varð um seinan.

Fréttamennirnir sinntu sínu starfi og veltu upp spurningum sem þeir í góðri trú telja varða almannahag. Samt þurfa fjölmiðlar að sitja undir gamalkunnu stefi um að þeir gangi annarlegra erinda.

Getur einhver í alvöru haldið því fram að tíðindi vikunnar teljist ekki fréttnæm?

Það er hins vegar ekki í þeirra verkahring að veita svar við spurningunum, og því var reynt eftir megni að afla álits frá bæði starfandi lögfræðingum og háskólafólki. Fáir, sem ekki má halda fram að hafi beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, tóku hins vegar vel í þá málaleitan. Svörin báru þess merki.

Það er ekki góður vitnisburður um þessar ágætu stéttir sem beinlínis eiga að hafa borgaralega skyldu til að leyfa okkur hinum að njóta sérþekkingar sinnar. Örfáir voru reiðubúnir að tjá sig undir rós og margir nafnlaust, sem ekki dugir í málum af þessu tagi. Sárafáir höfðu þó kjark til að koma fram opinberlega.

Umræðan sem í kjölfarið spratt upp í samfélaginu var söm við sig. Menn – meirihlutinn karlar – tóku sér kunnuglega stöðu í skotgröfunum. Svarið við spurningunum áleitnu virtist algerlega fara eftir því hvar menn skipa sér í lið. Eftir stendur að almenningur og við, fjölmiðlafólkið, erum í sjálfu sér engu nær og alltaf á byrjunarreit.

Óskandi væri ef hér á landi gæti skapast umræðuhefð sem tæki tillit til staðreynda. Annars munum við sitja föst í sömu hjólförum og aldrei geta rætt okkur að niðurstöðu í neinu máli.

**Óskandi væri ef hér á landi gæti skapast umræðuhefð sem tæki tillit til staðreynda.**

Gunnar







## Mín skoðun Logi Bergmann



## Bjartir morgnar

Stundum finnst mér eins og við séum fiskar í fiskabúri. Syndandi hring eftir hring, gleymandi öllu jafn óðum og verða svo spennt/glöð/reið yfir sömu hlutunum. Aftur og aftur og aftur og aftur. Ú! Kastali.

Nú er komið að því að æsa okkur yfir Pisa-könnuninni. Sem, hjá okkur Íslendingum, er skökk. Og það er vissulega rétt að æsa sig yfir því. Auðvitað gengur ekki að íslenskir nemendur séu verri en aðrir. Við eigum ekki að sætta okkur við að börnin okkar virðast ekki skilja nógu vel það sem þau lesa. Og við eigum að bregðast við því og reyna að laga þetta.

**Sömu svörin**

Ég hefði samt getað skrifað viðbrögðin fyrirfram. Kennarar segja að það vanti pening í skólakerfið, stjórnmálamenn segja að það sé eitthvað að kerfinu og foreldrar kvarta yfir því að þurfa að hjálpa börnunum sínum að læra heima og þeir fái aldrei frí. Hvern vantar nú í þennan hóp? Já, nemendur!

Hvað skyldu þeir nú segja um þetta mál. Sennilega alveg helling, en við gleymum bara alltaf að spyrja þá. En þegar við gerum það, þá skulum við alltaf tala við afburðanemendur sem eru, eins og lög gera ráð fyrir, ekki vandamálið. Þeim finnst skólinn bara eins og notaleg ganga á vordegi og, ef eitthvað, ekki nógu krefjandi.

Kannski ættum við að tala við vitleysingana. Þessa sem sofa í tímum og geta aldrei komið með réttar bækur. Athuga af hverju þeir eru alltaf að verða okkur til skammar.

Af hverju þeir geti ekki bara lært og skilið svo við komum ekki svona illa út á alþjóðavísu. Það er hræðileg landkynning.

Mig langar hins vegar að segja ykkur frá einfaldri lausn, sem myndi án efa bæta árangur íslenskra námsmanna. Ég get ekki lofað því að við sláum út singapúrsk ungmenni í diffrun, eða næman ljóðaskilning Finna. En ég held að ég geti lofað því að eitthvað myndi gerast. Enda varla tilviljun að aðrar þjóðir gera þetta.

**Breytum klukkunni**

Í gærmorgun vaknaði ég með dætrum mínum kl. 7.50. Þær eiga að mæta í skólann kl. 8.30. Það er næstum því þremur tímum fyrir sólarupprás. Meinta sólarupprás, ætti maður kannski frekar að segja, því það er harla ólíklegt að við sjáum hana yfirhöfuð.

Gæti það ekki verið að það hefði ekki góð áhrif á börn að ganga út í niðamyrkur mánuðum saman? Er ekki pæling að reyna að seinka klukkunni að minnsta kosti þannig að stundum sjái krakkar til á leiðinni? Eigi auðveldara með að ganga sjálf í skólann og mæta ferskari?

Björt framtíð kom með þessa hugmynd en hún var slegin og hlegin út af borðinu af íhaldsmönnum allra flokka. Reyndar svo að hún var langt komin með að ganga af flokknum dauðum, sem flokknum sem vildi „bara fikta í klukkunni“.

Hvernig væri að prófa þetta? Segjum bara í tvö ár. Ég veit að við getum þetta. Þó að íslensk börn séu léleg í stærðfræði er ég viss um þau geta fært stóra vísinn um klukkutíma tvisvar á ári. Er það ekki?

Er það ekki bara þess virði að prófa þetta? Sjá til hvað gerist. Svo er ábyggilega gott að vera með restinni af Evrópu í þessu. Við getum kannski litið þannig á að fyrst þetta klára fólk í útlöndum gerir þetta, þá getur það varla verið svo vitlaust.

Já, og ef ykkur vantar fleiri ráð: Ekki reyna að kenna drengjum flókna stærðfræði á gelgjuskeiðinu. Það er dæmt til að mistakast.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

markhönnun ehf

netto

# JÓLABÓKIN FÆST HJÁ OKKUR




PETSAMO
**3.499 KR**




STJÖRNUSKOÐUN
**2.949 KR**




ALLT FER
**4.689 KR**




BLÓMIÐ
**4.619 KR**




ELSKU DRAUMA MÍN
**4.949 KR**




NÓTTIN SEM ÖLLU BREYTTI
**4.689 KR**




ÞÍN EGIN HROLLVEKJA
**3.167 KR**




SVARTALOGN
**4.619 KR**




SOFÐU ÁST MÍN
**4.409 KR**




PASSÍUSÁLMARNIR
**4.549 KR**

**www.netto.is | Tilboðin gilda 10. - 11. desember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

*Súrrandi brilljant út í gegn*
Halla Oddný Magnúsdóttir, dagskrárgerðarmaður, RUV

★★★★
*Magnþrungin saga*
Júlía M. Alexandersdóttir, MORGUNBLAÐIÐ

★★★★
*Líkt og kúbískt listaverk*
Jóhanna María Einarsdóttir, DV




*Listavel gert … hefur afburðatök á því sem hún er að gera*
Steinunn Inga Óttarsdóttir, KVENNABLAÐIÐ

*Þetta er vægast sagt spennandi bók*
Jórunn Sigurðardóttir, Orð um bækur, RUV

*Draumkennd framvindan dregur mann inn í verkið, forvitnin um heimildina knýr lesturinn áfram*
Gunnþórunn Guðmundsdóttir, HUGRÁS

*Vel skrifuð. Mjög vel hugsuð. Mér finnst hún býsna góð*
Kolbrún Bergþórsdóttir, KILJAN

*Vakti þar til ég var búinn með þessa klukkan tvö í nótt*
*Hún er góð. Mjög góð*
Stefán Pálsson, sagnfræðingur

*Grunnhugmyndin að verkinu snjöll. Mjög pælt verk*
Sigurður Valgeirsson, KILJAN

*Ný rödd í íslenskri skáldsagnalist*
Jóhann Helgi Heiðdal, STARAFUGL

*Uppfull af snilldarlegum kontrapunkti forms og inntaks*
Halla Oddný Magnúsdóttir

*Afar eftirminnileg lestrarupplifun og þrátt fyrir alvarlegan undirtón er í honum hárfínn lágstemmdur húmor*
Júlía M. Alexandersdóttir, MORGUNBLAÐIÐ

*Margslungin og áhrifarík skáldsaga þar sem hárnákvæmur stíll og hugvitssamleg uppbygging mætast*
Dómnefnd um FJÖRUVERÐLAUN

Eftir höfund bókanna
*Þóra biskups* og
*Sigrún og Friðgeir. Ferðasaga*

Smekkleysa sm

Egill Baldursson




# Alþingi Íslendinga, þjóðin er þinn herra, ekki satt?

## Opið bréf til löggjafans



**Kári Stefánsson**
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Alþingi, það er réttur þinn og skylda, það er hlutverk þitt að stjórna landinu í samræmi við vilja fólksins sem byggir það. Þú hefur hins vegar engan rétt til þess að brjóta gegn vilja fólksins þegar það hefur tjáð hann þannig að ekki verði um villst. Þess vegna skaltu hafa það í huga að það yrði eftir því tekið ef þú samþykktir það frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2017 sem nú liggur fyrir og litið á það sem dæmi um Ginnungagap milli þings og þjóðar, brot á rétti þess síðari, framið af þeim fyrri.

Þú glataðir trausti þjóðarinnar við Hrunið og þér hefur gengið illa að vinna það aftur. Fjárlagafrumvarpið veitir þér núna tækifæri til þess að sannfæra þjóðina um að þú berir hag hennar þér fyrir brjósti, fyrst og fremst, og hafnir því að gera mistök einstakra ráðherra að þínum, þótt meðal þeirra kunni að vera formaður þess stjórnmálaflokks sem telur innan sinna raða fleiri einstaklinga sem mynda þig en nokkur annar flokkur. Það er einnig eins gott fyrir þig, kæra Alþingi, að gera þér grein fyrir því að ef þú samþykkir fjárlagafrumvarpið í núverandi mynd er fullt eins líklegt að forsetinn neyðist til þess að nýta sér málsskotsréttinn og vísa því til þjóðarinnar, vegna þess að það gengur klárlega í berhögg við þann vilja sem hún hefur tjáð á ýmsan máta.

Nú skulum við skoða röksemdir sem styðja þá skoðun mína að fjárlagafrumvarp Bjarna Benediktssonar stangist á við vilja þjóðarinnar og sé í raun réttri helber dónaskapur:

Heilbrigðiskerfi landsins er ekki þess megnugt að sinna hlutverki sínu vegna langvinns fjársveltis, sem eitt og út af fyrir sig hefði nægt til þess að lama það, en hefur líka getið af sér glundroða sem hefur bætt gráu ofan á svart og heimtar endurskipulagningu kerfisins. Á síðustu átján mánuðum hefur þjóðin vaknað til meðvitundar um vandamál heilbrigðiskerfisins og sett fram harðorðar kröfur um að betur sé hlúð að því. Til dæmis skrifuðu 86.500 Íslendingar, 18 ára og eldri, undir þá kröfu að Alþingi veitti 11% af vergri landsframleiðslu til rekstrar heilbrigðiskerfisins á ári hverju.

Allir stjórnmálaflokkarnir hétu því fyrir kosningar að beita sér fyrir endurreisn heilbrigðiskerfisins ef þeir enduðu í ríkisstjórn, þar á meðal Sjálfstæðisflokkurinn. Landspítalinn er þungamiðja heilbrigðiskerfisins. Stjórnendur hans áttu fundi með forráðamönnum stjórnmálaflokkanna fyrir kosningar og reyndu að sýna þeim fram á að það þyrfti að bæta 14 milljörðum við rekstrarfé Spítalans til þess að hann gæti sinnt hlutverki sínu sómasamlega eins og það er skilgreint í dag. Fjárlagafrumvarp Bjarna Benediktssonar gerir ráð fyrir því að Spítalinn fengi einungis 4 milljarða í viðbót en þar af væru rúmlega 3 milljarðar verðbætur þannig að raunveruleg aukning yrði einungis rúmlega 800 milljónir króna.

> **Hæstvirt Alþingi Íslendinga, þjóðin krefst þess að þú lesir fjárlagafrumvarpið í tætlur, sem víti til varnaðar og lærir það utanbókar. Helst ættir þú að varpa því yfir á bundið mál þannig að það yrði auðveldara fyrir komandi kynslóðir að gera hið sama. Að lokum þetta, ef þú átt í einhverjum erfiðleikum með að hafna frumvarpinu mundu að fyrir nokkrum dögum sótti 100 ára gömul kona í okkar samfélagi um vist á hjúkrunarheimili og var sett á biðlista.**

Það er engum vafa undirorpið að fólk þjáist og deyr jafnvel af völdum þess hvað spítalinn er illa í stakk búinn til þess að sinna því. Þjóðin gerir sér grein fyrir þessu og krefst þess að þetta sé lagað. Bjarni Benediktsson hunsar þessa kröfu þjóðarinnar í fjárlagafrumvarpi sínu, sem gerir þó ráð fyrir því að ríkissjóður skili 28 milljarða króna afgangi á næsta ári og skattar og tollar séu lækkaðir. Þessi afgangur er borð fyrir báru sem er ætlað að draga úr hættunni á því að ríkissjóður líti bókhaldslega illa út í lok næsta árs. Afleiðingin af þessu borði fyrir báru sem fjármálaráðherra ætlar sér er aukin hætta sem steðjar að þeim sem eru meiddir og lasnir og þurfa að leita til Spítalans.

Þetta er nístingskalt. Þetta er ljótt. Þetta er með öllu óásættanlegt. En þetta á ekki rætur sínar í grimmd fjármálaráðherrans okkar, sem er góður maður, heldur annars vegar í því að hann virðist ekki skynja vandamál venjulegs fólks og lítilmagnans og hins vegar í hégómagirnd hans sem vill hafa brilljantín greiddan ríkisreikning í lok 2017. En Alþingi Íslendinga, þú mátt ekki gleyma því að það er á þínu valdi að koma í veg fyrir að frumvarpið verði að lögum og mæta á þann veg vilja fólksins í landinu.

Þegar fjölmiðlafólk hefur leyft sér að gagnrýna fjárlagafrumvarpið hefur Bjarni gjarnan brugðist við með forundran og sagt að fólkið í landinu hafi aldrei haft það betra en í dag, hann skilji ekki þetta vanþakklæti. Það hefur líka vottað fyrir svolitlum hroka, líklega vegna þess að honum finnst hann hafi verið góður strákur og lagt töluvert af mörkum til þess að lýðurinn sé í svona góðum málum. Þetta er einfaldlega ekki rétt, nema hann takmarki notkun sína á heitinu, fólkið í landinu, við ríkisbubba eins og mig og hann sjálfan.

Ástandið er allt annað hjá venjulegum launþegum, að maður tali nú ekki um þá sem eru lasnir eða meiddir eða eru að reyna að kaupa sína fyrstu íbúð eða eru börn eða unglingar eða ungmenni að brjótast til menntunar. Honum gleymist að venjulegt fólk í okkar samfélagi sækir meiri verðmæti í velferðarkerfið en í nokkurn annan stað á ævi sinni, skólakerfið til þess að mennta börnin sín, heilbrigðiskerfið þegar eitthvað bjátar á og húsnæðiskerfið til þess að kaupa sína fyrstu íbúð.

Heilbrigðiskerfið er í rusli, nýjustu kannanir benda til þess að menntakerfið sé í engu betri málum og það hefur aldrei verið erfiðara fyrir ungt fólk að kaupa sitt fyrsta húsnæði. Venjulegir launþegar á Íslandi eru verr settir en oft áður vegna þess að velferðarkerfið hefur verið vanrækt. Fjármálaráðherra gleymist að það gerist svo ótrúlega margt utan debit og kredit dálka ríkisfjármála af þeirri gerð sem ærlegt fólk vill að sé gert upp í lok árs eins og 2017.

Það eru líka áleitnar spurningar sem Bjarni forðast eins og heitan eldinn í frumvarpinu sínu, eins og til dæmis hvernig beri að færa við uppgjör ríkisfjármála 75.000 klukkutíma af sársauka og 100.000 klukkutíma af annarri vanlíðan sem hefði verið hægt að forðast með því að hlúa betur að Spítalanum, 300 ónauðsynlega dauðdaga fyrir aldur fram og óteljandi klukkutíma af sorg og angist þeirra sem eftir lifðu. Stjórnmálamaður sem á jafn auðvelt og Bjarni Benediktsson með að forðast spurningar af þessu tagi og er í jafn litlu sambandi við örlög venjulegs fólks í landinu er ekki líklegri til þess að geta leitt þjóðina í samfélagi réttlætis og kærleika en einfættur maður að spila fótbolta í meistaradeild.

Hæstvirt Alþingi Íslendinga, þjóðin krefst þess að þú lesir fjárlagafrumvarpið í tætlur, sem víti til varnaðar og lærir það utanbókar. Helst ættir þú að varpa því yfir á bundið mál þannig að það yrði auðveldara fyrir komandi kynslóðir að gera hið sama. Að lokum þetta, ef þú átt í einhverjum erfiðleikum með að hafna frumvarpinu mundu að fyrir nokkrum dögum sótti 100 ára gömul kona í okkar íslensku samfélagi um vist á hjúkrunarheimili og var sett á biðlista. Það er lítil huggun að því að þau nákvæmu gögn sem við eigum í íslenskum samfélagi um lífslíkur fólks benda til þess að hún verði þar ekki mjög lengi.


Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




SAFT

# TVÆR Á TOPPNUM!

**HEIÐA** EFTIR **STEINUNNI SIGURÐARDÓTTUR**

# FYRIRSÆTA OG FJALLDALABÓNDI!

*„... kvenlýsing og samfélagsmynd í víddum sem maður sér ekki oft svo vel gerða ... eiginlega bara fullkomið.“*
Stefán Jón Hafstein, Kjarninn.is

FJÖRU VERÐLAUNIN TILNEFND

1. Metsölulisti Eymundsson Handbækur / Fræðibækur / Ævisögur

1. prentun uppseld!
2. prentun á leið í verslanir!
3. prentun væntanleg!




**TVÍSAGA** EFTIR **ÁSDÍSI HÖLLU BRAGADÓTTUR**





BJARTUR
VERÖLD

# Steinvala á leiði Símonar Peres



**Hjörtur Magni Jóhannsson**
Fríkirkjuprestur við Tjörnina



Þegar ég heyrði fréttina í hebreska útvarpinu var ég á ferð rétt hjá Gaza þar sem ungmenni kasta steinvölum á móti byssukúlum hermanna. Rétt fyrir utan Tel Aviv í Ísrael gaf 93 ára gamalmenni upp öndina. Allir valdamestu menn jarðarbyggðar kipptust við, lögðu allt frá sér og stukku upp í flugvélar sínar. Með tveggja daga fyrirvara flugu þeir, langar leiðir til að votta virðingu þessum vitringi frá Austurlöndum. Viðstödd útförina voru öll helstu fyrirmenni veraldar, frá 70 þjóðlöndum, álíka margir og þegar Nelson Mandela var kvaddur. Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, kom einnig til að kveðja. Hamas fordæmdi.

Á sínum 70 ára pólitíska ferli var Simon Peres þátttakandi í ákvörðunartökum sem hafa mótað heimssöguna á því svæði þar sem hinstu örlög munu ráðast, að margra mati. Obama vék að því í sínum minningarorðum hvernig dauði fjölskyldu Peresar í helförinni í hinni kristnu Evrópu varð hvati að hans mikla og þrotlausa lífsstarfi. Hann var bæði stríðshaukur og friðardúfa.

**Við dæmum Ísraela hart fyrir að virða ekki öll landamæri. Flest landamæri Mið-Austurlanda hafa verið dregin án nokkurrar lýðræðislegrar aðkomu þess fólks sem á svæðinu býr.**

**Stríð og uppbygging**
Peres átti þátt í stofnun Ísraelsríkis sem var frá byrjun eina lýðræðisríkið á svæðinu. Þegnarnir voru stríðshrjáðir, landlausir flóttamenn sem áttu alls engan samastað. Hann átti stóran þátt í að skapa á skömmum tíma þá innviði sem gerði hinu nýstofnaða ríki kleift að taka á móti milljónum flóttamanna sem streymdu alls staðar að úr heiminum. Hebreskan var endurlífguð eftir 2000 ár, það er einstakt. Hann átti þátt í að byggja upp öflugan her til að verjast fjandsamlegum nágrönnum. Hann vann sleitulaust að því að skapa þjóð sinni örugga og friðsæla tilveru. Aðferðirnar voru því miður ekki alltaf friðsamlegar því það litla og hrjóstruga landsvæði sem þjóð hans var ætlað af alþjóðasamfélaginu við stofnun Ísraelsríkis árið 1948 var á ófriðsamlegu svæði. Gyðingar höfðu búið þar um aldir en einnig Drúsar, Bedúínar og palestínskir arabar sem höfðu ekki skilgreint sig sem þjóð og margir lifðu hirðingjalífi á mun stærra svæði. Svæðið hafði verið í pólitískri upplausn um aldir.

**Landamæri**
Við dæmum Ísraela hart fyrir að virða ekki öll landamæri. Flest landamæri Mið-Austurlanda hafa verið dregin án nokkurrar lýðræðislegrar aðkomu þess fólks sem á svæðinu býr. Helstu landamæri voru dregin af vestrænum valdhöfum eftir fall Tyrkjaveldis. Þau voru dregin þvert á línur þjóðernishópa, ættbálka, trúarbragða og tungumála. Í dag búa nokkur þjóðarbrot í flest öllum löndum og flestir minnihlutahópar búa við mun verri kjör en Palestínumenn búa við í Ísrael.

**Friðarverðlaun Nóbels**
Í lok starfsferils síns hafði hann verið ráðherra flestra mikilvægustu ráðuneytanna, verið forsætisráðherra í tvígang og forseti síðustu árin. Friður var alltaf hans markmið. Fyrir framlag sitt til Óslóarsamkomulagsins fékk Peres friðarverðlaun Nóbels árið 1994, ásamt Yitzhak Rabin og Yasser Arafat. Peres var í senn afburðagreindur og mikill bjartsýnismaður og hann dó með friðardrauminn í brjósti.

**Við fyllumst reiði**
Margir hér á landi fyllast heilagri reiði þegar þeir heyra af yfirgangi Ísraelsmanna gagnvart Palestínumönnum. Þar er auðvelt að flæða yfir í sögulegt gyðingahatur hinnar kristnu Evrópu og finna einn allsherjar sökudólg alls þess sem miður fer. Evrópa kann þá sögu og er nú byrjuð aftur. Nú ríkir upplausnarástand í arabaheimi. Víða má finna ógnarstjórnun og grimmileg stríðsátök. Sýrland er sem helvíti á jörðu, börn, sjúkrastofnanir og aðrir saklausir eru notaðir sem byssufóður, flestir eru hættir að telja. Hvers vegna eru ekki mótmæli hér heima eða hótanir um viðskiptabönn? Á það einungis við þegar gyðingar tengjast málum? Sum Vesturlönd sem eru öflug í vopnaframleiðslu og sölu undir borðið, virðast bara horfa á, sem ábyrgðarlaus. Víða í hinum sundraða arabaheimi er hatrið á Ísrael eina sameiningaraflið og það nýtt til þess ýtrasta í áróðursskyni. Við erum orðin vön að dæma Ísraela mun harðari dómi en við dæmum alla nágranna þeirra og einnig mun harðari dómi en við dæmum okkur sjálf.

**Steinvala**
Ég dreif mig upp til Jerúsalem. Þegar veraldarleiðtogar höfðu yfirgefið grafarsvæðið á Hertzel-hæðinni sem er þjóðargrafreitur, þá gafst tækifæri til að fara að gröfinni. Tregafull harmonikkutónlist hljómaði og andrúmsloftið var tilfinningaþrungið, kyrrlátt, tár á hvörmum. Við látlausa gröfina voru jú blómakransar en einnig fjölmargar steinvölur sem syrgjendur höfðu sett á leiðið að sið gyðinga. „Grasið visnar, blómin fölna,“ en steinvalan deyr ekki. Hún getur haldist óbreytt endalaust, þegar flest annað breytist. Ég lagði steinvölu á leiðið, þannig mun minningin lifa.




# Stuðningsráð fyrir veika



**Jón Sigurgeirsson**
lögfræðingur og stjórnarmaður í Klúbbnum Geysi

Árið 1948 komu menn sem útskrifaðir voru af geðsjúkrahúsi í New York saman á kaffihúsi. Þeir áttuðu sig á að margir sem legið höfðu með þeim höfðu komið aftur og aftur og ekki fundið sig í lífinu utan sjúkrahússins. Þeir sem hafa dottið út úr rútínu daglegs lífs þurfa aðlögun að samfélaginu aftur. Þessi umræða varð upphaf að stofnun fyrsta klúbbhússins sem nú eru orðin að alþjóðlegri hreyfingu. Upphaflega byggðu þeir á orðunum We are not alone eða við stöndum ekki ein.

Félagsskapnum áskotnaðist hús á Manhattan og var gosbrunnur í garðinum. Húsið gekk undir nafninu Fountain House eða brunnhús og er alþjóðahreyfingin kennd við það. Í húsinu mótaðist kerfi sem byggðist upp á því að auka sjálfstraust félaga og skapa andrúmsloft sem var ólíkt því sem þeir höfðu upplifað á sjúkrahúsum. Félagar og starfsfólk vann saman sem jafningjar að öllu sem gera þurfti í starfseminni. Allt rými var aðgengilegt öllum og starfsfólk hafði ekki sér aðstöðu fyrir sig. Allar ákvarðanir voru teknar í samhljómi án atkvæðagreiðslu og stjórn í daglegum rekstri var á herðum félaga og starfsfólks í sameiningu. Dagur í klúbbnum átti að líkjast degi á vinnustað. Með ýmsum ráðum voru félagar studdir til fullrar þátttöku í daglegu lífi með stuðningi til vinnu, í húsnæðisleit og öðru slíku.

**Rannsóknir í háskólum hafa sýnt að það fé sem varið er til starfseminnar er lítið miðað við þjóðfélagslegan sparnað sem fólginn er í bættri heilsu, meiri atvinnuþátttöku og færri innlögnum þeirra sem njóta góðs af kerfinu.**

**Hefur breytt lífi fjölda einstaklinga**
Nú er þessi starfsemi alþjóðleg og mótuð af stöðlum og gæðaeftirliti. Rannsóknir í háskólum hafa sýnt að það fé sem varið er til starfseminnar er lítið miðað við þjóðfélagslegan sparnað sem fólginn er í bættri heilsu, meiri atvinnuþátttöku og færri innlögnum þeirra sem njóta góðs af kerfinu. Þá er ekki meðtalinn sá ávinningur sem félagar hafa í bættri heilsu og betra lífi.

Hér á landi er Klúbburinn Geysir í Skipholti 29. Hann er rekinn í anda þessa kerfis. Hann hefur verið gæðavottaður reglulega og staðist fyllstu kröfur. Hann hefur starfað í yfir 16 ár og hefur breytt lífi mikils fjölda einstaklinga. Eina skilyrði fyrir þátttöku er að líða eða hafa liðið af andlegum veikindum. Ég hvet alla sem eru í þeirri stöðu eða þekkja menn í þörf fyrir klúbbinn að kynna sér hann frekar. Hann hefur heimasíðuna kgeysir.is. Hægt er að hafa samband í síma 5515166 með t-pósti kgeysir@kgeysir.is eða koma á staðinn.

*Höfundur er félagi og stjórnarmaður í Klúbbnum Geysi og í ráðgjafahópi Alþjóðahreyfingar Klúbbhúsa.*

Vissir þú að...
Foreldrar bera megin ábyrgð á að styðja að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI!

## Byltingarkennt smáforrit fyrir börn sem sameinar rafbók og hljóðbók!



Óvæntar uppákomur
á hverri síðu!

Ævintýrið
lifnar við!



Forritið byggir á bók Línu Rutar Wilberg og Þorgríms Þráinssonar um Núa og Níu og vini þeirra á Töfraeyju. Velja má um texta eða upplestur á sögunni en auk þess er forritið gagnvirkt og hægt er að leika sér í því. Myndirnar geta hreyfst á skjánum og gefið frá sér hljóð.

Smáforritið er fáanlegt í App Store og Google Play.

Tungumál: íslenska og enska (fleiri tungumál væntanleg - frí uppfærsla).

FRÁBÆR AFÞREYING FYRIR BÖRN!

Útgefandi: NB Forlag
Framleiðandi: CAOZ

SÆKJA FRÁ Google Play | Download on the App Store

NB FORLAG

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

## Nýjast

**Domino's-deild karla**

**Haukar - Stjarnan 67-70**
**Stigahæstir:** Sherrod Nigel Wright 31 (13 fráк./5 stoðs.), Finnur Atli Magnússon 10, Breki Gylfason 8, Ívar Barja 7 - Hlynur Elías Bæringsson 17 (12 frák.), Devon Andre Austin 15, Justin Shouse 13, Marvin Valdimarsson 11, Tómas Heiðar Tómasson 9.

**Þór Þorl. - Skallagrím. 74-76**
**Stigahæstir:** Tobin Carberry 33 (15 frák.), Maciej Baginski 14, Halldór Garðar Hermannsson 10 - Flenard Whitfield 21 (16 frák.), Magnús Þór Gunnarsson 13, Darrell Flake 11, Sigtryggur Arnar Björnsson 9, Davíð Ásgeirsson 8.

**Þór Ak. - Keflavík 77-89**
**Stigahæstir:** George Beamon 28, Darrel Keith Lewis 18 (10 frák.), Danero Thomas 17 - Amin Stevens 41 (17 frák.), Hörður Axel Vilhjálmsson 20 (7 stoðs.), Reggie Dupree 12, Guðmundur Jónsson 8.

**Keflvíkingar** enduðu fjögurra leikja taphringu í Domino's deildinni á Akureyri í gær og unnu sinn fyrsta deildarsigur síðan 3. nóvember. Sigurinn þýddi líka að Njarðvíkingar eru komnir niður í fallsæti í deildinni sem eru stórtíðindi.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| KR | 16 | Haukar | 8 |
| Tindastóll | 16 | Þór Þ. | 8 |
| Stjarnan | 16 | ÍR | 8 |
| Grindavík | 12 | Keflavík | 8 |
| Skallagrímur | 10 | Njarðvík | 8 |
| Þór Ak. | 10 | Snæfell | 0 |



Sigurður er hér að brýna sína menn í leik Hauka og Keflavíkur. Það er eini leikurinn þar sem Sigurður hefur stýrt Keflavíkurliðinu í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

KKÍ
Körfuknattleikssamband Íslands

FIBA EUROBASKET 2017
FINLAND • ISRAEL • ROMANIA • TURKEY

2 MIÐAR Á EM
1 TREYJA
1 KEPPNISBOLTI

*Allir sem kaupa miða eða hafa keypt miða á EM, EuroBasket 2017, sem fram fer í Finnlandi næsta haust, fyrir 16. desember fara í pott. Einn heppinn miðaeigandi fær 2 miða endurgreidda auk þess að fá nýjan landsliðsbúning Íslands og EM keppnisboltann að auki.*

**Miðasalan fer fram á www.tix.is**

**Sjá nánar á kki.is**

# Hjartað varð taktlaust

**Sigurður Ingimundarson mun ekki stýra liði Keflavíkur aftur fyrr en eftir áramót. Hann lenti í hjartveikindum rétt fyrir tímabil en segist vera á góðum batavegi. Hann hefur engar áhyggjur af lélegu gengi Keflavíkur framan af vetri.**

**KÖRFUBOLTI** Sigurður Ingimundarson, þjálfari karlaliðs Keflavíkur, hefur aðeins getað stýrt liðinu í einum leik í vetur vegna veikinda sem komu upp skömmu fyrir tímabilið.

„Eins og staðan er núna ætla ég að taka mér frí fram yfir áramót og planið er svo að koma inn á fullu eftir það,“ segir þjálfarinn en hvað nákvæmlega hefur verið að plaga hann?

**Mín ákvörðun að stíga til hliðar**

„Ég lenti í smá leiðindum með hjartað sem varð taktlaust og vitlaust. Ég vildi laga það almennilega. Ég hef verið að vinna í því vandamáli síðustu vikur og það var mín ákvörðun að stíga til hliðar meðan ég væri að því. Ég lenti í þessu fyrir tíu árum og þá tók svolitinn tíma að fá mig góðan. Svo varð það allt gott. Fyrst þetta kom aftur núna ákvað ég að hætta strax og byrja að fá mig góðan. Ég er að verða nokkuð sprækur.“

Sigurður segir að aðalatriðið hjá sér sé að fá sig góðan áður en hann fer á fullt að stýra Keflavíkurliðinu á nýjan leik. „Körfuboltinn fer ekkert. Hann verður þarna áfram.“

**Margt sem þarf að laga**

Gengi Keflavíkur hefur verið á stöðugri niðurleið og á fimmtudagskvöldið féll liðið niður í fallsæti. Ekki sjón sem Keflvíkingar eru vanir. Eftir frábæran sigur á Tindastóli í byrjun tapaði liðið fimm leikjum í röð og flestum þeirra leikja tapaði liðið illa. Liðið náði samt langþráðum sigri á Akureyri í gær. „Ég er ekki með nein svör á reiðum höndum um hvað hefur vantað hjá okkur. Það eru alls konar hlutir sem þarf að laga hjá okkur. Vonandi gengur það eftir fljótlega að laga það. Besti maðurinn kom, fór svo út og kom aftur. Það þarf að aðlaga ýmsa hluti,“ segir Sigurður og er þar að tala um Hörð Axel Vilhjálmsson sem kom síðasta sumar, fór svo út fyrir tímabilið en sneri aftur á dögunum.

„Hörður er frábær leikmaður og við erum með fleiri góða leikmenn. Ég held það sé bara tímaspursmál hvenær þetta smelli hjá okkur.“

**Höfum verið arfaslakir**

Keflavík vann Tindastól stórt, 101-79, þann 3. nóvember en hvað nákvæmlega gerðist svo hjá liðinu?

„Við höfum verið arfaslakir en ég hef ekki verið nógu mikið í kringum liðið í vetur til að átta mig almennilega á því hvað sé að. Þó svo liðið sé í smá krísu núna þá er þetta ekkert sem við höfum áhyggjur af. Við vitum alveg hvað býr í liðinu,“ segir þjálfarinn en einhverjir hafi bent á að það vanti Keflavíkurandann í liðið. Það sé að hluta til af því að heimræktaðir Keflvíkingar sér ekki lengur í lykilhlutverkum hjá liðinu.



Innkoma Harðar Axels dugði ekki til að kveikja á Keflavíkurliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Ég lenti í þessu fyrir tíu árum og þá tók svolítinn tíma að fá mig góðan. Fyrst þetta kom aftur núna ákvað ég að hætta strax og byrja að fá mig góðan.**
>
> Sigurður Ingimundarson

„Það eru örugglega einhverjir sem finnst það en þetta er staðan sem við erum í núna. Við erum með þessa leikmenn. Við erum ánægðir með þá og þetta eru góðir leikmenn. Við munum finna rétta taktinn. Það er alveg klárt. Leikmennirnir eru staðráðnir í því að bæta sig og komast aftur á sigurbraut. Ég persónulega hef engar áhyggjur af því að það gerist ekki.“

**Ekkert stress**

Þjálfarinn sigursæli segir að það sé ekki verið að grípa til neinna sérstakra ráðstafana til þess að koma liðinu í gang á nýjan leik. Það er ekki búið að hringja í neinn sálfræðing.

„Það er bara verið á fullu á hverri æfingu og reynt að verða betri. Menn vita að við getum orðið betri og ágætt að hafa það bak við eyrað er það gengur illa. Andinn er mjög góður og menn eru alls ekki að missa sig í neinu stressi yfir þessu,“ segir Sigurður, en hvernig tilfinning var það fyrir sigursælan Keflvíking að sjá Keflavík í fallsæti í desember?

„Hún var sérstök. Af því að ég veit að við munum snúa þessu við þá er ég rólegur yfir þessu.“

henry@frettabladid.is

# Jafntefli ekki ólíkleg niðurstaða

**FÓTBOLTI** Manchester United vann síðast heimaleik í ensku úrvalsdeildinni 24. september þegar liðið lagði Englandsmeistara Leicester. Sama dag vann Tottenham sigur á nýliðum Middlesbrough á útivelli sem er einmitt síðasti útivallarsigur Spurs á tímabilinu í ensku úrvalsdeildinni. Þessi tvö lið mætast í stórleik á sunnudaginn.

Ekkert hefur gengið hjá United í deildinni að undanförnu en liðið er búið að gera þrjú jafntefli í röð og vinna aðeins tvo af síðustu ellefu leikjum sínum. Baráttunni um Englandsmeistaratitilinn er meira og minna lokið eftir fjórtán umferðir og eltingaleikurinn við Meistaradeildina strax orðinn erfiður.

Síðan United vann Leicester er það búið að gera fjögur jafntefli á heimavelli í röð gegn Stoke, Burnley, Arsenal og West Ham. United er búið að gera sex jafntefli í deildinni í vetur, jafnmörg og Tottenham en þau eru með flest jafnteflin af sex efstu liðunum.

Tottenham-menn voru jafntefliskóngarnir af efstu sex liðunum á síðustu leiktíð en þeir gerðu þrettán jafntefli og eru nú þegar komnir með sex. Miðað við gengi þessara liða að undaförnu og erfiðleika þeirra í að klára leiki þyrfti að ekki að koma neinum neitt sérstaklega á óvart ef jafntefli yrði niðurstaðan á Old Trafford á sunnudaginn.

Bæði lið koma inn í leikinn á sigurbraut. United vann Zorya í Evrópudeildinni á fimmtudaginn og tryggði sér sæti í 32 liða úrslitum Evrópudeildarinnar. Það sama gerði Tottenham með því að vinna CSKA Moskvu, 3-1, í lokaumferð riðlakeppni Meistaradeildarinnar en þar hafnaði Spurs í þriðja sæti í sínum riðli og féll niður í Evrópudeildina.

United er aðeins með 21 stig eftir fjórtán leiki sem er versti árangur liðsins á þessu stigi í Úrvalsdeildinni eftir þetta margar umferðir. – **tom**



**José Mourinho er í basli með að vinna leiki í deildinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**Hrafnhildur Lúthersdóttir hefur átt frábært ár og blómstrað á þremur stórmótum, eða EM í maí, ÓL í ágúst og HM í desember.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKARÓ

# Fjórða Íslandsmet Hrafnhildar á HM í Kanada

**SUND** Hrafnhildur Lúthersdóttir bætti við sínu fjórða Íslandsmeti í gær á HM í 25 metra laug í Windsor í Kanada þegar hún tryggði sér sæti í undanúrslitum í 100 metra bringusundi. Hrafnhildur náði fjórtánda besta tímanum í undanrásum og synti því í undanúrslitasundinu í nótt. Undanúrslitin fóru fram eftir að Fréttablaðið fór í prentum en úrslitin má finna á Vísi.

Hrafnhildur kom í mark á 1:06,12 mín. í undanrásum í 100 metra bringusundinu og bætti sitt eigið Íslandsmet frá árinu 2015 um sex hundraðshluta úr sekúndu. Gamla metið hennar var 1:06,12 mín. frá 13. nóvember 2015.

Hrafnhildur komst líka í undanúrslit í 50 metra bringusundi (13. sæti) og 100 metra fjórsundi (11. sæti) á mótinu og keppir síðan í 200 metra bringusundi um helgina.

Þetta var fjórða Íslandsmet Hrafnhildar á mótinu og hefur hún þar með sett Íslandsmet í öllum þremur greinunum sem hún hefur keppt í á þessu heimsmeistaramóti. – **óój**

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 11.55 | Osasuna - Barcelona | Sport 2 |
| 12.20 | Watford - Everton | Sport |
| 14.30 | Bayern - Wolfsburg | Sport 2 |
| 14.50 | Arsenal - Stoke City | Sport |
| 14.55 | Huddersf.-Bristol City | Sport 3 |
| 16.25 | Stjarnan - Snæfell | Sport 4 |
| 17.20 | Leicester - Man. City | Sport |
| 18.00 | Franklin Templeton | Golfstöð |
| 19.40 | Real Madrid - Deporti. | Sport |
| 03.00 | UFC 206: Cormier/Johnson | - |
| 16.00 | Haukar - Akureyri | Ásvellir |
| 16.30 | Stjarnan - Snæfell | Ásgarður |
| 16.30 | Keflavík - Njarðvík | Keflavík |
| 16.30 | Grindavík - Valur | Grindavík |

## Á morgun

| | | |
|---|---|---|
| 11.50 | Chelsea - West Brom | Sport |
| 14.10 | Man Utd - Tottenham | Sport |
| 16.20 | Liverpool - West Ham | Sport |
| 16.30 | Schalke - Leverkusen | Sport 2 |
| 21.20 | NFL: Packers-Seahawks | Sport |
| 19.15 | Haukar- Skallagrímur | Ásvellir |



# Verk upprennandi listamanna

Nemendur myndlistardeildar Listaháskóla Íslands halda jólamarkað á Kexi hosteli þriðja árið í röð. Þar verða til sölu verk eftir þau og þarna verður vafalaust hægt að fá ódýrar gjafir eftir upprennandi myndlistarmenn.



Stefán Þór Hjartarson
stefanthor@frettabladid.is

Þetta eru nemendur af myndlistardeildinni í Listaháskólanum, BA-nemendur frá fyrsta ári upp í þriðja ár. Það er alls konar til sölu hjá okkur: þarna verða prent, málverk, teikningar og skúlptúrar,“ segir Vera Hilmarsdóttir myndlistarkona og ein af þeim sem verða með vörur til sölu á jólamarkaði myndlistardeildar LHÍ sem verður haldinn í Gym og tónik sal Kex hostels, það er innri salnum, í dag frá ellefu til fimm.

„Þetta verða allir þeir nemendur úr þessum árgöngum sem vilja taka þátt. Tilgangurinn með markaðnum er að láta sjá sig og sjá aðra, sem er svo mikilvægt fyrir listamenn, og selja list fyrir jólin auðvitað. Það er margt sem safnast upp hjá okkur í náminu sem er gott að losna við.“



**„Þetta verða allir þeir nemendur úr þessum árgöngum sem vilja taka þátt, við verðum líklega um 20 til 30 manns þarna,“ segir Vera Hilmars en hún og fleiri nemendur Listaháskólans ætla að selja verkin sín fyrir jólin á Kexi í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Á markaðnum er hægt að fá list á hagstæðu verði en list er auðvitað ágætis jólagjöf og því hægt að losna við dass af jólastressi með því að næla sér í listaverk í nokkra eða jafnvel alla pakka þarna á einum degi. Síðan er hægt að líta á þetta sem fjárfestingu, enda eru þetta myndlistarmenn framtíðarinnar og því möguleiki að ódýra jólagjöfin margfaldist í verði þegar einhverjir nemendanna slá óhjákvæmilega í gegn.

„Markaðurinn var haldinn seinustu jól og hefur verið tvisvar núna á árinu – bæði í mars og svo aftur í júlí. Í þetta sinn verður meiri jólabragur yfir þessu. Það er aldrei að vita hvort það verði eitthvað meira í gangi en þetta verður allavega mjög lifandi markaður þarna hjá okkur.“

Það er tilvalið að halda upp á aðventuna með að prútta við upprennandi listamenn á Kexi hosteli og losa sig í leiðinni við nokkra af jólagjafa-gátlistanum. Á viðburðasíðu markaðarins á Facebook má svo líta á nokkur af þeim verkum sem verða þarna í boði.


## Fríkirkjan í Reykjavík
### Viðburðir á Aðventu og jólum

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK

| | |
|---|---|
| **Sunnudaginn 11. des kl 14:00** | ***Jólatrésskemmtun Fríkirkjunnar í Reykjavík.*** Hefst með jólastund í kirkjunni. Síðan verður haldið upp í Safnaðarheimili og sungið og dansað í kringum jólatréð með jólasveininum. Kaffi og meðlæti fyrir alla. |
| **Þriðjudaginn 13. des kl 20:00** | ***Tónleikar – Sönghópurinn við Tjörnina; Arne Hiorth – Gissur Páll*** Einsöngvari verður Gissur Páll Gissurarson. Sérstakur gestur tónleikanna verður norski trompetleikarinn og stjórnandinn Arne Hiorth. Hljómsveitina skipa auk hans, Ásgeir Ásgeirsson, Tómas R. Einarsson og Kristofer Rodriguez Svönuson. Stjórnandi er Gunnar Gunnarsson, organisti Fríkirkjunna |
| **Fimmtudaginn 15. des kl 20:00** | ***Aðventukvöld, fjölbreytt og glæsilegt tónlistarkvöld.*** Ræðu kvöldsins flytur rithöfundurinn Þórarinn Eldjárn. Fram koma Stefanía Svavarsdóttir, söngkona, Sönghópurinn við Tjörnina, Fríkirkjubandið ásamt Gunnari Gunnarssyni sem jafnframt er organisti kirkjunnar og stjórnandi sönghóps, Barnakór Fríkirkjunnar undir stjórn Álfheiðar Björgvinsdóttur og Sr.Hjörtur Magni. |
| **Sunnudaginn 18. des kl 14:00** | ***Heilunarguðsþjónusta á vegum Sálarrannsóknarfélags Íslands, Fríkirkjunnar og Kærleikssetursins.*** |
| **Laugardaginn 24. des kl 18:00** | ***Aftansöngur á aðfangadagskvöldi.*** Söngkonan Heiðdís Hanna Sigurðardóttir syngur einsöng. Sönghópurinn við Tjörnina syngur jólin inn og leiðir safnaðar- söng undir stjórn Gunnars Gunnarssonar. Sr. Hjörtur Magni leiðir stundina. |
| **Laugardaginn 24. des kl 23:30** | ***Miðnætursamvera á jólanótt.*** Ellen Kristjánsdóttir og dætur ásamt strengjasveit. Sr. Hjörtur Magni talar til viðstaddra. Sönghópur Fríkirkjunnar ásamt Gunnari Gunnarssyni. Mætið vel tímanlega til að fá góð sæti! |
| **Sunnudaginn 25. des kl 14:00** | ***Hátíðarguðsþjónusta á jóladag. Ljósanna hátíð fagnað með rísandi sól.*** Egill Ólafsson söngvari syngur og spjallar um tónlistarval sitt. Sr. Hjörtur Magni, Sönghópurinn við Tjörnina ásamt Gunnari Gunnarssyni. |
| **Laugardaginn 31. des kl 17:00** | ***Aftansöngur á gamlársdag.*** Hljómsveitin Eva ásamt Sönghópnum við Tjörnina leiða safnaðarsöng ásamt Gunnari Gunnarssyni, organista. Sr. Hjörtur Magni leiðir stundina |


# Á morgun sunnudag: Jazz á íslensku

Söngkonan Stína Ágústsdóttir heldur tónleika á sunnudag í Kaldalóni í Hörpu tónlistarhúsi og fagnar útgáfu sinnar þriðju plötu, Jazz á íslensku. Stína samdi textana sjálf og fékk hjálp við yfirlestur frá Þórarni Eldjárn. Stína kemur fram ásamt þeim Sigurði Flosasyni, Önnu Grétu Sigurðardóttur, Einari Scheving og Þorgrími Jónssyni.

Stína hefur starfað sem söngkona í Reykjavík, Montreal og nú í Stokkhólmi. Hvernig er senan þar? „Hún er ansi lifandi en djasssenan er jú frekar litil eins og gengur og gerist. Það er mikið af mjög færu tónlistarfólki í Stokkhólmi og svakalega gaman að fá tækifæri til að vinna með því. Ég skrifa þetta einmitt á hótelherbergi í Norður-Svíþjóð, Hudiksvall, þar sem ég var að syngja með verkefninu okkar Önnu Grétu Sigurðardóttur sem heitir Björkologi. Við erum á tónleikaferðalagi og höfum með okkur frábæra tónlistarmenn, Max Schultz (sem er eiginlega legend í Svíþjóð), Sebastian Ågren (spilar mikið með Eurovision-stjörnunni Erik Saade) og Josef Karnebäck.“

*Um hvað syngur þú? Um hvað semur þú?*

„Það er ofsalega misjafnt. Ég nálgast texta og tónlist úr öllum áttum. Stundum er það bara eitt orð sem verður til þess að maður fær innblástur, stundum lagbútur, stundum einhver saga. Ást er mjög oft viðfangsefnið en líka bara hversdagslegir hlutir, það er hægt að gera allt ljóðrænt.

Textarnir á plötunni eru mikið innblásnir af lögunum en eitt lagið (Ég veit einn gimstein) er t.d. samið um ófætt barn og hluti af textanum kom til þegar ég var ólétt. Annar er innblásinn af flóttamannastraumnum í Evrópu (Vísa um veginn).

*Stína er menntaður verkfræðingur – hefur verkfræðin ekkert smitað sönginn?*

„Öll lífsreynsla skapar mann náttúrulega og ég hef kannski einhvern annan vinkil á tilveruna en einhver sem hefur ekki lært verkfræði. Ég reyni alltaf að skjóta inn tilvitnunum í eitthvað annað, texta, lög, bækur, fólk í mínum textum og afla mér upplýsinga í gríð og erg oft á tíðum á meðan ég skrifa texta. Það er kannski einhver fræðimennska fólgin í því en ekki veit ég hvort hún er tengd verkfræði.“ **– kbg**



**Stína fagnar útgáfu í Kaldalóni á sunnudag.**

**ÉG NÁLGAST TEXTA OG TÓNLIST ÚR ÖLLUM ÁTTUM. STUNDUM ER ÞAÐ BARA EITT ORÐ SEM VERÐUR TIL ÞESS AÐ MAÐUR FÆR INNBLÁSTUR.**

Kjörís

JÓLAÍS 2016

# Mjúkís



— MEÐ —

JARÐARBERJASÓSU
& MJÚKU SÚKKULAÐI

1L




Jólaísinn 2016 er fullkominn endapunktur á jólamáltíðinni. Silkimjúkur vanilluís með jarðarberja– og súkkulaðisveip er sígild blanda sem skapar hinn sanna jólaanda.

# SESTU Í DRAUMA



EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF
BORÐSTOFUSTÓLUM
HÆGINDASTÓLUM
ELDHÚSSTÓLUM
OG BARSTÓLUM
YFIR 500 GERÐIR

## EKKI MISSA AF ÞESSU!



## Fallegu hörðu og mjúku pakkarnir eru í Höllinni



**BODUM CAFFETTIERA**
Pressukanna
Átta bolla

~~11.990 kr.~~
**JÓLAVERÐ 9.990 kr**



**IITTALA ULTIMA THULE**
Kertastjakar, 65 mm
glær / frost

**2.890 / 4.890 kr. stk.**

**BJÖRN WIINBLAD**
Jólabolli / jólaskál
350 ml / 16 cm

**3.490 / 4.490 kr. stk.**



**SÖDAHL**
Jóladúkur, Winterland
Stærð: 150x220 cm
Fæst í fleiri stærðum

**14.990 kr.**

**PTMD OH DEER**
Trébretti
Stærð: 21x25x51 cm

**3.990 kr.**




**Reykjavík** Bíldshöfði 20
**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri** Dalsbraut 1
**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður** Skeiði 1

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

ASTÓLINN UM JÓLIN

# STÓLADAGAR

# 25%

## afsláttur af ÖLLUM stólum*

**IITTALA FESTIVO**
Kertastjakar
120 mm / 180 mm

**5.890 / 7.290 kr.**





**AIDA POUL PAVA**
Geymslubox, tvö í setti
ø: 9,5 cm, h: 19 cm

**3.990 kr. settið**

**IVV SOMMELIER**
Rauðvínskarafla
23 cm há

**8.990 kr.**






**JD**
Jólabollar í boxi
nokkrar gerðir

**2.490 kr.**



**SÖDAHL**
Rúmföt 140x200 cm
margar aðrar gerðir til

**15.990 kr.**



**POUL PAVA**
Plastflöskur 0,65 l, BPI fríar
Nokkrar stærðir og litir

~~1.990 kr.~~ **JÓLAVERÐ 1.490 kr stk**

* Gildir ekki af sérpöntunum.
15% afsláttur af Skovby stólum og Timeout.

HÚSGAGNA
HÖLLIN

# Finnur fyrir samkennd

Björk lýsir missinum og sorginni sem fylgdi sambandsslitunum við Matthew Barney sem ferðalagi skiptu upp í kafla. Hún finnur fyrir samkennd eftir að hafa miðlað reynslu sinni í gegnum listina á plötu sinni Vulnicura. Tónlistin er rótin að stafrænum heimi Bjarkar sem hún vill glæða lífi og sál.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Björk Guðmundsdóttir er klædd í ljósbleikan kímonókjól og bleika skó. Hún er með gullkamb í hárinu og skartgripi sem minna á hafið, hálsmen með kolkrabba og hring sem minnir á kóral. Hún situr og vefur utan um sig kjólnum. Það er létt yfir henni.

„Þetta er svolítið eins og yfirheyrsluherbergi,“ segir hún kímin um fundarsalinn í Hörpu sem er lýstur upp með gríðarlega sterkum ljóskösturum úr lofti. Hún lækkar í ljósunum þar til birtan verður þægileg og kallast á við skammdegið fyrir utan. Klukkan er rétt rúmlega þrjú og sólin lækkar hratt á himni.

Björk er þakklát aðstandendum Hörpu tónlistarhúss sem kölluðu eftir sýningu hennar; Björk Digital, eða Stafrænn heimur Bjarkar, til Íslands í samstarfi við Iceland Airwaves. Þar áður var sýningin sett upp í miklu stærri umgjörð í Sydney, Tókýó og nú síðast í Somerset House í London.

„Ég er afar þakklát því að hugmyndin kom héðan. Það er alltaf þetta stolt í mér, mig langar alltaf til að koma með sýningarnar mínar og tónleikana hingað. Og þá þegar þeir eru orðnir bestir. Í raun og veru er sýningin betri en hún var í London, við erum til að mynda með nýtt myndband, Family, sem mér finnst besta myndbandið og svo er lagið Notget í nýrri uppfærslu á sýningunni,“ segir Björk.

**Sorgin er ferðalag**

Björk útskýrir sýninguna. Gestir kynnast tónheimi hennar með því að njóta verka sem Björk hefur gert í samvinnu við nokkra af bestu leikstjórum og forriturum á sviði sýndarveruleika og það er platan Vulnicura sem er grunnurinn að sýningunni. Persónulegasta verk Bjarkar. Í því afhjúpar hún sig og fjallar um eigin sársauka og sambandsslit sín við Matthew Barney. Hún hefur verið treg til viðtala um forsendur verksins enda feli verkið í sér uppgjör hennar. Lagið Notget var samið ellefu mánuðum eftir sambandsslitin við Matthew. Lagið lýsir miklum sársauka. Björk líkir missinum og sorginni sem fylgdi sambandsslitunum sem ferðalagi, skiptu upp í kafla.

„Það er búið að vera mjög áhugavert fyrir mig að fara í gegnum þetta ferðalag. Ég hef miklu meira álit á líffræði líkamans, heilanum og taugakerfinu eftir þessa reynslu mína. Sorgarferlið sem fylgdi skilnaðinum er eins og bók sem maður fer í gegnum, kafla eftir kafla,“ segir Björk og segist hafa haldið að hún myndi ekki ganga í gegnum þetta dæmigerða ferli sem er lýst í stigum.

„Sorg er einstaklingsbundin tilfinning og ekkert sorgarferli eins og ekkert áfall eins. Þannig hélt ég að ég væri öðruvísi en aðrir og myndi ekki ganga í gegnum þetta dæmigerða ferli. Gæti harkað af mér. En samt komst ég að því að framvinda sorgar er svipuð hjá flestum. Líka mér. Ég áttaði mig. Horfði til baka og sá að ég

> ÉG HÉLT AÐ ÉG VÆRI ÖÐRUVÍSI EN AÐRIR OG MYNDI EKKI GANGA Í GEGNUM ÞETTA DÆMIGERÐA FERLI. GÆTI HARKAÐ AF MÉR.

var búin að klára ákveðinn kafla og komin á þann næsta. Þetta er náttúrulegt ferli og ákveðin sammannleg reynsla sem ég gekk í gegnum,“ segir Björk og segist finna fyrir ákveðinni tilfinningu eftir ferðalagið sem henni þyki falleg.

**Finnur fyrir samkennd**

„Ég finn fyrir samkennd. Ég er kannski á gangi á Laugaveginum eða í stórborg, í mannmergð. Og þá finn ég fyrir því að flestir hafa tekist á við missi, sorg og áföll. Hvort sem það eru stór eða lítil áföll. Ég finn fyrir meiri tengingu við mig og við annað fólk og mér þykir eiginlega bara vænt um þá tilfinningu.

Ég set þetta líka í samhengi. Veit að ég er heppin að hafa ekki liðið erfið áföll og erfiðar aðstæður áður. Mér hefur gengið vel, kem frá góðu og friðsælu samfélagi. Og þegar ég lenti í svona sársauka eins og þessum þá var ég samt í aðstöðu til að sinna því. Gat tjáð mig um það, sem kannski ekki allir geta. Því það að vera söngkona og syngja um ást, það er bara eðlilegt.“

Það er líka ákveðin uppgötvun fyrir Björk að fylgjast með yngri kynslóðum horfa fram á veginn. „Við erum að lifa svo breytta tíma. Unga fólkið, það lifir eins og það verði 120 ára og sér líf sitt í mörgum köflum og skeiðum. Ég er af þeirri kynslóð að ég trúði því að það væri bara einn maki, eitt starf. Yngri kynslóðir sjá þetta raunsætt, ástina og ferilinn, alltaf að breytast. Ég held að mín kynslóð sé sú allra síðasta til að trúa þessum takmörkunum.“



*Don't remove my pain*
*It is my chance to heal*

Þetta segir í laglínum Notget. Er hún sterkari eftir sambandsslitin og að hafa tekist á við sorgina í gegnum listina? Varð það raunin að sársaukinn gaf henni tækifæri á að verða aftur heil?

„Ég hugsa það, en það er samt afstætt. Ég er búin að læra margt og ég held að mér hafi tekist að koma út úr þessu án farangurs. Þyngri byrða. Ég held að það sé það sem ég var að stefna að. Ég er sú sama og það er ákveðið afrek,“ segir Björk.

**Vill búa til brú**

Á sýningunni er gestum augljóst að Björk vill gæða tæknina lífi og hlýju. Sýningin er einstaklingsupplifun og nándin við laglínur, tónlist og hugarheim Bjarkar er mikil.

Þú hefur sagt það hlutverk listamannsins að glæða tæknina sál? „Já, því hún hefur sál. Af því hún er hluti af listsköpun og handverki, tjáningu okkar. Orðið techno kemur úr grísku og þýðir í raun og veru handverk. Við bjuggum til spjót, skárum út, saumuðum, smíðuðum, máluðum. Og áður en við vitum erum



**„Ég er búin að læra margt og ég held að mér hafi tekist að koma út úr þessu án farangurs. Þyngri byrða. Ég held að það sé það sem ég var að stefna að. Ég er sú sama og það er ákveðið afrek,“ segir Björk.**
MYND/SANTIAGO FELIPE


VINSÆLASTA
BÓK ÁRSINS
„Enn eitt meistaraverkið ... Petsamo er ein með öllu.“
STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ
„... [Arnaldur] hefur bæði einstök tök á frásagnarlist og
næmt innsæi í fólk og tilfinningar ...“
BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ
„... glæsileg og vönduð ...“
VERA KNÚTSDÓTTIR / BOKMENNTIR.IS
„... hrein unun ... og sjaldan
hefur honum tekist jafn vel upp ...“
GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / VIKAN
„... algjör snillingur ...“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN
ARNALDUR
INDRIÐASON
Petsamo
1
BÓKSÖLU
LISTINN
HEILDARLISTI
2016
FORLAGIÐ
LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Opið um helgina 11–17 | www.forlagid.is

við komin með iPhone í hendurnar. Ég veit ekki hvers vegna við reynum að aðgreina tæknina frá því sem við búum til. Það er eins og að reyna að skera handlegginn af sér. Það er ekki raunsætt að segja að við séum góð og við erum hérna megin en tæknin er vond og köld og er hinum megin. Ég vil búa til brú á milli. Tæknin er hluti af okkur,“ segir Björk og segist hafa þörf fyrir að nota tækni í sköpun sinni. „Já, ég tala bara fyrir mig. En til að vera heiðarleg þá finnst mér ég þurfa að nota tæknina sem við erum að þróa í dag. Við horfum á myndbönd, Netflix, notum síma og erum í sambandi við ástvini okkar. Ég vil ekki sleppa þessum tækniheimi, sem er bara hversdagurinn. Ég vil skapa með honum. Við erum öll tilfinningaverur og þurfum á því að halda að finna því farveg í þessu daglegu lífi. Með þeim tækjum sem við notum. Ég held að það sé mjög mikilvægt að skrá alla vega hluta af okkar hjartans málum með þessum verkfærum.“

**SÝNDARVERULEIKINN FER BEINT Í HEILANN.**

**Ábyrgari heimspeki pönksins**

Hún segir heimspeki pönksins enn þá eiga við.

„Þetta var sá jarðvegur sem ég kom úr og snerist mjög mikið um það að reiða sig ekki á aðra. Þessi heimspeki var skýr á Smekkleysutímanum og í Sykurmolunum. Að gera sjálf. Að taka ábyrgð. Bíða ekki eftir einhverri þróun heldur hafa áhrif sjálf. Eftir því sem ég eldist þá eflist ábyrgðartilfinningin sem í raun fylgir pönkinu. Ég skil enn betur að maður er sjálfur ábyrgur fyrir því að færa fram í þjóðfélagið það sem maður óskar eftir að verði hluti af því. Ef maður gerir það ekki sjálfur, þá gerir það enginn. Í eldgamla daga þá þýddi þetta það að reiða sig ekki á Skífuna eða Steinar. Ef maður var ekki ánægður með músíkina sem var gefin út, þá gerði maður hana bara sjálfur. Lærdómurinn er sá að það er ekki hægt að benda á neinn og kenna neinum um. Það er bara hægt að skapa nýtt, og það er viðhorf mitt til þeirra verkefna sem ég er að sinna í dag,“ segir Björk og á við framþróun í sýndarveruleika, forritun og tónlist.

„Ég vil frekar reyna að vera þátttakandi. Prófa mig áfram og spyrja spurninga. Hvað ef? Hvað ef við förum þessa leið?“

**Mikil nálægð**

Á sýningu Bjarkar setja gestir á sig sýndarveruleikagleraugu og heyrnartól og fylgjast með Björk í 360 gráðu sýn ganga á svartri ströndinni við Gróttu í myndbandi við lagið Stonemilker. Nálægðin er mikil í myndbandinu. Björk dansar í kringum áhorfandann á ströndinni. Lagið fjallar um einhvern sem reynir að fá tilfinningar út úr annarri manneskju. Og lýsir þörf fyrir skýrleika og svör.



***What is it that I have***

***That makes me feel your pain?***

***Like milking a stone***

***to get you to say it***



Getur þú sagt nánar frá texta lagsins? Og er það rétt að þú hafir í raun samið þetta lag gangandi á strönd?

„Ég samdi lagið gangandi á Gróttu þar sem lagið var kvikmyndað. Það er falleg heilun að eftir að hafa ferðast til Ástralíu, Asíu, Ameríku og Evrópu sé lagið komið aftur heim. Það er hægt að sjá ströndina út um gluggann á Hörpunni! Við fengum myndavél lánaða, eina fyrstu 360 gráðu tökuvélina, og þegar við vorum hér að filma Black Lake var þetta svona skyndiákvörðun sem við Andy tókum kvöldinu áður. Mér finnst upptakan nokkuð fersk þess vegna.“

Í því lagi, Black Lake, sem var samið tveimur mánuðum eftir sambandsslitin, er lýst mikilli reiði.



***Did I love you too much***

***Devotion bent me broken***

***So I rebelled***

***destroyed the icon***

Þú hefur sagt að þér fyndist erfiðast af öllu að tala um þetta lag. Hvers vegna?

„Ég lagði mikla vinnu í textana og mér finnst vera ástæða fyrir því af hverju texta- eða ljóðformið gerir okkur kleift að tjá hluti sem ekki er hægt í daglegu lífi eða í samræðum. Þessi fáu skipti sem maður nær að raða orðunum á réttan hátt nær maður spennu og orku sem flæðir milli línanna og oft liggur það sem hefur mesta meiningu í dvala þar í þögninni. Svo það að útskýra of mikið gæti dregið lífið úr þeirri tjáningu.“

**Skapandi ævisaga og farangur**

Á Vulnicura er einnig að finna lög sem eru samin áður en sambandsslitin urðu. Eitt fjallar um móður hennar, Hildi Rúnu Hauksdóttur. Björk samdi það eftir erfið veikindi móður sinnar og segir laglínurnar ákveðið uppgjör og sjálfsskoðun.



***When I'm broken, I am whole***

***And when I'm whole, I'm broken***

***Our mother's philosophy***

***It feels like quicksand***

***And if she sinks***

***I'm going down with her***

„Quicksand er eitt elsta lagið á plötunni og er um samband mitt við móður mína og hennar við móður sína. Sem er frekar flókið. Við erum öll með hlaðna sögu. Farangur sem við fáum við fæðingu. Eitthvað sem ég þarf að leysa úr til að létta farangur dóttur minnar. Þetta er keðja, frá móður til móður,“ segir Björk.


RENAULT
Passion for life
GULLFALLEGIR
CAPTUR OG KADJAR
CAPTUR
KADJAR
VERIÐ VELKOMIN AÐ REYNSLUAKA NÝJUM RENAULT Í DAG.
Hefur þú kynnt þér Captur eða Kadjar frá Renault? Tveir spennandi kostir sem eru hlaðnir staðalbúnaði, 5 stjörnu öryggi og þekktir fyrir þægindi, tæknibúnað og frábært verð. Renault Captur er snaggaralegur bíll í millistærð með hátt undir lægsta punkt, frábær í akstri og fæst í mörgum litaútfærslum. Renault Kadjar er glæsilegur sportjeppi sem fæst bæði með framhjóladrifi eða öflugu fjórhjóladrifi. Kadjar er rúmgóður og einstaklega vel hannaður.
Og að sjálfsögðu er sparneytnin í fyrirrúmi í öllum Renault bifreiðum.
Þú kemst einfaldlega lengra á Renault.
Renault Captur
Bensín, beinskiptur
Eyðsla 5,1 l/100 km*
Verð: 2.790.000 kr.
Renault Kadjar 2wd
Dísil, beinskiptur
Eyðsla 3,8 l/100 km*
Verð: 3.490.000 kr.
E
F
„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“
OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16
*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri
ENNEMM / SÍA / NM78952
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

**ÞETTA ER EKKI STJÓRNSEMI AF ILLU TAGI HELDUR ER ÉG AÐ VERNDA LÖGIN MÍN. BARA Á SAMA HÁTT OG ÉG PASSA AÐ DÓTTIR MÍN FARI Í RÉTTAN SKÓLA.**



„Þegar ég horfi til baka þá hef ég kannski talið mig eiga gott tímabil, en kannski var ég hvað mest brotin þá. Og öfugt,“ segir Björk. MYND/SANTIAGO FELIPE

„Ég er að horfast í augu við gamla neikvæðni og óunnin mál í fjölskyldunni. Það er svo auðvelt fyrir yngri kynslóðir að benda og dæma, það er svo mannlegt. Og kannski er það sniðugt af náttúrunni, því þannig erum við alltaf að horfast í augu við okkur sjálf og ef til vill að létta á farangrinum fyrir börnin okkar. En ég er líka að gera svolítið grín að sjálfri mér. Því hver er eiginlega heill? Og hver er eiginlega brotinn? Þegar ég horfi til baka þá hef ég kannski talið mig eiga gott tímabil, en kannski var ég hvað mest brotin þá. Og öfugt. Við erum alltaf að sjá ævi okkar aftur og aftur upp á nýtt, frá nýjum sjónarhornum.“

**Áhætta og velgengni**

Sýningin hefur fengið góð viðbrögð. Björk segir mikla áhættu hafa tengst sýningunni, enda sé hún ákveðin tilraun.

„Það er enginn að gera þessa sýningu í heiminum á þessum skala eins og við erum að gera. Hún er sú fyrsta þessarar tegundar. Sýningin var mjög stór í Sydney, ein og hálf milljón manns fór í gegnum sýninguna. Þetta var í raun eins og listahátíð hér heima og umgjörðin öll stærri. Ég ákvað bara að láta á þetta reyna og sjá hvað gerðist. Það gekk vel og þá prófaði ég að fara með sýninguna til Tókýó, mekka tækninnar. Þar var sýningin haldin á tæknisafni sem er nú orðið tuttugu ára gamalt. Það var alveg ótrúlegt að sjá tuttugu ára sögu róbóta á safni því tilfinningin er sú að þetta sé eitthvað sem er nýhafið,“ segir Björk.

Sýningin í London var haldin í Somerset House. „Þar var undirtónninn virðulegri, alvarlegri, annað samhengi. En við fengum mjög góða dóma og það var uppselt á sýninguna allan tímann.“

**Líkamleg nánd sýndarveruleika**

Hverjir eru möguleikar sýndarveruleika og tónlistar?

„Ég hef lengi verið að taka þátt í því að búa til myndböndin. Síðan ég veit ekki hvenær, ég held 1982. Þannig að ég hef mikla reynslu í þessum iðnaði sem hefur gengið í gegnum margs konar skeið. Ég var alltaf að reyna að gera eitthvað nýtt og óska þess að ég gæti gert eitthvað stórbrotið. Brotið mig úr rammanum. Mér hefur alltaf fundist sjónvarpið frábært en samt eins konar millilending. Þegar sýndarveruleikinn varð mögulegur í tónlist þá varð ég strax mjög hrifin og forvitin. Þarna er hægt að fara í afmarkaðan heim þar sem maður getur sleppt sér. Það heillar mig og við erum rétt að byrja, núna erum við að þróa hljóðið, láta það fara með hreyfingunni á sama tíma og horft er. Það þarf að semja lagið þannig, taka tillit til skynhrifanna.

Það eru kostir og gallar en sterkustu kostirnir eru þessi áhrif. Þessi líkamlegu og nánu áhrif. Sýndarveruleikinn er beint í heilann. Sá sem horfir og hlustar er í miðjunni, þess vegna er þetta svo spennandi,“ segir Björk og nefnir að vísindamenn séu líka heillaðir ekki síður en listheimurinn.

**Alltaf skilað auðu í pólitík**

Björk er ekki virk í stjórnmálum að eigin sögn og hefur alltaf skilað auðu í kosningum.

„Ég hef alltaf skilað auðu í pólitík og aldrei stutt neinn flokk. Meira að segja þegar vinir mínir fóru fram í Besta flokknum þá studdi ég þá ekki á neinn hátt. Nema bara sem vinur, eins og þeir hafa stutt mig sem vinir. En alls ekki opinberlega eða með fjárstuðningi.

Mín pólitík er hins vegar umhverfismálin. Ég hef verið í um sextán ár í sjálfboðavinnu í því að minna Íslendinga á að þeir eigi þennan fallega þjóðgarð og það gerist ekki sjálfkrafa að hann verði verndaður. Og það þarf að taka afstöðu,“ segir Björk og segist stundum hafa áhyggjur af því að með baráttu sinni hafi hún þau áhrif að fólk geri minna.

„Ég fæ reglulega þetta áhyggjukast að fólk hugsi: Gott að Björk er að þessu. Þá þarf ég ekki að gera neitt. Því það er svo gríðarlega mikilvægt að allir taki afstöðu og ábyrgð í umhverfismálum. Sérstaklega vegna válegrar þróunar í loftslagsmálum. Við héldum eitt sinn að við hefðum fimmtíu ár til að breyta orkugjöfum til þess að snúa við þróuninni, en þau eru nú átta. Ef við ætlum virkilega að gæta þess að barnabörnin okkar geti átt heima á jörðinni þá verðum við að blanda okkur í baráttuna með skýrum hætti.“



„Það er enginn að gera þessa sýningu í heiminum á þessum skala eins og við erum að gera,“ segir Björk. MYND/SANTIAGO FELIPE

**Ábyrgðarleysi stjórnvalda**

Hún gagnrýnir ábyrgðarleysi íslenskra stjórnmálamanna, henni finnst erfitt að fylgjast með þróun mála í Helguvík og óttast mjög um framvinduna í Hvalfirði.

„Mér finnst virkilega erfitt að fylgjast með þróun mála í Helguvík. Iðnaði sem ég barðist ötullega gegn. Það er minna en fjórðungur ofnanna kominn í gang og mengunarbræla út um allt. Þá er Hvalfjörður í mikilli hætti og þéttbýli í grennd. Þar er stórslys í uppsiglingu sem verður að stöðva. Þetta er svo mikið ábyrgðarleysi af hálfu stjórnvalda. Ég fylgist núna með stjórnmálunum og stjórnarmyndunarviðræðum og vona að sterkur umhverfisráðherra taki við. Einhver sem skellir ekki í margar Helguvíkur heldur tekur ábyrgð.“

**Gott líf í Vesturbænum**

Björk býr á Íslandi langstærstan hluta ársins.

„Yfirleitt þegar ég er hérna á Íslandi þá nýt ég þess að vera bara heima í Vesturbænum. Fara í Vesturbæjarlaugina og Melabúðina. Mér finnst það gott líf. Ég fer ekki mikið í viðtöl, þá heldur fólk að ég sé á flakki. Mér finnst það best, að halda mig svolítið til hlés.“

Hvað með þessa eyju sem þú ætlaðir einu sinni að búa á í Breiðafirði?

„Ég var einu sinni að leita að eyju en svo varð það að einhverju fjölmiðlamáli og ég bakkaði út úr því. En ég á mér griðastað, á sumarbústað á Þingvöllum sem ég fer oft í. Hann hentar mér betur. Ég veit ekki hvernig ég ætti að plata unglinginn með mér í afskekktan fjörð eða eyju,“ segir hún og hlær. „Jæja, nú skulið þið koma með mömmu á eyðieyju í tvær vikur! En ég sé til þegar börnin eru búin í skóla. Þá geri ég kannski eitthvað alveg brjálað,“ segir Björk og brosir við tilhugsunina.

**Rými fyrir femínisma**

Björk sagði í viðtali við Pitchfork að hún skildi konur í tónlistariðnaði sem fyndu fyrir misrétti. Er það raunin? Er mikið misrétti í þessum iðnaði?

„Mamma var mjög virk kvenréttindakona og ól mig upp í því að nú væri búið að kvarta og kveina og nú þyrfti að gera hlutina. Svo fór ég og gerði hlutina. Gætti þess að kvarta ekki og kveina. En svo fór ég að finna að yngsta kynslóðin hafði ekki sömu reynslu. Það hafði komið bakslag enn á ný og mér fannst ég þurfa að styðja þær með því að segja þeim að ég skildi þær. Þetta væri erfitt. Og það er rétt.

Þjóðfélagið hefur alltaf ákveðið rými fyrir vissan tíðaranda. Ég held að síðustu ár hafi myndast sífellt meira rými fyrir femínisma. Þetta sveiflast og þegar rýmið myndast er mikilvægt að koma með öll vandamálin á borðið og leysa þau. Svo förum við aftur í tíðarandann þar sem við trúum ekki á vandamálin heldur það að gera,“ segir Björk og á við að þetta séu eðlilegar sveiflur.

**EFTIR ÞVÍ SEM ÉG ELDIST ÞÁ EFLIST ÁBYRGÐARTILFINNINGIN SEM Í RAUN FYLGIR PÖNKINU.**

**Gera allt sjálf**

Hún gerir mikið sjálf og gætir vel að öllu markaðsefni, útliti, búningum og skilaboðum sem tengjast tónlist hennar og list.

„Ég og mitt nánasta starfsfólk, James Merry, Rosemary Llagorstera, Derek Birkett og fleiri, við gerum allt sjálf. Við setjum á netið, Facebook, framleiðum kynningarefni og stýrum því, tónlistarmyndböndum. Mér finnst eins og ég sé að vökva garðinn minn. Þetta er ekki stjórnsemi af illu tagi heldur er ég að vernda lögin mín. Bara á sama hátt og ég passa að dóttir mín fari í réttan skóla. Þetta skiptir mig máli.“

En hvernig líður Björk, þegar hún er að semja? Semur hún mikið?

„Það að semja lag hefur margar hliðar. Ég hugsa að ég semji sirka eitt lag á hverju fullu tungli. Þar er kannski mesta flugið. Ég verð stundum hissa þegar ég hlusta seinna. En það eru líka margar aðrar hliðar á því að búa til tónlist sem ég ber jafn mikla virðingu fyrir. Eins og til dæmis þegar ég er að gera strengjaútsetningar eða klippa saman riþma. Kannski meira eins og að sauma út eða prjóna. Rólegra en alveg eins miklir töfrar og nostur og ef vel tekst upp, alveg eins mikil gjöf. Annar hraði, meira eins og að biðja bænir. Síðan hljóðblandar maður og masterar. Þetta eru allt mismunandi nálganir á sama hlutnum: Að undirbúa gjöf sem mann langar til að gefa, mismikið straumlínulagað. Að velja með natni hverjum af samtölunum við mann sjálfan maður er til í að deila og finnst einhver smá séns á að muni tengja eða finna samruna þarna úti.“

ROLEX

THE DATEJUST

The archetype of the modern watch has spanned generations
since 1945 with its enduring functions and aesthetics.
It doesn't just tell time. It tells history.




OYSTER PERPETUAL DATEJUST 36

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.michelsen.is

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is





Hlín eyðir mestum tíma sínum bak við búðarborðið í verslun sinni á Fiskislóð úti á Granda. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR







Vinnustofa Hlínar er inn af versluninni á Granda. Eiginmaðurinn tekur virkan þátt í framleiðslu skartgripanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Heimagerðar jólagjafir geta líka slegið í gegn

**Hlín Reykdal** hönnuður rekur verslun í uppáhaldshverfinu sínu, Granda. Henni var boðin þátttaka í stórri skartgripasýningu í New York á næsta ári. Hlín gefur hugmyndir að heimagerðum jólagjöfum.

Hlín Reykdal hönnuður hefur nýverið opnað verslun á Fiskislóð á Grandanum utan um skartgripahönnun sína sem flestum landsmönnum er kunn. Þar hefur hún einnig vinnustofu, þar sem hönnun og framleiðsla skartgripa hennar fer fram. Eiginmaðurinn tekur virkan þátt í framleiðsluferli skartgripanna. Hlín útskrifaðist sem fatahönnuður úr Listaháskóla Íslands árið 2009, en segir skartið alltaf í aðalhlutverki. Listin er henni í blóð borin, en foreldrar hennar eru báðir landsþekktir myndlistarmenn.

„Pabbi minn heitinn var listmálari og hét Jón Reykdal, hann lést árið 2013. Mamma mín heitir Jóhanna Þórðardóttir og er myndhöggvari. Eldri systir mín, Hadda Fjóla, er einnig myndlistarmaður sem gerir mögnuð verk – ég veit að hún er systir mín en mér finnst hún vera með okkar betri samtímalistamönnum!“ segir Hlín og stoltið leynir sér ekki.

„Flestar ef ekki allar helgar í æsku okkar fóru í að vera með mömmu og pabba á listasýningum. Mér leiddist það aldrei sem barn. Ég hef elskað að teikna og skapa frá því að ég man eftir mér. Ég hafði alltaf aðgang að blýöntum, málningu og litum.“

Þau ferðuðust líka til útlanda til að berja helstu listamenn heimsins augum. „Við heimsóttum öll helstu listasöfnin. Ég man ekki betur en að mér hafi alltaf þótt það áhugavert og gaman – svo voru mamma og pabbi dugleg að segja okkur frá listamönnunum og vekja áhuga okkar á þeim.“

### Kom stundum grátandi heim

Hlín segir margt hafa verið gott í náminu við Listaháskólann, en það kom aldrei annað til greina en að leggja fjölskylduatvinnugreinina fyrir sig. Annað við skólann hafi mátt vera betra.

„Það voru mjög margir áhugaverðir kennarar – og aðrir sem voru algjörlega úti að aka. Ég byrjaði í Listaháskólanum, nýskriðin út úr menntaskóla og fannst rosalega gaman. Ég eyddi flestum stundum uppi í skóla eða við vinnuborðið mitt heima. Svo var pressa fyrir yfirferðirnar! Maður lagði sig allan fram en það kom fyrir að maður fékk harkalega dóma. Stundum fór maður grátandi heim úr þessum yfirferðum,“ rifjar Hlín upp, og brosir. „En það herti mann. Það sem ég myndi helst vilja gagnrýna í dag við skólann er að þegar yfirferðirnar voru, verið var að leggja dóm á verk manns, þá fékk maður ekkert alltaf þessa uppbyggilegu gagnrýni – af hverju þetta eða hitt væri gott eða vont. Ég tel það mikilvægt í kennslu að rýna til gagns.“

Í dag lifir Hlín af hönnun sinni, þó fyrstu árin hafi verið mögur. En er aldrei erfitt að ná endum saman?

„Við skulum orða það svo að suma mánuði þarf maður að vera sparsamari en aðra,“ segir Hlín, hlæjandi og heldur áfram.

„Mér finnst almennt mikill áhugi fyrir íslenskri hönnun og maður finnur stigvaxandi virðingu fyrir faginu. Þar hefur Hönnunarmiðstöð spilað stóra rullu, með Höllu Helgadóttur í fararbroddi. HönnunarMars er náttúrulega frábært framtak. Það er rosalega mikilvægt fyrir okkur hönnuði að eiga Hönnunarmiðstöð. Svo verð ég að nefna Eyjólf í Epal – hann er hreint út sagt frábær fyrir þennan bransa. Hefur komið alls konar samstarfsverkefnum á koppinn og verið mörgum ungum hönnuðum góður ráðgjafi.“

Almennt þyki henni gott á milli fólks í geiranum. „Mér finnst gott andrúmsloft á milli hönnuða og finnst þeir duglegir að hrósa hver öðrum þegar vel gengur. Einnig að deila upplýsingum um framleiðslu og annað.“

### Nýi Kjötbærinn

En að versluninni sem Hlín rekur í nýja uppáhaldshverfinu sínu, Granda. „Þetta er svo skemmtilegt og sjarmerandi hverfi. Það er svo mikið af listamönnum og hönnuðum allt í kring. Í dag er verið að opna fullt af sérverslunum, kaffi- og veitingahúsum. Sem dæmi opnaði OmNom-súkkulaði verslun rétt hjá okkur, á svipuðum tíma og við opnuðum. Farmer's Market hefur verið hér í lengri tíma,“ útskýrir Hlín.

„Síðan var opnað mjög spennandi te- og kaffihús þar sem Grandakaffi var áður, sem heitir Kumiko. Þau eru klárlega með besta heita súkkulaði á landinu einmitt gert úr OmNom-súkkulaði – talandi um samstarf á Grandanum! Vinkonur mínar í Reykjavík Letterpress voru líka að flytja í sömu götu og svo mætti lengi telja.“ Hún nefnir Valdísi, Ostabúðina, Búrið, Matarbúrið – þar sem bóndinn sjálfur tekur á móti viðskiptavinum og afgreiðir kjöt. „Flottasta jógastöð landsins er rétt við hliðina á okkur. Svo var opnuð gleraugnabúð á Grandanum í síðustu viku. Ég vildi að ég gæti talið alla upp sem eru með verslun á Grandanum en þá væri ég komin í algjöra langloku,“ segir Hlín – sem telur mikla framtíð í þessu tiltölulega nýja hverfi. „Það er svo sjarmerandi hérna að það er svona kaupstaðarstemning. Eigandinn oftast bak við búðarborðið og tekur fagnandi á móti gestum og gangandi – oft sér maður líka inn á verkstæðin, eldhúsin eða framleiðsluna hjá viðkomandi.“

Almennt sé mikil uppbygging úti á Granda. „Miðbærinn hefur líka breyst hratt og mikið undanfarið – sem er alls ekkert neikvætt – frekar jákvætt. Það sem gerist þá er að upp spretta ný og spennandi hverfi. Fyrir nokkrum árum varð svipuð þróun í Kaupmannahöfn en þá varð Kjötbærinn aðalhverfið.“

### Á leið til New York

En nú er jólavertíð og því í mörg horn að líta fyrir verslunareigandann í nýja Kjötbænum. Hún eyðir mestum tíma bak við búðarborðið um þessar mundir – en hún reynir að vera jólaleg heima fyrir með fjölskyldunni líka. „Ég vakna venjulega um sjö, helli upp á gott kaffi og kem stelpunum mínum í skóla og leikskóla. Tek mér tíma til að spjalla við þær á sloppnum um daginn og veginn. Síðan verður oftast smá panikk á heimilinu, þegar allir verða allt í einu of seinir. „Oftast slengi ég í úfinn snúð og mála mig svo í bílnum,“ segir Hlín hlæjandi.

Dagarnir eru mjög fjölbreyttir og skemmtilegir. „Ég eyði til að mynda miklum tíma þessa dagana í að spjalla við töffarana í tollinum – þar sem við erum að flytja inn vörur fyrir búðina – sápur og skartgripi eftir aðra hönnuði og alls konar fallega gjafavöru. Svo vinn ég oftast til rúmlega sex.“

Hlín elskar að elda mat, sem hún segir eitt af sínum aðaláhugamálum. „Ég nýt þess í botn að elda góðan mat fyrir fjölskylduna og eiga gæðastund með þeim.“

Svo er margt fram undan. Á dögunum var Hlín boðin þátttaka í stórri skartgripasýningu í New York á næsta ári. „Sýningin heitir Loot og er haldin í Museum of Art and Design in New York. Þetta er mjög spennandi sýning en skartgripahönnuðir víðs vegar að úr heiminum sýna. Safnið er virkilega flott og stórt og er þetta mikill heiður að vera valin inn í þessa sýningu.

Sýningarstjórinn hafði samband við mig fyrir um ári, en hún hafði lesið litla grein um mig í New York Times. Sú er búin að vinna í skartgripaheiminum í mörg ár og sérhæfir sig meðal annars í að finna nýja og spennandi skartgripahönnuði. Ég er mjög spennt fyrir sýningunni bæði að sjá hvað aðrir hönnuðir eru að gera og svo er bara spurning hvert svona sýning leiðir mann,“ segir Hlín.

## Hugmyndir að heimatilbúnum jólagjöfum:

1 Heimatilbúnar sultur, smákökur, kæfur, hrökkbrauð, jafnvel jólaglögg eða heimatilbúnar karamellur. „Mér finnst rosalega smart að gefa eitthvert gúmmelaði úr eldhúsinu,“ segir Hlín. „Málið er bara að pakka þessu svolítið smart inn – til dæmis í bökunarpappír með smart borða.“

2 Önnur frábær hugmynd sé að gefa uppskrift að uppáhaldsbrauðinu sínu eða smákökum. „Blanda þurrefnunum saman og setja í flotta krukku og láta uppskriftina fylgja. Eina sem þarf svo að gera er að skella blautefnunum inn í ofn og voilà!“

3 Á persónulegri nótum segir Hlín að góð hugmynd að jólagjöf sé að setja saman persónulegan lagalista og gefa. „Það er til dæmis hægt að setja slíkt upp á Spotify. Það er hugurinn sem gildir!“

4 Nú þegar allir eru svo duglegir að taka myndir á símana sína, sé skemmtileg pæling að prenta út myndir af skemmtilegum samverustundum. „Setja svo upp í fallegt albúm eða í eitthvert smart box.“

# Lifandi jólatré

Normannsþinur, íslensk fura og blágreni.

Einnig mikið úrval af gervijólatrjám og skrauti.



## Sölustaðir

**SELFOSS**

*LAU* **10-18**
*SUN* **12-16**

**TIMBURVERSLUN BREIDD**

*LAU* **10-14**

## Dagskrá Breidd

**LAUGARDAGINN 10.DES**
JÓLASVEINAR 13-14
HREIMUR OG VIGNIR 14-15

**TÓNLISTARATRIÐI SUNNUDAGINN 11.DES**
VIGGA OG SJONNI 13-14
INGUNN OG ARNAR 14-15



**VÖFFLUVEISLA Í BREIDD, GRANDA, AKUREYRI OG SUÐURNESJUM Á LAUGARDAG**

**JÓLATRÉSFÓTUR,**
5” grænn eða rauður.
**5.495 kr.**
88470259/60



## Verðlisti

| NORMANNSÞINUR | VERÐ |
|---|---|
| 100 - 125 cm | 2.955 kr. |
| 126 - 150 cm | 3.395 kr. |
| 151 - 175 cm | 4.695 kr. |
| 176 - 200 cm | 6.595 kr. |
| 201 - 225 cm | 7.395 kr. |
| **BLÁGRENI** | |
| 100 - 150 cm | 6.595 kr. |
| 151 - 200 cm | 10.375 kr. |
| 201 - 250 cm | 13.495 kr. |
| **ÍSLENSK FURA** | |
| 100 - 150 cm | 5.775 kr. |
| 151 - 200 cm | 8.975 kr. |
| 201 - 250 cm | 13.495 kr. |

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

byko.is

*Sérvalin tré í stofuna til þín*

BYKO
SKREYTUM SAMAN

markhönnun ehf

netto

# Veislan heldur áfram...



-32%

LAMBAHRYGGUR
KRYDDAÐUR - FERSKUR
~~ÁÐUR: 2.197 KR/KG~~
**1.494 KR KG**

Franskur gæðakalkúnn á betra verði!



Frábært verð

KALKÚNN HEILL
- FROSINN
3 STÆRÐIR
**998 KR KG** *



-25%

LAMBAPRIME FERSKT
~~ÁÐUR: 3.298 KR/KG~~
**2.474 KR KG**




-23%

HUMARSALAN

HS SKELBROT
1 KG BLANDAÐ - FROSIÐ
~~ÁÐUR: 3.895 KR/KG~~
**2.999 KR KG** *



NÝTT Í netto

HUMARSALAN

HÁTÍÐARSÚPA
HUMARSÖLUNNAR,
850 ML
**1.298 KR STK**



HREINDÝR LUNDIR - FROSIÐ
~~ÁÐUR: 8.989 KR/KG~~
**7.910 KR KG** *



HREINDÝR FILLE - SILVERSKIN ON
FROSIÐ
~~ÁÐUR: 9.498 KR/KG~~
**8.358 KR KG** *



ANDABRINGUR
FRANSKAR - FROSIÐ
~~ÁÐUR: 2.998 KR/KG~~
**2.698 KR KG** *




LINDOR
KONFEKTKÚLUR
ÝMSAR TEGUNDIR - 200 GR.
**998 KR PK**




Frábært verð

MACKINTOSH
DÓS - 1,315 KG./PK
**1.798 KR PK**



ONLY JÓLASVEINN
SÚKKULAÐI
- 150 EÐA 60 GR.
VERÐ FRÁ:
**199 KR STK**




ONLY JÓLAKÚLUR
SÚKKULAÐI - 400 GR.
**498 KR PK**

**Tilboðin gilda 8. – 11. desember 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

KJÖTSEL

-40%

## Grísabógur á fráþæru verði!

AÐVENTUSTEIK GRÍSABÓGUR FYLLTUR M/KANIL OG EPLUM
ÁÐUR: ~~2.498 KR/KG~~
**1.499 KR/KG**



Frábært verð



NAUTA MÍNÚTUSTEIK
ÁÐUR: ~~3.798 KR/KG~~
**2.659 KR/KG**

-30%

KJÖTSEL



-22%

KJÖTSEL HANGILÆRI - ÚRBEINAÐ
ÁÐUR: ~~3.798 KR/KG~~
**2.962 KR/KG**

KJÖTSEL



HANGILÆRI MEÐ BEINI
ÁÐUR: ~~2.298 KR/KG~~
**1.999 KR/KG**



NAUTALUNDIR ERLENDAR - FROSIÐ
ÁÐUR: ~~3.998 KR/KG~~
**3.398 KR/KG** ❄

Ódýrt og girnilegt



-23%

KJÖTBORÐ

NAUTAHAKK 8-12% - 500 GR.
ÁÐUR: ~~898 KR/PK~~
**691 KR/PK**

Sætar karföflur á tilboði

-50%



SÆTAR KARTÖFLUR
UPPRUNALAND: SPÁNN
ÁÐUR: ~~298 KR/KG~~
**149 KR/KG**

USA kleinuhringir bakaðir á staðnum



-40%

USA KLEINUHRINGIR
ÁÐUR: ~~198 KR/STK.~~
**119 KR/STK**

-20%




ALMONDY KAKA MEÐ DAIM EÐA TOBLERONE - 400 GR.
ÁÐUR: ~~998 KR/PK~~
**798 KR/PK**

Kjörís




KJÖRÍS MJÚKÍS SÚKKULAÐI - 1 LTR.
ÁÐUR: ~~550 KR/PK~~
**499 KR/PK**

# *Faðirinn* myrtur af glæpagengi

**Rósíka Gestsdóttir** var gefin til ættleiðingar í Srí Lanka sex vikna gömul. Hún fann líffræðilega móður sína í þættinum Leitin að upprunanum með aðstoð rannsóknarblaðamanns og margt forvitnilegt kom upp úr kafinu.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Rósíka Gestsdóttir er þrítug og starfar sem hjúkrunarfræðingur. Hún er alin upp í Borgarnesi af þeim Sigurást Karelsdóttur og Jóni Gesti Sveinbjörnssyni.

Sigurást og Jón Gestur fóru til Srí Lanka þar sem þau tóku á móti Rósíku, sex vikna gamalli. Þau tóku með sér pappíra um hana og tóku myndir af líffræðilegri móður hennar og þriggja ára gamalli systur. Rósíka leit hins vegar ekki á pappírana fyrr en hún var tuttugu og fimm ára gömul.

### Fékk kærleiksríkt uppeldi

„Ég fékk kærleiksríkt og gott uppeldi. Ættleiðingin var ekkert leyndarmál. Mamma og pabbi töluðu mjög opinskátt um hana og uppruna minn. Mér fannst ég vera fyrst tilbúin þá til að skoða ættleiðingarpappírana og leita uppruna míns. Ég fór að hugsa um hvaðan ég væri og ástæðuna fyrir því að ég var ættleidd. Í skjölunum kom fram nafn líffræðilegrar móður minnar og systur og þar var einnig að finna götuheiti. Það voru hins vegar engar nákvæmar upplýsingar um staðsetninguna,“ segir Rósíka.

Rósíka ákvað að freista gæfunnar þegar hún sá auglýst eftir þátttakendum í Leitina að upprunanum.

„Ég sá auglýsinguna í fjölmiðlum og ákvað að slá til. Ég átti dálítið erfitt með að segja mömmu og pabba frá því að mig langaði til að gera þetta. En þau stóðu með mér og voru mjög ánægð fyrir mína hönd. Það var maðurinn minn líka. Hann fór með mér út,“ segir Rósíka frá.

Rósíka undirbjó sig andlega undir ferðina. Ferðalagið var strembið og langt. „Ferðalagið var virkilega erfitt og tók á. Það tók sólarhring að komast til Srí Lanka. Ég fann hins vegar fyrir miklum létti þegar ég var komin út.

Ég fann að þetta var landið mitt. Srí Lanka er afar ólíkt Íslandi. Við fórum út í júní, þá var þrjátíu stiga hiti og glampandi sól mestmegnis allan tímann. Þarna eru villtir frumskógar, mikið dýralíf og ávextir vaxa á trjánum. Þarna var ég komin þrjátíu árum seinna, það var sérstök tilfinning,“ segir hún.

Sigrún Ósk Kristjánsdóttir þáttastjórnandi og Egill Aðalsteinsson tökumaður voru með í för. Sigrún Ósk hafði sett sig í samband við rannsóknarblaðamann í Kólombó og beðið hann að aðstoða sig. Enda höfðu þau afar fáar vísbendingar að moða úr um staðsetningu og tilvist móður Rósíku.

### Öllum gögnum eytt

„Þegar við komum út fórum við að heimilisfangi sjúkrahússins sem ég fæddist á. Þá var það ekki lengur á sama stað. Við ræddum við yfirlækninn sem tjáði okkur að það væri einnig búið að eyða öllum gögnum um mig. Þarna missti ég svolítið vonina. Við öll eiginlega og héldum að þetta myndi ekki ganga. Við höfðum aðeins viku til að finna hana og töldum að það væri of stuttur tími til stefnu.“

### Blaðamaður á slóðinni

Að kvöldi þess sama dags hafði Sigrún Ósk samband við rannsóknarblaðamanninn í Kólombó og komst að því að hann væri búinn að hafa uppi á móður Rósíku en hún hefði skipt um nafn.

„Sigrún Ósk segir mér þetta morguninn eftir og ég fylltist aftur tilhlökkun. Við fórum að hitta blaðamanninn. Hann fór yfir sögu mína og ástæðu þess að ég var gefin. Ég sá að hann var fær blaðamaður og hann sýndi málinu brennandi áhuga. Fjölmiðlar þarna úti fylgdu mér eftir og það voru skrifaðar fréttir um leit mína.

> BLAÐAMAÐURINN SAGÐI MÉR SEM SAGT AÐ FAÐIR MINN HEFÐI VERIÐ MYRTUR ÞEGAR MAMMA VAR GENGIN ÁTTA MÁNUÐI Á LEIÐ. HÚN HEFÐI EKKI GETAÐ SÉÐ FRAM Á AÐ GETA SÉÐ UM MIG.

Blaðamaðurinn sagði mér sem sagt að faðir minn hefði verið myrtur þegar mamma var gengin átta mánuði á leið. Hún hefði ekki séð fram á að geta séð um mig og ákveðið að gefa mig frá sér þess vegna. Vegna þeirrar ákvörðunar hafi hún verið útskúfuð úr fjölskyldunni, bæði sinni eigin og föðurfjölskyldunni. Fjölskyldan lokaði á hana,“ segir Rósíka frá.

Blaðamaðurinn gaf frekari upplýsingar um líf móður hennar eftir að Rósíka var gefin til Íslands. „Hún giftist aftur og eignaðist með þeim manni tvo syni. Síðar yfirgefur þessi maður móður mína. Ég á því tvo hálfbræður og alsystur,“ segir Rósíka og segir líf móður sinnar hafa verið erfitt.

„Já, ég sá það þegar ég var úti að líf hennar hefur verið erfitt og átakamikið. En systkini mín styðja samt augljóslega þétt við bakið á henni og þau eru samheldin og virðast hamingjusöm þótt þau hafi ekki mikið á milli handanna.“

Rósíka þekkti aftur svip móður sinnar og systur af gamalli ljósmynd úr ættleiðingarskjölunum. Þeirri sem foreldrar hennar höfðu tekið þegar þau náðu í hana. „Þetta eru með verðmætustu myndum sem ég á og ég hef varðveitt þær eins og gull í gegnum árin. Foreldrar mínir varð-







Rósíka með systur sinni á efstu myndinni. Myndin af henni til vinstri er tekin af henni úti. Á myndinni hér að ofan er hún með öðrum bróður sínum, systur og móður.


netto
Skrautlegu jólapeysurnar
fást í NETTÓ
2.998 kr.
Jólaskrautið er komið
Jólasveinn
dansandi 15 cm.
2.398 KR STK
Kökudiskur
23 cm.
1.898 KR STK
Kertastjakar
22 cm.
898 KR STK
Kertastjakar og kerti
Leiðisljós
kross 28 cm.
1.498 KR STK
Ilmkerti í úrvali
RTC
Ilmkerti.
Verð frá:
349 KR STK
markhönnun ehf
www.netto.is | Tilboðin gilda 8. – 11. desember 2016
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss












Sigurást með Rósíku í fanginu við heimkomuna til Íslands. Á myndinni fyrir neðan halda þau hjón, Sigurást og Jón Gestur, Rósíku undir skírn. Rósíka fór með manninum sínum, Alexander og þeim tókst að njóta tímans úti. Til hliðar er mynd af látnum föður hennar.

veittu ættleiðingarskjölin frá upphafi og myndirnar af móður minni og systur þangað til ég var tilbúin að skoða þetta. Ég og móðir mín þykjum mjög líkar. Það sést líka alveg að þetta eru systkini mín. Ég átti tvær myndir af móður minni og systur minni. Sem foreldrar mínir tóku þegar þeir náðu í mig. Það sést vel á þeim myndum að ég er mjög lík þeim.“

Blaðamaðurinn sagði Rósíku að móðir hennar vildi hitta hana. Hún hefði reyndar hringt nokkrum sinnum á dag til að finna út hvenær hún væri væntanleg.

„Blaðamaðurinn hafði gengið svo langt að senda mann til hennar til að staðfesta að hún væri raunverulega móðir mín. Þá kom í ljós að hún hefur hugsað til mín öll þessi ár og brotnaði saman þegar henni var greint frá ósk minni um að hitta hana.“

### Tilfinningaþrungin stund

Rósíka fór strax eftir fundinn með blaðamanninum til að hitta móður sína.

„Ég var búin að bíða svo lengi eftir þessu. Búin að ímynda mér hvernig stundin yrði. Þarna stóð hún fyrir utan húsið og beið mín. Um leið og við hittumst fann ég virkilega mikinn kærleika okkar á milli og var greinilegt að ég er dóttir hennar. Við föðmuðumst strax og hún tók í höndina á mér og leiddi mig inn í húsið. Þar biðu tvö systkina minna. Systir mín og yngsti bróðir minn,“ segir Rósíka frá.

„Þau faðma mig og kyssa í bak og fyrir. Segja mér að við séum ein fjölskylda, það verði alltaf þannig og ég megi aldrei gleyma því. Þetta var mjög tilfinningaþrungin stund.“

Í heimsókninni fékk Rósíka að vita að móðir hennar hefði aldrei búist við að sjá hana nokkru sinni aftur. Eftir að hún hefði verið afhent í réttarsalnum þá hefði hún snúið aftur til að sækja hana. Þá hefði það verið of seint. „Hún vissi ekki einu sinni hvar Ísland var. Foreldrum mínum var líka bannað að reyna að hafa samband við hana og það kom líka í ljós að það var ekki allt með felldu þegar kom að lögfræðingnum sem sá um ættleiðinguna á Srí Lanka,“ segir Rósíka.

Eftir góða og innilega stund með móður sinni og systkinum var haldið til Ja-Ela þar sem hún fæddist og að leiði föður hennar.

> BLAÐAMAÐURINN HAFÐI GENGIÐ SVO LANGT AÐ SENDA MANN TIL HENNAR TIL AÐ STAÐFESTA AÐ HÚN VÆRI RAUNVERULEGA MÓÐIR MÍN.

„Leiðið var ekkert merkt með neinum legsteini eða neitt. Ég fékk að vita ýmis atriði sem tengdust morðinu. Að hann hefði verið eltur að járnbrautarteinum, það hefði verið komið aftan að honum og hann skorinn á háls. Ekki væri vitað hverjir hefðu verið að verki annað en að það væri glæpagengi. Lögreglan rannsakaði ekki glæpinn,“ segir Rósíka sem segir föður sinn hafa verið vel settan kaupsýslumann í þá daga.

### Lenti á götunni

„Móðir mín kom að honum myrtum. Hún var ekki vitni að morðinu en þetta var erfið reynsla fyrir hana sem situr greinilega í henni. Ég spurði út í þetta og hún brotnaði alveg saman. Í pappírunum mínum stóð að hann hefði beitt hana ofbeldi en það er ekki rétt. Hún segir þau hafa verið hamingjusöm og talar mjög vel um hann,“ segir Rósíka sem segir að móðir hennar hafi eftir þetta lent á götunni.

„Við fórum líka á götuna sem er nefnd í skjölunum um mig, Santa Maria Road. Þar voru ættingjar mínir sagðir búa. Við bönkuðum upp á í nokkrum húsum án árangurs. Þetta var eins og að leita að nál í heystakki.

Það eru auðvitað mjög margir lausir endar. Búið að eyða gögnum á sjúkrahúsinu, ekkert að finna á Santa Maria Road og lítið að finna um morðið á föður mínum. En ég er sátt samt. Þetta er nóg því ég fann móður mína og systkini.“

### Naut tímans

Rósíku tókst að njóta tímans úti. „Við maðurinn minn, Alexander Jóhannesson, fórum í smá ferð um Srí Lanka, fórum á fílsbak, skoðuðum teverksmiðju og indverska markaði. Það var yndisleg upplifun að geta skoðað landið sem ég kem frá. Um leið og ég hitti fjölskyldu mína í Srí Lanka fann ég það að þau vildu eyða öllum þeim tíma sem var eftir af ferðinni með mér. Við gerðum ýmislegt saman, við fórum á ströndina, borðuðum góðan mat saman og virkilega nutum þess að vera saman og kynnast. Ég fann strax að ég var velkomin og þau vildu allt fyrir mig gera,“ segir Rósíka.

Hún segist tala við systur sína í hverri viku en hún er sú eina í fjölskyldunni sem talar ensku. „Hún er tengiliðurinn minn en yngsti bróðir minn sendir mér myndir og stutt myndbönd, það er indælt og gefur mér mikið. Ég finn að sambandið okkar varir til framtíðar, það er mikill léttir.“

Hún segist fara aftur til Srí Lanka. „Ég verð að gera það. Ég stefni á það eftir 2-3 ár þótt ferðalagið hafi verið langt og strembið. Það er sex klukkustunda tímamunur miðað við Ísland sem þarf að aðlaga sig að, en landið er yndislegt og þess virði að fara þangað, sérstaklega þar sem ég á fjölskyldu þar núna.“

Hvaða ráð gefur Rósíka fólki sem ætlar í upprunaleit?

„Ég myndi ráðleggja fólki sem ætlar að leita upprunans að spyrja sig sjálft hvort það sé virkilega þetta sem það vill gera. Huga að því að þetta getur verið átakanlegt ferli, það er ekki sjálfgefið að fjölskyldan finnist. Það þarf að gefa sér góðan tíma í það að finna fjölskylduna, þetta er mikil rannsóknarvinna. Maður þarf líka að vera í mjög góðu jafnvægi til að takast á við þetta,“ segir Rósíka sem er þakklát fyrir tækifærið til að fá aðstoð við leitina. „Þetta er reynsla sem ég mun ævinlega vera þakklát fyrir og búa að alla ævi. Ég er mjög sátt við það hvernig leitin fór fram og þetta fór allt betur en ég þorði að vona. Það er kraftaverk að ég fann fjölskylduna mína á Srí Lanka og á svona stuttum tíma.“



NÓA Konfekt
Gullni miðinn
Konfekt
NÓI SÍRÍUS
LEYNIST GULLNI MIÐINN
Í ÞINNI ÖSKJU?
Kauptu konfektöskju og þú gætir **unnið 65" Samsung sjónvarp** að verðmæti 299.995 kr.*
NÓA Konfekt
*Gildir um 800 g, 1 kg og 1,2 kg öskjur.

## Þekktu þingmanninn Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir






Myndir úr fjölskyldualbúminu: Þórdís Kolbrún á ferð um landið með syni sínum og barnsföður. Nöfnurnar Þórdís og Þórdís, amma og barnabarn, á Akranesi 1989. Stoltur stóri bróðir með litlu systur nýfædda en dóttir Þórdísar fæddist rétt fyrir nýafstaðnar alþingiskosningar, seint í október. Og loks Þórdís með foreldrum sínum og ömmu við útskriftina úr lagadeild HR í júní 2012, þá með elsta soninn undir belti.

# Stjórnmál verða ekki ævistarfið

**Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir** er nýr þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi en þó enginn nýgræðingur í stjórnmálum. Hún var sunddrottning á Akranesi á unglingsárunum en nýtur sín nú betur í heita pottinum. Þórdís kemur syni sínum á óvart með að kunna textana við heitustu rapplög dagsins.



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir er fjórði þingmaður Norðvesturkjördæmis fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Hér er hún á heimili sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is

**Fædd:** 4. nóvember 1987 á Akranesi
**Maki:** Hjalti Sigvaldason Mogensen
**Börn:** Marvin Gylfi (4 ára) og Kristín Fjóla (8 vikna)
**Foreldrar:** Gylfi R. Guðmundsson og Fjóla Katrín Ásgeirsdóttir
**Menntun:** Lögfræðingur frá Háskólanum í Reykjavík
**Fyrri störf:** Lögfræðingur hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, framkvæmdastjóri þingflokks Sjálfstæðisflokksins, aðstoðarmaður Ólafar Nordal innanríkisráðherra, stundakennari í stjórnskipunarrétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík.
**Áhugamál:** Lífið.

### Hver hefur þinn ferill í stjórnmálum verið? Hvar byrjaði þetta allt?

Ég byrjaði í stjórn SUS árið 2007 og varð formaður Þórs, félags ungra Sjálfstæðismanna á Akranesi. Það var skemmtilegur tími. Ég tók sæti á lista flokksins í Norðvesturkjördæmi fyrir kosningarnar árið 2007 og tók þátt í prófkjöri árið 2009. Tók aftur sæti á lista árið 2013 og var kosningastjóri í Norðvesturkjördæmi fyrir þingkosningarnar árið 2013. Ég er ekki alin upp á pólitísku heimili en ég held að þetta hafi alltaf blundað í mér. Ég sóttist eftir starfi framkvæmdastjóra þingflokksins og Ólöf Nordal leitaði til mín þegar hún varð ráðherra. Tækifærin hafa þannig komið til mín, ég gripið þau en ég hef líka sóst eftir þeim og leitað þau uppi.

### Hvernig líst þér á þingmannsstarfið?

Mér líst vel á að vera orðin þingmaður. Því fylgir ábyrgð og verkefnin eru æði mörg og misjöfn. Ég hlakka til að takast á við starfið. Ég ber mikla virðingu fyrir Alþingi og þakka af auðmýkt fyrir að fólk hafi treyst mér fyrir því að taka þar sæti fyrir þess hönd.

### Kvíðirðu fyrir einhverju varðandi starfið? Hverjar verða hindranirnar?

Það er áskorun en jafnframt mikilvægt að vera alltaf trúr sjálfum sér.

### Hvað úr reynslubankanum mun nýtast þér í nýja starfinu?

Lögfræðimenntun nýtist vel og áhuginn á stjórnskipunarrétti. Sem framkvæmdastjóri þingflokks starfaði ég í þinginu, sat þingflokksfundi, aðstoðaði þingmenn við ýmis mál, kynntist starfsfólki, þingstörfum og ýmsu varðandi flokksstarfið sömuleiðis. Í starfi mínu sem aðstoðarmaður ráðherra öðlaðist ég mikla og fjölbreytta reynslu. Reynsla innan ráðuneytisins, samskipti við fjölmiðla, undirstofnanir, þingið, þingmenn og fleira. Í ráðuneytinu eru margir stórir málaflokkar sem ég hef nú unnið innan um sl. tvö ár. Öll reynsla nýtist í þessu starfi, líka persónuleg reynsla. Margt mótar mann og ég mun gera mitt besta til að nýta mína reynslu til góðs.

### Sérðu fyrir þér að gera stjórnmál að ævistarfi?

Nei, það geri ég nú ekki. Ég er sosum rétt að hefja störf núna og veit ekki hvað framtíðin býður upp á en jafnvel þótt ég sæti í þrjú kjörtímabil er ég að þeim loknum rétt rúmlega fertug og á þá, ef lífið lofar, nóg eftir af starfsævinni. Enginn veit sína ævina fyrr en öll er og mig langar að áorka mörgu og prufa ýmislegt.

### Hvar ólstu upp og hvernig var æska þín?

Ég er fædd og uppalin á Akranesi, neðri Skaga til að vera nákvæm. Ég gekk í Brekkubæjarskóla og æfði sund með ÍA í meira en áratug. Sundíþróttin krefst mikils tíma svo ég var svona til skiptis í skólanum og í sundlauginni. Krullurnar náðu sjaldan að þorna í æsku. Ég hef alltaf átt yndislega vini og naut mín í æsku. Amma Dísa bjó nokkrum húsum frá mér og ég var mjög mikið hjá henni. Hún var rúmum 70 árum eldri en ég og hafði mikil áhrif á mig. Í barnæsku lék ég mér mikið með Gumma vini mínum, við vorum oftast í fjörunni að leika, lentum stundum í háska en einhvern veginn reddaðist það alltaf. Ég hef verið í sama saumaklúbbnum í 20 ár og æskuvinkonurnar eru enn þá þær bestu í dag.

### Hvernig nærir þú þig andlega?

Kúpla mig út með því að veita syni mínum (nú börnunum mínum) alla mína athygli. Heimili mitt nærir mig andlega, kaffibolli með góðum vinkonum, slökun í heitu baði, góður nætursvefn. Á sumrin nærist ég í íslenskri náttúru.

### En líkamlega?

Ég fer mikið í sund þótt ég syndi allt of sjaldan, það er af sem áður var. Svo eru göngutúrar með fjölskyldunni notalegir. Það fer eitthvað minna fyrir spinning og lóðum.

### Hver er fallegasti staður sem þú hefur komið á?

Santorini.

### Uppáhaldsborg utan landsteinanna?

Ég bjó í Vínarborg og hún er uppáhalds.

### Hvert langar þig að ferðast?

Mig langar að sjá allan heiminn. Ég mun ekki komast yfir það en vonandi verð ég svo lánsöm að fá að ferðast víða. Mig hefur alltaf langað að koma til Ástralíu, ætlaði þangað sem skiptinemi en mömmu fannst það fulllangt í burtu (svona ef ég myndi ílengjast). Svo myndi mig langa að ferðast um Japan með fjölskyldunni.

### Hvernig verðu helgarfríum?

Ég ver helgarfríum almennt í bröns, bakstur, sundferðir, tiltekt, góðan mat og rauðvín. Ég elska helgarfrí.

### Hvaða hljómsveit eða tónlistarmann spilar þú mest á Spotify?

Beyoncé og Nýdönsk.

### Hvað er síðasta myndband sem þú horfðir á á YouTube?

Reykjavík er okkar með Emmsjé Gauta. Sonur minn var hissa á að ég kynni lagið þegar ég tók undir með honum og hann vildi í kjölfarið hlusta á lagið á YouTube. Hann gerði hins vegar athugasemdir við að Emmsjé blótaði u.þ.b. fjórum sinnum í laginu. Ég sagðist koma því til skila. Gauti kannski les þetta.

### Hvert er uppáhaldsjólalagið?

Silent Night, Holy Night með Mahaliu Jackson.

# Lífrænt vottað

10. desember 2016

**KYNNINGARBLAÐ** Móðir Jörð | Sóley Organics | Himneskt | Nesbúegg | Villimey

# Byggir upp lífræna vottun og þróun

**Vottunarstofan Tún** er einkarekin faggild eftirlits- og vottunarstofa fyrir lífræna og sjálfbæra framleiðslu. Fyrirtækið sem var stofnað árið 1994 hefur átt ríkan þátt í lífrænni þróun hér á landi. Tún hefur einnig mikilvægu hlutverki að gegna í vottun sjálfbærra sjávarnytja.

Vottunarstofan Tún veitir framleiðendum í landbúnaði, sjávarútvegi og vinnslu náttúrulegra afurða gæðaþjónustu. Fyrirtækið starfar í samræmi við alþjóðlega staðla varðandi lífríki og náttúru. Rannveig Guðleifsdóttir er verkefnastjóri hjá Vottunarstofunni Túni. Hún segir að fyrirtækið sé rekið án allra ríkisstyrkja.

„Við störfum aðallega á tveimur sviðum, lífrænni vottun og vottun og eftirliti með sjálfbærum sjávarnytjum samkvæmt viðmiðunarreglum Marine Stewardship Council eða MSC. Tún er eina fyrirtæki sinnar tegundar hér á landi,“ útskýrir hún.

„Bundið er í lög að landbúnaðarafurðir sem markaðssettar eru með tilvísun í lífrænar framleiðsluaðferðir hafi vottun. Þeir sem vilja kynna vörur sínar sem lífrænt vottaðar þurfa að leita eftir slíkri vottun til okkar,“ segir Rannveig. „Vottunarstofan Tún framkvæmir ítarlega úttekt á viðkomandi framleiðslu í upphafi og árlega eftir það. Þeir sem eru vottaðir eru undir reglubundnu eftirliti. Einnig gerum við fyrirvaralausar úttektir samkvæmt handahófskenndu úrtaki. Menn geta því alltaf átt von á okkur,“ útskýrir Rannveig.



Rannveig Guðleifsdóttir, verkefnastjóri hjá Vottunarstofunni Túni. MYND/GVA

**„Lífræn ræktun snýst um að vinna í sátt við náttúruna, þar sem jarðvegurinn er lifandi og næringarríkur. Það má ekki nota kemískan tilbúinn áburð. Þegar slíkur áburður er notaður rýkur gróðurinn upp á kostnað örveru- og skordýralífs sem er forsenda frjósamrar gróðurmoldar.**

*Rannveig Guðleifsdóttir*

### Sextíu vottuð fyrirtæki

Um sextíu fyrirtæki eru vottuð í dag. Þau eru í landbúnaði, jarðyrkju, matjurtarækt, búfjárrækt, fiskeldi og söfnun villtra plantna. Þá eru vinnslustöðvar sem vinna úr lífrænum hráefnum, pakka, endurpakka, endurmerkja og flytja inn lífrænar vörur. „Þetta er mjög fjölbreytt starfsemi, mjólkurvinnsla, sláturhús, bakarí, bjórgerð, kaffibrennsla og margt fleira. Öll fyrirtæki sem eru með vottun frá Túni hafa leyfi til að nota vottunarmerkið okkar á vottaðar vörur. Vottunarmerkið er því staðfesting til neytenda á því að umrædd vara hafi lífræna vottun. Við fáum öðru hvoru ábendingar frá fólki um tilvísanir í lífrænar framleiðsluaðferðir án þess að vottun liggi þar að baki, en þá er ekkert vottunarmerki á umbúðunum. Við komum slíkum ábendingum til eftirlitsaðila.“

### Langur aðlögunartími

Vottunarstofan Tún var stofnuð 1994 og fyrstu vottorðin gefin út við hátíðlegar athafnir haustið 1996. „Undanfarin ár hefur verið mestur vöxtur hjá vinnslufyrirtækjum,“ segir Rannveig. „Það eru erfið skref fyrir bónda að skipta yfir í lífræna framleiðslu því aðlögunartíminn er langur, tvö ár. Á þeim tíma þarf viðkomandi að uppfylla kröfur um lífræna framleiðslu og greiða eftirlitsgjöld, en getur ekki markaðssett vörur sínar sem lífrænar. Það getur því verið átak að taka slíkt skref. Í sumum tilvikum þarf að gera töluvert kostnaðarsamar breytingar, t.d. fækka í búfjárstofninum til að standast rýmiskröfur, gera breytingar á gripahúsum eða jafnvel byggja nýtt hús, en eins og staðan er núna fá bændur ekki aðlögunarstyrki til að fjármagna svona breytingar. Það hefur haldið aftur af nýliðun í þessari stétt. Ég býst við að aðlögunarstyrkir sem tíðkast í öðrum Evrópulöndum, gætu liðkað fyrir bændum að fara út í lífræna framleiðslu. Við finnum fyrir áhuga, en margir bændur sjá ekki að dæmið geti gengið upp fjárhagslega. Aftur á móti þarf vinnslufyrirtæki ekki aðlögunartíma, þótt oft þurfi að breyta vinnsluferlum, uppfæra gæðakerfi og afla nýrra birgja. Vinnslan er tekin út og síðan er hægt að byrja, sem gerir ferlið allt einfaldara,“ segir Rannveig.

Vottunarstofan Tún merkir vottuð fyrirtæki með þessu merki.

### Áhugi á lífrænum vörum

Mikill og vaxandi áhugi er meðal neytenda að kaupa vörur með lífræna vottun. Rannveig segir að þau sjái það mjög vel með t.d. mjólkurvörur þar sem eftirspurn hefur verið meiri en framboð í nokkur ár.

„Lífræn ræktun snýst um að vinna í sátt við náttúruna, þar sem jarðvegurinn er lifandi og næringarríkur. Það má ekki nota kemískan tilbúinn áburð. Þegar slíkur áburður er notaður rýkur gróðurinn upp á kostnað örveru- og skordýralífs sem er forsenda frjósamrar gróðurmoldar. Þegar fólk hættir að nota tilbúinn áburð tekur mörg ár að fá líf í jarðveginn. Einnig má nefna að tilbúinn áburður nýtist oft illa, talsverður hluti hans getur skolast út í ár og þaðan út í sjó, en mengun af þeim völdum er nú stórt umhverfisvandamál í öllum heiminum. Í lífrænni ræktun eru notuð áburðarefni af lífrænum uppruna, en þó eru takmarkanir á árlegri köfnunarefnisnotkun. Eins eru miklar takmarkanir á notkun varnarefna, og kemísk eiturefni sem notuð eru í hefðbundnum landbúnaði eru bönnuð. Það skilar sér í hreinni afurðum, en rannsóknir hafa sýnt að eiturefni sem mælast í þvagi snarminnka þegar skipt er yfir í lífrænt mataræði. Einnig eru mjög strangar reglur um aðbúnað dýra og að þau geti sinnt sínum eðlislægu þörfum. Í matvælaframleiðslu er notkun aukefna mjög takmörkuð. Þess vegna er vara með lífræna vottun almennt með mun styttri innihaldslýsingu en aðrar vörur.“ segir Rannveig.

### Góð fyrirmynd

Vottunarstofan Tún gefur út reglur um lífrænar aðferðir í framleiðslu landbúnaðar- og náttúruafurða. Reglur Túns miðast við íslenskar og evrópskar lagareglur um sama efni. Þar sem alþjóðlegum reglum sleppir og enn skortir viðmið hefur Tún þróað eigin reglur, til dæmis um lagargróður og þörunga, ylræktun matjurta og um matreiðslu lífrænna veitinga.

Á sviðum lagargróðurs og ylræktar hafa reglur Túns orðið fyrirmynd í fjölþjóðastarfi við mótun sameiginlegra viðmiða fyrir lönd Evrópusambandsins og EES.

**Nánar má kynna sér Vottunarstofuna Tún á www.tun.is.**

# Framleiða lífrænar heilsu- og sælkeravörur

**Móðir Jörð** er í eigu hjónanna Eymundar Magnússonar og Eyglóar Bjarkar Ólafsdóttur, bænda í Vallanesi á Fljótsdalshéraði. Þar fer fram lífræn ræktun á korni og grænmeti og framleiða hjónin eigin vörulínu úr hráefninu. Hreinn og frjósamur jarðvegur er lykilatriði í ræktuninni

„Byggrækt hófst í Vallanesi árið 1985 og kom byggið fljótlega á neytendamarkað undir vörumerkinu Móðir Jörð. Við stundum einnig fjölbreytta útiræktun á grænmeti og nýtum hátt í hundrað tegundir til endursölu eða til fullvinnslu í okkar vörur. Vörur Móður Jarðar grundvallast alltaf á hráefni sem hægt er að rækta á Íslandi. Öll ræktun og framleiðsla er lífrænt vottuð en Vallanes er eitt af fyrstu býlunum sem fengu lífræna vottun á Íslandi eða árið 1990,“ segir Eygló Björk Ólafsdóttir, bóndi og matvælaframleiðandi í Vallanesi.

„Jarðvegurinn hér hefur verið ræktaður upp í lífrænni ræktun í áratugi og er því ríkur af örverum og algerlega laus við tilbúin áburðarefni. Plönturnar taka upp meira af næringu úr jarðveginum auk þess sem þurrefni er meira vegna hægari vaxtar en þetta skilar sér í hráefni sem bragð er að.“

„Bygg er úrvals heilkorn en umfangsmiklar rannsóknir á Norðurlöndum og á vegum Harvard-háskóla í Bandaríkjunum sýna að neysla á heilkorni, s.s. byggi, dregur úr líkum á hjartasjúkdómum. Bygg inniheldur auk þess betaglucana sem sýnt hefur verið fram á að dregur úr myndun kólesteróls í blóði auk þess sem það jafnar blóðsykur. Tilvalið er að nota bankabygg eða perlubygg sem meðlæti með mat, t.d. með fiski og í salöt eða „byggottó“. Í ferðaþjónustu í Vallanesi er boðið upp á morgunmat úr íslensku byggi en næsta vor munum við svo opna verslun okkar í nýju húsi byggðu úr ösp úr okkar skógum og bjóða þar upp á léttar veitingar.

Við framleiðum einnig grænmetisrétti, m.a. sýrt grænmeti (súrkál) sem fellur mjög vel að ræktuninni þannig að við getum nýtt hráefnið betur og varðveitum það með þessari gömlu góðu vinnsluaðferð. Súrkál er hrein og lifandi afurð sem látin er gerjast í eigin safa en öll vítamín og steinefni í grænmetinu halda sér. Þar að auki verða til góðir gerlar sem eru mikilvægir fyrir þarmaflóruna og viðhalda góðri meltingu.“

**Vörur Móður Jarðar fást í flestöllum matvöru – og heilsubúðum. www.vallanes.is**



Eygló Björk Ólafsdóttir, bóndi og matvælaframleiðandi í Vallanesi.




Bygg er úrvals heilkorn en umfangsmiklar rannsóknir á Norðurlöndum og á vegum Harvard-háskóla í Bandaríkjunum sýna að neysla á heilkorni, s.s. byggi, dregur úr líkum á hjartasjúkdómum.




Súrkál er hrein og lifandi afurð sem látin er gerjast í eigin safa en öll vítamín og steinefni í grænmetinu halda sér.

# Betra fyrir menn, dýr og umhverfi

Lífrænn lífsstíll felur í sér að auka neyslu á lífrænt vottuðum vörum en til að mega nota orðið lífrænt á vöru sem og viðurkennd vottunarmerki þarf framleiðslan að uppfylla strangar reglur sem eiga sér stoð í lögum og eru undir reglubundnu eftirliti faggildrar vottunarstofu.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Oddný Anna Björnsdóttir fór að lifa lífrænum lífsstíl árið 2006 þegar hún átti heima í Suður-Kaliforníu sem var komin mun lengra í framboði á lífrænt vottuðum vörum en Ísland. „Ég var að eiga mitt fyrsta barn og vildi að sjálfsögðu gefa því það besta sem völ var á. Þá fór ég að taka eftir orðinu ORGANIC á barnamat og í kjölfarið kynna mér hvað það stæði fyrir. Það leiddi til þess að neysla okkar fjölskyldunnar á lífrænum vörum jókst jafnt og þétt,“ útskýrir hún.

## Breyta smátt og smátt

Aðspurð um ráð hvar þeir sem hefja vilja lífrænan lífsstíl eigi að byrja segir Oddný að það sé engin þörf á að umbreyta lífsstílnum á einu bretti. „Það er sniðugt að taka bara eina og eina vöru í einu eftir fjárhagslegri getu hvers og eins. Gott er að byrja á þeim íslensku lífrænu landbúnaðarvörum sem til eru eins og eggjunum frá Nesbúi, lambakjötinu frá Kjarnafæði, mjólkurvörunum frá Biobú og grænmetinu frá lífrænu grænmetisbændunum sem er í boði hluta af árinu en innflutt lífrænt grænmeti og ávextir allt árið og þar er mikilvægast að byrja á eplum og gulrótum. Aðrir lífrænir valkostir sem gott er að skoða eru grunnvörur eins og ólífu-, steikingar- og kókosolíur, haframjöl, hnetusmjör, hunang, sultur, baunir, hnetur og fræ, kaffi, te og kakó. Svo má ekki gleyma því að töluvert úrval er af lífrænum hreinlætis- og snyrtivörum en þær eru yfirleitt töluvert ódýrari en þær hefðbundnu.“

## Lífrænt er betra

Hugmyndafræðin á bakvið lífræna hugmyndafræði er að sögn Oddnýjar verndun umhverfisins og sjálfbærni í landbúnaði, velferð manna og dýra og hámarks næringargildi og hreinleiki matvæla. „Lífrænt er því betra fyrir þig og þína, dýrin og umhverfið,“ segir hún og nefnir kostina við lífræna ræktun.

„Í garðyrkju þarf lífrænn bóndi að halda jarðveginum heilbrigðum og frjósömum með náttúrulegum aðferðum, bæði af umhverfisverndunarástæðum og vegna þess að plöntur sem vaxa í slíkum jarðvegi verða heilbrigðari og sterkari. Því má ekki nota tilbúinn verksmiðjuframleiddan áburð, kemísk varnarefni eins og skordýra-, illgresis- og sveppaeitur og ekki má nota erfðabreytt fræ. Í búfjárrækt er megináherslan á að dýrin hafa nægt pláss og geti komist út allt árið um kring. Þau fá lífrænt vottað fóður, mega ekki fá hormóna eða önnur vaxtarhvetjandi efni og áhersla lögð á fyrirbyggjandi og náttúrulegar lækningaaðferðir. Þegar kemur að vinnslunni þá er bannað að geisla lífrænar vörur og mjög strangar reglur gilda um þau aukefni og þær vinnsluaðferðir sem notaðar eru.“

Þegar Oddný er spurð hvort einhverjir gallar séu við lífræna ræktun segir hún að það séu engar skyndilausnir í boði við lífræna ræktun eins og tilbúinn áburð og eiturefni, plönturnar vaxi því hægar því þær þurfi að hafa meira fyrir því og þörf sé á meira landsvæði, meðal annars vegna kröfunnar um skiptiræktun og að hvíla jarðveginn reglulega. „Þar af leiðandi verður uppskeran gjarnan minni, sérstaklega til að byrja með og meiri áhætta tekin því það er ekki hægt að taka upp úðabrúsann til að bregðast við plágum sem herja á plönturnar. Í dýraeldinu þarf betri húsakost með meira rými og útisvæði sem er dýrari rekstur. Eins er ekki hægt að grípa til allskyns aukefna og ódýrra fyllingarefna til að lækka verð og gera lélegt hráefni girnilegt,“ lýsir Oddný.

## En hvernig getur fólk verið visst um að það sé að fá lífrænt?

Með því að leita að viðurkenndu vottunarmerki á vörunni. Íslenskar vörur bera merki Vottunarstofunnar Túns sem er eina faggilda vottunarstofan á Ísland. Vörur frá Evrópusambandinu bera vottunarmerki þess sem er laufblað. Eins hafa ólík lönd enn sín eigin vottunarmerki eins og Þýskaland en þær vörur bera yfirleitt einnig sameiginlega evrópska vottunarmerkið sem var komið á til að auðvelda evrópskum neytendum að læra að þekkja lífræna vottun. Bandarískar vörur bera vottunarmerkið USDA organic.



Oddný Anna Björnsdóttir segir alla krakka elska lífræna hafragrautinn sem hún gerir. Í hann setur hún glútenlausa lífræna hafra, lífræna möndlu- eða haframjólk, kaldpressaða lífræna kókosolíu, stappaða lífræna banana, niðurskorin lífræn epli ásamt smá Himalaja-salti og lífrænum Ceylon-kanil.



torfi.com
SPÍNAT ER OFURFÆÐA EF ÞAÐ ER ALVÖRU SPÍNAT
LÍFRÆN FRAMLEIÐSLA
TÚN
Flestir vita um hollustu spínats sem er ein næringarríkasta fæða sem til er. Þess vegna er líka gott að vita að spínatið frá okkur er alvöru spínat ..... og **lífrænt**.
Andoxunarefni · Járn · Steinefni · Fólínsýra · C-vítamín.
Allt um spínat á **holltoggott.is**
Hollt & Gott
LÍFRÆNT SPÍNAT




Himneskt vörurnar fást í ríkulegu úrvali. Á vefsíðunni himneskt.is er að finna nánari upplýsingar um þær, uppskriftir og uppskriftamyndbönd.

# Mest seldu lífrænu vörurnar á Íslandi

**Himneskt** eru mest seldu lífrænu vörurnar á Íslandi í dag. Um 150 Himneskt-vörur eru í sölu og eru nær allar með vottun frá Vottunarstofunni Túni ehf. Matarhönnuðurinn Sólveig Eiríksdóttir er andlit vörulínunnar en hún hefur lengi haft mikla ástríðu fyrir lífrænum matvælum og kynnt hinar ýmsu matarnýjungar fyrir landsmönnum. Í hennar huga snýst lífræn ræktun um heilbrigða skynsemi.

„Ég er alin upp við lífræna hobbírækt foreldra minna og vandist því til dæmis að skafa af matardiskunum því að þau voru með safnhaug til að búa til mold. Ég hef gert það allar götur síðan. Ég lærði síðar í Danmörku en Danir hafa lengi verið framarlega í lífrænni ræktun. Það hafði ekki síður áhrif á mig,“ segir Sólveig, eða Solla eins og hún er oftast kölluð. Hún segir dönsk stjórnvöld sífellt vera að vinna að framgangi lífrænnar ræktunar og vinna þau nú að því að tvöfalda lífrænt landbúnaðarland fyrir árið 2020. „Við erum algerir eftirbátar Dana á lífræna sviðinu. Það er ekki nóg að búa á afskekktri eyju og halda að eiturefnin blási bara burt. Þau fara alveg jafn mikið á plönturnar og ofan í jarðveginn og annars staðar. Við verðum því að gera mun betur.“



Solla segist setja andlit sitt við Himneskt með mjög góðri samvisku og að hinn góði málstaður drífi hana áfram í starfi. Baldvin segir lagða höfuðáherslu á að vörurnar uppfylli reglur Túns. „Í okkar huga er mjög mikilvægt að hafa vottunaraðilann nálægan og að neytendur þekki til hans.“ MYND/ANTON BRINK

## Skipta beint við framleiðendur

Himneskt-vörurnar voru settar á markað árið 2009 og var ákveðið að fá þær vottaðar hjá íslensku Vottunarstofunni Túni ehf. en að baki því liggur mikil vinna og þurfa vörurnar og allt ferli þeirra að uppfylla strangar kröfur. „Við skiptum beint við framleiðendur í lífrænni ræktun á erlendri grund. Vörunum er jafnframt pakkað erlendis. Við köllum eftir ítarlegum gögnum að utan, sendum til vottunarstofunnar og sækjum þannig um vottun fyrir hverja einustu vöru,“ segir Baldvin Valgarðsson, matvælafræðingur og gæðastjóri hjá Aðföngum, sem flytja vörurnar inn. „Auk þess hafa Solla og Einar Þórisson, innkaupastjóri Aðfanga, farið og heimsótt nær alla framleiðendur sem við skiptum við,“ bætir hann við.

## Heildræn hugsun

„Það er ótrúlega gefandi og skemmtilegt,“ segir Solla „Það ríkir sífellt meiri samkeppni á milli lífrænna framleiðenda og menn ganga sífellt lengra í að hugsa hlutina heildrænt. Menn eru því ekki eingöngu að horfa í ræktunaraðferðirnar heldur leggja auk þess upp með að nota sólarorku í stað annarra orkugjafa, flokka allt sem hægt er að flokka og gæta að aðbúnaði starfsfólks svo eitthvað sé nefnt.“

En hvers vegna ætti að velja lífrænt? „Fyrir því eru bæði heilbrigðis- og umhverfissjónarmið,“ segir Solla og eru umhverfissjónarmiðin henni ekki síst hugleikin. „Fyrir iðnbyltingu var aðeins stunduð lífræn ræktun og þá tók hún þann tíma sem þurfti. Eftir hana fjölgaði fólki og framleiðslukrafan jókst. Þá fóru menn að finna upp ýmsar aðferðir til að flýta fyrir ræktuninni, nota áburð til að bæta sprettu og efni til að draga úr afföllum með tilheyrandi áhrifum á náttúruna og heilsu fólks,“ útskýrir Solla.

Hún heimsótti eitt sinn tómatabóndann á Ítalíu sem framleiðir lífrænu tómatana fyrir Himneskt-vörulínuna og gaf sú heimsókn henni góða innsýn. „Hann hefur aðeins leyfi til að framleiða tiltekið magn af tómötum á ári miðað við það landsvæði sem hann hefur yfir að ráða. Jarðvegurinn er ekki talinn þola meira og þarf hvíld inn á milli til að verða ekki næringarsnauður, en það er ein af grunnforsendum lífrænnar ræktunar. Sömu kröfur gilda hins vegar ekki um hefðbundna ræktun.“

## Heilbrigð skynsemi

Solla segir að í hennar huga snúist þetta um heilbrigða skynsemi. „Hvort viltu borða mat sem er ræktaður með hjálp tilbúinna efna og sprautaður með skordýraeitri eða ekki?“

## Viðráðanlegt verð

Solla segist því setja andlit sitt við Himneskt með mjög góðri samvisku og að hinn góði málstaður drífi hana áfram í starfi. „Þá höfum við alltaf lagt mikla áherslu á að vörurnar séu á viðráðanlegu verði enda finnst mér ómurlegt til þess að hugsa að aðeins þeir efnameiri geti valið lífrænt. Til að halda verðinu niðri er verslað beint við framleiðendur. Þannig getum við bæði valið það besta sjálf og tökum út kostnaðarsama milliliði.“

Að sögn Baldvins er lögð höfuðáhersla á að vörurnar uppfylli reglur Túns „Í okkar huga er mjög mikilvægt að hafa vottunaraðilann nálægan og að neytendur þekki til hans.“

Hann segir ýmsar fyrirspurnir og ábendingar koma frá neytendum í gegnum vefsíðu Himneskt og í beinum símtölum. „Það er okkar reynsla að þeir sem velja lífrænt séu meðvitaðir neytendur og vilji eðlilega afla sér upplýsinga um uppruna varanna, framleiðsluaðferðir og annað í þeim dúr. Við tökum öllum fyrirspurnum vel og svörum eftir bestu getu.“

Á vefsíðu Himneskt er jafnframt að finna uppskriftir og uppskriftamyndbönd frá Sollu þar sem hún sýnir hvernig nota má vörurnar sem fyrir sumum eru framandi. „Það vita til dæmis ekki allir að það getur verið gott að setja hveitigras í duftformi út í heimatilbúið súkkulaði til að tempra sætuna og annað í þeim dúr,“ segir Solla og bendir á að ný og endurbætt vefsíða fari í loftið í byrjun árs. „Hún lofar svakalega góðu og ég er mjög spennt fyrir því að sýna afrakksturinn.“

**Himneskt vörulínan samanstendur m.a. af yfir 150 lífrænt vottuðum matvælum, sem eru sérvalin í samstarfi við Sollu.**

LÍFRÆNT
Solla

**Himneskt sækir lífræna vottun á vörurnar sínar til Vottunarstofunnar Tún ehf. - þær vörur sem uppfylla reglur Túns bera merki vottunarstofunnar því til staðfestingar.**

VOTTAÐ LÍFRÆNT
TÚN
EES-ESB vottun IS-1




**Himneskt stendur fyrir fjölbreytt úrval af lífrænt vottuðum matvælum á hagstæðu verði.**
**Himneskt vörurnar fást í verslunum Hagkaups, Bónus og Gló.**

BÓNUS HAGKAUP HIMNESKT

# Lífræn vottun tryggir hag neytanda

**Uppistaðan í húðsnyrtivörum Sóley Organics eru sóttar í aldagamlar uppskriftir úr fjölskyldu Sóleyjar Elíasdóttur en vörurnar eru bæði náttúrulegar og umhverfisvænar. Vinnustofa og verslun Sóleyjar í Hafnarfirði er opin til kl. 17 alla daga vikunnar fram að jólum.**



Sóley Elíasdóttir er stofnandi Sóley Organics. Vörur fyrirtækisins byggja á gömlum uppskriftum úr fjölskyldu hennar.

Sóley Elíasdóttir er konan á bak við Sóley húðsnyrtivörurnar en hún hefur rekið fyrirtækið um áratuga skeið. Hún á ekki langt að sækja þekkinguna á íslenskum lækningajurtum en að baki henni standa margir ættliðir grasalækna, þar af nokkrar af þekktustu alþýðuhetjum Íslands.

Áður átti hún farsælan feril sem leikkona en í raun kom það fáum á óvart að Sóley skyldi taka upp þráðinn frá langalangömmu sinni, Grasaþórunni (Þórunni Gísladóttur) og hefja framleiðslu græðismyrsla eftir aldagamalli uppskrift úr fjölskyldu Sóleyjar. „Uppistaðan í græðismyrslunum eru kraftmiklar íslenskar jurtir, t.d. villt handtínt birki og vallhumall sem saman mynda grunninn í allri Sóley húðsnyrtivörulínunni," segir Sóley.

## Tryggir hag neytenda

Vottunarferlið er tímafrekt og strangt ferli að sögn Sóleyjar. „Ég þurfti t.d. að bíða í tvö ár þar til landið, þar sem við týnum jurtirnar, fékk lífræna vottun frá þriðja aðila, Túni, enda þarf að vera tryggt að enginn áburður sé notaður á jörðinni. Ferlið er því mjög strangt enda er hægt að kalla svo margt lífrænt í dag þar sem orðið merkir svo margt. En það er auðvitað ekkert að marka þetta ef viðkomandi vörur eru ekki vottaðar."

Lífræn vottun tryggir hag neytanda og undirstrikar að hægt sé að treysta vörumerkinu bætir Sóley við. „Ég með íslenska vottun á mörgum vörum mínum, þ.e. íslenska lífræna vottun frá Túni, þar sem hvert einasta innihaldsefni er skoðað. Svo fór fyrirtækið í það ferli að fá náttúrulega og lífræna vottun erlendis frá Ecocert sem er ein stærsta vottunarstofan í Evrópu.

Sóley húðsnyrtivörurnar eru því náttúrulegar og umhverfisvænar að sögn Sóleyjar. „Öll uppskera okkar er í einstökum gæðaflokki og um leið gætum við þess að hún innihaldi aðeins virk efni. Húðsnyrtivörurnar eru því lausar við tilbúin rotvarnar-, ilm- og litarefni, jarðolíur, parabenefni, paraffin, phthalates, propylene glycol, PABA, petrolatum, sem og önnur kemísk efni sem skaðað gætu manninn og náttúruna."

## Öll kremin vottuð

Meðal vinsælustu vara Sóleyjar eru Græðir, Eygló rakakrem, Hrein hreinsimjólk og Lóa handkrem. „Öll kremin okkar eru vottuð en ekki sápurnar á þessu stigi en við erum í því ferli núna.

Við sem samfélag erum orðin svo meðvituð um matvörur, en húðvörur eru líka fæða fyrir húðina. Það sem við berum á okkur fer inn í húðina og því skiptir innihald húðsnyrtivara alveg gríðarlega miklu máli. Fólk getur því treyst á toppgæði þegar kemur að vörum okkar."

Vinnustofa og verslun Sóleyjar er staðsett við Bæjarhraun 10 í Hafnarfirði. „Þangað geta áhugasamir alltaf leitað eftir frekari fróðleik og upplýsingum, auk þess sem við seljum líka vörur okkar þar. Fram að jólum er opið til kl. 17 alla daga vikunnar og við bjóðum alla velkomna.



Gjafakassar og ilmkerti frá Sóley eru tilvalin í jólapakkann.



Verslun og vinnustofa Sóley Organics að Bæjarhrauni 10, Hafnarfirði.
MYND/EYÞÓR

**Nánari upplýsingar má finna á www.soleyorganics.com.**




Nærð er róandi andlitsvatn með appelsínublómum og villtum íslenskum jurtum.

hrein er andlitsmjólk með kvöldvorrósarolíu og villtum íslenskum jurtum.

eyGLÓ er lífrænt vottað andlitskrem með villtum íslenskum jurtum.

KiSStu mig er græðandi smyrsl með villtum íslenskum jurtum.

Græðir er græðismyrsl með villtum íslenskum jurtum.

# BETRI STJÓRN – BETRA JAFNVÆGI

**Icecare kynnir** Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Hormónalaus lausn fyrir mismunandi stig tíðahvarfa. Tvær nýjar Femarelle vörur eru nú komnar á markað. Þær Selma, Valgerður og Eva mæla með Femarelle.

Virkni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsókna á undanförnum árum. Nú hefur Femarelle verið gert enn betra og bætt í það B6-vítamíni. Þrjár vörur eru nú í Femarelle-línunni, Femarelle Rejuvenate sem hentar konum fyrir tíðahvörf, Femarelle Recharge sem veitir stjórn yfir tíðahvörfunum á öruggan og áhrifaríkan hátt og Femarelle Unstoppable sem hjálpar konum eftir tíðahvörf að viðhalda eðlilegum lífsstíl og lífsþrótti eftir því sem árin færast yfir.

### VERTU ÞÚ SJÁLF Á NÝ

Samsetning Femarelle Rejuvenate hentar best til að mæta þörfum kvenna 40 ára og eldri til að vinna á einkennum forstigs tíðahvarfa. Það inniheldur hörfræjaextrakt sem stuðlar að eðlilegri líðan þegar kemur að tíðahvörfum og bíótín sem hjálpar konum að halda eðlilegu andlegu jafnvægi. B2-vítamín og bíótín (B7) stuðla að viðhaldi eðlilegs hárs og húðar og eðlilegum efnaskiptum ásamt eðlilegri sálfræðilegri starfsemi og minni þreytu og sleni.

### TAKTU STJÓRN Á LÍKAMANUM

Femarelle Recharge hefur áhrif á þau einkenni sem konur þjást af á meðan á tíðahvörfum stendur. Femarelle Recharge er sama vara og upprunalega Femarelle að viðbættu B6-vítamíni en það magnar þau áhrif sem Femarelle hefur. Femarelle Recharge inniheldur hörfræjaextrakt sem hjálpar konum á aldrinum fimmtíu ára og eldri til að taka stjórnina á einkennum tíðahvarfa á öruggan og áhrifaríkan hátt.

### SIGRAÐU FRAMTÍÐINA

Femarelle Unstoppable hjálpar konum að halda aftur af einkennum í kjölfar tíðahvarfa. Það inniheldur kalk og D-vítamín fyrir eðlilega starfsemi beina og vöðva ásamt B2 og B7 fyrir jafnvægi slímhúðar sem og að minnka þreytu og slen. Femarelle Unstoppable hjálpar konum á aldrinum sextíu ára og eldri að viðhalda kraftmiklum lífsstíl þegar árin færast yfir.

### GÓÐ REYNSLA AF FEMARELLE

Þær Eva Ólöf Hjaltadóttir, Selma Björk Grétarsdóttir og Valgerður Kummer Erlingsdóttir hafa allar góða reynslu af Femarelle. „Ég hef notað Femarelle um nokkurt skeið og finn það núna hve miklu máli það skipti fyrir mig að byrja á þessari snilldarvöru," segir Valgerður. Eva Ólöf tekur í sama streng og segir: „Ég er svo ánægð með Femarelle, ég er hressari af þeim og ég mæli með þeim við allar vinkonur mínar." Selmu Björk líður líka betur eftir að hún fór að nota Femarelle. „Ég er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle, ég er í betra jafnvægi og er öruggari með sjálfa mig."

> „Ég er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle, ég er í betra jafnvægi og er öruggari með sjálfa mig.
>
> Selma Björk Grétarsdóttir

### SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR

**Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare,**

IceCare
Þín heilsa


Selma Björk er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle.











Femarelle skiptir Valgerði miklu máli.


Eva Ólöf er hressari þegar hún notar Femarelle.

## Feitur matur og sterkur örvar sýruframleiðslu

*Frutin eru töflur sem geta hjálpað þér að neyta fæðu sem getur valdið brjóstsviða án þess að eiga hættu á að finna fyrir óþægindum eftir máltíðina.*

### ENGIN UPPÞEMBA LENGUR

**Einar Ágúst Einarsson,** smiður mælir með **Frutin** töflunum en eftir að hann byrjaði að taka þær hálftíma fyrir svefn og mat finnur hann lítið sem ekkert fyrir óþægindum eða uppþembu.

„Ég hafði verið með mikla uppþembu og brjóstsviða eftir mat í langan tíma. Þetta kom sérstaklega fyrir ef ég borðaði seint á kvöldin eða fékk mér gosdrykki eða bjór stuttu fyrir svefninn. Þar sem ég er smiður og mikið á ferðinni milli vinnustaða er oft auðvelt að detta í skyndibitann og fylgir því brjóstsviði eða uppþemba í nær öll skiptin.
Eftir að ég byrjaði að taka **Frutin** töflurnar finn ég ekki fyrir því lengur,"
segir Einar Ágúst ánægður.






IceCare
Þín heilsa

Frutin fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. **www.icecare.is**

# ELDMÓÐUR OG ÁSTRÍÐA

Um 50 bændur og smáframleiðendur kynna fjölbreytta framleiðslu sína á Matarmarkaði Búrsins í Hörpu um helgina. Hjónin Eygló Björk Ólafsdóttir og Eymundur Magnússon frá Móður Jörð hafa tekið þátt í matarmarkaðinum frá upphafi.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Matarmarkaður Búrsins verður haldinn í Hörpu um helgina en hann hefur notið mikilla vinsælda frá því hann var fyrst haldinn árið 2011. Um helgina munu um 50 smábændur og framleiðendur kynna fjölbreyttar afurðir sínar fyrir gestum og gefa þeim kost á að smakka á flestum þeirra. Úrvalið er sem fyrr afar fjölbreytt og verður m.a. boðið upp á sýrt grænmeti, sjávarsalt og súkkulaði, tvíreykt hangilæri, humarsúpu, söl og sinnep, reykta bleikju og rúllupylsu, makríl og marmelaði, lerkisveppi, geitaafurðir, fjallagrasaflatkökur, berjavörur, lífrænar kryddsultur, hákarl og hamborgara svo nokkrar vöru séu taldar upp.

Meðal þeirra framleiðenda sem hafa verið með frá upphafi eru hjónin Eygló Björk Ólafsdóttir og Eymundur Magnússon sem saman reka Móður Jörð í Vallanesi. Fyrirtækið ræktar og framleiðir m.a. ferskt grænmeti, sælkeravörur, heilsuvörur, hrökkbrauð og aðrar heilkornaafurðir.

### UMGJÖRÐIN BREYST

Það eru þær Eirný Sigurðardóttir, oftast kennd við Búrið, og Hlédís Sveinsdóttir sem hafa skipulagt markaðinn frá upphafi. Það var einmitt Eirný sem kom að máli við þau hjónin á sínum tíma vegna matarmarkaðar sem hún vildi hafa á bílastæðinu fyrir utan verslun Búrsins í Nóatúni á sínum tíma. Eygló Björk segir það aldrei hafa verið spurningu um annað en að taka þátt enda var þetta gert af miklum eldmóði og ástríðu fyrir góðum mat. „Á þessum tíma var enginn markaðsmenning í Reykjavík eða beinn vettvangur fyrir sælkera og áhugaverða íslenska vöru en á þessum árum strax eftir hrun var mikil gerjun í íslenskri matvælaframleiðslu. Þetta hafði á sér mikinn ævintýrablæ, markaðurinn heppnaðist mjög vel þrátt fyrir að við höfum þurft að halda tjaldinu niðri í rokinu á köflum og básinn færðist úr stað um nokkra metra á þessum örfáu tímum sem hann stóð yfir. Ég held að allir hafi skemmt sér konunglega þrátt fyrir þetta, sýnendur sem gestir.“



Hjónin Eymundur og Eygló í Vallanesi mæta í Hörpu um helgina.




Um 50 bændur og smáframleiðendur af öllum gerðum gera sér glaðan dag í Hörpu um helgina. MYND/HELGA BJÖRNSDÓTTIR

Matarmarkaðurinn er haldinn þrisvar sinnum á ári og hefur með árunum þroskast, segir Eymundur. „Umgjörðin í dag gerir kröfur til framleiðenda um gæði og ákveðna fagmennsku. Þær stöllur Eirný og Hlédís hafa mjög skýra sýn á hvað þær vilja bjóða upp á og eru að beita markaðnum til þess að draga fram það sem er sannarlega íslenskt og framleitt af ákveðnum hugsjónum í þágu íslenskrar matarmenningar. Fyrir okkur er það kærkomið að ná góðu samtali við viðskiptavini okkar bæði til að heyra hvað þeim finnst, fá nýjar hugmyndir og útskýra okkar framleiðslu svona maður á mann. Einnig er gott að styrkja tengsl við aðra framleiðendur. Það hefur t.a.m. orðið til þess að þeir geta unnið saman eða deilt þekkingu þegar á reynir.“

### KYNNA NÝJAR VÖRUR

Eins og á fyrri mörkuðum munu þau kynna nýjungar í bland við eldri vörur. „Um helgina verðum við með þrjár nýjar uppskriftir að sýrðu grænmeti og nýtt kex úr íslensku byggi sem ætlað er á veisluborð landsmanna. Þeir sem þekkja kartöflur Móður Jarðar ættu að hraða sér á markaðinn og gott ef við verðum ekki með eitthvað af fersku grænkáli líka.“

Í vetur ætla þau að leggjast undir feld eins og hefð er fyrir og taka sér stutt frí. „Einnig ætlum við að þróa áfram matartengda ferðaþjónustu sem fram undan er í tengslum við Asparhúsið í Vallanesi en það er hús sem við vorum að byggja úr eigin timbri, trjám sem plantað var árið 1986. Húsið mun hýsa stækkandi vörulínu okkar auk þess sem boðið verður upp á léttar veitingar úr jurtaríkinu. Þangað eru allir velkomnir en við opnum í apríl á næsta ári.“

Matarmarkaður Búrsins fer fram í Hörpu í dag og á morgun, sunnudag, milli kl. 11 og 17. Ókeypis er inn á markaðinn.

**Nánari upplýsingar á Facebook undir Matarmarkaður Búrsins.**






Boðið verður m.a. upp á súkkulaði, humarsúpu, söl, reykta bleikju, tvíreykt hangikjöt, makríl, lerkisveppi, geitaafurðir, fjallagrasaflatkökur, berjavörur, lífrænar kryddsultur, hákarl og hamborgara í Hörpu um helgina. MYND/HELGA BJÖRNSDÓTTIR

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367*
Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358*
Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357* **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*



VIÐ ERUM KOMIN Í JÓLASKAP
OG TILBÚIN AÐ AÐSTOÐA ÞIG VIÐ VAL Á JÓLAGJÖFUNUM
CROSSWATER vöðlupakki 29.995 kr.
CROSSWATER YOUTH vöðlupakki 25.995 kr.
PALIX vöðlupakki 36.995 kr.
WILLOW RIVER dömu-vöðlupakki 39.995 kr.
REDINGTON
ÚRVAL VÖÐLUPAKKA OG FLUGUVEIÐIPAKKA Á TILBOÐI
SAGE fluguhjól Verð frá aðeins 19.995 kr.
SAGE
VINSÆLASTA FLUGUSTÖNGIN ÞAÐ ER EKKI TILVILJUN
SAGE Bandarískar flugustangir frá aðeins frá 49.900 kr.
SIMMS
ÁREIÐANLEGAR VÖÐLUR OG VEIÐIFATNAÐUR
Gore-tex jakkar Verð frá 59.995 kr.
G3 Guide vöðlur 104.995 kr.
G4 Pro vöðlur 134.995 kr.
FREESTONE vöðlupakki Verð aðeins 64.995 kr.
SIMMS vöðluskór Verð frá 26.995 kr.
VEIÐIHORNIÐ
MUNIÐ VINSÆLU GJAFABRÉFIN
TRAUST FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI FRÁ 1998
SÍÐUMÚLA 8 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 568 8410 • VEIDIHORNID.IS

# DÝRIN ÞURFA UMHYGGJU YFIR JÓL OG ÁRAMÓT

Það krefst mikillar og ígrundaðrar umræðu á heimilinu áður en fjölskyldan ákveður að fá sér hund eða kött. Dýrin þurfa mikla umhyggju og alúð. Hundar þurfa hreyfingu á hverjum degi. Jólafríið gæti verið ágætt til að aðlagast nýjum heimilismeðlim. Lifandi dýr er þó ekki jólagjöf.


Ólöf Loftsdóttir dýralæknir segir að dýrin megi ekki borða sama mat og mannfólkið um jólin.

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



Hundum og köttum hefur fjölgað mikið á höfuðborgarsvæðinu á undanförnum árum, sérstaklega stórum hundum. Þeir þurfa mikla hreyfingu og eftirlit allan daginn. Fæstir hundar geta verið einir heima. Ólöf Loftsdóttir, dýralæknir á Dýraspítalanum í Víðinesi, segir að um jól og áramót sé að mörgu að huga í sambandi við dýrahald. „Mikilvægt er að passa mataræði dýranna á hátíðum. Þau mega ekki borða hangikjöt, svínahamborgarhrygg eða annan slíkan mat. Jólamatur fer illa í dýrin, enda eru þau ekki vön því að borða reyktan eða mikið unninn mat. Einnig þarf fólk að passa að hafa ekki smákökur eða sælgæti á borðum. Vitað er að súkkulaði fer mjög illa í hunda. Dýrin stelast í skálarnar og fá síðan í magann,“ segir hún.

„Ef fólk vill gera vel við dýrin um jólin ætti að hafa nammið sem ferskast. Kettir mega til dæmis fá rækjur. Svo er allt í lagi að gefa dýrunum sérstaka jólapoka úr dýrabúðum,“ segir Ólöf og bendir á að mörg dýr þurfi að koma á Dýraspítalann um jólin vegna þess að þau hafi borðað reyktan mat eða sætindi. Þau fá í magann, jafnvel niður- og uppgang. Þegar þau veikjast missa þau matarlystina og verða slöpp. Þá hafi kettir komið í aðgerðir um jól þar sem þeir hafi komist í krullubönd utan af pökkum sem festast í meltingarveginum og þörmunum. „Kettir mega alls ekki komast í slík bönd,“ segir dýralæknirinn.

Ólöf segir að ekki sé æskilegt að ungum börnum séu gefin dýr í jólagjöf. „Það er allt í lagi að fjölskyldan taki sameiginlega ákvörðun um að fá sér dýr í kringum jólin. Hins vegar eru dýr ekki einhver pakki, þetta er líf sem þarf að hugsa vel um og bera virðingu fyrir. Svo þarf fólk að velja sér hund sem hæfir lífsstíl þess. Hundar þurfa mismikla hreyfingu. Leggjast þarf í rannsóknarvinnu áður en þessi ákvörðun er tekin,“ segir hún.

Ólöf brýnir fyrir fólki að hugsa vel um dýrin um áramótin á meðan sprengjur dynja úti við. Halda köttum innandyra og gefa þeim ró. Hundar þurfa mikla ást og hlýju um áramót og má alls ekki skilja þá eina eftir heima. Sum dýr þurfa róandi en það hefur minnkað á undanförnum árum þar sem fólk gerir sér betur grein fyrir umhyggjunni sem þau þurfa og er meðvitaðra um líðan þeirra.




**JOSERA – einstakt fóður fyrir einstakan hund**

JOSERA býður upp á fóður sem hentar vel fyrir alla hunda. Allar Super Premium vörurnar eru án hveiti, soja, sykurs og erfðabreyttra efna. Að sjálfsögðu eru engin litar-, bragð- og rotvarnarefni í fóðrinu okkar. Hundafóðrið okkar er þróað til þess að fullnægja öllum þörfum hunda og fyrirbyggja helstu vandamál er við koma fóðrun. Sérvalin hráefni, framleiðslutækni og stöðugar prófanir á rannsóknarstofu okkar tryggja bestu mögulegu gæðin og auðmeltanleika í öllu hundafóðrinu okkar.

**JOSERA á Íslandi**
Kaupvangi 10
700 Egilsstaðir
Sími: 471-1901
Farsími: 895-2414
Netfang: josera@josera.is

Josera. super premium pet food







Josera er bæði með hunda- og kattafóður.


InsectDog úr skordýrapróteini og VeggieDog úr grænmeti.

# FÓÐUR ÚR SKORDÝRUM OG GRÆNMETI

**Landstólpi kynnir** Landstólpi, sem lengi hefur flutt inn þýska gæðafóðrið Josera, býður nú upp á tvær spennandi nýjungar úr línunni Green pet food. Annars vegar InsectDog og hinsvegar VeggieDog.



Kristjana er hundaræktandi og veit því hvað hún syngur þegar kemur að góðu fóðri.

„InsectDog er ekki aðeins tilvalið fyrir ofnæmisgjarna hunda með fóðuróþol heldur einnig sniðug nýjung fyrir þá sem vilja fara ótroðnar slóðir með hundinn sinn með sjálfbærni og umhverfissjónarmið að leiðarljósi,“ segir Kristjana Jónsdóttir, sölustjóri hjá Landstólpa. Í fóðrið er notað hágæða skordýraprótein.

„VeggieDog án korns er umhverfisvænn, sjálfbær og heilbrigður valkostur fyrir fullvaxta hunda en kartöflur og baunir eru undirstaðan í fóðrinu,“ segir Kristjana og bætir við að innihaldsefnin séu vandlega valin með það fyrir augum að virða náttúrulegar auðlindir en tryggja um leið að hundar fáu öll nauðsynleg næringarefni.

Kristjana segir hundaeigendur mjög spennta fyrir þessum nýjungum enda kalli margir eftir fóðri sem sé umhverfisvænna.

Landstólpi flytur einnig inn hefðbundið hunda- og kattafóður frá þýska gæðamerkinu Josera. „Þetta er mjög breið lína, 18 tegundir fyrir hunda og 8 fyrir ketti. Fóðrið skiptist niður í 4 flokka – Mini-línu fyrir smáhunda, Daily sem er alhliða lína, Special fyrir sérstök tilfelli og Nature sem er kornlaus. Þannig getur hver fundið fóður sem hentar dýrinu hans.“

Josera gæludýrafóðrið er til sölu í BYKO um allt land, í Landstólpa á Selfossi og Egilsstöðum, Fákasporti á Akureyri, Vélavali í Varmahlíð, Dýralandsverslunum í Reykjavík, Fjórum loppum, Dýralæknastofu Eyrúnar á Egilsstöðum og Multitask í Neskaupstað

**Nánar á josera.is og á Facebook undir Josera á Íslandi.**

GRAINFREE

# VeggieDog®

Adult

GREEN PETFOOD

## með kartöflum og baunum






**VeggieDog** án korns er umhverfisvænn, sjálfbær og heilbrigður valkostur fyrir fullvaxta hunda í stað fóðurs af dýrauppruna.

» Kornlaus fóðursamsetning með kartöflur og baunir sem undirstöðuuppsrettu amínósýra

» Innihaldsefnin eru vandlega valin með það fyrir augum að virða náttúrlegar auðlindir en tryggja um leið að hundurinn þinn fái öll nauðsynleg næringarefni

» Með jurtum, ávöxtum og þörungum

**100 %** grænmetisfæði

**99,99 %** vegan*

*inniheldur 0,01% vítamín D3 úr ullarfitu

**Kornlaust**

**Jurtir og ávextir**

| Greining innihaldsefna: | | |
|---|---|---|
| Prótein | % | 20.0 |
| Fituinnihald | % | 12.0 |
| Hrátrefjar | % | 2.5 |
| Hráaska | % | 6.8 |
| Kalsíum | % | 0.85 |
| Fosfór | % | 0.65 |
| Natríum | % | 0.50 |
| Magnesíum | % | 0.10 |
| Efnaskiptaorka: | MJ/kg | 15.2 |
| | kcal/kg | 3639 |

| Aukefni: næringargildi per kg: | | |
|---|---|---|
| A-vítamín | I.E./kg | 12,000 |
| D3-vítamín | I.E./kg | 1,200 |
| E-vítamín | mg/kg | 130 |
| B1 vítamín | mg/kg | 10 |
| B2 vítamín | mg/kg | 15 |
| B6 vítamín | mg/kg | 15 |
| B12-vítamín | mcg/kg | 70 |

| Aukefni: næringargildi per kg: | | |
|---|---|---|
| Pantóþensýra | mg/kg | 40 |
| Níasín | mg/kg | 60 |
| Fólínsýra | mg/kg | 4 |
| L-karnitín | mg/kg | 250 |
| Tárín | mg/kg | 1,000 |
| Bíótín | mcg/kg | 600 |
| C-vítamín | mg/kg | 100 |
| Járn (járn súlfat einhýdrat) | mg/kg | 180 |
| Sink (sink klóbinda af glýsíni, hýdrat) | mg/kg | 220 |
| Mangan (manganese-(II) oxíð) | mg/kg | 16 |
| Kopar (koparsílikat af glýsíni, hýdrat) | mg/kg | 20 |
| Joð (kalsíumjoð, vatnsfrítt) | mg/kg | 2.00 |
| Selen (natríum selenít) | mg/kg | 0.30 |

| Tækniileg aukefni: |
|---|
| andoxunarefni: tókóferól kjarni af náttúrulegum uppruna. |



**UPPRUNALEG Stærð**

Umbúðastærð:

**2 kg; 15 kg**

## Fóðurráðleggingar:

| 24 h | minna virkir / eldri | eðlileg virkni | virkir |
|---|---|---|---|
| 5 kg | 55 g | 65 g | 85 g |
| 10 kg | 85 g | 115 g | 145 g |
| 20 kg | 140 g | 195 g | 245 g |
| 30 kg | 190 g | 260 g | 330 g |
| 40 kg | 240 g | 325 g | 410 g |
| 60 kg | 350 g | 455 g | 560 g |
| 80 kg | 400 g | 545 g | 690 g |

**Ráðlagður dagskammtur.**

**VeggieDog grainfree – Næringarlega hannað sem heilfóður fyrir fullvaxta hunda.**

**Innihaldsefni:** kartöflur (þurrkaðar) 41,0%; baunahveiti (náttúruleg uppspretta af amínósýrum) 14,0%; kartöflu-prótein; sólblómaolía; ger (að hluta til vatnsrofið); steinefni; rófutrefjar; eplatrefjar 3,0%; grænmetisprótein (vatnsrofin); síkóríurætur (náttúruleg uppspretta inúlíns); jurtir, ávextir 0.1%; þörungar (þurrkað) 0,05%.

foodforplanet GmbH & Co. KG | D-63924 Kleinheubach | Tel.: +49 9371 940-951 | E-Mail: green-petfood@foodforplanet.de | www.green-petfood.com | α DE-BY-1-00255

# LYKILATRIÐI Í VEL HEPPNAÐRI JÓLAMÁLTÍÐ

Góðir forréttir setja mjög skemmtilegan svip á hátíðarborðið. Möguleikarnir takmarkast nánast við hugmyndaflug hvers og eins og úrval af hráefni hefur aldrei verið meira. Hér gefur Ylfa Helgadóttir, yfirmatreiðslumeistari á Kopar, lesendum tvær uppskriftir að forréttum.


Ylfa Helgadóttir frá Kopar gefur lesendum tvær góðar uppskriftir af forréttum. MYNDIR/GVA

Forréttur á hátíðarborðið gefur máltíðinni aukið vægi og meira tilefni til að hlakka til að sögn Ylfu Helgadóttur, yfirmatreiðslumeistara á veitingastaðnum Kopar. „Góður forréttur er lykilatriði að vel heppnaðri jólamáltíð. Mér finnst hefðir af hinu góða og óþarfi að breyta öllu alltaf. Hins vegar er gott að halda í hefðirnar á sama tíma og maður uppfærir kannski eitthvað á hliðarlínunni.“

Hjá fjölskyldu Ylfu er hamborgarhryggurinn heilagur og telur hún langt í að það breytist. „Hins vegar hefur forrétturinn fengið að vaxa og dafna undanfarin ár. Allt frá gömlu góðu aspassúpunni, yfir í graflaxinn, humarsúpuna og fleiri rétti. Það er svo mikilvægt að njóta á jólunum og ekki telja sér trú um leynda ofurhetjukrafta sem eiga að brjótast fram fyrripart aðfangadags. Það er ofboðslega mikið framboð af alls konar sælkerakjöti, skinkum og fleira hráefni, reyktu, gröfnu og fersku sem er rosalega gott og auðvelt að bera fram yfir jólahátíðina.“

Aðspurð um upphaldsforréttinn sinn segir hún að hugmyndin að honum hafi nánast kviknað óvart ein jólin. „Allt í einu var búið að kaupa svo mikið af mat, og við gátum ekki ákveðið hvað af því átti að vera í forrétt. Eftir miklar vangaveltur kom upp sú hugmynd að vera með eins konar hlaðborð. Mig minnir að við höfum verið með níu tegundir af kjöti og fiski og meðlæti eða sósu með öllu réttum. Þarna var boðið upp á reykta andabringu, rjúpu sem maðurinn minn fékk óvænt nokkrum dögum fyrir jól, graflax, síld, humar, hreindýrapaté, reykta nautatungu og fleira. Nánast allt hráefnið er hægt að kaupa tilbúið og þarf bara að raða á bakka. Það sem var líka sérstaklega gaman var að hópurinn sat yfir forréttinum í um einn og hálfan tíma. Því var borðhaldið óvenju langt það kvöldið sem mér fannst mjög jákvætt.“

Hér gefur Ylfa tvær uppskriftir af spennandi forréttum:

### Falafel með rauðrófupestói og „creamy“ eplum (vegan)



**Falafel**

**1 dós kjúklingabaunir**
**1 eggaldin**
**½ laukur**
**1 dl sojasósa**
**½ dl agave (eða önnur sæta)**
**1-2 dl haframjöl**
**2 msk. chili-mauk eða saxað chili**
**Saxaður ferskur kóríander eða basil (eða hvort tveggja)**
**½ tsk. mulin kóríanderfræ**
**Raspur og safi úr 1 sítrónu**
**½ msk. salt**

**Aðferð:**
Eggaldin, laukur er gróflega skorið og eldað á pönnu þar til mjúkt. Síðan er eldað eggaldin, laukur, chili og kjúklingabaunir hrært saman í blandara eða matvinnsluvél. Þegar allt er orðið að samfelldu mauki er restinni af öllu nema haframjöli bætt út í og blandað vel. Seinast er haframjölinu bætt út í. Athugið að það gæti þurft meira eða minna haframjöl, eftir því hvernig hafrar eru notaðir.

Litlar bollur eru mótaðar með tveim skeiðum og settar á bökunarpappír á ofnplötu. Bakað í ofni á 170°C í um 8-10 mín. Bollurnar eru tilbúnar svona en einnig er hægt að steikja þær eftir á til að fá stökka áferð. Gott er að gera deigið daginn áður og leyfa haframjölinu að taka sig, þá þarf líka minna haframjöl.

**Rauðrófupestó**

**1 pk. lífrænir rauðrófur, eldaðar**
**1½ dl kasjúhnetur eða furuhnetur (eða hvort tveggja)**
**2 stk. hvítlauksgeirar**
**1 tsk. sesamolía**
**1-2 dl ólívuolía**
**50 g rucola/spínat**
**50 g basil/kóríander**
**1 msk. salt**
**Safi úr 1 sítrónu**
**1 dl náttúruger (ef vill)**

**Aðferð:**
Hneturnar eru ristaðar í ofni á 170°C í 10 mín. Kryddjurtir létt saxaðar og síðan allt sett í matvinnsluvél og unnið þar til það lítur vel út.

**„Creamy“ epli**

**150 g kasjúhnetur**
**1 lítill hvítlauksgeiri**
**1 msk. ólívuolía**
**Vatn**
**1 epli**
**1 bolli vínber**
**1 msk. þurrkuð trönuber**
**3 sellerístönglar**
**Vegan piparmyntusúkkulaði (ef vill)**

**Aðferð:**
100 g af kasjúhnetum sett í vatn í umj 2 klst. (má vera lengur). Síðan eru þær maukaðar með ólívuolíunni og hvítlauksgeiranum og smá af vatninu sem þær lágu í. Epli, vínber og sellerí er skorið í bita og restin af kasjúhnetunum eru ristuð í ofni á 170°C í um 10 mín. Kasjúhnetur, epli, vínber, sellerí og trönuber sett í skál og kasjúrjómanum blandað varlega saman við. Mjög gott að saxa smá vegan piparmyntusúkkulaði og strá yfir.

### Reykt önd með graskeri og granateplum

**Reykt önd**

**1 pk. reykt önd (fæst t.d. í Krónunni)**
**2 msk. smjör**

**Aðferð:**
Hitið ofninn í 170°C. Gott að skera aðeins í fituna til að hún eigi auðveldara með að eldast, t.d. tígla, kassa eða rendur. Setjið bringuna á kalda pönnu á helluna og kveikið undir á miðlungshita. Engin olía. Hægt og rólega á fitan að byrja að bráðna og steikjast. Þá má bæta smjörinu út á pönnuna. Þegar fitan er orðin gullinbrún og stökk er bringunni snúið við og steikt á hinni hliðinni. Þá er bringan sett inn í ofn í um 6-10 mín.



**Graskersmús**

**½ grasker**
**1 dl smjör**
**½ dl þurrkuð trönuber**
**½ tsk. þurrkað tímían**
**Safi úr 1 sítrónu**
**1-2 tsk. salt**

**Aðferð:**
Finnið ofnfast form eða ofnplötu og setjið á bökunarpappír. Skafið kjarnann innan úr graskerinu og látið smjörið, trönuberin, saltið og tímían í holuna. Setjið álpappír yfir og inn í ofn á 170°C í um 45-60 mín. Þegar graskerið er eldað er auðvelt að skafa kjötið innan úr skinninu, setja beint í blandara með öllu smjörinu og berjunum. Maukað vel saman og saltað. Það er gaman er að taka nokkrar graskerskúlur með melónukúlara og hafa með á disknum áður en graskerið fer inn í ofn. Gott að bera fram með granateplum, smá majonesi og léttri sósu.




# Jólahelgi á Glerártorgi

**Laugardagur 10. des.**

**12:00-16:00**
K100 í Beinni
Heiðar Austmann
í jólaskapi

**13:00**
Sveppi og Villi
koma í heimsókn

**14:00-15:00**
Jólasveinar koma
í heimsókn
og gefa mandarínur

**14:00-15:00**
**Jólaball Glerártorgs**

**14:00-15:00**
Magni og Erna Hrönn
kíkja í heimsókn

**14:30-16:00**
Krakkamyndataka
með Jólasveininum

**20:30-22:00**
Nemendur Rythmískrar
deildar Tónlistarskólans
á Akureyri syngja fyrir
gesti og gangandi

**Sunnudagur 11. des.**

**14:00 - 15:00**
Jólasveinar koma
í heimsókn





GLERÁRTORG
-af lífi & sál-

# RIS À L'AMANDE ÚR GRÓÐRÓ

Fjölskylda **Heklu Arnardóttur** fær ekki nóg af hinu árlega Ris à l'amande en það er borðað á aðfangadag, jóladag og annan í jólum. Uppskriftin er frá ömmu Heklu og er óvenjuleg en í henni eru eggjarauður og stífþeyttar eggjahvítur.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



„Ég hef oft fengið Ris à l'amande, bæði í Danmörku og hér heima en aldrei eins og þetta. Munurinn liggur í því að í grautinn eru notaðar eggjarauður þeyttar með sykri og stífþeyttar eggjahvítur. Þegar allt er sett saman í réttri röð verður grauturinn loftmikill og góður," lýsir Hekla en uppskriftin er gömul.

„Amma mín, Helga Helgadóttir sem átti heima í Gróðrarstöðinni sem lengi var á Laufásveginum, gerði Ris à l'amande-ið alltaf svona og við höfum haldið okkur við þess aðferð. Möguleiki er að hún hafi fengið þessa uppskrift hjá systur sinni sem bjó í Kaupmannahöfn en það hefur ekki fengist staðfest," segir Hekla en bæði hún og systkini hennar hafa haldið sig við þessa aðferð enda grauturinn afar vinsæll hjá börnunum.

„Ég er alin upp í stórum systkinahópi, og mamma gerði alltaf mikið af graut svo við gætum fengið afganginn á jóladag. Ég geri svo mikið af grautnum að við getum borðað hann bæði á jóladag og annan í jólum og samt er beðið um meira."

Hekla byrjar á því að búa til mikið af góðum grjónagraut á Þorláksmessu. Hún segir gjarnan mega sjóða hann með vanillustöng, og jafnvel setja smá smjör útí í lokin. „Ég sýð fyrst grautinn í vatni en sumir hafa svo mikla þolinmæði að þeir sjóða hann eingöngu úr mjólk. Í grautinn nota ég 2,5 dl af grautarhrísgrjónum," segir Hekla en þegar grauturinn er tilbúinn er hann kældur og geymdur til næsta dags.

„Á aðfangadag, þegar ég er komin heim úr aðfangadagsstússinu sem felur í sér heimsókn í kirkjugarðinn og söng í messu á Kleppi, set ég réttinn saman."



Hekla með dóttur sinni Ástu sem heldur, eins og hinir í fjölskyldunni, mikið upp á grautinn góða. MYND/ERNIR



Með eftirréttinum ber Hekla fram heimalagað rifsberjahlaup.

**Innihaldsefni:**

**2-3 egg aðskilin**
**2 msk. sykur**
**3,5 dl rjómi**
**1 dl muldar möndlur (eða eftir smekk).**

„Eggin eru aðskilin. Fyrst stífþeyti ég eggjahvíturnar eins og hægt er og set til hliðar. Síðan þeyti ég rjómann mjög stífan. Svo þeyti ég saman eggjarauðurnar og sykurinn. Ef þetta er gert í þessari röð þarf ekki að þvo skálina á milli. Þetta er snilldar húsráð frá móður minni sem var með stórt heimili, 6 börn og alltaf fullt hús af fólki. Síðan hræri ég saman þeyttum eggjarauðunum og grjónagrautnum. Passa að grauturinn sé kekkjalaus. Svo blanda ég saman rjómanum og möndlunum. Að lokum eru þeyttar eggjahvíturnar settar út í en þá verður grauturinn svo loftmikill og góður," lýsir Hekla. Með réttinum hefur hún ávallt heimagert rifsberjahlaup. „Amma mín var alltaf með rifsberjasósu sem hún gerði með því að þykkja rifsberjasaft og bróðir minn gerir það. Danir nota kirsuberjasósu."

Sá hluti grautsins sem reiknað er með að dugi fyrir alla gestina er settur í skál og mandlan ofan í. „Eins og venjan er fær sá sem gleypir möndluna pakka. Passa þarf að fela möndluna vel, nema ætlunin sé að svindla. Við systkinin grunuðum mömmu stundum um að reyna að koma möndlunni til þeirra sem aldrei höfðu fengið hana með því að skreyta skálina með rauðum rifsberjahlaupsdoppum. Undir einni doppunni vorum við viss um að hún hafi falið möndluna. Hún hefur þó aldrei viðurkennt þetta."





# Bankastjóri Landsbankans

Bankaráð Landsbankans auglýsir starf bankastjóra laust til umsóknar.

Landsbankinn er stærsta fjármálafyrirtækið á Íslandi og veitir einstaklingum, fyrirtækjum og fjárfestum um allt land trausta og alhliða fjármálaþjónustu sem byggir á langtíma viðskiptasamböndum.

Landsbankinn hefur á undanförnum árum skilað góðum arði til samfélagsins samhliða ábyrgum vexti. Landsbankinn er traustur samherji í fjármálum og sýn bankans er að vera til fyrirmyndar.

### Helstu verkefni bankastjóra

- Mótun stefnu í samráði við bankaráð
- Ábyrgð á innleiðingu stefnu og framgangi
- Stjórnun og ábyrgð á rekstri bankans
- Upplýsingagjöf til starfsmanna, bankaráðs og ytri aðila

### Hæfniskröfur og eiginleikar

- Ótvíræðir leiðtoga- og stjórnunar-hæfileikar
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Heiðarleiki og fagleg vinnubrögð
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Yfirgripsmikil þekking á íslensku viðskiptaumhverfi og fjármálamarkaði

### Nánari upplýsingar veita

Hilmar Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

Umsókn og fylgigögn sendist á bankastjori@capacent.is merkt ***Bankastjóri***. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og verður nafnalisti umsækjenda ekki birtur.

Umsóknarfrestur er til og með 28. desember 2016.

Jafnlaunaúttekt PwC





# ÖFLUGUR VERKEFNASTJÓRI

**Köfunarþjónustan óskar eftir öflugum verkefnastjóra í fjölbreytt og lifandi starf.**
Við erum stærsta atvinnukafaraþjónusta landsins með mikla reynslu og þekkingu. Einnig veitum við margs konar þjónustu varðandi rannsóknir á botni sjávar svo sem fjölgeislamælingar og kjarnaborun. Þar að auki sinnum við alls konar sérhæfðri verktöku sem krefst þekkingar, útsjónarsemi og áræðni.

**STARFSSVIÐ/ÁBYRGÐ**
- Verkefnaöflun og sölustjórn
- Tilboðsgerð og verðútreikningar
- Útfærsla verka í samráði við starfsmenn og verkkaupa
- Verkstjórn ákveðinna verka
- Verkefnaþróun og nýjungar

**HÆFNISKRÖFUR**
- Mikil verkþekking og reynsla
- Gott tengslanet, þegar kemur að verkefnaöflun
- Kostur að hafa tölvukunnáttu í DK, Excel og Word
- Góð enskukunnátta

**EIGINLEIKAR**
- Sölumennskuhæfileikar
- Frumkvæði og útsjónarsemi
- Skipulagshæfileikar
- Ákveðni og sjálfstæði
- Jákvæðni og hæfileiki til að vinna í hópi

Áhugasamir sendi ferilskrá og meðmæli á **hallgrimur@diving.is**. Varðandi frekari upplýsingar, vinsamlega hafa samband við Hallgrím Ingólfsson á hallgrimur@diving.is eða í síma +354-893-8303.
**Góð laun fyrir réttan aðila.**

KÖFUNAR ÞJÓNUSTAN EHF
Héðinsgata 1-3 | 105 Reykjavík | Sími 863 5699 | diving@diving.is

## Félagsþjónusta Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga óskar eftir að ráða félagsráðgjafa í fullt starf

Laus er til umsóknar staða félagráðagjafa á sviði félagsþjónustu. Íbúafjöldi á þjónustusvæðinu eru um 4.300. Verkefni félagsþjónustunnar eru samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Starfsréttindi í félagráðgjöf eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af vinnslu og meðferð mála með einstaklinga og fjölskyldur.
- Góð samskiptahæfni, þjálfun í viðtalstækni og áhugi á teymisvinnu.
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Færni í skriflegri framsetningu gagna.

Umsókn ásamt kynningarbréfi og ferilskrá skal berast eigi síðar en **20. desember 2016** á bæjarskrifstofu Sandgerðisbæjar að Miðnestorgi 3, 245 Sandgerði eða á netfangið gudrun@sandgerdi.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðrún Björg Sigurðardóttir, félagsmálastjóri í síma 420-7500 eða gudrun@sandgerdi.is



# Verðbréfamiðlari hjá Mörkuðum Íslandsbanka

Við leitum að öflugum verðbréfamiðlara í samhentan hóp sérfræðinga á fjármálamarkaði.

Markaðir sinna fjárfestingarbankastarfsemi Íslandsbanka og veita fyrirtækjum og fjárfestum þjónustu sem snýr að markaðsviðskiptum, fyrirtækjaráðgjöf og greiningu.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. desember**
Umsóknir óskast fylltar út á **www.islandsbanki.is** og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi

**Helstu verkefni:**
- Miðlun hlutabréfa og skuldabréfa
- Umsjón með útboðum
- Uppbygging viðskiptatengsla við fagfjárfesta
- Samskipti við útgefendur verðbréfa
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af störfum á fjármálamarkaði skilyrði
- Sölureynsla er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

**Nánari upplýsingar:**
Björn Hákonarson, forstöðumaður verðbréfamiðlunar
844 4454, **bjorn.hakonarson@islandsbanki.is**

Sigrún Ólafsdóttir, ráðningarstjóri
440 4172, **sigrun.olafs@islandsbanki.is**

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

**Við bjóðum góða þjónustu.** Hjá Íslandsbanka starfa um 950 starfsmenn. Við sækjumst eftir starfsfólki sem er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna fyrir viðskiptavini bankans. Framtíðarsýn Íslandsbanka er að vera númer eitt í þjónustu. Íslandsbanki er stoltur handhafi **Gullmerkis Jafnlaunaúttektar PwC**. Árið 2016 fékk Íslandsbanki **þekkingarverðlaun FVH** fyrir mannauðsstjórnun og **Hvatningarverðlaun jafnréttismála**.
**Hvað segir fólkið okkar?** Sjáðu hvað starfsfólk hefur að segja um vinnustaðinn: **islandsbanki.is** > Um Íslandsbanka > Vinnustaðurinn

Íslandsbanki




# Draumastörf á lausu

## Þjónustustjóri og sérfræðingur á skrifstofu

## Þjónustustjóri

### Markaðs- og þjónustudeild

Nox Medical óskar eftir að ráða þjónustustjóra sem ber ábyrgð á að byggja upp og útfæra þjónustustefnu fyrirtækisins í samvinnu við markaðsstjóra. Hann þarf að hafa ríka þjónustulund, ástríðu fyrir mannlegum samskiptum og djúpan skilning á tækni. Starfið gæti krafist ferðalaga.

**STARFSSVIÐ OG ÁBYRGÐ**

- Þróa og útfæra þjónustustefnu Nox Medical í samvinnu við markaðsstjóra
- Veita viðskiptavinum og dreifingaraðilum framúrskarandi þjónustu
- Veita viðskiptavinum tækni- og bilanagreiningarþjónustu
- Vinna með sérfræðingum að flóknum þjónustuverkefnum
- Útbúa þjónustuleiðbeiningar og annast viðhald á þeim
- Útbúa og greina tölfræðilegar upplýsingar úr þjónustukerfum
- Tileinka sér framúrskarandi skilning á vöruframboði Nox Medical
- Þátttaka í öðrum tilfallandi verkefnum í markaðs- og þjónustudeild

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR**

- B.Sc. gráða í tækni-, heilbrigðis-, eða viðskiptagreinum
- A.m.k. 5 ára reynsla í þjónustu og/eða þjónustustýringu
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Afburða enskukunnátta, bæði í rituðu og töluðu máli
- Mikið frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt
- Nákvæmni
- Geta starfað vel undir álagi
- Ríkt sjálfstraust og góð framkoma
- Skapandi hugsun og geta til að leysa flókin vandamál

**UMSÓKNIR**

Umsóknarfrestur er til og með 18. desember nk. Umsóknum og ferilskrám skal skilað á netfangið **careers@noxmedical.com.** Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingvar Hjálmarsson, **ingvar@noxmedical.com**

## Sérfræðingur á skrifstofu

### Fjármálasvið

Nox Medical óskar eftir að ráða starfsmann í fjölbreytt og spennandi starf sérfræðings á skrifstofu. Starfið er á fjármálasviði og viðkomandi heyrir undir fjármálastjóra. Starfið býður upp á möguleika til vaxtar og þroska í starfi hjá vaxandi fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi.

**STARFSSVIÐ OG ÁBYRGÐ**

- Ábyrgð og umsjón með birgðakerfi Navision
- Aðstoð við starfsmenn innkaupadeildar og birgðahalds vegna birgðamála
- Upplýsingagjöf til lagerstarfsmanna, framleiðsluteymis og innkaupadeildar vegna pantana til afhendingar
- Umsjón með stofnun vörunúmera og viðskiptamanna í Navision
- Samskipti við viðskiptamenn og umsjón með pöntunum þeirra
- Almenn skrifstofuumsjón og þjónusta við samstarfsmenn
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við fjármálastjóra

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR**

- Menntun á sviði viðskipta eða bókhalds skilyrði
- Þekking og reynsla á birgðakerfum
- Bókhaldsþekking og skilningur á bókhaldi
- Mjög góð tölvukunnátta skilyrði, kunnátta á sviði Excel og Navision mikilvæg
- Mjög góð kunnátta í ensku sem og geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð kunnátta í íslensku
- Nákvæmni og skipulagshæfileikar í starfi
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum sem og þjónustulund
- Mikið sjálfstæði og frumkvæði í starfi sem og útsjónarsemi

**UMSÓKNIR**

Umsóknarfrestur er til og með 18. desember. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragnheiður Dagsdóttir hjá Capacent á **ragnheidur.dagsdottir@capacent.is** Umsækjendur eru beðnir um sækja um starfið á heimasíðu Capacent á **www.capacent.is**

**Nox Medical er leiðandi hátæknifyrirtæki á heimsvísu í þróun og framleiðslu á búnaði til greiningar á svefnröskunum. Vörur okkar bæta líf fólks með því að gera svefngreiningar einfaldari og þægilegri. Nox Medical var stofnað fyrir 10 árum og í dag starfa um 50 manns hjá fyrirtækinu. Í gegnum tíðina hefur fyrirtækið hlotið margskonar viðurkenningar og má þar nefna Útflutningsverðlaun forseta Íslands, Vaxtarsprotann, Fyrirmyndarfyrirtæki ofl.**

Nox Medical | Katrínartún 2 | 105 Reykjavík | 570 7170 | info@noxmedical.com | noxmedical.com

nox medical

ArcticFish

## UM ARCTIC FISH

Arctic Fish og dótturfélög þess eru með silungs- og laxeldisstarfsemi í Tálknafirði, Dýrafirði, Önundarfirði og á Ísafirði. Fyrirtækið hóf starfsemi árið 2011 og hefur vaxið jafnt og þétt en í dag starfa um 20 manns við seiðaeldi, sjóeldi og stjórnun, allt að 20 við vinnslu eldisafurða og þá starfa um 10-20 manns við byggingarframkvæmdir á nýrri fullkomnri endurnýtingar seiðaeldisstöð á Tálknafirði. Seiðaeldisstöðin er mikilvægur grunnur að frekari uppbyggingaráformum félagsins á Vestfjörðum en Arctic Fish starfar eftir hinum virta alþjóðlega umhverfisstaðli ASC. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins **www.arcticfish.is**

## VINNSLUSTJÓRI – ARCTIC FISH

**Arctic Fish auglýsir eftir vinnslustjóra til að stýra vinnslu á eldisafurðum félagsins.**

Í vetur er áætlað að vinna eldissilung og innan tveggja ára mun hefjast vinnsla á laxi. Vinnsla fyrirtækisins er í húsnæði Íshússfélags Ísfirðinga á Ísafirði en framtíðarárform eru enn í mótun og vinnslustjóri mun taka þátt í því verkefni.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst

### HELSTU VERKEFNI

- Dagleg stýring á vinnslu með 12-20 starfsmönnum til að byrja með, en fer vaxandi
- Hönnun á vinnsluferlum og þátttaka í hönnun á sláturferlum
- Utanumhald á brigðabókhaldi
- Gæðastjórnun sláturs- og vinnsluferils í samræmi við ASC staðal
- Skipulagning á útskipunum á ferskum og frosnum eldisafurðum
- Þátttaka í sölustarfi og samskipti við kaupendur á afurðum

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Stjórnunarkunnátta eða reynsla úr fiskvinnslu eða sjávarútvegi er nauðsynleg
- Góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á eða reynsla af gæðakerfum og gæðastjórnun
- Góð tölvukunnátta og hæfni í Rapid Fish eða öðrum sambæri legum birgðakerfum
- Aðlögunarhæfni og vilji til þess að kynna sér eldisstarfsemi félagsins

Umsóknir skal senda rafrænt með tölvupósti á Shiran Þórisson, Fjármálastjóra Arctic Fish, á **nst@afish.is** sem veitir einnig nánari upplýsingar um starfið. Umsóknum á að fylgja starfsferilskrá. **Umsóknarfrestur er til og með 20. desember næstkomandi.**




**365 óskar eftir góðu fólki**

# YFIRHÖNNUÐUR FRÉTTABLAÐSINS

**Grafískur hönnuður óskast til að leiða hönnunardeild Fréttablaðsins.**

**Yfirhönnuður vinnur náið með ritstjórn Fréttablaðsins og mótar útlit þess.**

**Viðkomandi þarf að getað hafið störf sem fyrst. Unnið er í dagvinnu.**

Hæfniskröfur:
- Gott vald á InDesign, Illustrator og Photoshop.
- Skipulagshæfileikar.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Reynsla af dagblaða- eða tímaritahönnun er kostur.

**Umsóknarfrestur er til 23. desember nk.**

**Eingöngu er tekið við umsóknum á vef 365 miðla – www.365.is.**

**Frekari upplýsingar veitir Sæmundur Freyr Árnason, framleiðslustjóri Fréttablaðsins, sfa@frettabladid.is.**

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365

MENIGA

# Meniga auglýsir eftir öflugu liðsfólki

**Á skrifstofum Meniga á Íslandi, Bretlandi og í Svíþjóð starfa um 90 manns en hugbúnaður Meniga er notaður af meira en 35 milljónum netbankanotenda í um 20 löndum um allan heim. Við leggjum okkur fram við að bjóða upp á krefjandi og spennandi verkefni, fjölskylduvænan og skemmtilegan vinnustað og leggjum áherslu á heilsueflingu starfsfólks.**

## Forritarar í innleiðingu og þróun

**Meniga óskar eftir að ráða öfluga og reynslumikla hugbúnaðarsérfræðinga í spennandi hugbúnaðarverkefni í innleiðingarteymi annars vegar og við hugbúnaðarþróun hins vegar. Þú yrðir hluti af gríðarlega skemmtilegu og metnaðarfullu hugbúnaðarteymi og fengir tækifæri til að vinna náið með mörgum af stærstu og framsæknustu bönkum heims að því að skapa netbankalausnir framtíðarinnar.**

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði kerfisfræði, tölvunarfræði, tækni- eða verkfræði
- Að minnsta kosti 3 ára reynsla af forritun
- Góðir samskiptahæfileikar og jákvætt viðhorf

## Vörustjóri/ráðgjafi við innleiðingu

**Við erum að leita að fólki með ástríðu fyrir vöruþróun og hugbúnaði sem hefur bakgrunn og reynslu í að umbreyta hugmyndum í gagnlegan og áhrifamikinn hugbúnað fyrir viðskiptavini okkar.**

**Ef þú hefur áhuga á því hjálpa okkur við að byggja netbanka framtíðarinnar og tryggja að viðskiptavinir okkar njóti alls þess sem Meniga hefur upp á bjóða, þá viljum við heyra í þér.**

### Við leitum að eftirfarandi í þínu fari

- Yfirgripsmikil þekking og áhugi á aðferðum og tækni sem er í fararbroddi við hönnun og smíði netbanka
- Reynsla í því að starfa með hugbúnaðarfólki að hugbúnaðarverkefnum
- Sérþekking í notendaviðmótum
- Reynsla af vörustjórnun er kostur
- Hæfileiki í samskiptum, geta til að koma fram og flytja kynningar sem og að leiða vinnustofur með viðskiptavinum okkar
- Reiprennandi enskukunnátta

## Gagnagrunnsforritari

### Draumakandídatinn væri með

- Háskólapróf í tölvunarfræði eða hugbúnaðarverkefræði
- Reynslu af forritun, reynsla af gagnagrunnsforritun væri aljgör snilld
- Reynslu af útgáfstýringu og afhendingu gagnagrunnshugbúnaðar
- Reynslu af skeljartungumálum og viljann til þess að taka þátt í devOps ferlum
- til í að vinna á móti mismunandi umhverfum (MSSQL Server, Oracle), og til í að kynna sér nýja tækni
- Nákvæm vinnubrögð og með gott auga fyrir smáatriðum
- Sjálfstraust til þess að takast á við áskoranir
- Létt lundarfar og skopskyn

Umsóknarfrestur er til og með 15.janúar 2017. Sækja þarf um á Meniga.com/jobs
Nánari upplýsingar veitir Þórhildur Birgisdóttir á netfanginu thorhildur@meniga.com

EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY

The EFTA Surveillance Authority (ESA) monitors compliance with the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement) in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling those States to participate in the Internal Market of the European Union.

ESA is, like the European Commission, independent of the States and safeguards the rights of individuals and undertakings under the EEA Agreement, ensuring free movement, fair competition and control of state aid. ESA's work helps remove barriers to trade and open up new opportunities to over 500 million Europeans, creating jobs and growth and adding to the international competitiveness of the States.

The Authority is based in Brussels, currently employs 70 staff members of 16 nationalities and uses English as its sole working language. The Authority is led by a College consisting of three members, each appointed for a period of four years by the three participating EFTA States.

## Legal & Executive Affairs Officer

**Role Description**

The Authority is looking to recruit an experienced EU/EEA lawyer able to combine a solid background in general EU/EEA internal market law with specialist knowledge of competition law, specifically in relation to investigations and decisions in the fields covered by Articles 101 and 102 TFEU / Articles 53 and 54 EEA as well as the relevant procedural frameworks. Experience of, and a real enthusiasm for, litigation in the European Courts are highly desirable.

This post will be located in the Legal & Executive Affairs (LEA) department, reporting to the Director of Legal and Executive Affairs. Within the Authority, LEA is responsible for providing legal advice and support with regard to policy formulation, co-ordination and communication. The Department in particular reviews all decisions of the Authority and conducts litigation before the EFTA Court and the Court of Justice of the European Union.

For this post, day-to-day work will cover all aspects of EEA internal market law, where the successful candidate will be involved in the legal review, litigation and policy support roles common to all the lawyers in the department, working in close cooperation with the Communications team, case-handlers in other departments of the Authority and with Members of the College. At the same time, the postholder will be expected to take the leading role within the department when it comes to providing procedural and substantive advice in relation to competition investigations, as well as defending in court any decisions adopted by the Authority in enforcing competition law. Competition workload is likely to arise relatively infrequently but be substantial when it does. By virtue of the division of competence between the Authority and the European Commission, the bulk of this work concerns enforcement of the provisions of the EEA Agreement in relation to abuse of dominance (Art 102 TFEU, Art 54 EEA). Cartel cases are not common and the Authority handles hardly any merger cases.

The position presents a unique opportunity to combine a busy litigation practice in front of the European Courts spanning all areas of internal market law with a challenging and crucial role in the Authority's competition enforcement activities. It should appeal in particular to eloquent, dynamic and self-motivated lawyers who enjoy analysing legal problems and embrace the responsibility of conducting litigation while at the same time being interested in policy formulation and implementation at both national and European level.

JOB REFERENCE 13/2016

**Deadline for applications:** 15 January 2017
**Start date:** May 2017 or earlier

For full details of this position and to apply please visit:
**https://jobs.eftasurv.int**

---

# Atvinnutækifæri 50% starf

Verslun sem verslar með gæðarúm óskar eftir öflugum starfsskrafti frá og með 2. janúar 2017.

Áhugasamir sendi umsókn á box@frett.is merkt **„RÚM 2017"** fyrir 20. desember nk.

---

# STARFSFÓLK ÓSKAST Í AFGREIÐSLU

Fullt starf eða hlutastarf í boði.

Áhugasamir sæki um á netfangið ***bjornsbakari@bjornsbakari.is*** merkt **ATVINNA.**

BJÖRNSBAKARI Sími: 561 1433

---

# BIRTINGARÁÐGJAFAR Á BETRI STOFU

Hefur þú góða þekkingu á markaðsfræðum?

Hefur þú menntun og reynslu af vinnu við nýmiðla og aðra miðla?

Við leitum að öflugu fólki til að vinna við framúrskarandi birtingaráðgjöf; að skemmtilegum starfsfélögum með góðan skilning á tölfræði, markahópagreiningu og þekkingu á helstu forritum þar að lútandi. Hafðu samband sem fyrst því við göngum hratt frá málum.

Umsóknarfrestur til 6. janúar.

**Netfangið er: atvinna@bestun.is**

bankastræti 9 562 2700
101 reykjavík www.bestun.is

bestun birtingahús

---

# Reykjavíkurborg
## Skrifstofa þjónustu og reksturs

## HÚSVÖRÐUR STJÓRNSÝSLUHÚSA

Skrifstofa þjónustu og reksturs leitar eftir einstaklingi í húsumsjónarteymi sem sinnir alhliða eftirliti með húsnæði Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12-14, Höfða og Ráðhúsi Reykjavíkur.

Unnið er aðra vikuna frá kl. 8:00 til 16:00 og hina vikuna frá kl. 10:00 til 18:00. Auk þess munu húsverðir þurfa að sinna tilfallandi yfirvinnu vegna viðburða í stjórnsýsluhúsum. Húsverðir fá afnot af farsíma og sinna útköllum sem kunna að koma upp, eftir að hefðbundnum vinnudegi líkur.

Skrifstofa þjónustu og reksturs hefur yfirumsjón með og annast samræmingu á þjónustu borgarinnar, sérstaklega rafrænni þjónustu og þjónustu í framlínu borgarinnar. Skrifstofan ber ábyrgð á rekstri þjónustuvers, undir hana heyra skjalasafn Ráðhúss og Skjalaver á Höfðatorgi sem og upplýsingatæknimál borgarinnar með tilheyrandi rekstri tölvubúnaðar, tæknilegu þróunarstarfi og hugbúnaðarþróun. Skrifstofan ber ennfremur ábyrgð á rekstri Ráðhúss, Höfðatorgs, Höfða sem og mötuneyta Ráðhúss og Höfðatorgs.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Almenn húsumsjón, þar með talið eftirlit með hússtjórnarkerfum, öryggiskerfum, aðgangshurðum o.fl.
- Eftirlit með stöðu lýsingar, hitastillingar og raftækja
- Fylgjast með öryggis- og brunakerfum
- Þjónusta við gesti og gangandi, starfsmenn og borgarfulltrúa
- Halda húsunum og umhverfi snyrtilegu
- Flutningur og uppsetning vinnustöðva, húsgagna og annað sem tilheyrir
- Undirbúningur og frágangur vegna ýmissa funda og atburða í fundaherbergjum og sölum
- Húsvörður skal hafa eftirlit með vinnu utanaðkomandi iðnaðarmanna í stjórnsýsluhúsum
- Önnur þau skyld verkefni sem teymisstjóri stjórnsýsluhúsa kallar eftir

**Hæfniskröfur**
- Iðnmenntun eða sambærileg menntun
- Góð almenn reynsla af húsvörslu
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Tölvukunnátta
- Þjónustulund
- Góð enskukunnátta er kostur
- Reynsla af notkun öryggis- og hússtjórnarkerfa æskileg

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags við Reykjavíkurborg.
Nánari upplýsingar veita Halldór Nikulás Lárusson, deildarstjóri þjónustudeildar í netfangi ***halldor.nikulas.larusson@reykjavik.is***
**Umsóknarfrestur er til og með 23. desember.** Umsækjendur skulu sækja a um á heimasíðu Reykjavíkurborgar, ***www.reykjavik.is/laus-storf.***

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í.**

---

# REYKJANESBÆR
*reykjanesbaer.is*

## SÁLFRÆÐINGUR ÓSKAST

Reykjanesbær óskar eftir að ráða sálfræðing í 50% starfshlutfall á fræðslusvið bæjarsins. Sálfræðingur starfar í þverfaglegu samstarfi við kennsluráðgjafa, talmeinafræðinga, starfsfólk skóla, velferðarþjónustu og aðra sérfræðinga. Faglegt starfsumhverfi, þar sem lögð er áhersla á vönduð vinnubrögð, klínískar leiðbeiningar og að hagsmunir nemenda séu hafðir að leiðarljósi.

**Starfssvið sálfræðings:**
- Sálfræðilegar athuganir á börnum í leik- og grunnskólum.
- Fræðsla til barna og fjölskyldna þeirra.
- Ráðgjöf við starfsfólk í skólum.
- Vinnur í þverfaglegu teymi skólaþjónustu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Sálfræðimenntun og réttindi til að starfa sem sálfræðingur.
- Reynsla á sviði skólasálfræði og félagsþjónustu er æskileg.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur er til og með 27. desember 2016.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Einar Trausti Einarsson yfirsálfræðingur, einar.t.einarsson@reykjanesbaer.is og Gyða M. Arnmundsdóttir deildarstjóri skólaþjónustu, gyda.m.arnmundsdottir@reykjanesbaer.is. Sækja skal um starfið á vef Reykjanesbæjar, www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf.

---

# ráðum
ráðningarstofa

# Ertu að leita að starfi?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is




# SÉRFRÆÐINGUR Í SKJÖLUN Á KLÍNÍSKUM UPPLÝSINGUM VEGNA ÞRÓUNAR OG MARKAÐSSETNINGAR LÆKNINGATÆKJA

Starfið felur í sér gerð og viðhald skjala til staðfestingar á virkni og öryggi lækningatækja Össurar sem hluti af tækniskrá vörunnar og í samræmi við gæðastaðla. Einnig þátttöku í skilgreiningu á virkni- og öryggiskröfum og skipulagningu klínískra prófana í samstarfi við þróunarteymi.

## STARFSSVIÐ

- Ritun og viðhald klíniskra skjala í tækniskrá lækningatækja Össurar
- Aðkoma að ákvörðunum um læknisfræðilegar virkni- og öryggiskröfur lækningatækja í tengslum við hönnun og þróun
- Þátttaka í skipulagningu klínískra prófana og rannsókna
- Tölfræðileg úrvinnsla og skjalfesting niðurstaðna klínískra prófana

## HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Skilningur á mikilvægi skjölunar og gæðakrafna vegna klínísks stuðnings við lækningavörur
- Þekking á og/eða vilji til að læra og tileinka sér kröfur og staðla varðandi klínískt mat á lækningatækjum
- Góð skipulagsfærni og nákvæmni
- Góð samskipta- og tjáningarhæfni á ensku, bæði rituðu og töluðu máli
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í störfum

Umsóknarfrestur er til og með 29. desember 2016. Sótt er um starfið á vef Össurar, ossur.is/mannaudur. Athugið að velja viðeigandi starf.
Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.

Jafnlaunaúttekt PwC 2014

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja.
Hjá félaginu starfa um 2800 manns í 20 löndum.
Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.

WWW.OSSUR.COM



# INNKAUPASTJÓRI

## VIÐ LEITUM AÐ ÖFLUGUM EINSTAKLINGI Í STARF INNKAUPASTJÓRA Á ÍSLANDI

**Helstu verkefni:**

» Stýring innkaupa
» Birgða– og lagerhald
» Flutnings– og tollamál
» Samskipti við tengiliði birgja (Global Supply teymi)
» Greiningarvinna af ýmsum toga

**Menntunar– og hæfniskröfur:**

» Háskólamenntun á sviði vörustjórnunar eða sambærilegt nám
» Starfsreynsla af innkaupum
» Greiningarhæfni
» Hæfni til að vinna með tölur og gagnasöfn
» Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
» Framúrskarandi samskiptahæfileikar
» Gott vald á ensku

## ALVOGEN

Alvogen er með starfsemi í 35 löndum og hóf starfsemi sína á Íslandi árið 2010.

Nú starfa um 180 sérfræðingar og vísindamenn hjá systurfyrirtækjunum Alvotech og Alvogen á Íslandi.

**Umsóknarfrestur er til 19. desember næstkomandi og sótt er um starfið á vefnum okkar www.alvogen.is/storf-i-bodi**
**Ef þú hefur spurningar varðandi ráðningaferlið sendu þá tölvupóst á netfangið maria.bragadottir@alvogen.com**

Alvogen
**www.alvogen.is**



# Sérfræðingur

Sérfræðingur óskast í fullt starf hjá Rannís. Starfið felst í umsýslu samkeppnissjóða á vegum Rannís, einkum Tækniþróunarsjóðs auk annarra verkefna s.s. þátttöku í uppbyggingu upplýsingakerfis Rannís.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í verkfræði, tæknifræði eða sambærilegum greinum. Meistarapróf æskilegt
- Þekking á gagnagrunnum og SQL fyrirspurnarmáli
- Þekking á hugbúnaðargerð
- Góð tungumálakunnátta í íslensku og ensku, bæði tal- og ritmál
- Þjónustulund, jákvætt viðmót og færni í samskiptum
- Metnaður til að ná árangri í starfi með því að sýna vönduð vinnubrögð, frumkvæði og veita góða þjónustu

**Umsóknarfrestur er til og með 19. desember 2016**
Nánari upplýsingar er að finna á: www.rannis.is/starfsemi/laus-storf/

**Upplýsingar um starfið veita:**
Sigurður Björnsson, sviðsstjóri rannsókna- og nýsköpunarsviðs í síma 515 5801 eða netfanginu sigurdur.bjornsson@rannis.is.
Lýður Skúli Erlendsson, sérfræðingur á rannsókna- og nýsköpunarsviði, í síma 515 5810 eða netfanginu lydur.skuli.erlendsson@rannis.is

Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins, menntunar og þróunar mannauðs ásamt menningar og skapandi greina. Rannís stuðlar að þróun þekkingarsamfélagsins í gegnum rekstur samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum. Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs.

rannís
Borgartúni 30, 105 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# Störf við akstur og leiðsögn erlendra ferðamanna

Ört vaxandi fyrirtæki í ferðaþjónustu leitar að starfsfólki við akstur og leiðsögn erlendra ferðamanna (ökuleiðsögn).

**Hæfniskröfur:**

> Mjög góð kunnátta í ensku.
> Reynsla af starfi í ferðaþjónustu.
> Góð kunnátta af landi og þjóð.
> Reynsla af leiðsögn og ferðamennsku kostur, áhugi á leiðsögn og ferðamennsku skilyrði.
> Rútupróf æskilegt en áhugi og geta til að taka rútupróf skilyrði.

Umsóknarfrestur er til 16. janúar 2017. Vinsamlegist sendið umsóknir á ensku á netfangið jens@funtravel.is. Í boði er mjög áhugavert starf sem býður upp á mikla framtíðarmöguleika.

Fun Travel
Auðbrekka 9-11
200 Kópavogur
www.funtravel.is
Intrepid Group

ALÞINGI

**Skrifstofa Alþingis**
auglýsir eftir deildarstjóra upplýsinga- og rannsóknaþjónustu.
Sjá nánari á starfatorg.is.

SAMSKIP




# > Kranastjóri og tækjamenn

**Samskip óska eftir að ráða kranastjóra og tækjamenn til starfa á athafnasvæði sitt við Kjalarvog. Helstu verkefni kranastjóra og tækjamanna er losun og lestun skipa og meðhöndlun gáma á hafnarsvæði.**

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Kranaréttindi B og tækjaréttindi K eru kostur
- Reynsla af kranavinnu / tækjavinnu er kostur
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Íslenskukunnátta er skilyrði
- Heiðarleiki, stundvísi og hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott heilsufar og geta til að vinna undir álagi

Umsóknarfrestur er til og með **30. nóvember n.k.**

Tekið er á móti umsóknum í gegnum heimasíðu okkar **www.samskip.is** og óskað er eftir því að ferilskrá fylgi umsókn. Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreina sakaskrá.

Nánari upplýsingar veitir Ómar Örn Karlsson rekstrarstjóri hafnarsvæðis í síma 458 8530 **omar.karlsson@samskip.com**

Samskip eru alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti með hagkvæmni að leiðarljósi. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvissa fræðslu og þjálfun starfsfólks. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru okkur mikilvæg og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.

ENNEMM / SÍA / NM78112

GRINDAVÍKURBÆR

# Atvinna
## Starfsmaður í þjónustumiðstöð

Grindavíkurbær óskar eftir að ráða starfsmann í þjónustumiðstöð bæjarins. Leitað er að metnaðarfullum og traustum einstaklingi, sem hefur áhuga á fjölbreyttum verkefnum. Um 50% starf er að ræða.

**Verksvið og ábyrgð**

- Minniháttar viðhaldi á smávélum.
- Minniháttar viðhald á bílum þjónustumiðstöðvar. t.d. olíuskipti o.fl.
- Minniháttar viðhald á vatns- og fráveitu.
- Ýmis viðhaldsvinna innan stofnana bæjarins.
- Önnur tilfallandi störf í þjónustumiðstöð, m.a. afleysingar á þjónustubifreið, viðhald á opnum svæðum, snjómokstur o.fl.

**Hæfniskröfur**

- Starfsreynsla frá sambærilegum verkefnum sem nýst getur í starfi.
- Þekking og reynsla af því að vinna með vélar og að viðhalda þeim.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Bílpróf og vinnuvélaréttindi.
- Meirapróf/fólksflutninga 10 farþega eða gamla ökuskírteinið - ökuskírteini sem voru í gildi 1. mars 1988
- Rík þjónustulund við íbúa bæjarins.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Suðurnesja. Umsækjandi þarf að vera reiðubúinn að ganga bakvaktir skv. bakvaktarkerfi þjónustumiðstöðvar.

Umsækjandi þarf að vera með hreint sakavottorð og skila því inn þegar þess er óskað.

Konur, jafnt sem karlar, eru hvattir til að sækja um starfið.

Umsóknareyðublöð fyrir starfið má nálgast á heimasíðu Grindavíkurbæjar – www.grindavik.is/atvinna

Senda skal umsóknir til Sigmars B. Árnasonar byggingafulltrúa á bygg@grindavik.is, skila í afgreiðslu Grindavíkurbæjar Víkurbraut 62, eða senda á póstfangið:

**Grindavíkurbær**
**„Starfsmaður í þjónustumiðstöð"**
**Víkurbraut 62**
**240 Grindavík**

**Umsóknarfrestur er til og með 26. desember nk.**
Nánari upplýsingar veitir byggingafulltrúi í síma 420 1109.

## Laus er staða sjúkraliða á Eir hjúkrunarheimili.

Starfshlutfall samkomulag en aðallega er um að ræða morgun- og kvöldvaktir. Helgarvaktir samkomulag.

Upplýsingar veita Einar Björnsson deildarstjóri og Edda Björk Arnardóttir mannauðsstjóri í síma 522 5700.

Umsóknir má einnig senda rafrænt á edda@eir.is, auðkenndar með: Sjúkraliði2N

**Eir hjúkrunarheimili**
**Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík**
**Sími 522 5700**

## Radisson Blu 1919 hótel
**óskar eftir að ráða tvo starfsmenn í 50% starf í gestamóttöku á næturvaktir**

Radisson BLU 1919 HOTEL, REYKJAVIK



**Unnið er í viku og vika frí á vöktum:**
Sunnudaga - fimmtudaga frá 00:00 – 06:00
og föstudaga - laugardaga frá 02:00 – 08:00

**Hæfniskröfur:**
- Geta unnið undir álagi/skipulagður
- Sýna sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, bæði í tali og riti.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. desember nk.**

Umsóknir skal senda á netfangið Solveig.gudmundsdottir@radissonblu.com.

Ef nánari upplýsinga er óskað vinsamlegast hafið sambandið við Sólveigu J. Guðmundsdóttur í síma 599-1011 eða skiljið eftir skilaboð hjá gestamóttöku í síma 599 1000.

Radisson BLU




## SLÖKKVILIÐIÐ LEITAR AÐ LIÐSAUKA

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) vill ráða starfsfólk til að sinna slökkvistarfi og sjúkraflutningum. Bæði er um framtíðarstörf að ræða og sumarstörf fyrir sumarið 2017. Framtíðarstarfsmenn munu fá nauðsynlega menntun og þjálfun til að geta sinnt bæði slökkvistarfi og sjúkraflutningum hjá SHS en sumarstarfsmenn þurfa að hafa starfsréttindi sem sjúkraflutningamenn. Allir starfsmenn verða að vera reiðubúnir að vinna vaktavinnu.

Við erum að leita að einstaklingum sem vilja láta gott af sér leiða og hafa áhuga á að tilheyra öflugu liði sem hefur það hlutverk að sinna útkallsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Við viljum gjarnan sjá fleiri konur í liðinu og æskilegt er að umsækjendur séu ekki eldri en 28 ára vegna kröfu um eðlilega endurnýjun í liðinu.

**Kynningarfundur** verður haldinn fyrir umsækjendur í slökkvistöðinni í Hafnarfirði þann 6. janúar kl. 17:00 og hlaupapróf (æfingapróf) fara fram í Kaplakrika 17. desember og 7., 14. og 21. janúar. Nánari upplýsingar um hæfniskröfur og umsóknarferlið í heild sinni má finna á heimasíðu SHS.

**www.shs.is**
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
Skógarhlíð 14 / S: 528-3000

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
**www.hagvangur.is**

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Deildarstjóri á nýtt heimili fyrir fatlað fólk

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir deildarstjóra á nýtt heimili 5 einstaklinga með fötlun.
Starfshlutfallið 100% starf í vaktavinnu og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Um framtíðarstarf er að ræða.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Ábyrgð á faglegu starfi í samvinnu við forstöðumann.
- Gerir einstaklingsáætlanir í samvinnu við íbúa, starfsmenn og forstöðumann.
- Einstaklingsmiðaður persónulegur stuðningur við íbúa í þeirra daglega lífi, jafnt innan sem utan heimilis.
- Tekur þátt í að þjálfa starfsfólk skv. faglegum áherslum
- Velferðarsviðs þannig að starfsfólk veiti sérhæfða þjónustu.
- Tekur þátt í að þróa verkferla fyrir starfsfólk og skiptingu verkefna á milli þeirra.
- Stuðlar að góðum samskiptum við aðstandendur íbúa.

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis-, mennta- eða félagsvísinda
- Reynsla af starfsmannahaldi æskilegt
- Gerð er krafa um haldgóða reynslu af starfi með fötluðu fólki
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum, ábyrgðarkennd og frumkvæði
- Hæfni til að takast á við krefjandi vinnuumhverfi/verkefni
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög og reglur Reykjavíkurborgar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Birgir Freyr Birgisson í síma 8214600 og tölvupósti birgir.freyr.birgisson@reykjavik.is
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is**

**Umsóknarfrestur er til 21. desember n.k**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í**

SÖLU- & BÓKUNARDEILD
Í ♥ BORGARINNAR
CENTER HOTELS

CenterHotels óskar eftir að ráða reynslumikinn starfsmann í sölu- og bókunardeild.

**Starfssvið:**
- Sala og umsjón með einstaklingsbókunum
- Samskipti við endursöluaðila
- Yfirsýn yfir bókanir fyrirtækisins
- Vinna að því að ná markmiðum fyrirtækisins

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af sölu og bókunarmálum hótela
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð samskiptafærni
- Almenn tölvukunnátta

Umsóknir óskast sendar á jobs@centerhotels.is merkt "**Söludeild**" fyrir 15.desember 2016.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

CenterHotels er fjölskyldurekin hótelkeðja sem samanstendur af sex fyrsta flokks hótelum í miðborg Reykjavíkur. CenterHotels leggur áherslu á góða þjónustu og leitar því að starfsfólki sem hefur ríka þjónustulund og metnað til að standa sig í starfi.

CENTERHOTEL SKJALDBREIÐ · CENTERHOTEL KLÖPP · CENTERHOTEL ÞINGHOLT
CENTERHOTEL ARNARHVOLL · CENTERHOTEL PLAZA · CENTERHOTEL MIÐGARÐUR

#CenterHotels #BorgarGisting #IHjartaBorgarinnar
www.centerhotels.is

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA




# LEITUM AÐ ÖFLUGUM
## REKSTRARSTJÓRA Á REYÐARFIRÐI

### Leitum að sterkum leiðtoga í krefjandi stjórnunarstarf

**Ábyrgðarsvið**
- Rekstur og stjórnun verslunar
- Að framfylgja stefnu fyrirtækisins
- Ráðgjöf, þjónusta og sala til viðskiptavina
- Tilboðsgerð

**Hæfniskröfur**
- Þjónustulund, áhugi og metnaður
- Reynsla af rekstri og stjórnun
- Reynsla af verslun og þjónustu æskileg
- Frumkvæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Menntun sem nýtist í starfi

**Í boði er**
- Krefjandi stjórnunarstarf hjá góðu fyrirtæki
- Gott og öruggt starfsumhverfi
- Góður starfsandi
- Rekstrarstjóri tilheyrir hópi lykilstjórnenda fyrirtækisins

Umsóknir berist fyrir 23. desember n.k. og sendast til atvinna@husa.is

Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

**Metnaður**
**Þjónustulund**
**Sérþekking**



Byggjum á betra verði

# Starfsfólk óskast!

Við auglýsum eftir hressu og skemmtilegu starfsfólki í bæði hlutastörf og full störf.

**Við leitum að einstaklingum sem:**
- hafa framúrskarandi þjónustulund
- eru stundvísir, reglusamir og geta unnið undir álagi
- hafa góða færni í mannlegum samskiptum
- hafa náð 18 ára aldri

Reynsla af þjónustustörfum er mikill kostur.

Áhugasamir sendi umsókn, mynd og ferilskrá á **10-11.is/starfsumsokn**.

10-11
Fljótlegt og þægilegt

LANDSPITALI

# LANDSPÍTALI ... VERTU MEÐ!

### Augnlækningar

## NÁMSSTAÐA DEILDARLÆKNIS

*Laust er til umsóknar fullt starf læknis í starfsnámi við augnlækningar í 6-24 mánaða eða eftir samkomulagi.*

*Starfið hentar vel þeim sem áhuga hafa á sérfræðinámi í augnlækningum og vilja kynna sér hvort augnlækningar komi til greina sem framtíðarstarf. Einnig fyrir verðandi heilsugæslulækna sem vilja afla sér viðbótarþekkingar í augnsjúkdómafræðum. Hlutastarf kemur til greina fyrir lækna í sérnámi í heilsugæslu, tauga- eða bráðalækningum sem vilja kynna sér augnlækningar í tengslum við sérnám í þessum greinum.*

### Meðgöngu- og sængurlegudeild

## LJÓSMÆÐUR

*Leitað er eftir faglega sterkum ljósmæðrum til starfa á meðgöngu- og sængurlegudeild sem hafa áhuga á að taka þátt í faglegri uppbygginu á deildinni. Um er að ræða tvö störf, framtíðarstarf (80%) ásamt afleysingarstarfi (60-80%) til hausts 2017.*

*Deildin sinnir konum eftir fæðingu í sængurlegu og þeim sem þurfa innlögn og náið eftirlit á meðgöngu, við missi á meðgöngu við 12-22 vikur og þegar frávik eru í sængurlegu. Veitt er fagleg umönnun með fjölskylduhjúkrun að leiðarljósi. Deildin hefur verið endurnýjuð mikið á undanförnum árum og aðstaða fyrir skjólstæðinga verið bætt.*

### Göngudeild geðsviðs

## HEILBRIGÐISSTARFSMAÐUR

**Foreldrar meðganga barn - FMB-teymið**

*Heilbrigðisstarfsmaður: Félagsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur, sálfræðingur eða iðjuþjálfi óskast til starfa í FMB teymið við göngudeild geðsviðs.*

*Starfsmenn teymisins veita meðferð sem byggir á tengslaeflandi vinnu með ungbörnum og foreldrum. Meðferðin byggir á fjölskyldumiðaðri nálgun þar sem barn og foreldri þess er í forgrunni til viðbótar við hefðbundna þjónustu göngudeildar geðsviðs við foreldra með geðrænan vanda. FMB er samhent teymi sem nýtur reglulegrar handleiðslu og tækifæri eru til starfsþróunar.*

### Útskriftardeild aldraðra

## SJÚKRALIÐI

*Við sækjumst eftir sjúkraliða sem hefur ánægju af samstarfi við aldraða. Ef þú ert lífsglaður og metnaðarfullur sjúkraliði þá viljum við fá þig í vinnu. Starfið felur í sér umsjón með deild að næturlagi. Starfshlutfall er samkomulag og æskilegt er að viðkomandi geti hafið starf sem fyrst.*

*Á deildinni starfa um 30 manns í þverfaglegu teymi. Þar ríkir góður starfsandi sem einkennist af vinnugleði, metnaði, skipulagi og sveigjanleika. Vaktabyrðin er hófleg og því óhætt að segja að starfsumhverfið sé fjölskylduvænt. Í boði er skemmtilegt starf fyrir þann sem vill taka þátt í hvetjandi starfi þar sem stefnan er að útskrifa skjólstæðinga heim eftir mánaðar endurhæfingu.*

### Rjóður

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

*Við leitum eftir tveim hjúkrunarfræðingum til starfa í Rjóðri sem staðsett er á lóð LSH í Kópavogi. Starfshlutfall er 60-100%, unnið er í vaktavinnu.*

*Rjóðrið er hvíldar- og endurhæfingarheimili fyrir langveik börn. Þar starfa tæplega 30 manns. Starfsemi Rjóðurs gefur börnum með ólæknandi sjúkdóma möguleika á að dvelja reglulega í öruggu umhverfi þar sem þau njóta umönnunar hjúkrunarmenntaðs fagfólks.*

### Fæðingarteymi

## SÉRFRÆÐILÆKNIR

*Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í fæðingarlækningum í fæðingarteymi kvenna- og barnasviðs Landspítala. Starfshlutfall er 100%.*

*Í fæðingarteyminu er lögð áhersla á þverfaglega samvinnu til að tryggja öryggi mæðra og barna. Starf sérfræðilæknis í fæðingarteymi LSH felur í sér vinnu við fæðingarþjónustu, þ.m.t. göngudeild vegna áhættumæðraverndar og vinna við fæðingar. Þátttaka er í vöktum og bakvöktum fæðinga- og kvenlækninga. Þátttaka í kennslu og vísindavinnu sem og önnur sérverkefni, umsjónarstörf eða eftirlitsverkefni eru í samráði við yfirlækni.*

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA;**

WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR OG STARFATORGI; WWW.STARFATORG.IS

*Landspítali er lifandi og fjölbreyttur vinnustaður þar sem yfir 5000 manns starfa í þverfaglegum teymum og samstarfi ólíkra fagstétta. Framtíðarsýn Landspítala er að vera háskólasjúkrahús í fremstu röð þar sem sjúklingurinn er ávallt í öndvegi. Lykiláherslur í stefnu spítalans eru öryggismenning, skilvirk og vönduð þjónusta, uppbygging mannauðs og stöðugar umbætur.*

Reykjavíkurborg
Mannréttindaskrifstofa

## Sérfræðingur í Bjarkarhlíð – miðstöð fyrir brotaþola ofbeldis

Óskað er eftir umsækjendum í starf sérfræðings í Bjarkarhlíð –miðstöð fyrir brotaþola ofbeldis. Bjarkarhlíð mun hefja starfsemi sína í ársbyrjun 2017. Þar verður veitt samhæfð þjónusta og ráðgjöf fyrir fullorðna einstaklinga sem beittir hafa verið ofbeldi. Starfið felur í sér þátttöku í uppbyggingu og þróun þjónustu Bjarkarhlíðar, ásamt fræðslu, kynningarmálum og ráðgjöf. Verkefnið er þróunarverkefni til ársloka 2017.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Þátttaka í mótun þjónustu og starfsemi Bjarkarhlíðar
- Umsjón með fræðslu- og kynningarefni
- Ráðgjöf og upplýsingar til brotaþola ofbeldis
- Umsjón með vefsíðu

**Menntun- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði sálfræði, félagsráðgjafar, hjúkrunarfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking á birtingarmyndum ofbeldis.
- Reynsla af fræðslu og kynningarmálum.
- Reynsla af ráðgjöf í ofbeldismálum.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.
- Lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustugleði.
- Reynsla af miðlun upplýsinga í ræðu og riti.
- Góð enskukunnátta og kunnátta í þriðja tungumáli er kostur.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfshlutfall sérfræðings er 100%.

Bjarkarhlíð –miðstöð fyrir brotaþola ofbeldis er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, velferðarráðuneytis, innanríkisráðuneytis, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Samtaka um kvennaathvarf, Stígamóta, Drekaslóðar, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Kvennaráðgjafarinnar.

Upplýsingar um starfið veitir Ragna Björg Guðbrandsdóttir verkefnastjóri Bjarkarhlíðar í tölvupósti: ragna.bjorg.gudbrandsdottir@reykjavik.is og í síma 862-8087

**Umsóknarfrestur er til 23. desember 2016. Umsækjendur sæki um á vefsíðu Reykjavikurborgar, www.reykjavik.is/laus-storf**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**



# Sérfræðingar í upplýsingatækni

Hjá AGR Dynamics starfar öflugur hópur sérfræðinga við hugbúnaðarþróun, þjónustu og ráðgjöf í vörustjórnun fyrir alþjóðlegan hóp viðskiptavina. Vegna aukinna verkefna óskum við eftir sérfræðingum til starfa á skemmtilegum vinnustað við spennandi og krefjandi verkefni.

## NAV forritun og ráðgjöf

- Forritun og tæknileg ráðgjöf í NAV og LS NAV
- Reynsla í NAV, LS NAV, Exchange, PowerShell, Office, CRM og SharePoint æskileg
- Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegt
- Góð enskukunnátta, hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og nákvæmni í starfi

## SQL sérfræðingur

- Greining og úrlausn verkefna með T-SQL forritun fyrir alþjóðlegan hóp viðskiptavina
- Tæknileg aðkoma að innleiðingu viðskiptalausna AGR
- Viðkomandi mun taka þátt í þróun viðskiptalausna AGR með áherslu á gagnagrunnsenda
- Þekking og reynsla af Microsoft SQL forritun
- Háskólapróf á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða önnur sambærileg menntun er skilyrði

## Tæknilegur ráðgjafi

- Stjórnun verkefna fyrir alþjóðlegan hóp viðskiptavina AGR
- Greining og úrlausn á flóknum verkefnum tengdum vörustýringu og áætlunargerð
- Tækniieg aðkoma að innleiðingu viðskiptalausna AGR
- Þekking og reynsla af Microsoft SQL forritun er kostur
- Háskólapróf á sviði verkfræði, tölvunarfræði, viðskiptafræði eða sambærileg menntun er skilyrði

Umsækjendur skulu senda upplýsingar um menntun og starfsreynslu á job@agrdynamics.is fyrir 19. desember. Nánari upplýsingar veitir Haukur Hannesson, framkvæmdastjóri í síma 512-1000. Fullum trúnaði heitið.

AGR Dynamics er alþjóðlegt hugbúnaðarfyrirtæki sem hefur frá stofnun, árið 1997, þróað eigin lausnir til hagræðingar í rekstri aðfangakeðjunnar. Á skrifstofum okkar á Íslandi, Bretlandi og í Danmörku starfa 45 manns sem þjónusta alþjóðlegan hóp viðskiptavina.

AGR Dynamics

AGR Dynamics - Bæjarhálsi 1 - 110 Reykjavík - s: 512 1000 - www.agrdynamics.is

## Störf við akstur og leiðsögn erlendra ferðamanna

Ört vaxandi fyrirtæki í ferðaþjónustu leitar að starfsfólki við akstur og leiðsögn erlendra ferðamanna (ökuleiðsögn) .

**Hæfniskröfur:**

> Mjög góð kunnátta í ensku.
> Reynsla af starfi í ferðaþjónustu.
> Góð kunnátta af landi og þjóð.
> Reynsla af leiðsögn og ferðamennsku kostur, áhugi á leiðsögn og ferðamennsku skilyrði.
> Rútupróf æskilegt en áhugi og geta til að taka rútupróf skilyrði.

Umsóknarfrestur er til 16. janúar 2017. Vinsamlegist sendið umsóknir á ensku á netfangið jens@funtravel.is. Í boði er mjög áhugavert starf sem býður upp á mikla framtíðarmöguleika.

Fun Travel
Auðbrekka 9-11
200 Kópavogur
www.funtravel.is

Fun TRAVEL

Intrepid Group

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Umsjónarkennari við Ölduselsskóla

**Við Ölduselsskóla er laus staða umsjónarkennara á miðstigi frá næstu áramótum.**

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Annast kennslu nemenda í samráði við skólastjórnendur, aðra kennara og foreldra.
- Vinna að þróun skólastarfs með stjórnendum og samstarfsmönnum.
- Stuðla að velferð nemenda í samstarfi við foreldra og annað fagfólk.

**Hæfniskröfur**
- Leyfisbréf grunnskólakennara.
- Reynsla og áhugi á að starfa með börnum.
- Lipurð í samskiptum og sveigjanleiki í starfi.
- Faglegur metnaður.
- Áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi.
- Góð íslenskukunnátta

**Frekari upplýsingar um starfið**
Laun eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands Félags grunnskólakennara

**Umsóknarfrestur er til og með 14. desember nk.** og skal umsóknum skilað á vef Reykjavíkurborgar http://reykjavik.is/laus-storf

Nánari upplýsingar um starfið veitir Börkur Vígþórsson skólastjóri í tölvupósti borkurv@rvkskolar.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

BHS Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

Borgarholtsskóli er fjölbreyttur, framsækinn og skapandi skóli sem leggur áherslu á að allir fái nám við sitt hæfi. Boðið er upp á margar námsleiðir; í bóknámi, listnámi, iðnnámi og starfsnámi. Einkunnarorð Borgarholtsskóla eru:
***agi, virðing, væntingar.***

## Laus störf við Borgarholtsskóla vorið 2017

Laus er til umsóknar heil staða í **málmiðngreinum** hjá Borgarholtsskóla vorið 2017.

Gerð er krafa um að kennari í málmiðngreinum hafi lokið prófi í iðngrein á málmsviði eða í vélstjórn og hafi starfsleyfi sem framhaldsskólakennari.

Ráðning og kjör: Laun eru í samræmi við kjarasamning KÍ og stofnanasamning Borgarholtsskóla. Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði en í umsókn þarf að greina frá menntun, fyrri störfum og öðru því sem umsækjandi telur að máli skipti.

Jafnt konur og karlar eru hvött til að sækja um störfin. Sakavottorð fylgi umsókn.
Á heimasíðu skólans, **www.bhs.is**, eru upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

Upplýsingar um starfið veitir Aðalsteinn Ómarsson, kennslustjóri, s. 856 1714.
Umsóknir ásamt fylgigögnum sendist í tölvupósti til Ársæls Guðmundssonar, skólameistara, arsael@bhs.is, **fyrir 27. desember.**

***Skólameistari***

# Bílstjóri óskast

## ÓJ&K/SD óskar eftir hraustum og drífandi bílstjóra í fullt starf

Starfið felur í sér að keyra vörur til viðskiptavina. Þjónustulund og lipurð í almennum samskiptum og að sjálfsögðu almenn ökuréttindi eru æskileg.

ÓJ&K Ó. Johnson & Kaaber ehf
SD Sælkeradreifing ehf.

Umsóknir sendist á:
kjartan@ojk.is
merkt **OJK/SD lager**
fyrir 15. des. n.k.

UMHVERFIS STOFNUN



## *Hefur þú brennandi áhuga á miðlun upplýsinga um umhverfismál?*

Umhverfisstofnun óskar eftir að ráða til starfa sérfræðing í miðlun upplýsinga um umhverfismál.

Helstu verkefni sérfræðingsins felast í miðlun upplýsinga um umhverfismál og um störf stofnunarinnar, samskipti við fjölmiðla, eftirfylgni við stefnu og markmið, ritstjórn á vef- og samskiptamiðlum og á útgefnu efni, umsjón með viðburðum á vegum stofnunarinnar ásamt umsjón með framleiðslu á efni fyrir prent- og margmiðlun. Þá tekur sérfræðingurinn þátt í Evrópusamstarfi um upplýsingagjöf um umhverfismál.

Ítarlegri upplýsingar um starfið, helstu verkefni og hæfniskröfur til starfsins er að finna á starfatorg.is og umhverfisstofnun.is/storf_i_bodi

**Umsóknarfrestur er til og með 4. janúar 2017. Umsóknir skulu sendar til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík eða á netfangið ust@ust.is**

**FAGMENNSKA SAMVINNA FRAMSÝNI VIRÐING**

MARORKA

# We create solutions that matter!

**We're in many of the world's largest ships, saving fuel and lowering harmful emissions.**

## PRODUCTION ENGINEER

Marorka is looking for an energetic and independent team player with an eye for detail to join our technical department.

### Responsibilities

- Oversee production processes
- Monitor and improve production procedures
- Assembly of Marorka systems including:
  - Signal connections
  - PC set up
  - Software installation and configuration
- PLC programming
- Documentation and testing
- Provide support to project managers and service engineers

### Requirements

- English (written and spoken) is a requirement
- Knowledge of communication protocols, e.g. Modbus, NMEA is a benefit
- Experience working with electronic equipment
- PLC programming skills are a benefit
- Familiarity with systems on board ships is a benefit

## DEVELOPERS

We're looking for experienced developers seeking challenging work to join our R&D team.

### Responsibilites:

- Write quality code using test-driven methods to ensure maintainability
- Evolve architecture and technology stack
- Assist with clarifying requirements and release planning
- Contribute to our continuous improvement efforts

### Requirements:

- 3+ years work experience
- Skilled in .NET (C#) development and SQL
- Experience in unit testing frameworks, TDD and UI testing
- Passionate about software quality
- Good communicator, eager to learn and share professional knowledge

Marorka is the leading global provider of data-driven energy management and operational performance solutions for the maritime industry. We enable our customers to reduce fuel consumption, cut emissions and increase fleet performance.
Our headquarters are in Reykjavik, Iceland, and we have offices in Denmark, Germany, Singapore and The United Arab Emirates.

Please submit applications to **careers@marorka.com** by 22 December 2016.
For more information about these positions, please contact Heiða Lára Heiðarsdóttir **heida@marorka.com**.

**MARORKA** www.marorka.com Borgartun 26 | 105 Reykjavik | Iceland | Tel. (+354) 582 8000

# SKÓLASTJÓRI - SKARÐSHLÍÐ

Staðan felur í sér stýringu á nýjum 450 nemenda grunnskóla í Hafnarfirði og þar með uppbyggingu á skólasamfélagi í nýju hverfi. Leiðtogahæfileikar og reynsla af skólastarfi og stjórnun skilyrði

**Nánar á hafnarfjordur.is**

**HAFNARFJARÐARBÆR**
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6

**ÞJÓNUSTUVER**
Opið frá kl. 8.00 – 16.00
Alla virka daga

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**


## Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Forstöðumaður Lífvísindaseturs | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201612/1590 |
| Lögfræðingur, tímabundið | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | Reykjavík | 201612/1589 |
| Starfsmaður í veitingarekstur | Þjóðminjasafn Íslands | Reykjavík | 201612/1588 |
| Starfsmaður í safnbúðir | Þjóðminjasafn Íslands | Reykjavík | 201612/1587 |
| Framhaldsskólakennari, málmiðn | Borgarholtsskóli | Reykjavík | 201612/1586 |
| Sjúkraliðar | Sjúkrahúsið á Akureyri, lyflækningad. | Akureyri | 201612/1585 |
| Lögreglumenn, tímabundið | Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu | Reykjavík | 201612/1584 |
| Varðstjórar, tímabundið | Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu | Reykjavík | 201612/1583 |
| Rannsóknarlögreglumaður, tímab. | Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu | Reykjavík | 201612/1582 |
| Lögreglufulltrúar | Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu | Reykjavík | 201612/1581 |
| Lögreglumaður | Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu | Reykjavík | 201612/1580 |
| Þjónustufulltrúi | Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu | Reykjavík | 201612/1579 |
| Rannsóknarlögreglumaður | Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu | Reykjavík | 201612/1578 |
| Varðstjórar | Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu | Reykjavík | 201612/1577 |
| Sérfræðingur í mannauðsdeild | Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu | Reykjavík | 201612/1576 |
| Sjúkraliði | Landspítali, útskriftardeild Landakoti | Reykjavík | 201612/1575 |
| Heilbrigðisstarfsmaður | Landspítali, geðsvið | Reykjavík | 201612/1574 |
| Lektor í þroskunarfræði eldisfisks | Háskólinn á Hólum | Hólar í Hjaltad. | 201612/1573 |
| Lögreglumenn | Lögreglustjórinn á Suðurnesjum | Reykjanesbær | 201612/1572 |
| Rannsóknarlögreglumaður | Lögreglustjórinn á Suðurnesjum | Reykjanesbær | 201612/1571 |
| Landamælavörður | Lögreglustjórinn á Suðurnesjum | Reykjanesbær | 201612/1570 |
| Fagstjóri lækninga | Heilsugæslan Mosfellsumdæmi | Mosfellsbær | 201612/1569 |
| Lífeindafræðingur | Landspítali, sýklafræðideild | Reykjavík | 201612/1568 |
| Sérfræðingur | Rannsóknamiðstöð Íslands | Reykjavík | 201612/1567 |
| Doktorsnemi í eðlisefnafræði | Háskóli Íslands, Raunvísindastofnun | Rvk/Þýskaland | 201612/1566 |
| Sérfræðingur, miðlun upplýsinga | Umhverfisstofnun | Rvk/Landið | 201612/1565 |
| Bókasafns- og upplýsingafr. | Stofnun Árna Magnússonar | Reykjavík | 201612/1564 |
| Sérfræðilæknir,fæðingarteymi | Landspítali, kvenna- og barnasvið | Reykjavík | 201612/1563 |
| Lektor í jarðrækt | Landbúnaðarháskóli Íslands | Hvanneyri | 201612/1562 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201612/1561 |
| Tæknimaður | Háskóli Íslands, Kennslumiðstöð | Reykjavík | 201612/1560 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali, Rjóðrið | Kópavogur | 201612/1559 |
| Starfsmaður, félagsstarf aldraðra | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Blönduós | 201612/1558 |
| Bókari | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupsstað | 201612/1557 |
| Námsstaða deildarlæknis | Landspítali, augndeild | Reykjavík | 201612/1556 |
| Ljósmæður | Landspítali, meðgöngu-/sængurlegud. | Reykjavík | 201612/1555 |
| Starfsmaður í aðhlynningu | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Siglufjörður | 201612/1554 |
| Sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Siglufjörður | 201612/1553 |
| Framhaldsskólakennarar | Borgarholtsskóli | Reykjavík | 201612/1552 |


# Þarftu að ráða starfsmann?

**Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.**

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is


INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

# Embætti héraðsdómara laust til setningar

Innanríkisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti dómara við héraðsdóm Reykjavíkur til setningar frá og með 1. janúar 2017 til og með 31. maí 2017. Ráðherra setur í embættið að fenginni ábendingu dómstólaráðs, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Laun eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Áskilið er að í umsókn komi fram upplýsingar um 1) núverandi starf, 2) menntun og framhaldsmenntun, 3) reynslu af dómstörfum, 4) reynslu af lögmannsstörfum, 5) reynslu af stjórnsýslustörfum, 6) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 7) reynslu af stjórnun, 8) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 9) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 10) upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum 11) upplýsingar um tvo fyrrverandi/núverandi yfirmenn/samstarfsmenn sem geta veitt bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda og 12) aðrar upplýsingar sem varpað geti ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf héraðsdómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) afrit af prófskírteinum, 2) afrit dóma í munnlega fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 3) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 4) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 5) útgefin fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum umsækjenda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 6) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem héraðsdómari.

Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum, er áskilið að umsækjendur gefi upp netfang sem notað verður til að eiga samskipti við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um setningu liggur fyrir.

**Umsóknir skulu berast innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík og í pósthólfið postur@irr.is, eigi síðar en 27. desember 2016.**

***Innanríkisráðuneytinu,***
***9. desember 2016.***

# Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**
- Leikskólakennari í leikskólann Álfatún
- Leikskólakennari í leikskólann Austurkór
- Leikskólakennari í leikskólann Marbakka

**Grunnskólar**
- Stuðningsfulltrúi eða skólaliði í Kópavogsskóla
- Skólaliði í dægradvöl í Snælandsskóla

**Velferðasvið**
- Starfsmenn á heimili fyrir fatlaða
- Starfsmaður í félagslega heimaþjónustu

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær

kopavogur.is

## Gagnastjóri

StofnFiskur

*Í boði er spennandi starf hjá framsæknu fyrirtæki sem er í örum vexti og hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentu starfsfólk.*

**Stofnfiskur hf. óskar eftir að ráða Gagnastjóra**

**Starfssvið og ábyrgð:**
- Ábyrgð og yfirumsjón með utanumhaldi og úrvinnslu gagna úr framleiðsludeildum fyrirtækisins
- Ábyrgð á ýmsum sérverkefnum
- Frumkvæði að úrbótum/nýjum verkefnum
- Hluti af frjóvgunarteymi
- Afleysing gæðafulltrúa
- Vinna samkæmt gæðakerfi félagsins

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Kunnátta á uppsetningu og úrvinnslu tölulegra gagna
- Nákvæmni og talnagleggni nauðsynleg
- Góð kunnátta á Excel og eiga auðvelt með að tileinka sér notkun
- Vera opinn fyrir fjölbreytni í starfi og hafa frumkvæði
- Jákvæðni og lipurð í samskiptum. Vinna vel í teymi

Skrifleg umsókn ásamt ferilskrá skulu berast á netfangið gudbjorg@stofnfiskur.is fyrir 19. desember 2016
Starfstöð Gagnastjóra er í Vogum og frekari upplýsingar um Stofnfisk má nálgast á heimasíðu fyrirtækisins www.stofnfiskur.is
Frekari upplýsingar um starfið má nálgast á gudbjorg@stofnfiskur.is




# LEITUM AÐ SÉRFRÆÐINGUM Á VÖRUSVIÐ HÚSASMIÐJUNNAR

## Sérfræðingur í birgðastýringu

**Ábyrgðarsvið**
- Yfirumsjón með birgðastýringu
- Greiningarvinna

**Við leitum að liðsmanni með**
- Menntun eða yfirgripsmikla starfsreynslu í vörustjórnun
- Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af AGR
- Frumkvæði og getu til að finna lausnir

## Vörustjóri búsáhalda, fatnaðar og öryggisvara

**Ábyrgðarsvið**
- Sala, innkaup og birgðastjórnun
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja

**Við leitum að liðsmanni með**
- Menntun og reynslu sem nýtist í starfi
- Mikla þjónustulund og góða samskiptahæfni
- Frumkvæði og getu til að finna lausnir
- Góða tölvukunnáttu
- Góða íslensku- og enskukunnáttu

**Í boði eru**
- Krefjandi störf hjá góðu fyrirtæki
- Gott og öruggt starfsumhverfi
- Góður starfsandi

Húsasmiðjan er eitt stærsta verslunarfyrirtæki landsins og rekur tvö vöruhús sem jafnframt eru dreifingarmiðstöðvar fyrir 16 verslanir um land allt.

Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

**Metnaður**
**Þjónustulund**
**Sérþekking**

**Umsóknir berist fyrir 17. desember n.k. og sendast til atvinna@husa.is**



**Byggjum á betra verði**

# LAUS STÖRF
## FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

**Fræðslu- og frístundaþjónusta**
- » Sálfræðingur
- » Skólastjóri - **Nýr grunnskóli í Skarðshlíð**
- » Stuðningsfulltrúi - Frístundaklúbburinn Kletturinn
- » Talmeinafræðingur

**Grunnskólar**
- » Forfallakennari - Öldutúnsskóli
- » Frístundaleiðbeinandi - Álfakot í Engidal
- » Frístundaleiðeinandi - Hraunsel í Hraunvallaskóla
- » Frístundaleiðeinandi - Krakkaberg í Setbergsskóla
- » Íþróttakennari - Lækjarskóli
- » Sérkennari - Hraunvallaskóli
- » Skólaliði - Hraunvallaskóli
- » Skólaliði - Víðistaðaskóli
- » Stuðningsfulltrúi - Hraunsel í Hraunvallaskóla
- » Stuðningsfulltrúi - Krakkaberg í Setbergsskóla
- » Umsjónarkennari á yngsta stigi - Lækjarskóli
- » Þroskaþjálfi - Hraunvallaskóli

**Leikskólar**
- » Leikskólakennarar - Stekkjarás
- » Leikskólakennari - Hlíðarendi
- » Leikskólakennari - Hraunvallaskóli
- » Leikskólakennari - Hvammur
- » Leikskólakennari - Hörðuvellir
- » Leikskólakennari - Tjarnarás
- » Leikskólakennari - Víðivellir
- » Sérkennari - Hvammur
- » Sérkennari - Vesturkot
- » Þroskaþjálfi - Brekkuhvammur
- » Þroskaþjálfi - Hlíðarberg

**Málefni fatlaðs fólks**
- » Þroskaþjálfi - Þjónustuíbúðir fatlaðs fólks

**Stjórnsýslusvið**
- » Þjónustufulltrúi - Þjónustuver

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**

**HAFNARFJARÐARBÆR**
**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR




# SPENNANDI TÆKIFÆRI HJÁ HÚSASMIÐJUNNI

## Sölumaður lagnavara og hreinlætis-tækja á fagsölusviði

**Leitum að metnaðarfullum aðila í krefjandi og spennandi starf, æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu/þekkingu á lagnavörum.**

**Ábyrgðarsvið**

- Ráðgjöf, tilboðsgerð, þjónusta og sala til fagaðila
- Heimsóknir á byggingastaði

**Hæfniskröfur**

- Þjónustulund, áhugi og metnaður
- Reynsla af verslun og þjónustu æskileg
- Frumkvæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Menntun sem nýtist í starfi

**Í boði er**

- Gott og öruggt starfsumhverfi
- Góður starfsandi

Umsóknir berist fyrir 19. desember n.k. og sendast til atvinna@husa.is

Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

Metnaður
Þjónustulund
Sérþekking



Byggjum á betra verði

REYKJALUNDUR endurhæfing

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2016

# Félagsráðgjafi

Laus er til umsóknar 80% staða félagsráðgjafa. Um framtíðarstarf er að ræða og er staðan laus frá og með 1. febrúar 2017 eða eftir nánara samkomulagi.

Umsækjandi þarf að hafa starfsleyfi sem félagsráðgjafi á Íslandi ásamt því að búa yfir víðtækri starsfreynslu. Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum er nauðsynleg ásamt áhuga á þverfaglegri teymisvinnu.

Laun samkvæmt kjarasamningi Félagsráðgjafafélags Íslands og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings Félagsráðgjafafélags Íslands og Reykjalundar.

Umsóknir berist til Magnúsar Pálssonar, forstöðufélagsráðgjafa (magnusp@reykjalundur.is ) sem veitir upplýsingar um starfið.

**Umsóknarfrestur er til 31. desember 2016.**

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegum teymum þar sem áhersla er lögð á skjólstæðingsmiðaða nálgun og heildræna sýn.

**Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.**
**Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is**

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

# STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Álftanesskóli**
- Þroskaþjálfi
- Skólaliði

**Hofsstaðaskóli**
- Umsjónarkennari

**Bæjarból**
- Leikskólakennari

**Holtakot**
- Leikskólakennari

**Hæðarból**
- Matráður

**Kirkjuból**
- Leikskólasérkennari eða þroskaþjálfi

**Lundaból**
- Matráður

**Sunnhvoll**
- Leikskólakennari 80% starfshlutfall

**Ísafold**
- Hjúkrunarfræðingur
- 50% staða við umönnun í dagvinnu
- 60-80% staða við umönnun í vaktavinnu

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar á **www.gardabaer.is**.

GARÐABÆR 40
GARÐATORGI 7
SÍMI 525 8500
GARDABAER.IS

STRÁ



## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

# Leikskólinn Barnabær,

**Blönduósi auglýsir eftir leikskólakennara í 100 % stöðu frá og með 2. janúar 2017.**

Barnabær er fjögurra deilda leikskóli með 60 nemendum og eru börnin frá 8 mánaða aldri til 6 ára aldurs. Deildirnar eru aldursskiptar og er elsti hópurinn staðsettur í öðru húsnæði. Mjög gott samstarf er við grunnskólann en elsti hópurinn fer í kennslustundir einu sinni í viku allan veturinn.

Skólinn er þátttakandi í þróunarverkefninu „ Málþroski- og læsi, færni til framtíðar" sem er samstarfsverkefni leikskólanna á Hólmavík, Skagaströnd, Húnavöllum, Hvammstanga og Blönduósi. Í verkefninu er meðal annars lögð áhersla á að efla og styrkja málþroska og læsi barna og snemmtæka íhlutun.

**Hæfniskröfur:**
- Leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari.
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum æskileg.
- Góð samskiptafærni.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi og faglegur metnaður.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi FL og Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Umsóknarfrestur er til og með 16. desember.
Áhugasamir hafi samband við Jóhönnu G. Jónasdóttir, leikskólastjóra í síma 452 4530 eða á netfangið
**johanna@blonduos.is**

LEIKSKÓLINN BARNABÆR BLÖNDUÓSI



# ÖFLUGUR VERKEFNASTJÓRI

**Köfunarþjónustan óskar eftir öflugum verkefnastjóra í fjölbreytt og lifandi starf.**
Við erum stærsta atvinnukafaraþjónusta landsins með mikla reynslu og þekkingu. Einnig veitum við margs konar þjónustu varðandi rannsóknir á botni sjávar svo sem fjölgeislamælingar og kjarnaborun. Þar að auki sinnum við alls konar sérhæfði verktöku sem krefst þekkingar, útsjónarsemi og áræðni.

**STARFSSVIÐ/ÁBYRGÐ**
- Verkefnaöflun og sölustjórn
- Tilboðsgerð og verðútreikningar
- Útfærsla verka í samráði við starfsmenn og verkkaupa
- Verkstjórn ákveðinna verka
- Verkefnaþróun og nýjungar

**HÆFNISKRÖFUR**
- Mikil verkþekking og reynsla
- Gott tengslanet, þegar kemur að verkefnaöflun
- Kostur að hafa tölvukunnáttu í DK, Excel og Word
- Góð enskukunnátta

**EIGINLEIKAR**
- Sölumennskuhæfileikar
- Frumkvæði og útsjónarsemi
- Skipulagshæfileikar
- Ákveðni og sjálfstæði
- Jákvæðni og hæfileiki til að vinna í hópi

Áhugasamir sendi ferilskrá og meðmæli á **hallgrimur@diving.is**. Varðandi frekari upplýsingar, vinsamlega hafa samband við Hallgrím Ingólfsson á hallgrimur@diving.is eða í síma +354-893-8303.
**Góð laun fyrir réttan aðila.**

KÖFUNAR ÞJÓNUSTAN EHF
Héðinsgata 1-3 | 105 Reykjavík | Sími 863 5699 | diving@diving.is

MOSFELLSBÆR

VARMÁRSKÓLI MOSFELLSBÆ

## Laus störf við Varmárskóla skólaárið 2016-2017

**Tónlistarkennari/listakennari óskast**

Kennari óskast í 12 kest á viku (2 kest fjóra daga og 4 kest í einn dag) hjá fimmta og sjötta bekk. Viðkomandi aðili kemur að sköpun þar sem reynt er á huga, hjarta og hönd. Nemendur fái að upplifa og prófa sig áfram og eflast í sköpun. Leitað er að kennara sem hefur góða samskiptafærni, frumkvæði og áhuga á að kveikja áhuga nemenda á tónlist sem og sjónlistum hvort sem er bæði eða annað hvort. Áhugasamir hafi samband og kynni hugmyndir sínar.

**Ráðning er frá 3. janúar 2016– 9. júní 2017.**

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- **Leyfisbréf grunnskólakennara**
- **Frumkvæði, sjálfstæði og faglegur metnaður**
- **Góð færni í samvinnu og samskiptum**

**Stuðningsfulltrúar**
Meginverkefni er aðstoð við nemendur í leik og starfi, m.a. í búningsklefum drengja. Sérstaklega er leitað eftir karlmanni til starfa en allar umsóknir eru skoðaðar.

Vinnutími frá kl. 08:00. Möguleiki á vinnu í frístundaseli e.h. og þar með 100% starfshlutfalli. Ráðning frá 3.janúar 2016.

**Frístundaleiðbeinendur**
Frístundaleiðbeinendur óskast til starfa við Frístundasel Varmárskóla.

Frístundaleiðbeinendur taka þátt í skipulagningu faglegs frístundastarfs og leiðbeina börnum í leik og starfi í samvinnu við samstarfsfólk.

**Um hlutastörf er að ræða og vinnutími frá kl. 13:00 –16:00/ 17:00. Möguleiki er á styttri vinnutíma og staka daga. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf frá og með 3. janúar 2017.**

**Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga.**

**Upplýsingar gefur Þórhildur Elfarsdóttir skólastjóri í síma 525 0700 / 863 3297.Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á thorhildur(hja)varmarskoli.is**

**Umsóknarfrestur um öll störfin er til 27. desember 2016.**

**Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um.**

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

Grand HÓTEL REYKJAVÍK




## GRAND HÓTEL STÆRSTA FUNDA- OG RÁÐSTEFNUHÓTEL ÍSLANDS

Grand Hótel Reykjavík er fjögurra stjörnu ráðstefnuhótel fyrir ferðamenn og ráðstefnugesti sem vilja njóta glæsilegrar aðstöðu og framúrskarandi þjónustu.
Á Grand Hótel Reykjavík eru 311 herbergi og 15 ráðstefnu- og veislusalir. Hótelið er staðsett í rólegu umhverfi rétt við Laugardalinn.

Grand Hótel Reykjavík hefur hlotið Svansvottun Norræna umhverfismerkisins og einnig vottun frá Tún, eftirlits- og vottunarstofu fyrir lífræna og sjálfbæra framleiðslu. Svansvottunin tryggir að hæstu gæðakröfur hvað varðar umhverfis- og heilbrigðismál séu uppfylltar.

# VILT ÞÚ VINNA Á SKEMMTILEGUM VINNUSTAÐ?

Grand Hótel óskar eftir að ráða matreiðslumann eða metnaðarfullan aðila með góða starfsreynslu úr eldhúsi til þess að annast mat fyrir starfsfólk hótelsins. Vinnutími er dagvinna, virka daga frá kl. 08:00 – 16:00.

Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og undir álagi, vera mjög skipulagður, hafa góða þjónustulund og vera jákvæður. Íslenskukunnátta er skilyrði.

Ef að þú telur þig búa yfir þessum eiginleikum og hefur áhuga á að vinna með skemmtilegu og metnaðarfullu fólku þá hvetjum við þig til þess að sækja um hjá okkur.

**Áhugasamir eru beðnir um að senda umsóknir á netfangið odinn@grand.is.**

**Umsóknarfrestur er til 19. desember n.k.**

Grand Hótel Reykjavík / Sigtún 38 / 105 Reykjavík
Sími: 514 8000 / grand.is




## SLÖKKVILIÐIÐ LEITAR AÐ LIÐSAUKA

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) vill ráða starfsfólk til að sinna slökkvistarfi og sjúkraflutningum. Bæði er um framtíðarstörf að ræða og sumarstörf fyrir sumarið 2017. Framtíðarstarfsmenn munu fá nauðsynlega menntun og þjálfun til að geta sinnt bæði slökkvistarfi og sjúkraflutningum hjá SHS en sumarstarfsmenn þurfa að hafa starfsréttindi sem sjúkraflutningamenn. Allir starfsmenn verða að vera reiðubúnir að vinna vaktavinnu.

Við erum að leita að einstaklingum sem vilja láta gott af sér leiða og hafa áhuga á að tilheyra öflugu liði sem hefur það hlutverk að sinna útkallsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Við viljum gjarnan sjá fleiri konur í liðinu og æskilegt er að umsækjendur séu ekki eldri en 28 ára vegna kröfu um eðlilega endurnýjun í liðinu.

**Kynningarfundur** verður haldinn fyrir umsækjendur í slökkvistöðinni í Hafnarfirði þann 6. janúar kl. 17:00 og hlaupapróf (æfingapróf) fara fram í Kaplakrika 17. desember og 7., 14. og 21. janúar. Nánari upplýsingar um hæfniskröfur og umsóknarferlið í heild sinni má finna á heimasíðu SHS.

**www.shs.is**
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
Skógarhlíð 14 / S: 528-3000

## RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

## RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

## RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

Fjallabyggð

## Deildarstjóri fræðslu- frístunda- og menningarmála

**Fjallabyggð óskar eftir að ráða drífandi og metnaðarfullan einstakling til starfa.**

Megin viðfangsefnið er fræðslu- frístunda- og menningarmál, stefnumörkun í kynningar- og markaðsmálum, upplýsinga- og almannatengslum sem og á sviði ferða- og atvinnumála.

Leitað er að einstaklingi með háskólamenntun sem nýtist í starfi. Reynsla og góð kunnátta í stjórnsýslulegri meðferð mála er æskileg.

Lögð er áhersla á að viðkomandi búi yfir þekkingu og hæfni í stefnumótun og þróun, fjármálum og áætlanagerð, stjórnun starfsmanna og umsjón með verkefnum.

Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði, leiðtogahæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum eru nauðsynlegir kostir.
Næsti yfirmaður deildarstjóra er bæjarstjóri.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Starfshlutfall er 100%.

Umsóknir skulu hafa borist bæjarskrifstofum Fjallabyggðar að Gránugötu 24, Siglufirði 580, eigi síðar en sunnudaginn 18. desember 2016.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri, netfang; gunnarb@fjallabyggd.is eða Ólafur Þór Ólafsson, deildarstjóri stjórnsýslu- og fjármála, netfang; olafur@fjallabyggd.is sími 464 -9100.



PÓSTURINN

## PÓSTURINN ÓSKAR EFTIR DREIFINGARSTJÓRA

Pósturinn leitar eftir dreifingarstjóra til að sjá um rekstur á einni af dreifingarstöðvum fyrirtækisins á höfuðborgarsvæðinu.

**Helstu verkefni**
- Daglegur rekstur stöðvarinnar
- Starfsmannamál & áætlanagerð
- Skipulag og breytingar vinnsluferla

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Góð tölvukunnátta skilyrði sem og excel kunnátta
- Góð enskukunnátta, önnur tungumál kostur
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

**Umsóknarfrestur er til 15. desember 2016**

Nánari upplýsingar gefur Guðmundur Karl í síma 5801000 eða í netfanginu gudmundurk@postur.is

Hægt er að sækja um starfið á umsóknarvef Póstsins **umsokn.postur.is**

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

ráðum ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

## VILT ÞÚ VERÐA **HLUTI** AF GÓÐU **FERÐALAGI**?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

### **KERFISSTJÓRI** ATM KERFA

Helstu verkefni eru rekstur og eftirlit með Unix/Linux kerfum, netkerfum og geymslulausnum. Uppsetning og viðhald tölvubúnaðar svo og þjónusta við notendur. Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem sjálfstæði og skipulagshæfileikar fá að njóta sín í öflugu teymi sem þróar og rekur hugbúnað fyrir flugumferðarstjórn. Unnið er á dagvöktum og bakvöktum. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

**Hæfniskröfur:**
- Menntun í kerfisfræði, tölvunarfræði eða sambærilegu
- Reynsla af Unix/Linux stýrikerfum er kostur
- Þekking á sjálfvirkum verkfærum, s.s. Nagios, Chef og Puppet, er kostur
- Reynsla af rekstri netkerfa og geymslulausna er kostur

Umsækjendur þurfa að standast bakgrunnsskoðun ríkislögreglustjóra vegna aðgangs að haftasvæði flugverndar. Upplýsingar um starfið veitir Arnar Þórarinsson rekstrarstjóri ATM deildar, netfang arnar.thorarinsson@isavia.is.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.



**Sif** er flugumferðarstjóri í flugturninum á Keflavíkurflugvelli. Hún er hluti af góðu ferðalagi.

STARFSSTÖÐ: **REYKJAVÍK**

UMSÓKNARFRESTUR: **17. DESEMBER, 2016**

UMSÓKNIR: **ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia

# Vefforritun og Viðmótshönnun

Ert þú ert með brennandi metnað fyrir öflugum kerfum og góðri notendahögun?

Trackwell leitar að fólki til að taka virkan þátt í framþróun á upplifun viðskiptavina okkar.

TrackWell

Við erum hópur sérfræðinga með mikla reynslu og fókus á að vera best í forðastýringarlausnum með því að hámarka virði fyrir viðskiptavini okkar.

Tímon, Floti, Hafsýn og TrackwellVMS eru vörulínur Trackwell. Kerfisveita okkar þjónar yfir 500 viðskiptavinum í flestum atvinnugeirum.

## Vefforritari

Þú verður að hafa reynslu af og menntun við vefforritun, með góða þekkingu á Python ásamt HTML og JavaScript. Þú ættir að þekkja til Django eða sambærilegra umhverfa. Áhersla er á continuous-deployment og unnið eftir Scrum.

## Viðmótshönnuður

Þú verður að hafa starfsreynslu af eða menntun við viðmótshönnun og geta kynnt lausnir á myndrænan og skipulagðan hátt. Áhersla er á rapid-prototyping.

**Nánari upplýsingar má finna á www.trackwell.is/frettir**
**Umsóknir sendist á job@trackwell.is fyrir 3. janúar.**

Laugavegur 178 >> 105 Reykjavík >> Sími 510 0600 >> job@trackwell.is >> www.trackwell.is

---

KLAFAR LÖNDUNARÞJÓNUSTA

## STARFSMENN ÓSKAST

Klafar Löndunarþjónusta óska eftir starfsmönnun í landanir úr ísfisk- og frystitogurum

***Góð laun og mikil vinna framundan.***
Einnig kemur til greina hlutastarf.

Viðkomandi þarf að geta byrjað í janúar 2017.
**Upplýsingar í s: 892-2533 Eddi og s: 896-3440 Hanni**

---

**Óskum eftir að ráða starfsmann sem er vanur smíðum og húsaviðhaldi.**

**We would like to hire a worker experienced in carpentry and maintenance of buildings.**

**Chcielibyśmy zatrudnić pracownika doświadczenie w stolarstwie i konserwacji budynków.**

Nánari upplýsingar/info.:
Kjartan Ragnarsson sími 770 5144 eða kjartan@normx.is

NORMX
Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

---

HRAFNISTA HAFNARFIRÐI



Jón Ó. Arnarsson

# Viltu vinna með okkur?

Hrafnista getur bætt við hjúkrunarfræðingum í frábæran starfsmannahóp á fjölskylduvænum vinnustað. Þekking, reynsla, frumkvæði og ánægja starfsmanna Hrafnistuheimilanna tryggir gæði þeirrar þjónustu sem veitt er.

**Um er að ræða tvær stöður**

- **Hjúkrunarfræðing í 80-100% starfshlutfall** þar sem unnar eru morgun- og kvöldvaktir ásamt þriðju hverri helgi.
- **Hjúkrunarfræðing á næturvaktir.** Góð laun í boði.

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Rík samskipta og samstarfshæfni
- Heiðarleik, dugnaður og góð framkoma
- Sjálfstæði og stundvísi

Nánari upplýsingar veitir Árdís Hulda Eiríksdóttir
forstöðumaður Hrafnistu í Hafnarfirði í síma 693-9502.

**Umsóknarfrestur er til og með 14. desember**
**og skal skila umsóknum á ardishulda@hrafnista.is.**

Umsóknum skal fylgja náms- og starfsferilskrá ásamt afritum af prófskírteinum.

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður
Kópavogur | Reykjanesbær

---

# Bílstjóri

**Viltu gera heiminn betri?**

MÚLALUNDUR

**Röskur einstaklingur** óskast á sendibíl Múlalundar til **dreifingar á vörum til viðskiptavina**. Bílstjórinn er andlit Múlalundar gagnvart viðskiptavinum og **hæfni til samskipta því mikilvæg**. Starfsmaður þarf að vera tilbúinn að **ganga í önnur verkefni** t.d. í framleiðslu þegar tími gefst til.

**Starfssvið**

- Dreifing á vörum Múlalundar til viðskiptavina
- Samskipti við viðskiptavini og samstarfsfólk
- Umsjón með bílum Múlalundar
- Framleiðsla á vörum Múlalundar
- Önnur verkefni sem komið geta upp

**Hæfniskröfur**

- Réttindi / hæfni til að keyra Ford Transit Custom
- Rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Gott líkamlegt atgervi
- Stundvísi, heiðarleiki, snyrtimennska og reglusemi
- Reyklaus

Umsóknir og ferilskrá sendist á sigurdur@mulalundur.is
Nánari upplýsingar veitir Sigurður Viktor Úlfarsson
framkvæmdastjóri s: 854 0074
Umsóknarfrestur er til og með mánud. 19. desember



**Múlalundur vinnustofa SÍBS**
v/ Reykjalund Mosfellsbæ - www.mulalundur.is - s: 562-8500

---

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU




# SÉRFRÆÐINGUR Í SKJÖLUN Á KLÍNÍSKUM UPPLÝSINGUM VEGNA ÞRÓUNAR OG MARKAÐSSETNINGAR LÆKNINGATÆKJA

Starfið felur í sér gerð og viðhald skjala til staðfestingar á virkni og öryggi lækningatækja Össurar sem hluti af tækniskrá vörunnar og í samræmi við gæðastaðla. Einnig þátttöku í skilgreiningu á virkni- og öryggiskröfum og skipulagningu klínískra prófana í samstarfi við þróunarteymi.

## STARFSSVIÐ

- Ritun og viðhald klínískra skjala í tækniskrá lækningatækja Össurar
- Aðkoma að ákvörðunum um læknisfræðilegar virkni- og öryggiskröfur lækningatækja í tengslum við hönnun og þróun
- Þátttaka í skipulagningu klínískra prófana og rannsókna
- Tölfræðileg úrvinnsla og skjalfesting niðurstaðna klínískra prófana

## HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Skilningur á mikilvægi skjölunar og gæðakrafna vegna klínísks stuðnings við lækningavörur
- Þekking á og/eða vilji til að læra og tileinka sér kröfur og staðla varðandi klínískt mat á lækningatækjum
- Góð skipulagsfærni og nákvæmni
- Góð samskipta- og tjáningarhæfni á ensku, bæði rituðu og töluðu máli
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í störfum

Umsóknarfrestur er til og með 29. desember 2016. Sótt er um starfið á vef Össurar, ossur.is/mannaudur. Athugið að velja viðeigandi starf.
Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.

Jafnlaunaúttekt PwC 2014

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja.
Hjá félaginu starfa um 2800 manns í 20 löndum.
Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.

WWW.OSSUR.COM

## RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

## RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

## RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

## Störf við akstur og leiðsögn erlendra ferðamanna

Ört vaxandi fyrirtæki í ferðaþjónustu leitar að starfsfólki við akstur og leiðsögn erlendra ferðamanna (ökuleiðsögn).

**Hæfniskröfur:**

> Mjög góð kunnátta í ensku.
> Reynsla af starfi í ferðaþjónustu.
> Góð kunnátta af landi og þjóð.
> Reynsla af leiðsögn og ferðamennsku kostur, áhugi á leiðsögn og ferðamennsku skilyrði.
> Rútupróf æskilegt en áhugi og geta til að taka rútupróf skilyrði.

Umsóknarfrestur er til 16. janúar 2017. Vinsamlegist sendið umsóknir á ensku á netfangið jens@funtravel.is. Í boði er mjög áhugavert starf sem býður upp á mikla framtíðarmöguleika.

Fun Travel
Auðbrekka 9-11
200 Kópavogur
www.funtravel.is

Intrepid Group

ALÞINGI

## Skrifstofa Alþingis
auglýsir eftir deildarstjóra upplýsinga- og rannsóknaþjónustu. Sjá nánari á starfatorg.is.

GRINDAVÍKURBÆR

## Atvinna
## Starfsmaður í þjónustumiðstöð

Grindavíkurbær óskar eftir að ráða starfsmann í þjónustumiðstöð bæjarins. Leitað er að metnaðarfullum og traustum einstaklingi, sem hefur áhuga á fjölbreyttum verkefnum. Um 50% starf er að ræða.

**Verksvið og ábyrgð**

- Minniháttar viðhaldi á smávélum.
- Minniháttar viðhald á bílum þjónustumiðstöðvar. t.d. olíuskipti o.fl.
- Minniháttar viðhald á vatns- og fráveitu.
- Ýmis viðhaldsvinna innan stofnana bæjarins.
- Önnur tilfallandi störf í þjónustumiðstöð, m.a. afleysingar á þjónustubifreið, viðhald á opnum svæðum, snjómokstur o.fl.

**Hæfniskröfur**

- Starfsreynsla frá sambærilegum verkefnum sem nýst getur í starfi.
- Þekking og reynsla af því að vinna með vélar og að viðhalda þeim.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Bílpróf og vinnuvélaréttindi.
- Meirapróf/fólksflutninga 10 farþega eða gamla ökuskírteinið - ökuskírteini sem voru í gildi 1. mars 1988
- Rík þjónustulund við íbúa bæjarins.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Suðurnesja. Umsækjandi þarf að vera reiðubúinn að ganga bakvaktir skv. bakvaktarkerfi þjónustumiðstöðvar.

Umsækjandi þarf að vera með hreint sakavottorð og skila því inn þegar þess er óskað.

Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um starfið.

Umsóknareyðublöð fyrir starfið má nálgast á heimasíðu Grindavíkurbæjar – www.grindavik.is/atvinna

Senda skal umsóknir til Sigmars B. Árnasonar byggingafulltrúa á bygg@grindavik.is, skila í afgreiðslu Grindavíkurbæjar Víkurbraut 62, eða senda á póstfangið:

**Grindavíkurbær**
**„Starfsmaður í þjónustumiðstöð"**
**Víkurbraut 62**
**240 Grindavík**

**Umsóknarfrestur er til og með 26. desember nk.**
Nánari upplýsingar veitir byggingafulltrúi í síma 420 1109.

FISKISTOFA

## Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2016/2017 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 641, 8. júlí 2016

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir:

Vesturbyggð (Patreksfjörður)
Kaldrananeshrepp (Drangsnes)

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 1081/2016 í Stjórnartíðindum.

Sveitarfélagið Ölfus (Þorlákshöfn)
Sveitarfélagið Garður
Vesturbyggð (Brjánslækur, Bíldudalur)
Sveitarfélagið Skagaströnd
Fjallabyggð (Siglufjörður, Ólafsfjörður)
Langanesbyggð (Þórshöfn, Bakkafjörður)

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu ásamt samningi við vinnsluaðila, á eyðublöðum sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar. Umsóknarfrestur er til og með 28. desember 2016.

Fiskistofa, 9. desember 2016.

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Tilkynning varðandi greiðslu húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings

Þann 1. janúar 2017 taka gildi lög nr. 75/2016 um húsnæðisbætur og falla þá úr gildi lög nr. 138/1997 um húsaleigubætur. Reykjavíkurborg hefur annast afgreiðslu húsaleigubóta til einstaklinga með lögheimili í Reykjavík en frá 1. janúar 2017 munu umsóknir um húsaleigubætur falla úr gildi og mun Vinnumálastofnun annast afgreiðslu húsnæðisbóta frá þeim tíma.

Umsókn um húsnæðisbætur ber því að beina til Vinnumálastofnunar til þess að geta átt rétt á greiðslu húsnæðisbóta frá 1. janúar 2017. Vakin er athygli á að umsóknarferli varðandi húsnæðisbætur hjá Vinnumálastofnum er rafrænt.

Frekari upplýsingar varðandi húsnæðisbætur má nálgast á heimasíðunni www.husbot.is og hjá Vinnumálastofnun.

## Nýjar reglur um sérstakan húsnæðisstuðning koma í stað reglna um sérstakar húsaleigubætur

Einnig er vakin athygli á því að þann 1. janúar 2017 munu ákvæði sem lúta að sérstökum húsaleigubótum í reglum um félagslegt leiguhúsnæði og sérstakar húsaleigubætur í Reykjavík falla úr gildi og í stað þeirra munu reglur Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning taka gildi.

Samþykktar umsóknir um sérstakar húsaleigubætur munu halda gildi sínu tímabundið og greiðsla mun fara fram á grundvelli nýrra reglna. Á árinu 2017 mun velferðarsvið Reykjavíkurborgar boða umsækjendur sem eiga samþykkta umsókn um sérstakar húsaleigubætur í viðtal. Leggja skal þar fram umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning samkvæmt nýjum reglum og kannað verður hvort umsóknin uppfylli skilyrði reglna um sérstakan húsnæðisstuðning. Eitt af skilyrðunum er að réttur umsækjanda til húsnæðisbóta hafi verið staðreyndur hjá Vinnumálastofnun.

**Reglur Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning eru aðgengilegar á heimasíðu Reykjavíkurborgar.**

**Nánari upplýsingar eru veittar hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar.**

## Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu vátryggingastofns

Hér með tilkynnist um fyrirhugaða yfirfærslu vátryggingastofns:

Yfirfærsla á vátryggingastofni frá Chubb Insurance Company of Europe SE til ACE European Group Limited.

Vátryggingatakar og vátryggðir geta skilað skriflegum athugasemdum til Fjármálaeftirlitsins vegna fyrirhugaðrar yfirfærslu innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar.

Fjármálaeftirlitið veitir nánari upplýsingar ef óskað er.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

EFLING
STÉTTARFÉLAG

## Framboðsfrestur
## til trúnaðarráðs
**Eflingar-stéttarfélags**

Kjörstjórn Eflingar-stéttarfélags auglýsir framboðsfrest vegna kosningar trúnaðarráðs félagsins fyrir tímabilið 1. janúar 2017 til 31.12.2018. Kosið er listakosningu.

Á hverjum frambornum lista skulu vera tillögur um 115 trúnaðarráðsmenn til tveggja ára samkvæmt 15. gr. laga félagsins.

Listi uppstillingarnefndar, stjórnar og trúnaðarráðs liggur frammi á skrifstofu félagsins frá og með mánudeginum 12. desember 2016.

Öðrum listum ber að skila á skrifstofu félagsins fyrir kl. 12.00 á hádegi mánudaginn 19. desember 2016.

**Kjörstjórn Eflingar-stéttarfélags**

# ÚTBOÐ

**Hafnarfjarðarbær óskar eftir tilboðum í jarðvinnu vegna byggingar nýs hjúkrunarheimilis við Sólvang.**

Verkefnið felur í sér uppgröft á lausum jarðvegi, losun á klöpp ásamt brottakstri, upprif á byggingarefnum sem fyrir eru, breytingar á lögnum og varnargirðingu umhverfis vinnusvæðið.

**Helstu magntölur**

| | |
|---|---|
| Uppgröftur á lausum jarðvegi | 500 m³ |
| Losun á klöpp | 4.000 m³ |
| Girðingar | 300 m |

Útboðsgögn eru seld í Þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, verð kr. 5.000.- Tilboð verða opnuð á sama stað, þriðjudaginn 3. janúar 2017, kl. 11:00. Verklok eru 10. mars 2017

Nánar á **hafnarfjordur.is**

HAFNARFJARÐARBÆR
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
585 5500

HAFNARFJÖRÐUR

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

SAFT



VINNUMÁLA STOFNUN

# Húsaleigubætur verða Húsnæðisbætur

**Þann 1. janúar 2017 taka gildi lög nr. 75/2016 um húsnæðisbætur og falla þá úr gildi lög nr. 138/1997 um húsaleigubætur. Markmið nýju laganna er að lækka húsnæðiskostnað efnaminni leigjenda með greiðslu húsnæðisbóta vegna leigu á íbúðarhúsnæði og draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaði.**

Sveitarfélögin hafa hingað til annast afgreiðslu húsaleigubóta til einstaklinga en frá 1. janúar 2017 falla eldri umsóknir um húsaleigubætur úr gildi og mun Vinnumálastofnun annast afgreiðslu húsnæðisbóta frá þeim tíma. Sveitarfélögin munu áfram annast afgreiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings (áður sérstakar húsaleigubætur).

Hægt er að sækja um húsnæðisbætur rafrænt með einföldum hætti á heimasíðu húsnæðisbóta:

**www.husbot.is**

Þar er líka að finna allar upplýsingar um húsnæðisbætur, umsóknarferlið og nálgast umsóknareyðublöð.

**Umsóknarfrestur vegna janúarmánaðar er til 31. janúar 2017.**

## Helstu breytingar með nýjum lögum um húsnæðisbætur

Helsta breytingin felst í því að grunnfjárhæð húsnæðisbóta hækkar eftir því sem fleiri eru í heimili óháð aldri. Þá getur foreldri sem fær barnið sitt til sín að lágmarki í 30 daga á ári skráð barnið sitt sem heimilismann jafnvel þó barnið sé með lögheimili hjá hinu foreldrinu.

Einnig eru húsnæðisbætur bæði tekju- og eignatengdar þannig að allar tekjur og eignir umsækjanda og heimilismanna sem eru 18 ára eða eldri eru lagðar saman og mynda þannig samanlagðan tekjustofn og samanlagðan eignastofn sem koma til lækkunar húsnæðisbóta ef þeir eru hærri en frítekjumörkin. Frítekjumörkin hækka líka eftir því hversu margir eru í heimili. Húsnæðisbætur geta mest numið 75% af leiguupphæð.

**Frekari upplýsingar varðandi húsnæðisbætur má nálgast á heimasíðunni www.husbot.is og hjá Vinnumálastofnun.**

KRÍA hönnunarstofa

Fyrirmyndarþjónusta | Virðing | Áreiðanleiki

**Vinnumálastofnun** Kringlunni 1, 103 Reykjavík Sími 515 4800 **www.vmst.is**

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Styrkir til félagasamtaka vegna verkefna á sviði félagsmála

Auglýst er eftir umsóknum um styrki frá íslenskum félagasamtökum um verkefni sem falla undir verkefnasvið ráðuneytisins á sviði félagsmála. Ekki eru veittir styrkir til verkefna sem hljóta styrki á fjárlögum eða falla undir sjóði ráðuneytisins eða samninga sem gerðir hafa verið við ráðuneytið.

**Umsóknarfrestur er til kl. 16.00 mánudaginn 9. janúar 2017. Úthlutað verður eigi síðar en 28. febrúar 2017.**

Reglur um úthlutun styrkja sem félags- og húsnæðismálaráðherra veitir samkvæmt safnliðum fjárlaga hverju sinni er að finna á vefsíðu velferðarráðuneytisins (www.vel.is).

Veittir eru styrkir til afmarkaðra verkefna sem miða að því að veita einstaklingum eða hópum stuðning, fræðslu og ráðgjöf samkvæmt áherslum ráðherra hverju sinni. Styrkir eru ekki veittir til lengri tíma en eins árs í senn. Þá má m.a. veita til verkefna sem felast í því að:

a. Útbúa fræðsluefni og standa fyrir fræðslustarfsemi.
b. Vera málsvari og standa vörð um hagsmuni félagsmanna.
c. Bjóða upp á stuðning og ráðgjöf.

Veittir eru styrkir til félagasamtaka sem starfa á sviði endurhæfingar, málefna fatlaðs fólks, forvarna, fræðslu og fjölskyldu- og jafnréttismála. Að þessu sinni verður lögð sérstök áhersla á verkefni sem eiga að:

a. Efla svæðisbundið samráð á sviði aðgerða gegn ofbeldi og afleiðingum þess, sbr. samstarfsyfirlýsingu þriggja ráðherra um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess (sjá nánari upplýsingar í auglýsingu á vef ráðuneytisins).
b. Draga úr fátækt og félagslegum afleiðingum fátæktar.

Ekki eru veittir styrkir eingöngu til rekstrar. Með rekstri er m.a. átt við rekstur skrifstofu, þ.m.t. greiðslu húsaleigu.

**Mat á umsóknum**

Starfshópur metur styrkhæfi umsókna og gildi þeirra fyrir málefnasvið ráðuneytisins. Mat á umsóknum skal einkum byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum eftir því sem við á:

a. Gildi og mikilvægi verkefnis fyrir viðkomandi málaflokk.
b. Að umsækjanda muni takast að ná þeim markmiðum sem að er stefnt.
c. Að verkefnið sé byggt á faglegum grunni.
d. Að gerð sé grein fyrir því í umsókn hvernig staðið skuli að mati á árangri.
e. Fjárhagsgrundvelli verkefnis og/eða hvort umsækjandi hafi hlotið aðra styrki til sama verkefnis.

Hafi umsækjandi áður fengið styrk til verkefnis þarf að liggja fyrir greinargerð um framkvæmd þess verkefnis og ráðstöfun styrkfjárins til að ný umsókn komi til greina.

**Sækja skal um á rafrænu formi á umsóknarvef Stjórnarráðsins (http://minarsidur.stjr.is)**

**Innskráning á mínar síður – þrjár leiðir:**

1. Auðkenning með rafrænum skilríkjum á vef Island.is.
2. Auðkenning með Íslykli á vef Island.is.
3. Notandi velur flipann **Nýskráning** og skráir sig á vefinn á kennitölu sinni, gefur upp fullt nafn, heimilisfang og netfang og ákveður síðan lykilorð.

Hafi notandi sótt um áður á **Mínum síðum** velur hann flipann **Innskráning** og skráir sig inn með einhverri ofangreindra aðferða.

Undir flipanum **Eyðublöð** eru eyðublöð flokkuð eftir ráðuneytum og stofnunum. **Athugið að merkja við velferðarráðuneytið**. Þar undir er umsóknareyðublaðið **Styrkur af safnliðum fjárlaga 2017 – félagsmál.**

Nánari upplýsingar og leiðbeiningar um umsóknir á rafrænum eyðublöðum er að finna á vef ráðuneytisins.

***Reykjavík, 10. desember 2016***

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is



## Útboð

Framkvæmdadeild, fyrir hönd Akureyrarbæjar, óskar eftir tilboðum í LED götulýsingarlampa vegna endurnýjunar lýsingar í bænum.

Lamparnir skulu henta fyrir lýsingu gatnakerfisins, stíga og bílastæða. Heimilt er að bjóða í allar gerðir lampa eða hluta þeirra. Samningstími er 3 ár. Útboðsgögn með nánari upplýsingum verða afhent rafrænt. Óska má eftir þeim með tölvupósti á netfangið vikingurg@akureyri.is.

**Tilboðum skal skila eigi síðar en kl. 13:00 fimmtudaginn 12. janúar 2017.**

Tilboðum má skila rafrænt á fyrrnefnt netfang eða í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 600 Akureyri.

Tilboð verða opnuð strax að loknum skilafresti í fundarherbergi framkvæmdadeildar á 3. hæð Ráðhúss að viðstöddum bjóðendum sem þess óska.

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

## FORVAL

Ný verkefni í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Vesturbæjarskóli viðbygging. Eftirlit með uppsteypu og fullnaðarfrágangi ásamt breytingu á núverandi leikifimsal og kaffistofu kennara,** forval nr. 13825.

Nánari upplýsingar er að finna á ***www.reykjavik.is/utbod***

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports
Reykjavík Grundartangi Akranes Borganes

## Útboð

Faxaflóahafnir sf. óska eftir tilboðum í verkið:

**Gamla höfnin**
**Norðurgarður, 2. áfangi**
**Bygging hafnarbakka 2017**

Verkið felst m.a. í að reka stálþil, ganga frá stögum og ankerum, rífa núverandi trébryggju, fylla inn fyrir þil, steypa kantbita, leggja lagnir og steypa yfirborð bakka.

**Helstu magntölur eru :**

| | |
|---|---|
| Rekstur stálþils | 120 m |
| Stög og ankerisplötur | 42 stk |
| Fyllingarefni | 28.000 m³ |
| Regnvatnslagnir | 200 m |
| Ídráttarrör fyrir rafstrengi | 2.000 m |
| Snjóbræðsla | 4.000 m² |
| Steypt þekja | 4.000 m² |
| Malbik | 400 m² |

Verklok 15. nóvember 2017.

Útboðsgögn verða afhent án gjalds á stafrænu formi með að senda beiðni með nafni bjóðanda, símanúmer og nafni tengiliðs á netfangið sigurdurgj@mannvit.is. Einnig er hægt að sækja gögnin á pappír endurgjaldslaust á skrifstofu Mannvits, Urðarðhvarfi 6, 203 Kópavogi frá og með þriðjudeginum 13. desember.

Tilboð verða opnuð á **skrifstofu Faxaflóahafna, Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík, fimmtudaginn 12. janúar 2017 kl. 11:00.**

MANNVIT

# STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

## SÖLUSÝNING LAUGARDAGINN 10. NÓV. 13:00 -15:00




## SKÓGARVEGUR 12-14, 103 RVK

**STAKFELL KYNNIR RÚMGÓÐAR OG BJARTAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í FOSSVOGI**

Frábærlega vel hannaðar af Tark arkitektum, allar íbúðir með stórum gluggum til suðurs og suðursvölum, vönduðum innréttingum og vönduðum frágangi í alla staði. Íbúðir eru til afhendingar í nóvember og desember 2016 og afhendast með flísalögðum gólfum á baði og þvottahúsi. Mynddyrasímar eru í húsinu. Sér stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum ásamt geymslu í kjallara.

**NÝ ÞRIGGJA HERBERGJA SÝNINGARÍBÚÐ TILBÚIN Í DAG!**

Við verðmetum frítt fyrir væntanlega kaupendur íbúða og aðstoðum við allt ferlið frá verðmati og sölu á þinni eign til kaupa á Skógarvegi.

Nánari upplýsingar um eignina veita þau Hrafntinna, Ólafur og Þorlákur.



HRAFNTINNA VIKTORÍA KARLSDÓTTIR
*Löggiltur fasteignasali*
*Lögfræðingur B.A.*
GSM 820-4242
hrafntinna@stakfell.is



ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON
*Rekstrarhagfræðingur MBA*
*Aðstm. fasteignasala*
GSM 663-2508
olafur@stakfell.is



ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON
*Framkvæmdastjóri*
*Löggiltur fasteignasali*
GSM 820-2399
thorlakur@stakfell.is



## GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI

# HÍBÝLI
FASTEIGNASALA

Kringlan 4-6, 103 Reykjavík - hibyli.is - hibyli@hibyli.is - Sími: 585 8800



Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali.



Þórður S. Ólafsson, löggiltur fasteignasali.



Ólafur Már Ólafsson, löggiltur fasteignasali.



Björg Ágústsdóttir, skrifstofa






## Aflagrandi 40 – 107 Reykjavík - 60 ára og eldri

**Opið hús laugardaginn 10. desember milli kl. 14:00 og 14:45, íbúð 0206.**

Falleg 3ja herbergja 80,1 fm íbúð á 2. hæð í eftirsóttu fjölbýli fyrir 60 ára og eldri í Vesturbæ Reykjavíkur. Íbúðin er á skiptist í aðalrými með samliggjandi stofu, borðstofu og eldhúsi, útgengt á yfirbyggðar svalir með svalalokun og fallegu útsýni. Tvö góð svefnherbergi með fataskápum. Eikarparket á gólfum. Rúmgott baðherbergi með tengi fyrir þvottavél. Geymsla (búr) innan íbúðar og önnur sér geymsla í kjallara. Í sameign er bílageymsla sem íbúar geta nýtt og sameiginlegt þvottahús. Félagsmiðstöðin Vesturreitir er í húsinu þar sem boðið er upp á hádegisverð auk fjölbreyttra námskeiða, hársnyrtingu o.fl. **Verð 43,0 millj.**

**Rjúpnasalir 12 – 201 Kópavogur**

Mjög falleg 3ja herbergja 94 fm íbúð á 2.hæð í góðu lyftuhúsi í Salahverfinu í Kópavogi. Íbúðin skiptist í forstofu með fataskáp, stofu með útgengi á yfirbyggðar flísalagðar svalir, tvö svefnherbergi með fataskápum, eldhús með góðri innréttingu, baðherbergi með baðkari og þvottahús innan íbúðar. Parket á stofu og herbergjum, flísar á baðherbergi og þvottahúsi. **Verð 36,7 millj.**



**Hringbraut 94 – 101 Reykjavík**

Fallegt og vel skipulagt parhús á þremur hæðum í Vesturbænum. Eignin skiptist í forstofu, hol með stiga upp á efri hæð, rúmgóð og björt stofa með samliggjandi við borðstofu sem er opin við eldhús, parket á gólfum. Eldhús með góðri innréttingu. Á efri hæð er baðherbergi, rúmgott svefnherbergi og hjónaherbergi með fataherbergi inn af. Í kjallara er stofa/sjónvarpsherbergi og svefnherbergi, parketi á gólfum, þvottahús og geymsla. Hellulögð stétt og timburpallur eru framan við hús, tyrfður garður er aftan við hús. **Verð 57,5 millj.**



**Vesturgata 7 – 101 Reykjavík**

Falleg 2ja herbergja 65,6 fm íbúð í húsi fyrir 67 ára og eldri. Í húsinu er þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara og heilsugæsla. Íbúðin skiptist í forstofu með fataskápum, eldhús með viðarinnréttungu, svefnherbergi, stofa opin við sjónvarpshol, parket á gólfum, útgengt á hellulagðar vestursvalir. Baðherbergi, flísar á gólfum og veggjum, sturtuklefi sem gengið er beint inn í, tengi fyrir þvottavél. Frábær staðsetning við miðborgina, stutt í alla verslun og þjónustu. **Verð 34,0 millj.**



**Asparfell 6 – 111 Reykjavík**

Góð 5 herbergja 111,6 fm íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi við Asparfell . Íbúðin skiptist í forstofu með fataskápum, eldhús með viðarinnréttingu, samliggjandi stofur með útgengi á svalir, gestasalerni. Í svefnálmu eru þrjú svefnherbergi, öll með fataskápum, baðherbergi með baðkari, geymsla með hillum. Parket, korkur og dúkur á gólfum. **Verð 34,5 millj.**



**Aðalstræti 9 – 101 Reykjavík**

Falleg 2ja herbergja 49,7 fm íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi í hjarta miðborgarinnar. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús sem er opið við rúmgóða stofu, útgengi á svalir sem snúa að Fógetagarðinum, svefnherbergi með fataskáp, parket á gólfum. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, þvottahús/geymsla innan íbúðar, flísar. Frábær staðsetning. **Verð 31,5 millj.**



**VANTAR ALLAR STÆRÐIR OG GERÐIR EIGNA Á SÖLUSKRÁ, SKOÐUM SAMDÆGURS.**

# LIND FASTEIGNASALA

# 510 7900

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is



| Þórunn | Sveinn | Hannes | Lára | Kristján | Ólafur | Kristín | Bjarni | Albert | Helga | Stefán | Harpa | Gunnar | Arna | Vernharð | Magnús | Davíð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR LEIGUMIÐLARI | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA |





## Naustabryggja 31-33

110 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 108,3 fm FJÖLBÝLI HERB: 4

Ný og vönduð fjögurra herbergja íbúð með sér bílastæði í bílakjallara. Íbúð 104 með þremur svefnherbergjum ásamt stofu er 98,3 fm og geymslan er 10 fm, samtals 108,3 fm.

*Heyrumst*
Hannes › 699 5008 **44.900.000 kr**
Löggiltur fasteignasali





## Birkimelur 6b

107 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 78,4 fm FJÖLBÝLI HERB: 3-4

Mjög falleg, björt og vel skipulögð þriggja til fjögurra herbergja íbúð á efstu hæð (eitt svefnherbergi í risi). Tvær stofur ásamt rúmgóðu svefnherbergi í íbúð.

*Heyrumst*
Hannes › 699 5008 **39.900.000 kr**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 11. des 14:00 – 14:30**





## Björtusalir 6

201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 128 fm FJÖLBÝLI HERB: 4

Mjög falleg og vel skipulögð fjögurra herbergja íbúð á annari hæð. Öll rými rúmgóð, stórar skjólsælar svalir. Þrjú stór svefnherbergi. Gegnheilt parket. Rúmgott eldhús með eyju.

*Heyrumst*
Hannes › 699 5008 **46.900.000 kr**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 11. des 15:00 – 15:30**





## Lómasalir 7

201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 204 fm PARHÚS HERB: 5

Húsið er klætt að utan og því viðhaldslítið. Eikar gólfefni og eikar innréttingar. Aukin lofthæð á efri hæð. Sér fataherbergi. Fallegt útsýni úr eldhúsi og stofum.

*Heyrumst*
Hannes › 699 5008 **69.900.000 kr**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 11. des 16:00 – 16:30**






## Garðatorg 2b

210 GARÐABÆR

STÆRÐ: 107-195 fm FJÖLBÝLI HERB: 3-4

LIND Fasteignasala kynnir:

NÝJAR GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR við Garðatorg 2B.

Stórir gluggar, aukin lofthæð, fallegt útsýni og rúmgóðar svalir. Sérsmíðaðar innréttingar og skápar frá Trésmiðju GKS. Bílastæði í bílakjallara. Svalalokanir fylgja á öllum svölum þar sem hægt er að koma þeim fyrir.

**Verð frá 57.500.000 kr**



*Heyrumst*
**Hannes Steindórsson**
Löggiltur fasteignasali
Sölustjóri
› 699 5008
› hannes@fastlind.is



*Heyrumst*
**Gunnar Valsson**
Sölufulltrúi
› 699 3702
› gunnar@fastlind.is

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**




**ÁSKRIFENDA-LOTTERÍ 365**
Allir áskrifendur að sjónvarpspökkum 365 í nóv. og des. eiga möguleika á að vinna **glæsilega vinninga**.




**Tilboð gildir til 15. desember**

## MEIRI HRAÐI, SKARPARI MYND, BETRA VIÐMÓT

# APPLE TV 4 Á **0 KR.**

Í þrjátíu ár höfum við verið í fararbroddi við að færa þér gæðaefni með nýjustu tækni. Árið 1986 biðu tilvonandi áskrifendur okkar í röðum eftir myndlyklum þegar fyrsti myndlykillinn kom til Íslands. Frá þeim tíma hefur hvergi verið hnikað og hver tæknibreytingin tekið við af annarri. Við hjá 365 leggjum metnað í að þú njótir skemmtunarinnar á sem bestan hátt og stígum nú enn eitt skrefið og kynnum **365 sjónvarp á Apple TV.** Meiri hraði, skarpari mynd og enn betra viðmót í sjónvarpi framtíðarinnar.

Nú getur þú fengið þér Apple TV 4 með áskrift að efni frá 365 og sparað tugi þúsunda því við bjóðum þér **Apple TV á 0 krónur með 12 mánaða áskrift** að völdum pökkum 365.




Tilboðið gildir með völdum sjónvarpspökkum 365 til 15. desember 2016.

Nánar á 365.is eða í síma 1817.

EPLI VALITOR

Í samstarfi við Epli og Valitor

PIPAR\TBWA / SÍA

HBO® and related service marks are the property of Home Box Office, Inc.

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á **365.IS**

365


CANADA GOOSE®
ARCTIC PROGRAM
CANADA GOOSE HAUST 2016
SHELBURN
Kr.124.990.-
ROSSCLAIR
Kr.129.990.-
TRILLIUM
Kr.114.990.-
LORETTE
Kr.129.990.-
SPORTÍS
MÖRKIN 6 - 108 REYKJAVÍK - S:520-1000 - SPORTIS.IS






Vínrauðu flauelskökurnar hennar Elínar líta vel út á veisluborðinu. MYNDIR/MARÍA ELÍNARDÓTTIR

# SUMAR SORTIR ÞARF AÐ BAKA OFT

Vínrauðar flauelskökur eru bæði fallegar og góðar og því tilvaldar á kaffiborðið á aðventunni. **Fanney Rut Elínardóttir** bakar alltaf mikið fyrir jólin og nýlega kom út Stóra smákökubókin eftir hana.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is

Svo lengi sem Fanney Rut Elínardóttir man eftir sér hefur hún haft áhuga á bakstri. Svo mikinn að þegar hún var lítil var hún harðákveðin í að giftast bakara. Nýlega kom út bók eftir Fanneyju, Stóra smákökubókin, en segja má að bókin sé fjölskylduverk því systir Fanneyjar, María Elínardóttir, tekur allar myndir í bókinni og svo er hún gefin út hjá Drápu sem er útgáfa í eigu foreldra þeirra. „Hugmyndin að bókinni kviknaði síðasta vor þegar pabbi fór að tala um að það vantaði bók fyrir jólin hjá Drápu. Við höfum bæði mjög gaman af því að baka smákökur fyrir jólin og því lá beinast við að hræra í smákökubók,“ segir Fanney sem bakar sjálf mikið fyrir jólin.

„Sumar uppskriftir eru meira að segja bakaðar oftar en einu sinni, þá á ég við lakkrístoppana sem yfirleitt klárast áður en ofninn nær að kólna og piparmintumarengsinn, en hann er oft gefinn sem aukagjöf eða notaður til að skreyta pakka.“

Spurð að því hvort hún sé mikið jólabarn segir Elín brosandi að það sé óhætt að fullyrða það. „Á skalanum einn til tíu þá er ég sterk tólfa. Mér líður best í umhverfi sem lítur út eins og jólin hafi ælt rauðu og grænu yfir svæðið og ég elska skrítið, öðruvísi og óhefðbundið jólaskraut.“

Eins og sönnu jólabarni sæmir heldur Elín ákveðnar jólahefðir í heiðri. Hún fer til dæmis með systkinum sínum niður að Tjörn að gefa öndunum brauð á Þorláksmessu þegar þau eru öll á landinu á sama tíma. Elín er hjá foreldrum sínum á aðfangadag og segir hún þau vera ansi stíf á því að setjast til borðs á slaginu klukkan sex, þegar jólaklukkurnar klingja. „Og svo má segja að það sé orðinn jólasiður að eitthvert af systkinum pabba kemur með síðasta pakkann til okkar eftir að við erum byrjuð að borða, það bara eru ekki jól ef það gerist ekki. Í aðdraganda jólanna hittist stórfjölskyldan alltaf í laufabrauðsútskurði þar sem við skerum út og steikjum rúmlega hundrað kökur og borðum svo hangikjöt og fleira eftir puðið. Svo má kannski bæta við að það sé orðin jólahefð hjá mér að eyða alltof miklum tíma í að skreyta pakkana sem ég gef ættingjum og vinum,“ segir Elín og brosir.

Hún gefur hér uppskrift að vínrauðum flauelskökum sem hún segir vera svolítið óvenjulegar því þær séu svo fallegar á litinn. „Svona flauelsvínrauðar og jólalegar. Auk þess eru þær mjög góðar á bragðið og ekki flóknar í bakstri.“



Fanney hefur alla tíð haft áhuga á bakstri og eldamennsku og hafði gaman af að fylgjast með í eldhúsinu sem barn. Þegar hún varð eldri fór hún svo að fikta sjálf í eldhúsinu enda áhuginn mikill.

## VÍNRAUÐAR FLAUELSKÖKUR

**200 g hveiti**
**20 g kakó**
**1 tsk. matarsódi**
**¼ tsk. salt**
**115 g smjör**
**150 g púðursykur**
**50 g sykur**
**1 stk. egg**
**1 msk. mjólk**
**2 tsk. vanilludropar**
**1-1½ msk. rauður matarlitur**
**180 g súkkulaðidropar auk þeirra sem fara á kökurnar eftir bakstur**

Blandið saman þurrefnunum; hveiti, kakói, matarsóda og salti í stóra skál. Hrærið saman smjöri, sykri og púðursykri þar til deigið er rjómakennt. Bætið mjólk, eggi og vanilludropum saman við. Bætið að lokum matarlitnum út í og hrærið þar til liturinn er jafn. Bætið þessu næst þurrefnunum varlega saman við á meðan hrært er, líka súkkulaðidropunum. Hér má bæta við matarlit ef óskað er eftir skærrauðu deigi. Kælið í eina klukkustund, að lágmarki. Má vera allt að þrjá daga í ísskáp.

Hitið ofninn í 180°C. Takið um 1½ tsk. af deigi og mótið kúlur á milli handanna. Hafið smá bil á milli. Bakið í níu til ellefu mínútur. Þegar kökurnar eru teknar úr ofninum má þrýsta á þær til að mynda í þeim sprungur. Setjið að lokum súkkulaðidropa ofan á heitar kökurnar. Leyfið kökunum að kólna í nokkrar mínútur á plötunni áður en þær eru teknar af.

Til að gera þessar gullfallegu kökur dálítið jólalegri má sáldra flórsykri yfir þær eftir bakstur. Þá má líka nota hvíta súkkulaðidropa ofan á kökurnar.









## Úrsmíðameistari okkar missir aldrei einbeitinguna

Vegna annálaðrar einbeitingar, nákvæmni og 45 ára reynslu, tryggir úrsmíðameistarinn gæði íslensku úranna.

Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar.

JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.




JS Watch co.
REYKJAVIK

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is


Opin vinnustofa fyrir fjölskyldur með krakka á öllum aldri verður í Hugmyndasmiðjunni á Kjarvalsstöðum í dag.


Fjölskylduföndurstund verður í Borgarbókasafninu í Kringlunni í dag.


Salka Sól treður upp með Grýlu og Leppalúða í Þjóðminjasafninu á sunnudag.

# JÓLAFÖNDUR OG FUGLASKOÐUN

Heilmikið er um að vera um helgina enda styttist óðum til jóla. Aðventan er sá tími þegar fjölskyldan nýtur samverustundanna sem mest og bæði í dag og á morgun er ýmislegt hægt að finna sér til dundurs.




**LAUGARDAGUR**

Kristín Arngrímsdóttir, listakona og rithöfundur, verður með ókeypis föndurstund í Borgarbókasafninu í Kringlunni í dag. Föndurstundin er öllum opin og hefst klukkan 13.30 og stendur til 16.30. Kristín mun meðal annars kenna handtökin við að klippa út engla og snjókorn.

Á KEX hosteli verða nemendur Listaháskólans með jólamarkað í dag. Markaðurinn hefst klukkan 11 og stendur til 17. Nemendur selja eigin verk, bæði skólaverkefni og verk sem gerð hafa verið utan skóla og segja þarna gefast frábært tækifæri til þess að gefa list í jólagjöf eða fjárfesta í list eftir upprennandi listamenn á góðu verði.

Opin vinnustofa fyrir fjölskyldur með krakka á öllum aldri verður í Hugmyndasmiðjunni á Kjarvalsstöðum í dag. Yfirskriftin er Jóla-skap og mun myndlistarkonan Berglind Jóna Hlynsdóttir halda utan um vinnustofuna. Ókeypis er fyrir krakka en fullorðnir greiða aðgangseyri inn á safnið. Vinnustofan hefst klukkan 11 og stendur til 13.

Opið hús verður hjá listamanninum Úlfari Erni á Vesturgötu 53 milli klukkan 14 og 17 í dag. Úlfar lofar jólastemmingu á vinnustofunni og úrvali jólagjafa, svo sem teikningum og málverkum.

**SUNNUDAGUR**

Jólastund fyrir fjölskyldur verður haldin á Hlemmur Square á sunnudag klukkan 14. Boðið verður upp á heitt kakó og smákökur og jólasveinninn kíkir í heimsókn. Melódía og Kammerkór Áskirkju syngur jólalög.

Grasagarðurinn í Reykjavík býður upp á fuglagöngu á sunnudag milli klukkan 11-12. Hannes Þór Hafsteinsson garðyrkjufræðingur leiðir gönguna sem hefst við aðalinngang Grasagarðsins við Laugatungu. Sniðugt er að taka með sér sjónauka en meðal þeirra fuglategunda sem sjá má í Grasagarðinum um þessar mundir eru bókfinkur og silkitoppur, glóbrystingur auk músarrindla og skógarþrasta.

Salka Sól treður upp ásamt Grýlu og Leppalúða í Þjóðminjasafninu á sunnudag klukkan 14. Skemmtunin er ókeypis og allir velkomnir.


Fuglaskoðun verður í Grasagarðinum á sunnudag.


Cocoa Mint 2009 sólgleraugu kr. 12.900,-
Centro Style 56342 umgjörð kr. 16.800,-
CEBÉ sportgleraugu kr. 21.900,-
Centro Style 56212 umgjörð kr. 16.800,-
Red Bull 754-01 umgjörð kr. 37.300,-
Ray-Ban 1527-3573 barnaumgjörð kr. 19.875,-
Smith Wolcott sólgleraugu kr. 42.900,-
Centro Style 56040 barnaumgjörð kr. 13.800,-
Tommy Hilfiger 1123 umgjörð kr. 26.850,-
Ray-Ban 5228 umgjörð kr. 25.970,-
Boss 0085-003 umgjörð kr. 36.690,-
Red Bull Tane-004 sólgleraugu kr. 14.950,-
Ný gleraugu?
Eyesland leggur metnað sinn í að bjóða viðskiptavinum sínum vandaðar vörur á góðu verði. Heimsþekkt vörumerki og fjölbreytt vöruval. Í boði eru allskonar gleraugu, lesgleraugu sem og margskipt gleraugu, linsur, sólgleraugu, hjólagleraugu, hlaupagleraugu, skíðagleraugu, fjallagleraugu, veiðigleraugu með eða án styrks.
Gleraugu við öll tækifæri, hvort sem það er í vinnu, á fjöllum, í útiveru eða bara heima við lestur, þá færðu gleraugu við hæfi hjá Eyesland.
Ray-Ban
COCOA MINT
SMITH
TOMMY HILFIGER
Red Bull
BOSS HUGO BOSS
CÉBÉ
LOUIS MARCÉL
bollé
Ellingsen
Við erum hér
Bónus
Valdís
Ársæll
Grandagarður
Höfnin
Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Grandagarði 13.
EYES LAND
gler augu
Eyesland · Grandagarði 13 og Glæsibæ, 5. hæð · sími 510 0110 · www.eyesland.is

## BÍLAR & FARARTÆKI


**Toyota Kauptúni**



TOYOTA Yaris h/b live. Árgerð 2013, ekinn 88 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.640.000. Rnr.182698.

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6, 210 Garðabær**
**Sími: 570 5070**
**www.toyotakauptuni.is**

**bilauppbod.is**

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

**bíll.is** bestir í bílum...



TOYOTA Verso sol . Árgerð 2012, ekinn 105 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.890.000. Rnr.270058.

**Bíll.is**
**Malarhöfði 2, 110 Rvk.**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

**100 bílar.is** bílasala



Ford Freestyle SEL AWD, 2/2006, ek 149 þús km, 7 manna, sjsk, ný vetrardekk á auka felgum, ásett verð 990 þús, er á staðnum, raðnr 221038

**100 bílar ehf**
**Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18 virka daga & laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

**BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN**




VW GOLF GTE PLUG IN HYBRID nýr ókeyrður bensín/rafmagn, sjálfskiptur, 18" Serranofelgur, glerþak. Verð 4.790.000 kr. Raðnr. 255560 á BILO.is



TOYOTA LAND CRUISER 150 GX nýskr. 05/2012, ekinn 134 Þ.km, diesel, sjálfskiptur. Verð 6.290.000 kr. Raðnr. 287884 á BILO.is

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**





## Bílar til sölu



Vw Passat cc árg '13 Ek 57.000 17" Vetradekk 19" Sumard á felgum Glæsilegur bill s. 6968252



**7 MANNA FERÐA-OG FJÖLSK.BÍLL 4X4**
Starex '06, ek 183þ.sk.'17, breyttur Krókur, spilbiti, brettak., þakst., stigbr. Tengdó, mikið endurn. Tilb. 1500 þús Uppl. í síma 8982608 og 8982821

## 0-250 þús.



**TIL SÖLU**
Nissan Almera 1996 Skoðaður án athugasemda ekinn 187.000 Fæst fyrir lítið: S:842-2535

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hópferðabílar



**M B 614, Árg 1995 Ek. 867,000, 25+1 farþegar. Nýleg 3pkt sæti. Eða sætilaus sem húsbíll.**
**Uppl: 897-5976**
**Sjá fleiri rútur og húsbílaefni til sölu hér: http://gtyrfingsson.is/rutur-til-solu**

## Fjórhjól



Polaris Sportsman 800 EFI árg. 2007 Götuskráð. Hiti í handföngum, dráttarkrókur. Ekið 5.760 km. Nýleg dekk.. Ásett verð 1.090þús. Uppl. Örn s. 869 1122

## Hjólbarðar

**VAKA**



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Góð umgengni. malarar@simnet.is Sími 8919890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is


# KIA Ábyrgð fylgir!




**Kia Picanto LX**
Árgerð 5/2014, ekinn 43 þús. km, bensín, 998 cc, 69 hö, beinskiptur, eyðsla frá 4,2 l/100 km.
Raðnúmer: 992111
**1.490.000 kr.**
12.300 kr. á mánuði*




**Kia Rio EX**
Árgerð 6/2012, ekinn 71 þús. km, dísil, 1.396 cc, 90 hö, beinskiptur, eyðsla frá 3.8 l/100 km.
Raðnúmer: 991984
**1.890.000 kr.**
15.900 kr. á mánuði*




**Kia cee'd LX**
Árgerð 12/2013, ekinn 88 þús. km, dísil, 1.396 cc, 90 hö, beinskiptur, eyðsla frá 4,2/100 km.
Raðnúmer: 310367
**1.990.000 kr.**
16.500 kr. á mánuði*




**Kia cee'd LX**
Árgerð 4/2015, ekinn 36 þús. km, dísil, 1.396 cc, 90 hö, beinskiptur, eyðsla frá 4,2 l/100km.
Raðnúmer: 992057
**2.490.000 kr.**
21.000 kr. á mánuði*




**Kia Sportage X-TRA 4WD**
Árgerð 5/2015, ekinn 44 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, beinskiptur, eyðsla frá 5,9 l/100 km.
Raðnúmer: 991794
**4.290.000 kr.**
35.800 kr. á mánuði*




**Kia Sportage Luxury 4WD**
Árgerð 5/2015, ekinn 84 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, eyðsla frá 5,9 l/100 km.
Raðnúmer: 992080
**4.290.000 kr.**
35.800 kr. á mánuði*




**Kia Sorento Luxury**
Árgerð 4/2015, ekinn 73 þús. km, dísil, 2.199 cc, 197 hö, sjálfskiptur, eyðsla frá 6,7 l/100 km.
Raðnúmer: 320354
**5.990.000 kr.**
49.000 kr. á mánuði*




**Kia Sorento Luxury**
Árgerð 4/2015, ekinn 36 þús. km, dísil, 2.199 cc, 197 hö, sjálfskiptur, eyðsla frá 6,7 l/100 km.
Raðnúmer: 290464
**6.390.000 kr.**
53.000 kr. á mánuði*

*Mánaðargreiðsla m.v. 50% bílalán í 84 mánuði. Vextir 8,75% og árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,5%. Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar.

ASKJA **NOTAÐIR BÍLAR** www.notadir.is

Klettháls 2
110 Reykjavík
590 2160

**Opnunartímar:**
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16

## til sölu

**GLUGGA GERÐIN**

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í …svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is




## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

Stúdíóíbúð í 105 til leigu. Reglusemi óskað. Trygging. Uppl: 8600360.

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Þarftu að laga til fyrir jólin. Stærðir 1,6-5,5 fm. Jólatilboð fyrir nýja viðsliptavini: Desembermánuður frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**GINGER**

**GINGER**
óskar eftir starfsfólki á dagvaktir alla virka daga. Unnið er frá 9:00-17:00 og 11:00-15:00.

Ef þú ert orðinn 18 ára og vilt vinna á góðum og skemmtilegum stað sendu þá ferilskrá á brynja@ginger.is eða hafðu samband í síma 780-1980

**BÍLSTJÓRI ÓSKAST**
til að aka með ferðamenn um Reykjanesið og Bláa Lónið. 4-5 ferðir í viku. 15 manna bíll. Góð enskukunnátta og leiðsögu/sölumanns hæfileikar æskilegir.

Nánari uppl. á Santon@mi.is

**LEBOWSKI BAR**
óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.
**Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is**

Óska eftir mönnum í uppslátt á sökklum uppl. s: 8975307

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**HRINGIÐ Í STÍNU!**
Hún er alltaf til í heitt spjall. Opið frá 18 Sími 905-2100 Geymið auglýsinguna.






# Berum ábyrgð á eigin heilsu

*„Jarðvegurinn er sem sé morandi af lífi sé hann rétt hirtur"*

Jónas Kristjánsson læknir (1870–1960)






Landsþing Náttúrulækningafélags Íslands hvetur stjórnvöld til að móta stefnu um eflingu lífrænnar framleiðslu á Íslandi og að taka upp skipulegan stuðning við lífræna aðlögun í landbúnaði. Erfðabreytt efni eru ekki leyfð í lífrænni framleiðslu og hefur NLFÍ beitt sér fyrir takmörkun og helst banni á ræktun erfðabreyttra plantna á Íslandi.

## Heilsustofnun NLFÍ

- *Meginhlutverk Heilsustofnunar eru að sinna endurhæfingu, fræðslu og forvörnum*
- *Hollur og næringarríkur matur er hluti af meðferð á Heilsustofnun*
- *Lífræn ræktun hefur verið stunduð á Heilsustofnun í áratugi og er allt grænmeti sem ræktað er í garðyrkjustöð Heilsustofnunar með vottun frá Vottunarstofunni Túni*
- *Á Heilsustofnun starfa 100 manns og um 2000 dvalargestir koma á hverju ári*
- *Heilsustofnun er með gæðavottun frá ESPA – Heilsulindasamtökum Evrópu*
- *Á Heilsustofnun er boðið upp á fjölbreytt heilsunámskeið allt árið*
- *Matsalur Heilsustofnunar er opinn fyrir alla*

VOTTAÐ LÍFRÆNT TÚN

med European Quality EUROPESPA

**Náttúrulækningafélag Íslands**

**Laugavegi 7 – 101 Reykjavík – nlfi@nlfi.is – nlfi.is**



Íslenska kalkþörungafélagið, Ískalk, starfar í fögru umhverfi Vestfjarða á Bíldudal.

# Kalkþörungar úr Arnarfirði stuðla að betri heilsu manna og dýra

Kalkþörungar eru æ víðar skilgreindir sem ofurfæða. Íslenska kalkþörungafélagið er dótturfélag Marigot á Írlandi sem er framarlega í þróun fæðubótarefna úr kalkþörungum og hefur hlotið verðlaun fyrir. Framleiðsla Íslenska kalkþörungafélagsins er vottuð af Túni ehf.

„Marigot hefur um árabil unnið að rannsóknum með vísindamönnum á heilnæmi kalkþörunga og niðurstöðurnar gefa til kynna að neysla þeirra eigi sinn þátt í að styrkja bein og liði og örvi einnig og bæti meltingu,“ segir Einar Sveinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslenska kalþörungafélagsins. Hann bendir á að Marigot sé eitt helsta frumkvöðlafyrirtæki heims á sviði þróunar á fæðubótarefnum úr kalkþörungum fyrir hollustu- og heilsumatvæli fyrir menn og dýr, og þá aðallega kýr.



Einar Sveinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslenska kalkþörungafélagsins.

## Acidbuf og Aquamin

Bætiefni Marigot fyrir landbúnað eru merkt vörumerkinu Acidbuf en afurðir til manneldis eru merkt Aquamin. „Acidbuf hefur lengi þótt hafa jákvæð áhrif á heilsu húsdýra en stór hluti framleiðslu Ískalks á Bíldudal er notaður sem bætiefni í dýrafóður,“ segir Einar Sveinn en kalkið þyki bæta og örva meltingu og almennt stuðla að aukinni vellíðan bústofnsins. „Frekari rannsóknir á heilnæmi kalkþörungsins leiddi til þróunar og síðan framleiðslu á heilsutengdum og vottuðum afurðum til manneldis,“ segir hann.

## Fjölmörg verðlaun

Jákvæð áhrif Aquamin á slitgigt og beinrýrnun hefur leitt til þess að Marigot hefur hlotið nokkur verðlaun fyrir Aquamin vöruflokkinn. Einar Sveinn nefnir meðal annars fyrstu verðlaun sem Hráefni ársins 2016 (Ingredient of the Year Award) í flokknum Heilbrigð öldrun (Healthy Aging) á alþjóðlegri vörusýningu heilsuiðnaðarins, VitaFoods Exhibition 2016, sem haldin var í Genf. „Marigot hefur á undanförnum misserum hlotið fleiri sambærileg verðlaun fyrir þessa vöru sem seld er um allan heim. Að mati dómnefnda er Aquamin sérlega árangursríkt heilsubótarefni til að stuðla að heilbrigðri öldrun þegar kemur að mataræði og hollum lífsháttum.“

## Dregur úr beinþynningu

Einar Sveinn nefnir einnig að Aquamin þyki draga úr beinþynningu og hafa jákvæð áhrif gegn æða- og hjartasjúkdómum. Hann greinir frá rannsókn sem hófst í Bretlandi árið 2012. „Þar voru tölfræðiupplýsingar skoðaðar í úrtaki 300 kvenna sem lokið höfðu tíðahvörfum. „Einn hópurinn fékk Aquamin, annar Aquamin sem einnig innihélt fásykrur og þriðji hópurinn fékk lyfleysu. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að báðir hóparnir sem fengu Aquamin eða Aquamin með fásykrum voru með minna LDL-kólesteról, oft kallað vonda kólesterólið, en lyfleysuhópurinn. Fyrir upphaf rannsóknarinnar voru gildi hópanna sambærileg. Kólesterólgildin í heild (Total Cholesterol) voru einnig lægri en í lyfleysuhópnum og innan allra eðlilegra marka. LDL-kólesteról er meðal þess sem valdið getur æða- og hjartasjúkdómum. Einnig var gildi IL-4, sem hamlar gegn bólgusjúkdómum, umtalsvert hærra meðal þeirra kvenna sem fengu Aquamin eða Aquamin með fásykrum,“ upplýsir einar Sveinn og bendir á að konunum í rannsókninni hafi verið fylgt eftir í fjögur ár að lokinni ransókn.

## Íslenska kalkþörungafélagið

Íslenska kalkþörungafélagið, sem oftast er kallað Ískalk, var stofnað árið 2001. „Hjá fyrirtækinu eru nú á þriðja tug starfsmanna og er Ískalk því einn af máttarstólpum atvinnulífsins á Bíldudal, þar sem íbúum fer nú fjölgandi á ný,“ segir Einar Sveinn en fyrirtækið vinnur árlega um 35 þúsund tonn af þurrkuðum þörungum og að sögn Einars Sveins er unnið að framleiðsluaukningu í um 50 þúsund tonn á ári. „Kalkþörungar eru æ víðar skilgreindir sem ofurfæða (superfood) ásamt þara og ýmsum þangtegundum og fer eftirspurnin vaxandi, sérstaklega eftir að heilnæmi vestfirska kalksins var staðfest,“ segir Einar Sveinn og bendir á að framleiðsluferlar Íslenska kalkþörungafélagsins séu vottaðir af Vottunarstofunni Túni ehf.

## Tvær verksmiðjur á vegum Marigot

Marigot hyggur á enn meiri uppbyggingu á Íslandi og undirbýr um þessar mundir byggingu tveggja verksmiðja, annars vegar í Stykkishólmi þar sem stofnað hefur verið til félags með Matís til að vinna þang úr Breiðafirði, og í Súðavík þar sem ætlunin er að vinna kalkþörunga úr Ísafjarðardjúpi.



Hjá Ískalk starfa nú á þriðja tug starfsmanna.



Fyrirtækið vinnur árlega um 35 þúsund tonn af þurrkuðum þörungum og unnið er að framleiðsluaukningu í um 50 þúsund tonn á ári.



Nesbúegg var stofnað árið 1971, þá undir nafninu Nesbú hf., en það er nú eitt stærsta eggjabú landsins. Fyrirtækið sérhæfir sig í eldi á varphænum, allt frá ungaeldi til eggjaframleiðslu. Starfsemin fer annars vegar fram á Vatnsleysuströnd í sveitarfélaginu Vogum og hins vegar í Miklholtshelli II í Flóa. MYND/ANTON BRINK

# Fyrstu lífrænu eggin á neytendamarkaði

**Nesbúegg ehf.** framleiðir lífrænt vottuð egg fyrir neytendamarkað. Eggin, sem eru með vottun frá vottunarstofunni Túni, komu á markað í byrjun árs og varð Nesbúegg þar með fyrsti íslenski stórframleiðandinn á eggjum til að hljóta slíka vottun. Eggjunum hefur að sögn markaðsstjórans Baldvins Hróars Jónssonar frá upphafi verið vel tekið.

Lífrænt vottuðu eggin frá Nesbúeggjum komu á markað í lok janúar á þessu ári „Þeim var strax vel tekið og það hefur verið góður stígandi í sölunni síðan. Í kjölfar umræðunnar um Brúnegg í Kastljósi hefur síðan orðið mikil aukning,“ segir Baldvin. Hann segir Nesbúegg hafa viljað svara kröfu neytenda um að fá lífrænt vottuð íslensk egg á markað. „Vitund neytenda um aðbúnað dýra hefur aukist mikið á undanförnum misserum og við ákváðum að fylla þetta skarð.“

Vottun lífrænnar eggjaframleiðslu felur að sögn Baldvins í sér að á búinu sem hýsir varphænurnar, Miklholtshelli II í Flóa, er fuglunum eingöngu gefið vottað lífrænt ræktað fóður og önnur náttúruleg aðföng. Til að tryggja það enn frekar er öll aðfangakeðja búsins vottuð. „Lífræn vottun kveður auk þess á um að varphænur njóti útivistar þegar veður leyfir en þó aldrei minna en þriðjung líftímans.“

Útisvæðið í Miklholtshelli II nær yfir fimm hektara. „Í ljósi íslensks veðurfars tókum við ákvörðun um að ganga lengra og byggðum yfirbyggðan vetrargarð sem varphænurnar hafa afnot af þegar þannig viðrar,“ segir Baldvin. Hann segir rými fuglanna á innisvæði auk þess fimmtíu prósentum stærra en almennt viðgengst í hefðbundinni eggjaframleiðslu og að náttúrulegur undirburður sé í húsinu.

„Allur annar aðbúnaður lýtur ströngum kröfum um velferð og vellíðan fuglanna. Þannig hafa þeir til dæmis frjálsan aðgang að rykbaði, hreiðri og setpriki innandyra,“ útskýrir Baldvin.

„Með þessu nýstárlega eggjabúi erum við að koma til móts við hinn ört vaxandi hóp neytenda sem kallar eftir lífrænum afurðum. Við höfum auk þess um langt skeið haft aukna velferð varphænsna og næringargæði afurða á stefnuskrá okkar. Við erum því fjarska stolt af því að þessum áfanga sé náð og hlökkum til að þróa verkefnið enn frekar,“ segir Stefán Már Símonarson, framkvæmdastjóri Nesbúeggja ehf.

En hvað felst í því að velja lífræn egg frá Nesbú? „Neytendur fá hreinni vöru þar sem fuglafóðrið er lífrænt, óerfðabreytt og framleitt á umhverfisvænan hátt. Neytendur eru jafnframt að stuðla að dýravelferð þar sem hænurnar eru frjálsar, fá úrvals fóður og njóta aðgengis að stóru útivistarsvæði, sérhönnuðum vetrargarði og fimmtíu prósentum rýmra innisvæði en almennt þekkist. Þess utan styðja þeir við umhverfisvernd þar sem bændur, sem rækta lífrænt fóður, nota ekki tilbúinn áburð eða eiturefni.“

Baldvin segir að fjölmargar fyrirspurnir hafi borist fyrirtækinu í kjölfar umfjöllunar Kastljóss um Brúnegg. „Fólk vill eðlilega vita hvort öll skilyrði lífrænnar vottunar séu uppfyllt. Við erum ófeimin við þá athygli enda stenst hér allt.“

Baldvin segir fólk stundum rugla saman vistvænni vottun og lífrænni vottun en komið hefur á daginn að vistvæn vottun er marklaus og hefur þess vegna verið felld úr gildi. Helsta ástæða þess að hún er marklaus er að lítið sem ekkert eftirlit var með því að skilyrði hennar væru uppfyllt. „Nesbúegg hefur ekki verið með egg á markaði með vistvænni vottun þar sem við töldum að vottunin væri marklaus og villandi fyrir neytendur.

Við erum hins vegar með tvöfalt eftirlit, bæði frá MAST og Túni, en gott eftirlit er forsenda þess að hægt sé að taka mark á hvers kyns vottun.“



Í ljósi íslensks veðurfars var tekin ákvörðun um að byggja yfirbyggðan vetrargarð sem varphænurnar hafa afnot af þegar þannig viðrar. MYND/ANTON BRINK



Baldvin Hróar segir Nesbúegg hafa viljað svara kröfu neytenda um að fá lífrænt vottuð egg á markað.



Rými fuglanna á innisvæði er fimmtíu prósentum stærra en almennt viðgengst í hefðbundinni eggjaframleiðslu. MYND/ANTON BRINK




Eggin komu á markað í lok janúar á þessu ári.

# Gróðursetja tré fyrir hvern áskrifanda

**Guðbjörgu Gissurardóttur** er umhugað um að taka sífellt skref í átt að betra líferni. Hún er stofnandi Í boði náttúrunnar sem gefur út tímarit þrisvar á ári þar sem lífrænu líferni, heilbrigði, umhverfinu og öllu íslensku er gert hátt undir höfði.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



„Útgáfuævintýrið byrjaði haustið 2009 þegar við maðurinn minn, Jón Árnason, byrjuðum með útvarpsþátt á RÚV sem við kölluðum Í boði náttúrunnar. Þar fjölluðum við um ræktun og sjálfbærni í stóru samhengi. Þetta var rétt eftir hrun og okkur, líkt og marga aðra, langaði til að rækta,“ segir Guðbjörg en þátturinn var á dagskrá Rásar 1 í þrjú sumur. „Við flökkuðum á milli garða og landshluta og kynntumst fjölda af áhugaverðu fólki,“ segir Guðbjörg sem í kjölfarið ákvað að þetta væri það sem hana langaði að gera, það er að vinna með náttúrunni í víðum skilningi, taka heildræna nálgun að grænum lífsstíl og öllu sem íslensk náttúra hefur upp á að bjóða.

## Tímarit í slow-stefnunni

„Eftir fyrsta sumarið í útvarpinu var ég verkefnalaus. Þá kviknaði sú hugmynd að taka það sem við höfðum verið að gera í útvarpinu og færa það yfir í tímarit,“ segir Guðbjörg en fyrsta tímaritið undir heitinu Í boði náttúrunnar kom út sumarið 2010.

„Markmiðið er að veita innblástur og fróðleik um það sem tengir fólk betur við náttúruna og fá fólk til að hugsa um hvernig við nýtum hana og njótum. Um leið að stuðla að andlegu og líkamlegu heilbrigði bæði hjá okkur og náttúrunni,“ lýsir Guðbjörg en í blaðinu má finna fjölmargt um heilsu, útivist, mat og ræktun.

„Innblásturinn er sá að fólk fái þær upplýsingar sem þarf til að taka lítil skref í átt að heilbrigðara líferni bæði hjá sjálfu sér og gagnvart náttúrunni.“

En hvaðan kemur áhuginn á málefninu? „Ég bjó í New York í sjö ár og þegar ég kom heim kunni ég svo miklu betur að meta náttúruna. Það kraumaði í mér að gera eitthvað tengt okkar æðislegu náttúru á Íslandi,“ svarar Guðbjörg sem er grafískur hönnuður að mennt og er því annt um að tímaritið líti sem allra best út. „Ég vil sýna náttúruna í sinni fegurstu mynd.“

Tímaritið kemur út þrisvar á ári en þó ekki á sérstökum árstímum heldur þegar það er tilbúið í hvert sinn. „Við fylgjum slowstefnunni í útgáfunni,“ segir hún glettin.

„Hins vegar höfum við bryddað upp á þeirri nýjung að senda áskrifendum fleira en blaðið. Til dæmis sátum við fjölskyldan við dögunum og pökkuðum inn handteiknuðu dagatali, korti til að skrifa á áramótaheit, lífrænu súkkulaði og taupoka til að minnka plastpokanotkun.“

Guðbjörg reynir einnig að gefa til baka til náttúrunnar. „Við eigum lítinn lund í Heiðmörk og gróðursetjum eitt tré fyrir hvern áskrifanda á ári.“

## Áhugavert vefrit

Vefsíðan www.ibn.is fór í loftið 2014 en það er vefrit með fjölmörgum upplýsingum, uppskriftum og fróðleik. „Vefsíðan gefur okkur frekari tækifæri til að búa til samfélag, miðla efni sem við teljum skipta máli og er mikilvægur hlekkur í þeirri hugafarsbreytingu sem er að eiga sér stað varðandi umhverfismál og náttúrulegar leiðir að andlegri og líkamlegri heilsu.“

## HandPicked Iceland

Guðbjörg hefur fleiri járn í eldinum og gefur til að mynda út bæklinginn HandPicked Iceland. „Þetta hófst á því að mig vantaði lista yfir góða matsölustaði úti á landi fyrir blaðið. Síðan heyrði ég í fararstjóra sem sagði að þetta væri það sem ferðamenn kvörtuðu helst yfir, að vita ekki hvar þeir gætu fengið góðan mat. Þetta þróaðist út í litla bæklinga sem liggja frammi á hótelum og víðar.“

## Jólamarkaður á aðventunni

Skrifstofur Í boði náttúrunnar eru í gamla bænum á Elliðavatni. „Það er yndislegt að vera hér og geta gengið beint út í náttúruna,“ segir Guðbjörg en nú verður jólamarkaður við bæinn allar helgar fram að jólum. „Við verðum með



Guðbjörg er með skrifstofu í gamla Elliðavatnsbænum og kann vel að meta nálægðina við náttúruna. MYND/GVA

bás og kynnum tímaritið og fleira sem við erum að gera. Til dæmis handmálað náttúrukort þar sem merktar eru áhugaverðar náttúruperlur um land allt. Það gefur bæði Íslendingum og ferðamönnum nýjar hugmyndir um áfangastaði.“



# Lífrænt vottuð vara sem gerir gagn

Aðalbjörg Þorsteinsdóttir hefur þróað og framleitt vörur frá árinu 1990. Hún setti fyrirtæki á laggirnar árið 2005 og vörur hennar eru löngu orðnar þekktar undir nafninu **Villimey.** Áhuginn á jurtum og áhrifamætti þeirra vaknaði á unga aldri í Tálknafirði.

Aðalbjörg er alin upp við sjóinn á Tálknafirði, umvafin fjöllum. Orka og hreinleiki náttúrunnar hefur alltaf heillað hana. „Ég finn fyrir orkunni í jurtunum, sjónum og fjöllunum og það var örugglega engin tilviljun að ég fór þessa leið í lífinu,“ segir hún. „Síðan er yndislegt þegar maður heyrir að varan hjálpi fólki.“ Aðalbjörg notar margar tegundir villtra jurta og misjafnt er hvaða hluti hverrar jurtar er nýttur.

Vörur Villimeyjar eru 100% lífrænt vottaðar frá Vottunarstofunni Túni en vottunin tryggir öryggi neytandans um hreinleika vörunnar og að fyrirtækið uppfylli þær kröfur um innihald afurða, uppruna og aðgreiningu hráefna, gæðastýringu og fleira sem reglur kveða á um. Það er mikið öryggi fyrir neytendur að varan er vottuð. Við skráum allt vinnsluferlið. Hver tínsla fær framleiðslunúmer og síðar þegar unnið er úr afurðunum þá er skráð hvaða afurðir eru notaðar í hverja framleiðslu fyrir sig og hún fær lotunúmer. Þannig getum við fylgst vel með öllu vinnsluferlinu,“ segir Aðalbjörg.

### Eigin uppskriftir

Vinnslan fer fram á Tálknafirði en það skiptir máli fyrir ferskleika og virkni varanna. Það skiptir líka miklu máli á hvaða vaxtarstigi hver jurt er tínd og hvaða hluti hennar er nýttur. Aðalbjörg hefur þróað allar uppskriftir sjálf og gætir að því að tína jurtirnar þegar virkni þeirra er mest.

Allar vörur Villimeyjar eru ákaflega vinsælar og Aðalbjörg fær oft að heyra frá ánægðum viðskiptavinum. „Ég bjó til fyrsta kremið mitt vegna þess að ég var alltaf kvalin af vöðvabólgu í öxlum. Ég prófaði alls kyns krem og olíur án árangurs. Það var ekki fyrr en ég hafði búið til Vöðva- og liða Galdur sem ég fór að finna fyrir betri líðan. Núna gæti ég ekki verið án þessara vara,“ segir Aðalbjörg. „Ég bjó til smyrsli, olíur og jurtaseyði í fimmtán ár en eingöngu fyrir fjölskyldu og vini. Virkni varanna spurðist út og fólk hvatti mig mjög til að setja þær á markað. Allar vörurnar eru lengi á prufutíma áður en þær fara í sölu,“ segir hún.

### Lífræn vottun

„Þegar ég tók áskorunum um að setja vörurnar á markað fór ég strax í að sækja um lífræna vottun en það ferli tekur nokkurn tíma meðal annars vegna þess að landsvæði sem sótt er um vottun á, þurfa þriggja ára aðlögun. Fjölskylda mín starfar með mér í fyrirtækinu og við tínum jurtirnar eingöngu í Tálknafirði og Arnarfirði. Það þarf að passa vel upp á náttúruna, fara vel með landsvæðið og hvíla svæði milli ára til að raska ekki tegundasamsetningu jurtanna á tínslusvæðum,“ útskýrir hún. „Landeigendur hafa stutt okkur ómetanlega í þessu. Þeir vita að við pössum vel upp á þetta.“

Vörur Villimeyjar eru smyrsli, olíur og epladrik. Þær heita allar Galdur: Vöðva- og liða Galdur, Æsku Galdur, Sára Galdur, Húð Galdur, Fóta Galdur, Vara Galdur, Bumbu Galdur, Bossa Galdur, Unga Galdur, Berja Galdur, Hvannar Galdur og Birki Galdur.



Aðalbjörg Þorsteinsdóttir, eigandi og stofnandi Villimeyjar. Hún hefur sjálf þróað allar uppskriftir.

## REYNSLUSÖGUR SEM BORIST HAFA

**FÓTA GALDUR**
„Dóttir mín fékk í vetur mjög mikið af flökkuvörtum og var mér þá bent á Fóta Galdur. Ég bar á hana þrisvar á dag og á einum mánuði hurfu allar vörturnar. Ég var í skýjunum að geta læknað þetta með náttúrulegum efnum. Ég mæli hundrað prósent með þessu kremi.“ Berglind.

**VÖÐVA- OG LIÐA GALDUR**
„Ég er hjúkrunarfræðingur og sinni heimahjúkrun. Meðal annars heimsæki ég sjúklinga sem hafa verið í liðskiptum á hnjám og bíða eftir aðgerð á mjöðmum. Þessi bið er oft löng og skjólstæðingur minn með slæma verki. Hann fann það upp hjá sjálfum sér að bera Vöðva- og liða Galdur á hnén fyrir nóttina. Það er með ólíkindum að sjá muninn eftir að hann fór að nota kremið reglulega, sleppir göngustaf og grind. Einnig talar hann um minni verki og betri hvíld. Gaman að upplifa að einhver söluvara standi undir væntingum og gefi sýnilega mun.“ Erna.

**FÓTA GALDUR**
„Ég fékk sveppasýkingu á fót og í nögl á fæti. Ég var settur á dýrt sveppalyf í þrjá mánuði en sýkingin kom aftur. Ég ákvað að prófa Fóta Galdur. Bar hann vel á kvölds og morgna og var ekkert að spara, passaði upp á að klippa nöglina oft svo að áburðurinn kæmist vel undir og ofan á hana. Ég bjóst ekki við því sem gerðist. Á þriðju viku fór ég að sjá mun á nöglinni og húðin var orðin góð. Á þremur mánuðum er sveppurinn farinn og nöglin gróin heil fram. Nú eru tærnar fínar og ég ber Fóta Galdur reglulega á, til að fyrirbyggja að ég fái aftur sýkingu.“ Þorsteinn

**BOSSA GALDUR**
„Verð að hrósa ykkur fyrir Bossa Galdur. Dóttir mín er í tanntöku og því fylgir oft rauður bossi. Ég notaði Bossa Galdur frá ykkur þar sem hann er taubleiuvænn og gerir þær ekki vatnsheldar. Strax daginn eftir var roðinn farinn og sárin eru að gróa. Við mæðgur erum mjög ánægðar með það.“ Thelma

> **Ég finn fyrir orkunni í jurtunum, sjónum og fjöllunum og það var örugglega engin tilviljun að ég fór þessa leið í lífinu**

### Ótrúleg virkni

Aðalbjörg segir að það sé stundum ástríðabundið hvaða vörur séu vinsælastar, sem dæmi segir hún að Húð Galdurinn taki kipp á haustin þegar fólk fær kuldaexem en stundum rjúki sumar tegundir allt í einu út, „Líklega er það virknin í vörunum sem þá fer manna á milli. Fólk notar vörurnar til að bæta heilsuna vegna ýmissa vandamála, vöðvabólgu, liðverkja, sprunginna ilja, sveppasýkinga, þurrar húðar, brenndra bossa og alls kyns vandamála eða bara til að líða betur og fyrirbyggja.

Okkur er mjög umhugað um að fólk sé meðvitað um að það sem borið er á húðina fer inn í blóðrásina, sérstaklega hjá verðandi eða nýbökuðum mæðrum og börnum en öll kremin og olíurnar má nota fyrir allan aldur. Þetta eru svo hreinar vörur og þær henta öllum.

Fyrir nokkrum árum uppgötvaðist að Fóta Galdur þurrkar upp flökkuvörtur sem börn fá oft á leikskólum. Ég hef heyrt frá foreldrum sem hafa prófað að bera kremið á vörtur með þessum góða árangri. Eins hafa vörtur á höndum og fótum horfið þegar hann hefur verið borinn á og plástur settur yfir til að kremið nái að liggja við. Það eru ótrúlegar reynslusögur sem ég fæ frá fólki og það er mjög ánægjulegt,“ segir Aðalbjörg. „Það heldur okkur gangandi því oft hefur róðurinn verið erfiður því mjög mikil vinna er að baki þessu öllu, meiri en fólk getur ímyndað sér. Ég veit að Sára Galdur hefur ótrúlega góð áhrif á brunasár, skurði eftir aðgerðir og legusár. Fóta Galdur hefur góð áhrif á sveppasýkingu og Vöðva- og liða Galdurinn er alveg magnaður, hreint ótrúleg virkni á bólgur og alls kyns verki. Ég gæti endalaust talið upp svona dæmi sem fólk hefur sagt okkur frá. Æsku Galdurinn er andlitsolía, borin á kvölds og morgna sem dag- og næturkrem. Samkvæmt rannsóknum inniheldur hún hátt hlutfall andoxunarefna og hægir því á öldrun húðarinnar. Hún inniheldur ekki vatn og því er hún frábær vörn í kulda og frosti auk þess að gefa henni góðan raka.

Matís rannsakaði vörurnar og fengum við frábærar niðurstöður,“ segir Aðalbjörg og bendir á að fólk sé orðið mun meðvitaðra um hreinar vörur í dag en fyrir tæpum tólf árum þegar vörurnar fóru á markað. „Kemísk efni fara inn í blóðrásina og fólk vill ekki þessi aukefni, allra síst fyrir börnin sín,“ segir hún.

Vörur Villimeyjar eru nýlega komnar í öskjur og eru því falleg gjafavara við öll tilefni. Þær eru fáanlegar á heimasíðunni www.villimey.is og í mörgum verslunum um land allt.



# Við framleiðum vörur með vottun Vottunarstofunnar Túns

Vottunarmerki Túns

VOTTAÐ LÍFRÆNT

TÚN

Staðfestir að varan hafi lífræna vottun

BRAUÐHÚSIÐ GRÍMSBÆ

H-BERG

AKURSEL EHF
LÍFRÆNAR ÍSLENSKAR GULRÆTUR

Hollt & Gott

Bio•Bú
Lífrænar mjólkurvörur

Bústólpi
FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Hraundís

HRÍSIÐN

Mælifellsá
lífrænt lambakjöt

SÁPUSMIÐJAN
REYKJAVÍK, ICELAND
2012

HIMNESK HOLLUSTA
Heilbrigð skynsemi

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

SVN
Síldarvinnslan hf
Vottuð aðföng til lífrænnar framleiðslu

markhönnun ehf

netto

# JÓLABÓKIN FÆST HJÁ OKKUR




HÁSKI Í HAFI
**4.689 KR**




ÚTKALL
KRAFTAVERK UNDIR JÖKLI
**4.199 KR**




ÆVINTÝRI FRÁ MIÐÖLDUM
**8.449 KR**




ANDLIT - FÖRÐUNARBÓK
**3.899 KR**




DODDI
BÓK SANNLEIKANS
**3.014 KR**




ÍSLENSK
KNATTSPYRNA 2016
**4.959 KR**




DAGBÓK KIDDA KLAUFA 8
**2.924 KR**




LADDI
**3.899 KR**




ANDLIT NORÐURSINS
**12.479 KR**




SPURT AÐ LEIKSLOKUM
**1.949 KR**

**www.netto.is | Tilboðin gilda 10. - 11. desember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss



Bergsveinn Birgisson rithöfundur segir að tilraun hans gangi út á að reyna að lesa á milli línanna og stóla ekki á miðaldamennina blint.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



# Í leit að sögunni

**Bækur Bergsveins Birgissonar, Leitin að svarta víkingnum og Geirmundar saga heljarskinns, hafa hrist hressilega upp í heimi norrænufræðinga með því að miðla sögunni til breiðs hóps lesenda af ástríðu og hugsjón.**

Ég er farinn að segja að ég sé orðinn færeyskur í anda þar sem ég er eiginlega búinn að vera jafn lengi hér í Noregi og á Íslandi,“ segir Bergsveinn Birgisson, rithöfundur og doktor í norrænum fræðum, en hann er búsettur í Björgvin í Noregi. „En ég kem alltaf til Íslands og les íslenskar bókmenntir og hitti fólk, er þarna einkum á sumrin og hef haldið tryggð við landið. En það sem togaði mig hingað til Noregs upprunalega var að ég ætlaði að lesa trúarbragðasögu, einkanlega þá tengda norrænni goðafræði, ég er því miður ekki byrjaður á því enn þá. Svona eru örlögin. Við ráðum þessu ekki, alveg sama hvað við tölum mikið um frelsi, hagsýni og rökvísi þá ráðum við engu.“

### Heimavinnan fyrst

Nýverið kom út bókin Leitin að svarta víkingnum en á síðasta ári kom út Geirmundar saga heljarskinns og má segja að báðar bækurnar séu hluti af einu og sama verki Bergsveins. Sú fyrrnefnda greinir einkum frá þeim rannsóknum, fræðum og sögu þess sem liggur að baki Geirmundar sögu, sem er hins vegar rituð í anda Íslendingasagna. Aðspurður hvernig standi á því að hér hafi bækurnar komið út í öfugri röð sé tekið mið af norsku útgáfunni þá segir Bergsveinn að sagan hafi verið upprunalega hugsunin. „Mig langaði til þess að reyna að búa til Íslendingasögu um þennan mann sem ég var farinn að rannsaka en svo kom það á daginn þegar ég ætlaði að byrja að ég vissi ekki um hvað ég ætti að skrifa. Þannig að ég skildi að ég yrði að rannsaka þetta fyrst og það allrækilega. Þessi bók, Leitin að svarta víkingnum, er þannig grundvallarritið fyrir söguna sem kom svo í öfugri röð á Íslandi. En söguna gat ég ekki gert án þess vinna heimavinnuna fyrst.“

### Seinvaxin planta

Hversu langan tíma tók að smíða þennan grunn – vinna þessa rannsóknarvinnu? „Það er dálítið erfitt að svara þeirri spurningu því hér er tíminn dálítið afstæður. Það sem ég get sagt er að ég hef unnið þetta allt öðruvísi en maður mundi gera með akademíska rannsókn. Þá fær maður úthlutuð þrjú, fjögur ár til að skila ritgerð og komast að sinni niðurstöðu. Þannig að hér hef ég haft þetta verkefni sem eins konar ástríðu og tómstundagaman. Ég man að 1992 var ég farinn að ganga heiðar og skoða þetta. Þannig að þú sérð að þar er kominn nokkuð langur tími en maður er ekki beinlínis alltaf að. Maður rekst á eitthvað og það bætist við myndina, en síðan mætir maður hindrun sem stoppar allt en skyndilega losnar svo um. Þannig að maður hugsar að kannski geti maður haldið áfram aðeins lengur. Svona hefur þetta þróast og vaxið eins og einhvers konar seinvaxin planta í á annan áratug. Það er ákveðinn lúxus að fá tímann til að vinna að þessu í friði.“

> MAÐUR ÞARF AÐ LÁTA ÞESSA AKADEMÍSKU ORÐRÆÐUHEFÐ OG HLUTLÆGU RÖDD VEÐRAST AF SÉR OG ÉG VALDI ÞAÐ TIL AÐ VERA ÆRLEGUR GAGNVART LESANDANUM.

Í upphafi Leitarinnar að svarta víkingnum greinir Bergsveinn frá gömlum manni, Snorra Jónssyni, sem hafði verið tíður gestur í foreldrahúsum hans í æsku. Snorri hafði alist upp á Hornströndum og honum fylgdu sögur af Geirmundi heljarskinni sem Bergsveinn heillaðist af ungur að aldri. En skyldi Snorri þessi Jónsson hafi verið hin raunverulega kveikja að verkinu? „Kannski er hann á einhvern hátt kveikjan sem verður til að það kviknar aftur í mér. Hann sáir kannski fræinu eins og eitt og annað sem maður heyrði. En svo vill þannig til að ég er kominn í það að stúdera norræn fræði og þá fer þetta að leita á mann aftur, fræið fer að spíra.“

### Valdi almenna lesandann

Til þess að skrifa Leitina að svarta víkingnum þurfti Bergsveinn að nálgast verkefnið á frjálslegri máta en alla jafna tíðkast í hinum akademíska heimi. En skyldi það hafa leitt til togstreitu og gagnrýni frá kollegum í háskólasamfélaginu? „Það er þannig að ég stóð frammi fyrir vali með þetta efni, því ég hef skrifað doktorsritgerð og margar greinar og er svo sem tuktaður í akademísku handverki. En ég stóð frammi fyrir því vali að skrifa fyrir aðra fræðimenn nokkrar stakar greinar, vægt samhangandi, eða hins vegar að reyna að ná út til hins almenna lesanda.

Þetta val gerir það að verkum að maður þarf á sinn hátt að aflæra sig. Maður þarf að láta þessa akademísku orðræðuhefð og hlutlægu rödd veðrast af sér og ég valdi það til að vera ærlegur gagnvart lesandanum, ég væri eins konar andi eða súbjekt í leit að merkingu og ætti í mesta basli með að fá hluti til að hanga saman, því þannig var það. Á þennan hátt skildi ég að ég gæti dregið með mér lesandann. Hann gæti fengið að undrast með mér. Hann gæti fengið að sjá gáturnar og hindranirnar og allar stóru spurningarnar sem urðu á vegi mínum. Því þannig kemur landnám Íslands fyrir sjónir, ef við lítum fram hjá þeirri upphafsmýtu sem var búin til á miðöldum, að mörgu leyti óskrifað blað eða ósamhangandi brot.“

### Ástríðan hættuleg

Þannig að í raun velur þú að draga fram skáldið á kostnað fræðimannsins? „Já, það er náttúrulega skáldið sem er fært um að undrast. Það er skáldið sem getur lyft sér upp og séð aðeins víðara yfir sviðið. Það gefur mér frelsi og það gerir það að verkum að ég get farið að skrifa um það hvernig er að vera manneskja á þessum tímum, og reynt að skilja hvað vakir fyrir mönnum. Að reyna að nálgast aðra manneskju, landnámsmanninn, var eina leiðin til að halda lesanda við efnið að mér fannst. Að hafa þetta breiða sjónarhorn er stöðugt erfiðara í akademíunni, þar ertu nauðbeygður til þess að vera í einhverjum míkróískum vandamálum. Til dæmis getur þú skrifað doktorsritgerð um formin á sverðum á árunum 790 til 850 í Vestur-Noregi. En það sem vantar helst eru tengingarnar á milli slíkra grunnrannsókna svo einhver heildartilgáta megi fæðast. Ég nýti til dæmis niðurstöður margra fræðigreina sem ég er alls ekki skólaður í. Þannig stillir maður sig laglega af til höggs, en maður þarf að brjóta af sér þessa hlekki og þora.

Hugsun mín var sú að hið fræðilega inntak ætti ekki að bíða hnekki af þessari aðferð og þar komum við að móttökum annarra fræðimanna. Þar hef ég bæði mætt gagnrýni meðan aðrir hafa þakkað mér. Sumir virðast ganga út frá því að ef maður skrifar af ástríðu eða miklum áhuga, hljóti maður að vera að ljúga.


JÓLATRÉ Á
ÓTRÚLEGU VERÐI!
Danskur normannsþinur – stór og falleg jólatré
Athugið eingöngu í Iceland Engihjalla
ÓTRÚLEGT VERÐ!
DANSKUR NORMANNSÞINUR
150–200 CM
3.990
Stk.
EITT VERÐ FYRIR ALLAR STÆRÐIR.
Þú greiðir inni í Iceland, Engihjalla og velur svo draumatréð fyrir utan verslunina gegn framvísun kvittunar.
OPIÐ 24 TÍMA
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
Iceland
Jólareikningur Netgíró
Þú borgar jólainnkaupin 1. febrúar 2017
Netgíró
Kynntu þér jólareikning
Netgíró á www.netgiro.is
Þú borgar aðeins 195 kr. tilkynningar- og greiðslugjald
(ef fjárhæð er yfir 3.000 kr., annars 0 kr.) og 3,95% lántökugjald.

Hið undarlega er að þeir sem hafa verið verstir eru hvorki norrænufræðingar eða miðaldafræðingar, heldur þeir sem ekki þekkja efnið. Ágætt dæmi er fyrsti dómurinn sem birtist í Bergens Tidende. Niðurstaðan af honum var að ég hefði skáldað allt saman upp frá rótum, það var ekkert rúm fyrir argumentum, þetta með að skálda í eyður, þó svo maður upplýsti lesandann um það. Ef ég „skáldaði“ siglingu til Bjarmalands, hlaut ég að hafa skáldað allt annað, jafnvel heimildirnar. Þetta var bókmenntafræðingur, sérfræðingur í nítjándu aldar kveðskap. Ég hef fengið betri viðbrögð frá þeim sem þekkja fræðin og vandamálin sem um ræðir. Hinir ótrúlegustu menn þökkuðu mér fyrir að þora að sýna huglægni, því margir hafa skilið að vissulega er hægt að dulbúa huglægni í hlutlæga orðræðu.“

**Fræðin fjarlægjast**

Öll þessi aðferðafræði og nálgun – fjarlægir þetta sig of mikið frá almenningi? Er erfitt að vera áhugamaður? „Já, það er einmitt það sem hefur gerst. Einar Ólafur Sveinsson fór að Hlíðarenda og ræddi við bóndann þar. Í dag er bóndinn ekki með, hinum almenna leikmanni er haldið frá umræðunni. Vandamálin eru orðin svo sérstæð og krefjast svo mikillar þekkingar á rannsóknarsögu að þetta getur hinn venjulegi maður ekki sett sig inn í. Það er engin kvöð á akademíkernum að ráða bót á þessu. Samt sem áður, hvort sem er í háskólum í Björgvin, Ósló eða á Íslandi, er talað um mikilvægi þess að miðla fræðum til almennings. En þegar allt kemur til alls þá fær akademíkerinn ekki eina einustu krónu fyrir að miðla til hins almenna lesanda, það þarf hann að gera af eigin hugsjón og á eigin kostnað. Hann fær bara stig og aukalaun fyrir fræðigreinar í vísindaleg og ritskoðuð tímarit.

Um leið sjáum við að áhuginn er til staðar. Það er bullandi áhugi á sögu, áhuginn á víkingaöld núna er gott dæmi. En því miður eru það kannski meira popúlískir miðlar sem sjá um að metta þessa þörf með misjöfnum árangri. Það eru þá fantasíubækur, sjónvarpsseríur og annað slíkt, sem aftur gerir fræðimenn pirraða. Mín tilraun var að reyna að fá þessa enda til þess að mætast. Kannski er það ekki hægt þegar öllu er á botninn hvolft, það er engu að síður göfugt takmark.“

**Á milli línanna**

Geirmundur hentar og heillar þá vegna þess að hann er jaðarsettur af sögunni? „Já, hann er jaðarmenni í sögunni og það er það sem gerði það að verkum að ég fór að grafa eftir honum. Það er út af þessum undarlegu umsögnum um hann í elstu heimildum eins og Landnámabók sem maður skilur að einhver gömul hefð hlýtur að búa að baki. Þeir tæpa á þessari hefð en vilja ekki fara nánar út í það, þetta að hann var göfgastur landnámsmanna og reið um með áttatíu menn og slíkt.

## Leitin að svarta víkingnum

Ég get ekki yfirgefið Kvenhól með öllu við svo búið.

Það er nefnilega svo að á þjóðgötunni milli Kvenhóls og Skarðs er gamall áningarstaður sem heitir Snorraskjól. Hér er hentugur hvíldarstaður fyrir þann sem ætlar fyrir Klofning sem skilur Skarðsströnd frá Fellsströnd, en þau svæði tengjast Geirmundi og Kjallaki. Snorraskjól eru nokkrir hamrar sem skera sig úr annars sléttu landslaginu milli fjalls og fjöru og undan hömrunum eru grösugar sléttur. Staðurinn er nokkurnveginn miðja vegu milli Skarðs og Kvenhóls. Arfsögnin hermir að fornir reimleikar séu á þessum bletti; yfirnáttúrulegt seiðmagn eða útgeislun í loftinu sem veldur því að hver sá karl eða kona sem á leið hjá verður gripin óskýranlegum losta; körlum rís hold en konum slaknar skaut, jafnvel þótt viðkomandi sé einn á ferð og í allt öðrum hugleiðingum.

Þessir kraftar eru skýrðir á sama hátt og þegar eitthvað óhreint virðist liggja í loftinu, þó er munurinn sá að dularkraftarnir í Snorraskjólum eru jákvæðir og lífgefandi. Slík fyrirbæri, bæði jákvæð og neikvæð, voru gjarna kölluð taufur til forna.

Hinu ósæmilega seiðmagni Snorraskjóla er ekki lýst í miðaldaheimildum en eins og frændi minn Steinólfur frá Fagradal segir: „Getur hver og einn farið og prufað á sjálfum sér, beri hann brigður á að hér sé farið með rétt mál.“ Meðal þeirra sem hafa dregið þetta í efa var leiðsögukona sem Steinólfur ferðaðist einhverju sinni með í rútu um svæðið. Steinólfur fékk bílstjórann til að stoppa við Snorraskjól en þá reyndist leiðsögukonan guggna þegar á hólminn var komið. Steinólfur skýrði þetta seiðmagn með því að fólk hefði gjarna notað tækifærið til að gamna sér þegar það hvíldi sig á þessum áningarstað sem náttúran sjálf hefði lagt því til og að lífskrafturinn sem slíkar athafnir leysa úr læðingi hangi enn í loftinu.

Eins og sönnum vísindamanni sæmir ákvað ég að gera slíka tilraun sjálfur einn sólríkan sumardag. Frænka mín Halla Steinólfsdóttir í Fagradal, sem komin er í beinan legg af Steinólfi lága, gaf mér nákvæma lýsingu á staðnum í gegnum síma; best að hún héldi sig í hæfilegri fjarlægð ef eitthvað reyndist hæft í þessum sögusögnum.

Ég lagðist niður í Snorraskjólum, í grasi vaxna brekkuna undir fremsta hamrinum. Flugur suðuðu og niðri í fjörunni í fjarska sungu svanir. Skýin liðu mjúklega í norðurátt, ljós og skuggar léku á fjallshlíðum og sléttum.

Jú, það stóð heima.

Eftir á að hyggja get ég þó ekki skorið úr um það hvort ástæðan fyrir holdrisi mínu var þetta forna seiðmagn eða væntingar mínar um að eitthvað slíkt myndi gerast. Eftir þennan atburð fór ég að sjá fyrir mér myndir tengdar kvennabúri Geirmundar á Kvenhóli:

Þeir koma ríðandi með ströndinni. Árdagsbirtan merlar sjóinn við Breiðafjörð. Gróðurangan fyllir loftið og varphljóð komið í æðarfugla og máfa í mildum blænum. Það er farið að vora á Skarðsströnd. Geirmundur er um fertugt, en sjálfur hefur hann ekki tölu á árunum. Hann hefur misst tvær af sýnilegum tönnum sínum og gróft fæðið sem tíðkaðist á samtíð hans hefur slitið þeim sem eftir eru. Svarti höfðinginn er á leiðinni ásamt nokkrum útvöldum. Ég sé þá nálgast, rykskýin stíga upp af hrossastóðinu. Hann er klæddur sinni fínustu skarlatsskikkju og með selskinnsbóta á fótum. Þeir eru á leið til Kvenhóls til að svala hvötum sínum. Síðasti áningarstaðurinn er Snorraskjól. Spurningin er sú hvort dularkraftar Snorraskjóla séu runnir frá fornu fari? Að ófullnægðar hvatir gangi aftur og lifi í loftinu? Slíkar reimleikasögur fela alltaf í sér mynd af innibyrgðri lífsorku af einhverju tagi – af lífskrafti (lat. libido) sem fékk ekki að blómstra. Væri ekki allt eins hægt að skýra töfra Snorraskjóla með nærveru lostafullra karla sem réðu sér vart fyrir eftirvæntingu? Farið sjálf og heimsækið Snorraskjól og leitið skýringa. Ef maður freistar þess svo að gægjast inn í skálann á Kvenhóli, þá eru þar kannski engar óhreinar, snoðklipptar konur í gráum vaðmálsdulum. Nei – þær eru fagrar. Þær hafa greitt hár sitt og bera arabíska skartgripi. Langeldur logar í skálanum. Þær eru skrýddar silki og öðrum dýrum vefnaði úr Dyflinn. Ef til vill hafa þær „tilbúinn augnfarða“ eins og andalúsískur arabi lýsir nokkrum Skandinövum á sinni samtíð. Þær hafa sig til. Þær eru aðlaðandi. Það er engu líkara en að þær vilji þetta sjálfar. Eða öllu heldur; af þeim valkostum sem í boði voru þá var þetta illskást. Það er tæpast hægt að líta á það sem frjálsan vilja, en þær vita að vel heppnuð þungun eftir eitthvert stórmennið er viss passi út úr þrældómnum. Það er hér sem það gerist. Mennirnir drekka mjöð og kannski vín þegar vel árar. Þeir virða kornsekkina fyrir sér og handleika sáðkornið. Ræða málin. Svo fara þeir að renna hýru auga til kvennanna. Virða líkama þeirra fyrir sér eins og á gripasýningu. Þeir tala og hlæja, í loftinu liggur taumlaus losti. Þeir velja sér eina konu hver, kannski fleiri. Kormlöð leggst niður á bekk þakinn sauðagærum. Hún er svo eiguleg svona kviknakin. Stór barmur hennar er fagurlega hvelfdur og dúar notalega líkt og norðanylgjan í logninu. Það er hér sem þau mætast, norræna sáðfruman og keltneska eggið. Erfðir beggja fléttast saman og mynda órofa örlagaþráð. Það er engin leið að vita með vissu hvort þetta gekk svona fyrir sig á Kvenhóli. En stundum er ímyndunaraflið eina aðferðin sem við höfum til þess að fá sögu til að rísa upp úr tómum brotum. Sennilega er fulllangt gengið að staðhæfa að lið Geirmundar hafi tekið þátt í kynsvalli. En að eitthvað í þessa veru hafi átt sér stað, á einhverjum bæjum á tíma Geirmundarveldisins, með einhverjum þeirra ambátta sem hann flutti til landsins, það gefa erfðarannsóknir nokkuð öruggar vísbendingar um.

Það þarf ekki mikið ímyndunarafl til að finna dæmi um svipaða atburði á okkar tímum. En ætli maður að draga upp slíkar hlið- stæður skulum við muna að Geirmundur hafði ekkert að skammast sín fyrir. Hann lifði í samfélagi þar sem enginn hefði gagnrýnt þessa hegðun. Konurnar á Kvenhóli voru eign hans, hans eigin búfénaður. Hann gat gert við þær nákvæmlega það sem honum sýndist.

Meðal lærðra manna á miðöldum fékk þessháttar hegðun hinsvegar sýnu verri einkunn, ekki síst þar sem þrælahald var ekki vel séð í kristnu samfélagi. Kóngar eða höfðingjar sem (mis)notuðu konur kynferðislega, birtast jafnan sem óréttlátir og óvinsælir í bókmenntum miðalda, enda þótt samtíðarskáld þeirra sömu manna hafi lofsungið kvensemi þeirra. Það er því ástæða til að ætla að fornar sögur um kvennabúr og írskar hjákonur hafi átt þátt í því að sagnaritarar á kristnum tíma höfðu litla samkennd með Geirmundi, og þar sé því um enn einn þátt að ræða sem skýrt getur þöggunina á sögu hans og umsvifum.

*Úr kaflanum Lífið á Kvenhóli og Ballará í bók Bergsveins Birgissonar Leitin að svarta víkingnum*

Þannig að maður fer að eygja einhverja sögu á bak við hina „opinberu sögu“, og það er sú saga sem mér finnst vera verðugt verkefni fræðanna. Að endurmeta söguna stöðugt. Það sem ég sagði hér í upphafi má endurtaka, menn hafa á margan hátt gleypt hráa þá upphafssögu sem var búin til á hámiðöldum og ekki viljað kraka neitt í hana. Samtímis hafa menn talað fyrir strangri heimildarýni, jafnvel svo að menn eigi að kasta öllum miðaldaheimildum fyrir borð sem marklausum þjóðsögum. Þrátt fyrir þetta hefur það ekki komið nógu vel fram hvaða önnur saga geti þá verið þarna ef þessi upphafsmýta hámiðalda er marklaus, þ.e. norskir bændur á flótta undan Haraldi hárfagra.

Tilraunin mín í stuttu máli er að reyna að lesa á milli línanna einhverja aðra sögu og stóla ekki á miðaldamennina blint en ekki heldur kasta öllu þeirra efni fyrir róða. Það er sú heimildarýniaðferð sem ég reyni að þróa og kalla raunrýni. Að reyna að lesa á milli línanna og tengja þetta við aðeins breiðara svið og fleiri sjónarhorn, og reyna þannig að dæma um hvað geti verið áreiðanlegt og hvað ekki.

**MUNURINN Á MÉR OG SAGNARITARA ER SÁ AÐ MÍN HUGLÆGNI OG MITT VAL, Þ.E. RÖKIN FYRIR MÍNUM TILGÁTUM, ER SÝNILEGT.**

**Sagnfræði og bókmenntir**

En í Svarta víkingnum setur þú þig í spor miðaldaskrifara að vissu leyti. „Að vissu leyti geri ég það og það er áhugavert að sjá hvernig maðurinn er stöðugt að finna upp hjólið upp á nýtt. Hér í Noregi t.d. hefur það verið í umræðu í tíu, fimmtán ár hvernig hægt sé að koma góðum fræðibókum út til almennings. Lausnin sem menn hafa komist niður á er að reyna að beita einhverjum bókmenntalegum brögðum til þess að halda lesandanum við, sviðsetningum. Þarna erum við allt í einu komin niður á það sem menn á miðöldum gerðu óhikað. „The narrative turn“ kalla menn það innan hugvísinda, að reyna að lifa sig inn í söguna, skrifa söguna eins og þeir halda að hún hafi gerst og af vissri hluttekningu. Þú sérð ekki hluttekningu sagnaritara vegna þess að þeir fela sjálfan sig svo vel í textanum en við nánari athugun sér maður að sögutexti er líka huglægur texti. Munurinn á mér og sagnaritara er sá að mín huglægni og mitt val, þ.e. rökin fyrir mínum tilgátum, er sýnilegt.

Segja má að sagnaritari hafi alltaf skrifað Svartan víking á undan. Það verk er bara týnt og horfið og við aðeins með endanlegu afurðina. Sagnaritarar segja bara: Svona var þetta. Síðan er það eilíft þrætuepli fræðimanna hvað í þeirra texta var sagnfræði og hvað bókmenntir, veruleiki eða skáldskapur, meðan þetta var ekki vandamál hjá þeim.“

En hvað með bókmenntirnar – er kannski von á nýrri skáldsögu á borð við Svar við bréfi Helgu eða eitthvað sambærilegt? „Já, það er nú alltaf eitthvað í gerjun. Það eru mörg járn í eldinum og svo hamrar maður kannski eitt þeirra. Ég er með tvær skáldsögur í vinnslu og reikna með að önnur þeirra sé nú að komast á sæmilegt form. En ég er engin kýr. Ég framleiði seint og það væri löngu búið að slátra mér ef ætti að meta mig eftir slíkum viðmiðum.“

# Af fláttskap og djöfuldómi, sálarleysi og sjálfustöngum

**BÆKUR**

**Bjargræði**

★★★★☆

**Hermann Stefánsson**

**Sæmundur 2016**
**307 bls. með eftirmála**

Björg Einarsdóttir, kennd við Látra, fæddist fyrir sléttum þrjú hundruð árum og hefur hvílt í gröf sinni í tvö hundruð þrjátíu og tvö ár en á engu að síður brýnt erindi við Íslendinga, einkum Reykvíkinga, á því herrans ári 2016. Í skáldsögu Hermanns Stefánssonar, Bjargræði, hefur Björg orðið í þrjú hundruð síður, lætur vaða á súðum, rekur eigin sögu og síns samtíma um leið og hún hakkar í sig þann sálarlausa sjálfustangatíma sem hlustandi hennar, líkkistusmiðurinn Tómas, er uppi á. Tómas þessi er óttalegt gauf, að hennar mati, og hefur kallað Björgu til liðsinnis við að ráða fram úr eigin ástamálum og lífskrísum. Hún lætur hann hafa það óþvegið, skammar hann eins og hvern annan rakka, reynir að hrista í hann lífsdöngun í hverri kjarnyrtri ræðunni af annarri, en reynist síðan eiga við hann erindi í eigin þágu, erindi sem valdið hefur því að hún hefur ekki getað öðlast frið í gröfinni.

Það er hrein nautn að lesa þennan reiðilestur Bjargar í útsetningu Hermanns, textinn er hrynfastur og mergjaður, málfarið aldeilis óborganleg blanda af fornu og nýju og sagan sem Björg rekur hér töluvert ólík því sem seinni tíma fræðimenn hafa viljað presentera sem sögu hennar. Í stað biturrar flökkukonu sem var hálfgerð hornkerling í samfélaginu birtist hér gríðarsterk kona, sjómaður, kraftaskáld,




ástkona og uppivöðsluseggur sem sagði samtíma sínum til syndanna og lét engan eiga inni hjá sér. Aldeilis dásamleg kvenlýsing. Í leiðinni lætur Hermann Björgu gagnrýna okkar samtíma, samtíma Tómasar, á sama hátt og hún gagnrýndi eigin samtíma og athuganir hennar og ályktanir eru á köflum eiturbeittar en um leið fáránlega fyndnar. Hinn pastursliti líkkistusmiður hefur ekki roð við þessum kvenmanni, enda kemur hann engu orði að, öll sagan er sögð í annarri persónu og lögð í munn Bjargar. Vaðallinn verður á köflum dálítið yfirþyrmandi og lesandinn týnir áttum um stund í frábærlega fléttaðri samtvinningu fortíðar og samtíma, en eins skelegg og Björg er í þessari einræðu sinni er lítil hætta á öðru en að athyglisskertir internetlesendur samtímans séu reknir með harðri hendi inn í söguþráðinn aftur og eigi sér ekki útgöngu auðið fyrr en síðasta orð er lesið.

Hermann Stefánsson hefur löngu sannað sig sem einn okkar áhugaverðasti rithöfundur en ég er ekki frá því að með Bjargræði hafi hann toppað sjálfan sig og opnað sér nýja frásagnaræð sem vonandi heldur áfram að streyma úr í framtíðinni. Á meðan við bíðum eftir því er full ástæða til að hvetja alla sem unna góðum texta, góðri sögu, hressilegri samfélagsgagnrýni og síðast en ekki síst vel sköpuðum kvenkarakterum til að lesa Bjargræði. Ég held það sé óhætt að fullyrða að engum muni leiðast samfylgdin með Björgu.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Leiftrandi skemmtileg og vel skrifuð skáldsaga með einum kraftmesta kvenkarakter sem sést hefur í íslenskum bókmenntum langa lengi.


ÚT MEÐ ÞIG
THE NORTH FACE
HÚFUR OG HANSKAR
VERÐ FRÁ
4.990 KR.
THERMOBALL - NORTH FACE
EINN JAKKI FYRIR ALLAR AÐSTÆÐUR
FÁANLEGIR Í ÝMSUM LITUM OG Í BÆÐI DÖMU- OG HERRASNIÐI
JÓLATILBOÐ
(ÁÐUR 29.990 KR.)
24.990 KR.
GÖNGUSTAFIR
LEKI EAGLE
TILBOÐ
7.990 KR.
BASE CAMP DUFFEL
TÖSKUR FRÁ THE NORTH FACE Í ÝMSUM STÆRÐUM OG LITUM
VERÐ FRÁ
16.990 KR.
MEINDL GÖNGUSKÓR
KANSAS: FÁANLEGIR Í DÖMU- OG HERRAÚTFÆRSLU
LÆKKAÐ VERÐ
34.990 KR.
BAKPOKAR
DEUTER FUTURA DAGPOKAR
FRÁ 19.990 KR.
ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is
Fatnaður á mynd: North Face
ÁRNASYNIR

# Innblástur í innpökkun



Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Fréttablaðið fékk hönnuði og listafólk til að veita lesendum kærkominn innblástur í innpökkun jólagjafa. Hugmyndir þeirra eru ólíkar.

## Jólapakkar eiga að vera girnilegir





Signý Kolbeinsdóttir pakkar inn gjöf og notar gamalt jólaskraut og eigin hönnun, fígúruna Fred. Líflegur og litríkur pakki. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Yfirhönnuður Tulipop, **Signý Kolbeinsdóttir,** hefur nóg að gera þessa dagana. Fram undan eru flutningar til New York þar sem fyrirtækið opnar skrifstofu. Hún elskar gamalt jólaskraut og leyfði því að njóta sín ásamt eigin hönnun á pakkanum.

„Ég elska gamalt jólaskraut! Jólaskrautið sem er á pakkanum er eitthvað gamalt sem ég fann í Góða hirðinum," segir Signý Kolbeinsdóttir, yfirhönnuður og eigandi Tulipop, um gjöfina sem hún skreytti fyrir lesendur Fréttablaðsins. „Ég átti þennan rauða borða svo bara skellti ég Fred og nokkrum sveppum sem gera allt flottara. Jólapakkar eiga fyrst og fremst að vera girnilegir. Það er best ef það sést að maður hafi lagt svolítið á sig við að pakka inn gjöfinni. Gott ef maður á eitthvert flott skraut til að skreyta þá með. Þannig að ef og þegar ég hef tíma til að dunda í jólapakkapökkun þá vil ég hafa þá svona „more is more" þegar kemur að jólapökkum!"

*Hvað er í brennidepli hjá þér þessa dagana hjá Tulipop?*

„Ég að leggja lokahönd á nýja vatnsbrúsahönnun. Ný heimasíða er í bígerð og svo er ég líklega að fara í skreppitúr til Skotlands að hitta animation-liðið okkar sem við erum að vinna með þessa dagana að æsispennandi teiknimyndagerð.

Svo eru flutningar til New York mjög ofarlega á lista, en við erum að opna skrifstofu þar og ég flyt þangað með fjölskyldunni í byrjun næsta árs!"

*Hvaðan færðu innblástur?*

„Héðan og þaðan. Fólki kannski aðallega."

*Hvernig er jólaösin hjá hönnuði eins og þér, er mikið að gera?*

„Já, það er frekar mikið að gera bara líklega eins og hjá flestum. Kannski sérstaklega mikið núna út af flutningum."

*Hvernig verða jólin hjá þér? Ertu mikið jólabarn? Ertu með fastar hefðir?*

„Við erum yfirleitt heima en verðum hjá mömmu um jólin í þetta sinn. Þar munum við mamma elda jólasteikina saman, örugglega Wellington-steik.

Þegar ég var lítil þá var alltaf rjúpa sem mér finnst ótrúlega góð á bragðið með brúnuðum kartöflum og rauðkáli. En sú hefð dó, ég hef ekki falast eftir rjúpum eftir algera martraðar rjúpnahamflettingu ein jólin. Allt í fjöðrum og blóði og ég endaði í að hringja grátandi í pabba og bað hann blessaðan um að klára verkið fyrir mig.

Eftir það hefur það verið alls konar. Einu sinni hnetusteik, þegar ég ákvað að gerast grænmetisæta, ætli það hafi ekki verið eftir rjúpnamartröðina? hamborgarhryggur, hreindýrakjöt og svo núna Wellington-steikin þriðja árið í röð. Kannski það sé orðið að hefð?"

Annars finnst Signýju jólaösin svolítið erfið. „Það er of mikil pressa, það þarf allt að vera svo fullkomið og allir í jólaskapi. Ég er að vinna í þessu."

## Hlýlegt o



Hildur Sigurðardóttir og Ólöf Birna Garðarsdóttir nota meðal annars pappír, furu og mistiltein.

Þær **Hildur Sigurðardóttir** og **Ólöf Birna Garðarsdóttir** hjá Reykjavík Letterpress notuðu prentaðan jólapappír og merkimiða úr smiðju sinni með greni og grænum og kopartónum.

„Við notuðum okkar eigin jólapappír, en í ár gerðum við tvær tegundir og prentað er á báðar hliðar pappírsins, svo í raun eru munstrin fjögur," segir Hildur Sigurðardóttir, annar eigenda Reykjavík Letterpress, um það hvernig þær pökkuðu inn jólagjöfum að sínum hætti. „Merkimiðar í stíl. Litasamsetningin er grænir tónar og kopar, með mistilteini og greni, sem er afar hlýlegt og fallegt," segir Hildur.

„Jólin eru í algleymingi hjá okkur á þessum tímapunkti. Ásamt því að vera að kynna nýjar vörur, bæði jólalínu sem samanstendur af t.d. jólapappír, merkimiða, jólakorti og svo heilsársvörur, eins og minnisblokkir og dagatal fyrir árið 2017, þá er mikið um prentverkefni fyrir aðra. Þar má helst nefna gjafabréf sem við erum að prenta fyrir hin ýmsu fyrirtæki, enda eru gjafabréf alltaf voða góð og sniðug

## Fegurðin blasir við



Helga og Orri eiga von á barni á jóladag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Hér sést í fallega muni sem eru gefnir. Skartið er úr nýrri línu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Parið Helga Friðriksdóttir og Orri Finnbogason vinnur myrkranna á milli í jólaösinni en nýtur þess að upplifa sig eins og hjálparsveina jólasveinsins í klassískri jólasögu. Jólin eru sérstök í ár því þau eiga von á jólabarni og Helga er sett þann 25. desember. Þau pökkuðu inn skartgripum úr nýrri línu, Milagros, sem er spænska orðið yfir kraftaverk, og finnst hæfa að láta fegurðina blasa við í stað þess að fela hana.

Hugmyndina að nýju línunni fengu þau á ferðalagi um Suður-Ameríku. Hún heitir Milagros, eða kraftaverk upp á spænsku. Í þessum heimshluta þekkist einnig að orðið sé notað yfir áheitagripi. „Þetta eru litlir munir sem fólk leggur á helga staði og biður fyrir einhverjum," segir Orri og segir munina í formi líkamshluta eða líffæra. „Það er af því að biðjandinn biður oft um bata af veikindum, líkamlegum eða andlegum," segir Orri og nefnir til dæmis að ef munur í formi hjarta sé lagður á helgan stað megi biðja um bata af ástarsorg.

Hann segir þau Helgu hafa leikið sér að því að nota form mannabeina sem var til siðs að nota til skrauts í menningarheimum Inka í Perú. „Skartið er úr silfri og bronsi og hjörtun úr gulli. Við bættum svo ferskvatnsperlum inn í með gullhjörtunum sem gerir skartgripina rómantíska í andstöðu við myrkari stemninguna í beinunum," útskýrir hann.

*Hvernig er jólaösin í ár? Er mikið að gera?*

„Jólaösin byrjar aldrei fyrr en upp úr miðjum desember og í skartgripabransanum oft ekki fyrr en nokkra daga fyrir aðfangadag en fólk er byrjað að koma og skoða og fá jólagjafahugmyndir. Það er hins vegar brjálað að gera hjá okkur við smíðina, á verkstæðinu okkar byrjar jólaundirbúningurinn strax í ágúst. Í desember er unnið myrkranna á milli, allt skartið er smíðað á verkstæðinu okkar sem er staðsett inn af verslun okkar á Skólavörðustíg 17a. Það er mjög hátíðleg stemning í mið-



pökkuðu inn gjöfum fyrir Fréttablaðið og
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Grænir og kopartónar og falleg furugrein við prentaðan jólapappír og kort frá Reykjavík Letterpress. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# g fallegt

gjöf, og ekki má gleyma jólakortunum sem við erum að gera fyrir fólk og fyrirtæki," segir Hildur.

Hún segir skemmtilega mikið að gera í litlu búðinni þeirra á Fiskislóð. „Fólk er ýmist að kaupa innpökkunargræjur eða sniðugar tækifærisgjafir. Meðal annars jóla- og áramótaservíetturnar vinsælu, en þar eru 20 stykki í pakkanum og engin eins. Fær fólk til að tala saman og hafa gaman," segir Hildur. „Við erum líka með litlar gjafakörfur þar sem hægt er að finna blöndu af vörum okkar; servíettupakka, minnisblokk og hengimiða."

*Eruð þið sjálfar jólabörn? Hvernig haldið þið jólin? Eruð þið með fastar hefðir?*

„Já, við erum mikil jólabörn og elskum allt sem jólunum tengist. Við eigum báðar börn sem eru fædd í kringum jólin, svo það er nóg að gera í hátíðarhaldi! Við byrjum snemma að spila jólamúsík hér í vinnunni, til að koma okkur í gírinn þegar við erum að framleiða vörurnar okkar. Bjóðum gjarnan upp á mandarínur eða malt og appelsín," segir Hildur og er þotin í jólaösina að sinna viðskiptavinum sínum.

bænum og við upplifum okkur eins og hjálparsveina jólasveinsins í klassískri jólasögu," segir Orri.

*Hvernig hafið þið sjálf jólin? Eruð þið með fastar hefðir?*

„Við erum svo heppin að eiga stórar fjölskyldur, við höfum því miður sjálf engan tíma til að huga að aðfangadagsmat og erum þeirrar gæfu aðnjótandi að vera boðin í mat til systur Helgu þar sem fleiri úr stórfjölskyldunni hópast saman og eiga dásamlega hátíðlega samverustund. Sú hefð hefur myndast að hafa alltaf litlu jólin með börnunum okkar vel fyrir jól, áður en vinnan heltekur okkur, við skreytum lifandi tré og borðum hangikjöt með öllu tilheyrandi í byrjun desember."

*Eruð þið jólabörn?*

„Helga hefur alltaf verið jólabarn enda fædd í desember en hefur eins og ég þurft að kveðja jólaundirbúninginn að miklu leyti sökum anna á þessum tíma. Ég hef líklega ekki náð að taka þátt í jólastússinu síðan ég útskrifaðist sem gullsmiður en við njótum þess að sjálfsögðu að slappa loks af á aðfangadagskvöld. Tíminn milli jóla og nýárs er okkar uppáhalds; lestur, konfektát, samvera, kerti og spil. Jólin í ár eru reyndar einstök og hlaðin aukinni spennu allra fjölskyldumeðlima því við eigum von á jólabarni í ár en Helga er sett 25. desember þannig að þessi jól eru einstaklega spennandi hjá okkur," segir Orri.




# Undrabarnið frá horni helvítis

**Alexis Sánchez**, leikmaður Arsenal, hefur verið stórkostlegur það sem af er tímabili. Saga hans er stórmerkileg en hann ólst upp við sára fátækt í Chile.

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is

Alexis Sánchez er búinn að vera einn af betri leikmönnum ensku deildarinnar það sem af er tímabili, um það verður ekki deilt. Hraði hans og og leikni hafa lengi heillað knattspyrnuunnendur og nú hefur markaskorun bæst við listann. Inni á vellinum er hann mikill spaði, gerir alls konar kúnstir með boltann og niðurlægir oftar en ekki andstæðinga sína með hreyfingum sínum og brellum, samanber fimmta mark Arsenal gegn West Ham. En utan vallar er hann hæglátur og rólegur. Frá því hann gekk í raðir Arsenal hefur lítið farið fyrir honum á öðrum síðum blaða en íþróttasíðum og það er erfitt að finna viðtal við kappann.

Það er vegna þess að dagleg rútína er ekkert sérstaklega flókin. Hann fer á æfingu, borðar vel og fer síðan heim þar sem hann dvelur þangað til hann mætir á ný á æfingasvæðið. Hann mætir sjaldan á opinbera viðburði og er ekkert úti á næturlífinu.

Sánchez er alinn upp við sára fátækt og hefur bróðir hans sagt í viðtölum að fjölskyldan hafi varla átt í sig og á. Sánchez ólst upp í námubænum Tocopilla, sem heimamenn kalla horn helvítis en hún er gríðarlega skítug, fjöllin eru hrjóstrug og vegirnir eru holóttir. Fátæktin, drullan og mengunin er mikil. Þegar Sánchez kemur heim til Tocopilla fer hann út á meðal almennings, situr með vinum sínum á veitingastöðum og talar við hvern sem er. Hann spilar jafnvel fótbolta með vinum sínum og er þá bara berfættur.

Hann fór snemma að sýna alls konar brögð með fótbolta þegar hann var yngri til að reyna að vinna sér inn nokkra aura. Faðir hans yfirgaf Martinu, móður hans, þegar hann var rétt ókominn í heiminn. Martina ól upp fjögur börn og náði varla endum saman.

Sánchez var lítið heima, hann var yfirleitt á götum Tocopilla að spila fótbolta berfættur. „Hann veit hvaðan hann kemur og gleymir því aldrei. Hann vill komast á toppinn og ég held að bakgrunnur hans hjálpi honum mikið,“ sagði Humberto, bróðir hans, í viðtali við El Pais árið 2013.

Trúlega væri Sánchez námuverkamaður í Tocopilla líkt og flestir karlmenn í bænum ef hann hefði ekki haft töframáttinn í fótunum. Þeir fá 314 dollara á mánuði, en það eru nokkrra mínútna laun hans hjá Arsenal.

Sánchez á 18 mánuði eftir af samningi sínum við Arsenal og er sagður vilja 260 þúsund pund á viku sem er 50% launahækkun. Mesut Özil er sagður í svipuðum kjaraviðræðum. Chelsea er víst sagt tilbúið til að bjóða Chile-manninum gull og græna skóga sem fór ekkert sérlega vel í stuðningsmenn Arsenal. Þeir ætla víst að búa til risastóra fána og skilti til að sannfæra hann um að vera áfram og hengja upp í næsta leik. Eiga allar tilkynningar hans að vera með hundunum hans, Atom og Humber, sem eru svo vinsælir að þeir eru með eigin Instagram-síður.

Hann fékk snemma viðurnefnið íkorninn vegna hraða hans. Vinir hans breyttu því í El Nino Maravilla, eða undrabarnið, eftir að hann skoraði átta mörk í einum barnaleik í Chile. Lið hans, Club Arauco, var að tapa 1:0 þegar Sánchez var settur inn á. Hann komst ekki í byrjunarliðið af því að hann var tveimur árum yngri en allir hinir.

Skömmu síðar gekk hann í raðir Cobreloa, þaðan fór hann til River Plate í Argentínu áður en Udinese keypti hann til Ítalíu. Þar sló hann í gegn og Barcelona keypti kauða til að leiða framlínu liðsins með Leo Messi.

Hann verður 28 ára núna í desember og hefur verið, ásamt Özil, langbesti maður Arsenal. Ef hann heldur áfram að raða inn mörkum og leika sér að andstæðingum sínum eru allar líkur á að hann verði kjörinn leikmaður ársins. Sérstaklega ef Arsenal heldur áfram á sömu braut því þá enda þeir sem meistarar. Það hafa nefnilega komið í ljós brotalamir hjá keppinautunum að undanförnu. Á meðan er Arsenal á fullri ferð, alveg eins og Sánchez vill það.

Tími hans í Evrópu hefur verið nánast ein góð skemmtisaga. Vissulega hafa komið erfiðleikar hér og þar eins og síðasta árið hans hjá Barcelona þar sem hann var töluvert á bekknum og var notaður sem varaskeifa. Frelsið á vellinum var horfið og þá var kominn tími til að fara. Hann endaði hjá Arsenal þar sem Wenger nýtir hæfileika Sánchez til hins ítrasta enda virðist hann átta sig á að Sánchez breytist í litla strákinn sem sparkaði fótbolta á drullugum götum borgarinnar Tocopilla þegar hann stígur inn á völlinn. Og þannig er hann bestur.




**NAFN:** Alexis Sánchez
**FÉLAG:** Arsenal
**TREYJUNÚMER:** 7
**ALDUR:** 27 ára
19.12.1988
**HÆÐ:** 169 cm
**ÞYNGD:** 62 kg
**LAND:** Chile

> **18 MÁNUÐIR ER LANGUR TÍMI Í FÓTBOLTA. BÆÐI SÁNCHEZ OG ÖZIL EIGA 18 MÁNUÐI EFTIR AF SAMNINGUM SÍNUM OG VERÐA HÉR VONANDI MUN LENGUR.**
>
> Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal

### Ferill Sánchez

| ÁR | LIÐ | MÖRK |
|---|---|---|
| '05–'06 | Cobreloa | 9 |
| '06–'11 | Udinese | 20 |
| '06–'07 | Colo-Colo (lán) | 5 |
| '07–'08 | River Plate (lán) | 4 |
| '11–'14 | Barcelona | 39 |
| '14– | Arsenal | 55 |

### Landslið Chile

**106** leikir | **36** mörk

### Tölfræði á tímabilinu

| | |
|---|---|
| Leikir | 18 |
| Mörk | 13 |
| Stoðsendingar | 7 |
| Skot | 55 |

# FRÁBÆRT VERÐ




**UNITED 65LEDX17T2**
65" UHD LED sjónvarp með 4K 3840 x 2160p upplausn. Stafrænn DVB-C, DVB-T2 móttakari. 1 x USB. 3 x HDMI tengi, Scart, mini AV, mini Component, VGA & CI rauf Digital coax út og heyrnatólatengi. 16W Virtual Surround Plus Surround hljóðkerfi.

**109.990**




**United LED32X17T2**
32" LED sjónvarp 1366x768p upplausn. 3D Comb Filter. Stafrænn DVB-C, DVB-T2 móttakari. 1 x USB. USB upptaka. 3 x HDMI, Scart, mini AV, mini Component, VGA og CI rauf. Digital coax út og heyrnatólatengi. Hótelstilling.

**24.990**




**UNITED 40LEDX17T2**
40" Full HD sjónvarp með 1920 x1080p upplausn. 3D Comb Filter. Stafrænn DVB-C, DVB-T2 móttakari. 1 x USB. 3 x HDMI. Scart, mini AV, mini Component, VGA & CI rauf. Digital coax út og heyrnatólatengi. USB upptökumöguleiki. Sérstök hótelstilling.

**44.990**




**UNITED 50LEDX17T2**
50" Full HD sjónvarp með 1920 x1080p upplausn. 3D Comb Filter. Stafrænn DVB-C, DVB-T2 móttakari. 1 x USB. 3 x HDMI. Scart, mini AV, mini Component, VGA & CI rauf. Digital coax út og heyrnatólatengi. USB upptökumöguleiki. Sérstök hótelstilling.

**59.990**

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18, LAUGARDAGA 11-18 OG SUNNUDAGA 12-18 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS




# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

Saga til næsta bæjar



Stefán Pálsson skrifar um seinheppinn keisara.

*Ég sagði víst flest það,*
*en þegar þú lest það*
*þá virkar það alveg fatalt.*
*Sem barnaleg þvæla,*
*tóm vitleysa og stælar,*
*samt sagði ég þeim þetta allt.*
*En ég er ei svona,*
*það ætl'ég að vona,*
*ég meinti það allt saman vel.*
*Þeir spurðu mig frétta,*
*ég sagði allt af létta,*
*mitt mannorð er brotið í mél.*




# Versta viðtal sögunnar

Í þessum átakanlega texta Þorsteins Eggertssonar segir frá vinsælli poppstjörnu sem verður fórnarlamb öfundarmanna á ritstjórn tímaritsins Samúels. Vanhugsað viðtal leggur ferilinn í rúst og söngvarinn sem áður dáleiddi allar stúlkur yngri en tuttugu og sex ára hættir að selja lög sín en eyðir þeim mun lengri tíma á hádegisbarnum.

Sagan er full af sambærilegum dæmum um fólk sem lét vanhugsuð orð falla í blaðaviðtölum með afdrifaríkum afleiðingum. Listamenn hafa komið sér í vandræði og stjórnmálamenn eyðilagt feril sinn með þessum hætti. Ekkert viðtal hefur þó reynst jafnafdrifaríkt í mannkynssögunni og það sem Vilhjálmur II. Þýskalandskeisari veitti breska blaðinu Daily Telegraph árið 1908. Litlu mátti muna að viðtalið kostaði hann keisaratignina og áhrifin á þýsk stjórnmál og alþjóðasamskipti reyndust varanleg.

Orsakir þessa stærsta almannatengslaslyss tuttugustu aldar mátti finna í skapgerð keisarans. Vilhjálmur fæddist árið 1859 inn í prússnesku konungsfjölskylduna. Afi hans og nafni var krýndur konungur Prússlands tveimur árum síðar og átti á næstu árum eftir að gegna lykilhlutverki í sameiningu þýsku smáríkjanna í eitt öflugt stórveldi. Það takmark náðist endanlega þegar Vilhjálmur var krýndur keisari Þýskalands í Versölum snemma árs 1871 í miðri styrjöld Frakka og Þjóðverja sem lauk með niðurlægjandi ósigri þeirra fyrrnefndu.

## Ör valdaskipti

Vilhjálmur I. fól kanslara sínum, Otto von Bismarck, stjórn ríkisins að mestu og má líta á Bismarck sem hinn raunverulega valdhafa, þótt keisarinn væri alvaldur að nafninu til. Bismarck var átján árum yngri en keisarinn og var því undir það búinn að ráðskast með eftirmann hans, Friðrik III., sem tók við völdum að föður sínum látnum árið 1888.

Friðrik III. var kvæntur Viktoríu prinsessu, elstu dóttur Viktoríu Bretadrottningar og horfði krónprinsinn mjög til Bretlands sem fyrirmyndarsamfélags. Hugðist hann sveigja stjórnarfarið í átt til bresks skipulags, með aukinni áherslu á þingræði. Vonlaust er segja til um hvernig glímu Bismarcks og nýja keisarans um völdin hefði lyktað, því áður en til krýningarinnar kom var Friðrik orðinn helsjúkur af krabbameini. Hann lést eftir aðeins 99 daga í embætti, sem féll nú í skaut sonar hans, hins 29 ára gamla Vilhjálms.

Keisarinn ungi hafði allt aðra sýn á tilveruna en faðirinn. Samband hans við foreldrana var flókið og hann hafði andstyggð á dálæti þeirra á Bretlandi. Raunar átti Vilhjálmur alla tíð í ástar/haturssambandi við Bretland, þar sem honum var meinilla við ættingja sína við bresku hirðina en þráði þó á sama tíma viðurkenningu þeirra.

Best naut ríkisarfinn sín í hernum og hann lét sig dreyma um að feta í spor afa síns og stýra Þýskalandi til mikilla sigra á hernaðarsviðinu. Þær hugmyndir gengu í berhögg við stefnu Bismarcks sem vildi fremur dansa línudans í stórveldapólitík Evrópu, halda friðinn við helstu grannríki en einbeita sér að uppbyggingu innviða. Gamli klækjarefurinn vildi fremur efla Þýskaland sem iðnveldi en að vinna ný landsvæði með hernaði í Evrópu eða elta önnur stórveldi út í nýlendukapphlaup á fjarlægum slóðum.

Í huga hins nýja keisara var varkárni Bismarcks merki um íhaldssemi og að gamli skarfurinn hefði ekki lengur kjark og þor. Bismarck lét hins vegar fljótfærni og glannaskap unga mannsins fara í taugarnar á sér og lét svo um mælt að keisarinn vildi helst eiga afmæli á hverjum degi og hugsaði aldrei um afleiðingar gjörða sinna.




Vilhjálmur notaði fyrsta tækifæri sem gafst til að losa sig við Bismarck úr embætti. Eftirmenn hans á kanslarastóli reyndust mun jákvæðari fyrir hugmyndum um að Þýskaland gerði sig gildandi á alþjóðavettvangi. Undir forystu Vilhjálms II. hófu Þjóðverjar þátttöku í nýlendukapphlaupinu. Bestu bitarnir voru þó flestir fráteknir og kostnaðurinn við að leggja undir sig og stofna nýlendur á kostarýrum svæðum reyndist meiri en ábatinn.

Þá olli nýlendubröltið árekstrum við hin nýlenduveldin. Hvergi kom það skýrar fram en í deilunum um Marokkó árin 1905-6. Frakkar ásældust yfirráð í landinu en Þýskalandskeisari hafði aðrar hugmyndir. Vilhjálmur tók þá hvatvíslegu ákvörðun að halda til borgarinnar Tangier, ríða um hana á hvítum hesti og lýsa því yfir að Þýskaland styddi áframhaldandi yfirráð soldánsins á svæðinu. Ræðunni var ætlað að ögra Frökkum og um tíma leit út fyrir að stórstyrjöld brytist út í Evrópu vegna Marokkó. Svo fór þó að lokum að Þjóðverjar töpuðu störukeppninni, Frakkar fóru sínu fram og keisarinn var niðurlægður frammi fyrir öllum. Vöknuðu þá þegar efasemdir hjá ýmsum um slægð hans og pólitíska dómgreind.

> ... TÓKST VILHJÁLMI AÐ MÓÐGA BÆÐI LANDA SÍNA OG FLESTAR HELSTU RÍKISSTJÓRNIR OG LÍTA SJÁLFUR ÚT EINS OG FÁRÁÐUR.

## Leikið tveimur skjöldum

Verra var þó fyrir Þjóðverja að Marokkó-deilan varð til þess að styrkja samband Breta og Frakka, en eitt lykilatriði þýskrar utanríkisstefnu var að tryggja að þessar gömlu fjandþjóðir yrðu ekki of nánar. Þetta var þeim mun bagalegra þar sem Þjóðverjum var mikið í mun að sannfæra Breta um að stórfelld flotauppbygging þeirra beindist ekki sérstaklega að Bretlandi.

Vilhjálmur II. hafði ástríðufullan áhuga á smíði stórra og öflugra herskipa og varði löngum stundum í að teikna upp hugmyndir sínar um risaherskip, þrátt fyrir að hafa ekki til þess neina verkfræðilega kunnáttu. Freistandi er að tengja þetta herskipablæti keisarans við hina mótsagnakenndu afstöðu hans til Bretlands og viðleitni til að gera sig breiðan í augum frændfólks síns. Hins vegar var útilokað annað fyrir Breta en að líta á herskipaævintýri Þjóðverja sem ögrun í þeirra garð. Meginlandsveldið Þýskaland gat komist af án stóreflis herskipaflota, en fyrir eyríkið Bretland voru yfirburðir á höfunum algjör forsenda þess að landið héldi stöðu sinni í samfélagi þjóðanna.

Það var í ljósi þessa sem Vilhjálmur II ákvað að fara í viðtal við breskt dagblað. Sá sem tók viðtalið var raunar enginn blaðasnápur, heldur breskur aðalsmaður sem skömmu áður hafði lánað keisaranum höll sína meðan á kurteisisheimsókn hans til bresku hirðarinnar stóð. Markmið keisarans var skýrt: að sannfæra Breta um hlýjan hug sinn til þeirra með því að hamra á fjölskyldutengslum sínum og minna á að sjálfur hefði hann setið dögum saman við rúmstokk Viktoríu ömmu sinnar þegar hún lá banaleguna.

Þau áform urðu að engu. Þess í stað tókst Vilhjálmi að móðga bæði landa sína og flestar helstu ríkisstjórnir og líta sjálfur út eins og fáráður. Minnisstæðasta setning viðtalsins var á þá leið að Englendingar væru „óðir, óðir, óðir eins og hérar“ að skilja ekki ást keisarans á þeim – sem væri verulega frábrugðin því sem hinn almenni Þjóðverji hugsaði um Englendinga.

Keisarinn útskýrði að alls ekki mætti líta á uppbyggingu flotans sem aðför að Bretum, heldur væri tilgangurinn sá að vígvæðast gegn Japönum – ummæli sem skiljanlega ollu lítilli gleði í Tókýó. Þá reyndi Vilhjálmur að sýna fram á hollustu sína við Breta með því að saka Frakka og Rússa um að hafa reynt að fá Þýskaland til að blanda sér í Búastríðin fáeinum árum áður til að tryggja niðurlægingu Bretlands. Eins og nærri má geta var mönnum hvorki skemmt í París né Moskvu.

Eftir þessa alslemmu móðgana braust út gríðarleg reiði í Þýskalandi. Keisarinn hafði orðið sér til skammar og stórskaðað utanríkishagsmuni landsins. Háværar kröfur risu um afsögn og sjálfur íhugaði keisarinn alvarlega að láta af völdum. En böndin bárust líka að kanslaranum Bernhard von Bülow. Skrifstofa hans hafði fengið afrit af viðtalinu fyrir birtingu og samþykkt nær athugasemdalaust. Hvernig gat staðið á slíkri handvömm?

Kanslarinn sagðist hafa fengið handritið í ólæsilegri handskrift og áframsent til reynslulítils undirmanns. Sagnfræðingar hafa þó leitt í ljós að von Bülow hafði viðtalið í tvígang vélritað undir höndum. Af því hafa sumir leitt þær líkur að von Bülow hafi í raun viljað að keisarinn fengi skellinn í von um að geta knúið hann til að taka upp þingræðisstjórnarhætti í Þýskalandi.

Aðrir efast um að kanslarinn hafi haft neinar slíkar lýðræðisgrillur, en líklegra sé að hann hafi viljað kenna keisaranum lexíu til að draga úr framhleypni hans í utanríkismálum, en ekki áttað sig á hversu risavaxið hneykslismálið yrði. Hvað sem því líður markaði viðtalið í Daily Telegraph endalok stjórnmálaferils von Bülows, því hann hafði glatað trausti keisarans sem losaði sig við hann skömmu síðar.

Vilhjálmur II. jafnaði sig aldrei eftir niðurlæginguna. Orðspor hans hafði beðið hnekki og forystumenn þýskra stjórnmála og hersins töldu sig ekki þurfa að taka tillit til hans á sama hátt og áður. Þannig var hann að mestu áhrifalaus á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar, þótt breskar og franskar áróðursmyndir létu oft eins og keisarinn bæri einn alla ábyrgð á stríðinu. Og fyrir þróun mannkynssögunnar hafði þetta versta blaðaviðtal allra tíma þau áhrif að líkurnar á að byggja brýr milli Breta og Þjóðverja minnkuðu enn frekar. Afleiðingin varð tvær heimsstyrjaldir.

# NÝ PRENTUN
# KOMIN Í VERSLANIR

# Ævisaga Ladda

**Þróunarsaga mannsins sem kom okkur til að hlæja**




Í þessari spennandi, einlægu og á köflum drepfyndnu bók, er sett fram „þróunarkenning" um manninn, sem kom okkur til að hlæja, rituð af Gísla Rúnari Jónssyni.

*„Allt í senn fróðleg, dramatísk, hjartnæm og bráðfyndin lesning. Ég hló og grét á víxl."*
**- Edda Björgvinsdóttir leikkona**

*„Hafi maður elskað leikarann Ladda fyrir lesturinn, elskar maður persónuna Ladda að lestri loknum."*
**- Gunnar Helgason leikari & rithöfundur**

*„Einstök bók. Öðruvísi en allar aðrar ævisögur sem ég hef lesið."*
**- Sigurður Sigurjónsson leikari**

*„Skemmtilega skrifuð bók og fróðleg um drenginn sem við öll elskum."*
**- Björn Georg Björnsson leikmyndahönnuður**

MYNDFORM

NÝ UPPSKERA
Beint frá S-Afríku



**898** kr. kg
**Græn Vínber**
Ný uppskera frá S-Afríku




1,36kg í poka

**398** kr. 1,36 kg
**Amerísk Smáepli**
Rauð, 1,36 kg

ÓMISSANDI UM JÓLIN




2kg

**2.498** kr. 2 kg
**Mackintosh Konfekt**
2 kg

1 kg




**498** kr. 1 kg
**Taveners Lakkrís**
1 kg

1 kg




**998** kr. 1 kg
**Walkers Karamellur**
1 kg

LÁGT VERÐ ALLA DAGA




**95** kr. 0,5 l
**Víking Hátíðarblanda**
0,5 l




**95** kr. 0,5 l
**Víking Malt**
0,5 l




**95** kr. 0,5 l
**Egils Appelsín**
0,5 l




**95** kr. 0,5 l
**Lander Bräu Radler**
Lemon, 0,5 l




**198** kr. 400 g
**Bónus Rifsberjahlaup**
400 g

10 STYKKI Í PAKKA




**498** kr. 10 stk.
**Mars og Snickers**
10 stk. í pakka




**169** kr. 100 g
**Toblerone**
100 g

2L




**198** kr. 2 l
**Coke Zero**
2 lítrar

2L




**195** kr. 2 l
**Pepsi og Pepsi Max**
2 lítrar

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



Verð áður 3.798 kr. kg

TAKMARKAÐ MAGN

**2.959** kr. kg

**Nautalundir**
Þýskaland, frosnar
Verð áður 3.798 kr. kg

# BÓNUS

## skilar til viðskiptavina ólöglegri gjaldtöku ríkisins við útboð á nautakjötskvóta til innflutnings.

## GOTT VERÐ Í BÓNUS

NORÐLENSKT HANGIKJÖT



**1.898** kr. kg

**Kjarnafæði Hangilæri**
Kofareykt, með beini



**2.198** kr. kg

**Fjalla Hangiframpartur**
Úrbeinaður



**2.698** kr. kg

**Fjalla Hangilæri**
Úrbeinað



100% kjöt

**2.198** kr. kg

**Bónus 100% Kjúklingabringur**
Ferskar, ekkert viðbætt vatn



100% íslenskt ungnautakjöt

**1.698** kr. kg

**Íslandsnaut Ungnautahakk**
Ferskt



**2.798** kr. kg

**Norðanfiskur**
Reyktur eða grafinn lax



**298** kr. 350 g

**Bónus Graflaxsósa**
350 ml



OPIÐ TIL 19:00 Í DAG LAUGARDAG

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00



Ástkær eiginmaður minn og faðir,

**Pálmi Ágústsson**

lést í Gautaborg 20. nóvember. Minningarathöfn fór fram frá Sant Sigfrid kapellu þann 6. desember.

**Guðlaug Jónsdóttir**
**Trausti Pálmason**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Oddbjörg Þórarinsdóttir**

Mýrum 6, Patreksfirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Patreksfirði, fimmtudaginn 8. desember. Útförin fer fram frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 17. desember kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á slysavarnadeildina Unni á Patreksfirði.

**Kristín Torfadóttir**
**Jón Torfason** **Kolbrún Sigmundsdóttir**
**Þórarinn Torfason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Kristján Fr. Guðmundsson**

lést 3. desember á hjúkrunarheimili Hrafnistu í Kópavogi. Útförin verður frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 13. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er vinsamlega bent á Parkinson samtökin.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**

**Helga Kristjánsdóttir** **Halldór Guðbjarnason**
**Guðmundur Fr. Kristjánsson** **Jenný K. Steinþórsdóttir**
**Guðný Björg Kristjánsdóttir** **Markús Jóhannsson**
**Smári Kristjánsson** **Soffía Júlía Svavarsdóttir**



Ástkær bróðir minn, mágur, frændi og vinur,

**Þórir Kristinn Kárason**

lést 30. nóvember. Jarðarförin fer fram mánudaginn 12. desember kl. 13.00 í Seltjarnarneskirkju.

**Þórhallur Kárason** **Oi Sirijanthrakan**
**Alex Kári Þórhallsson**
**Sigrún Pétursdóttir**
**og frændsystkini.**


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfsdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441
ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn


# Er það ekki kynlegt…?

**Sigurður Skúlason leikari er sjötugur í dag og í tilefni þess gefur hann út hljómdisk með flutningi sínum á ljóðum, sonnettum, eintölum, smásögu og líka fáeinum söngvum.**

Það er nú ekki hægt annað en gleðjast yfir því að fá að eiga svona mörg afmæli og alveg sjálfsagt að fagna því," segir Sigurður Skúlason leikari spurður hvernig það sé að verða sjötugur í dag. Hann heldur upp á tímamótin með útgáfu hljómdisks þar sem hann flytur ljóð, sonnettur, eintöl, smásögu og fáeina söngva sem hann kveðst raula með sínu nefi. „Ég er ekki söngvari svo það út af fyrir sig er bara fífldirfska, en lífið er ófyrirsjáanlegt og fullt af alls konar hliðarsporum og hjáleiðum og það er nú það skemmtilega við þetta allt saman og engin ástæða til að draga inn árar þó aldurinn færist yfir."

Diskurinn heitir Svo húmar að með ást og á umslaginu er mynd af manni sitjandi á bekk við sjóinn að horfa á sólarlagið. Sigurður segir myndina og titilinn haldast í hendur við aldursskeiðið og það sem er að gerast. Hann hefur séð um útgáfuna að öllu leyti sjálfur og kveðst hafa varið í það talsverðum tíma undanfarna mánuði. „Annars starfa ég um þessar mundir sem afgreiðslumaður í versluninni Bútabæ, sem Guðrún, kærastan mín, rekur. Þar er maður að beita kvarða og mæla fataefni, selja garn og lopa og fleira, sem segir bara að alltaf má breyta til og prófa nýja hluti. Ég var í Verslunarskólanum fyrir meira en 50 árum og kannski er maður fyrst núna að beita einhverri af þeirri þekkingu sem maður meðtók þá."

Var hann sem sagt ekki strax ákveðinn í að verða leikari? „Jú, jú, það var einbeittur vilji og ákvörðun sem tók mig strax barn að aldri. Ég fór í Listdansskóla Þjóðleikhússins níu ára gamall með þá von í brjósti að komast á svið og það gekk strax eftir. Verslunarskólinn togaði í mig aðallega vegna þess að ég bjó í Þingholtunum, í næstu götu við skólann. Og á horninu á Grundarstíg og Skálholtsstíg var líka vinalegur kaupmaður sem hét Gunnar og mér fannst eitthvað heillandi við hugmyndina um kaupmanninn á horninu sem seldi nauðsynjavörur og átti í góðum samskiptum við fólkið í hverfinu. En leiklistin hafði yfirhöndina. Samhliða Versló var ég hjá Ævari Kvaran leikara einn undirbúningsvetur og síðan þrjú ár í Leiklistarskóla Þjóðleikhússins."

Inntur eftir eftirlætishlutverkum svarar Sigurður: „Það er ekki auðvelt að svara svona spurningu. Sum hlutverk hafa meiri vigt og áhrif en önnur, oftar er þetta þó spurning um verkið sjálft og leikstjórann og hópinn og andann í vinnunni. Þegar það allt smellur saman á jákvæðan, vekjandi hátt gerist það sem skiptir máli. En það sem ristir dýpst hvað mig snertir í leikhúsinu eru kynnin við William Shakespeare, við hugsun hans og anda. Hann er eins og djúpur brunnur sem stundum virðist alveg botnlaus. Þar talar maður af meiri innsæisskilningi en ég hef rekist á annars staðar. Og ég þreytist seint á að vitna í ýmis tilsvör hans úr leikritunum. Ein af mörgum uppáhaldstilvitnunum eru þessi orð Pána í Hinriki IV: „Er það ekki kynlegt, að girndin skuli lifa getuna svo mörg ár!"" **gun@frettabladid.is**



**„Það er engin ástæða til að draga inn árar þó aldurinn færist yfir" segir Sigurður.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Þar er maður að beita kvarða og mæla fataefni, selja garn og lopa og fleira sem segir bara að alltaf má breyta til og prófa nýja hluti.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og fyrrverandi eiginkona,

**Ingunn Hjördís Björnsdóttir**

Flétturima 8,
áður Stórateigi 2, Mosfellsbæ,

lést á Landspítalanum í Fossvogi aðfaranótt 7. desember. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 13. desember kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið.

**Margrét Erlingsdóttir**
**Daníel Erlingsson** **Ingibjörg Edda Haraldsdóttir**
**Egill Erlingsson** **Ragnheiður K. Guðmundsd.**
**Atli Erlingsson** **Anna Kristín Jóhannsdóttir**
**Erlingur Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Salvör Hannesdóttir**

Arnkötlustöðum,

lést þann 25. nóvember á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi. Útför fór fram frá Árbæjarkirkju í Holtum þann 3. desember í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug. Sérstakar þakkir til allra sem glöddu móður okkar með heimsóknum og góðum kveðjum í veikindum hennar.

**Hannes Birgir Hannesson**
**Steinunn Heiðbjört Hannesdóttir**
**Hafsteinn Jóhann Hannesson**
**Hugrún Fjóla Hannesdóttir**
**tengdabörn og barnabörn.**


SAMSUNG
Jólagjafir heimilisins
KU6175
SAMSUNG
EKTA UHD 4K TV
Staðfest af:
Curved
ULTRA HD
THIS IS TV
UHD - 4K • Bogið • 3840x2160 (4K) - 8M pixlar • • Nýtt Smart viðmót • LED • PQI: 1400
40“ kr. 109.900.- / 49“ kr. 129.900,- / 55“ kr. 149.900.-
HW-K661
320w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar.
Verð frá 99.900,-
R-1 Samsung MultiRoom WiFi eða Bluetooth þráðlaus hátalari.
Til í svörtu og hvítu
Verð frá 32.900,-
HW-J7511-R
320w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar.
Verð frá 149.900,-
R-6 Samsung MultiRoom WiFi eða Bluetooth þráðlaus hátalari.
Til í svörtu og hvítu
Verð frá 64.900,-
HW-J6510
300w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar.
Verð frá 99.900,-
R-3 Samsung MultiRoom WiFi eða Bluetooth þráðlaus hátalari.
Til í svörtu og hvítu
Verð frá 47.900,-
SAMSUNG
K5505
Samsung SMART TV
The Future of Smart TV, Now
THIS IS TV
LED • 1920X1080 • 400 PQI • Nýtt Smart viðmót
32“ kr. 64.900.- / 40“ kr. 89.900.- / 49“ kr. 119.900,- / 55“ kr. 149.900.-
SAMSUNG
KU6405/6475
EKTA UHD 4K TV
ULTRA HD
THIS IS TV
UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
43“ kr. 119.900.- / 49“ kr. 149.900.- / 55“ kr. 179.900.- / 65“ kr. 309.900.-
SAMSUNG
KU6655/6505
EKTA UHD 4K TV
Curved
ULTRA HD
THIS IS TV
UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1600 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
43“ kr. 129.900.- / 49“ kr. 159.900.- / 55“ kr. 189.900.- / 65“ kr. 309.900.-
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is
SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655



Útför

**Steingríms Gauts Kristjánssonar**
lögmanns og fyrrverandi héraðsdómara,

fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 14. desember kl. 15.00.

**F.h. aðstandenda,**
**Guðrún Einarsdóttir**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hrefna Jónsdóttir**

lést á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ mánudaginn 5. desember síðastliðinn. Útförin fer fram í kyrrþey.

**Birgir Þór Gunnarsson** **Guðrún Erna Gunnarsdóttir**
**Erla Björk Gunnarsdóttir** **Angantýr Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Okkar yndislega móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Ragnheiður Þyri Jónsdóttir**
matráðskona,

lést 6. desember. Starfsfólki á deild 3 á Hrafnistu í Hafnarfirði eru færðar sérstakar þakkir fyrir alúðlega umönnun og hlýju þann tíma sem hún bjó þar. Hún verður jarðsungin frá Langholtskirkju 15. desember kl. 15.00.

**Júlía Imsland** **Ragnar Imsland**
**barnabörn og makar, barnabarnabörn og makar og barnabarnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför okkar ástkæru

**Ingibjargar Helgu Óskarsdóttur**
hjúkrunarfræðings

og heiðruðu minningu hennar. Innilegar þakkir til Hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir góða umönnun. Guð blessi ykkur og gefi gleðileg jól.

**Alfreð S. Jóhannsson** **Magdalena Sigurðardóttir**
**Ingibjörg Ósk Jónsdóttir** **Ólafur Gunnarsson**
**Eiríkur Jónsson** **Oddný Sigurðardóttir**
**Ferdinand Jónsson** **Ishaiga Jalloh**

---



Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og stuðning við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, dóttur, systur og mágkonu,

**Dagmarar Hrannar Guðnadóttur**
Sóleyjarima 9, í Reykjavík,

sem lést þann 3. nóvember 2016. Stuðningur ykkar allra er ómetanlegur og fer í sjóð minninganna og fléttast þar saman við aðrar góðar minningar sem við eigum. Innilegar þakkir skulu færðar til þeirra sem önnuðust hana síðustu vikurnar, starfsfólksins á Reykjalundi, deildar 6A og gjörgæsludeildar Landspítalans í Fossvogi.

**Guðmundur Eiríksson**
**Guðni Eiríkur Guðmundsson** **Hanna Björg Sigurðard.**
**Guðni Arnberg Þorsteinsson** **Hallgerður Á. Þórðardóttir**
**Þorsteinn Arnberg Guðnason** **Ingigerður Þórðardóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

---



**Ásdís Hlökk telur áhugavert fyrir alla sem vinna við skipulagsmál að kynna sér tillögur Guðmundar Hannessonar læknis.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hylla framlag læknisins til skipulags fyrir einni öld

**Í tilefni 100 ára útgáfuafmælis ritsins Um skipulag bæja eftir Guðmund Hannesson lækni hefur það verið endurútgefið ásamt nýju riti, Aldarspegli, þar sem litið er til baka.**

Skipulagið hans Guðmundar kemur lygilega vel undan öldinni og hefur staðist vel tímans tönn," segir Ásdís Hlökk Theódórsdóttir skipulagsfræðingur. Þar á hún við hugmyndir sem Guðmundur Hannesson læknir setti fram í ritinu Um skipulag bæja sem út kom árið 1916. Það hefur nú verið gefið út aftur, auk annars rits, Aldarspegils, þar sem nútímafólk eins og Ásdís metur þessar hundrað ára gömlu hugmyndir.

En veit hún af hverju lækninum voru skipulagsmál svona hugleikin?

„Þegar Guðmundur var í sínu námi í Danmörku þá setti hann sig vel inn í það nýjasta sem var að gerast í skipulagskenningum og uppbyggingu bæja í Evrópu. Afleiðingar iðnvæðingarinnar voru þar skýrar, miklir flutningar fólks úr sveitum í borgir og við farsóttir var að etja sem stöfuðu af óheilnæmu húsnæði, skorti á hreinu vatni og ófullnægjandi fráveitum. Því voru náin tengsl milli viðfangsefna í skipulagsvinnu og heilbrigðismálum. Það er eflaust þannig sem hans áhugi kviknar.

Auk þess að koma út áðurnefndu riti 1916 var Guðmundur hvatamaður að fyrstu skipulagslögum landsins árið 1921. Með þeim varð til formleg nefnd sem var falið að vinna skipulag fyrir þéttbýlisstaði, kauptún og sjávarþorp. Sjálfur hlaut hann sæti í þeirri nefnd sem sérfræðingur á sviði heilbrigðismála. Hinir voru Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins og Geir Zoëga vegamálastjóri. Þeir fóru um landið og unnu skipulag að meira og minna öllum þéttbýlisstöðum. Þær hugmyndir sem Guðmundur setti fram í bók sinni lágu þar til grundvallar og nefndin hvatti hreppsnefndir til að kynna sér bókina."

Þótt þetta virðist hafa verið einfalt fyrirkomulag hvað stjórnsýslu varðar hrósar Ásdís Hlökk Guðmundi lækni fyrir víðsýni. „Hann er ekki bara að hugsa um línur og lagnir og lóðir og götur, hann hugsar um fagurfræði, jöfnuð, rekstur sveitarfélaga og þarfir atvinnulífsins. Þetta rit er ekkert gríðarlegt að vöxtum, rúmar 200 síður, en það kemur mörgu að og nú þegar öld er liðin frá útgáfu þess fannst okkur við hæfi að endurútgefa það og um leið að hylla framlag Guðmundar til þessa málaflokks.

Lendingin var að fara í tveggja binda útgáfu, annað bindið er endurúrgefið rit Guðmundar en hitt nefnist Aldarspegill og þar eru fjögur úr bransanum með greinar auk þess sem hjónin Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra og Páll Pétursson skrifa kafla um Guðmund sjálfan. Guðmundur var afabróðir Páls og þau hjón búa að safni með bréfum sem fóru á milli þeirra bræðra.

„Niðurstaða okkar allra er sú að það sé sérstakt hvað þessi maður var framsýnn og ég tel áhugavert fyrir þá sem vinna við skipulagsmál að kynna sér tillögur hans."

**gun@frettabladid.is**

## Aldarspegill

Í Aldarspegli beinir Ásdís Hlökk sjónum að bæjarmynd og byggðamynstri, Pétur H. Ármannsson fjallar um húsagerð og hönnun, Salvör Jónsdóttir skoðar félagslega og efnahagslega þætti skipulagsmála og Dagur B. Eggertsson skrifar um tengsl lýðheilsu og skipulags. Loks bregða Páll Pétursson og Sigrún Magnúsdóttir ljósi á persónu og lífshlaup Guðmundar Hannessonar.

**Hann er ekki bara að hugsa um línur og lagnir og lóðir og götur, hann hugsar um fagurfræði, jöfnuð, rekstur sveitarfélaga og þarfir atvinnulífsins.**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Erla Guðlaug Eyjólfsdóttir**
Álfaskeiði 86, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu sunnudaginn 4. desember. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 14. desember klukkan 13.

**Björn Kristmann Guðmundsson**
**Rúnar Sigurður Guðlaugsson** **Hulda Kristjánsdóttir**
**Guðmundur St. Björnsson** **Fríða Kr. Jóhannesdóttir**
**Eyjólfur A. Björnsson** **Sunneva G. Kolbeinsdóttir**
**Bergþóra Pálína Björnsdóttir** **Reynir Smári Markússon**
**og fjölskyldur þeirra.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sverrir Helgason**
Sléttuvegi 31, Reykjavík,

sem lést þriðjudaginn 6. desember verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 13. desember klukkan 13. Þeir sem vilja minnast hans láti Krabbameinsfélag Íslands njóta þess.

**Óskar Sverrisson** **Eiríksína Hafsteinsdóttir**
**Jón Sverrir Sverrisson** **Margrét Steindórsdóttir**
**Helgi Sverrisson** **Sigurborg K. Stefánsdóttir**
**Sigríður Ragna Sverrisdóttir** **Sigurbjörn J. Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


CILIO
KÖKUDISKUR
VERÐ ... 5.495
PHILIPS
RAKVÉL
HLEÐSLUVÉL
FULLT VERÐ ... 9.995
TILBOÐ ......... 8.995
PHILIPS
SKEGGSNYRTIR
HLEÐSLUVÉL
VERÐ ...... 5.995
WEGRILL
KJÖTHITAMÆLIR
BLUETOOTH
VERÐ ...... 9.995
ESPRESSÓ
KANNA
6 BOLLA
Á HELLU
VERÐ ÁÐUR....4.995
JÓLATILBOÐ ....3.995
ÍSLENSKU
JÓLASVEINARNARNIR
VERÐ FRÁ .... 1.745
JÓLABÚÐIN ÞÍN
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
MEDISANA
SNYRTISPEGILL
2 IN1
Með
ljósi
VERÐ ... 5.995
Fissler Paris
POTTASETT
3 stk
Fissler gæði
Fissler
Fissler. Perfect every time.
VERÐ ÁÐUR....24.995
TILBOÐ ..........19.995
ASA SELECTION
SKURÐARBRETTI
VERÐ ... 5.195
MORTÉL GRANÍT DAVID
VERÐ ... 5.995
MEDISANA
BLÓÐÞRÝSTINGSMÆLIR
Fyrir
upphandlegg
VERÐ .....6.995
MEDISANA
NUDDTÆKI
FYRIR AXLIR,
HÁLS, LÆRI
VERÐ .... 11.995
GRUNWERG
HNÍFAPARASETT
24 STK
SETT
VERÐ ... 9.995
MELISSA
PYLSUGRILL
FULLT VERÐ ... 5.995
TILBOÐ ......... 4.995
TREBS
SMOOTIE TO
GO BLANDARI
2x 570ml
könnur fylgja
VERÐ ... 5.995
AVIKEN
VÖFFLUJÁRN
VERÐ ÁÐUR......8.995
TILBOÐ ............6.995
Fyrir nákvæmari
eldamennsku
SOUS
VIDE
TÆKI
VERÐ ... 17.995
KJÚKLINGA-
STANDUR
VERÐ ÁÐUR...6.995
TILBOÐ .........5.995
GRUNWERG
PIPARKVÖRN
RAFKNÚIN
VERÐ ... 1.995
EVA TRIO
SÓSUPOTTUR
1,1 LÍTER
VERÐ ÁÐUR.... 14.995
TILBOÐ ............9.995
HELGARTILBOÐ Á
ÖLLUM SJÁLFVIRKUM
DOLCE GUSTO
KAFFIVÉLUM
Standur fyrir
24 kaffihylki og
ein dós af Quality
Street fylgja meðan
birgðir endast.
NESCAFÉ Dolce Gusto
Quality Street
ARIETE
HAMBORGARA
HEILSU
GRILL
Með brauðhitara
VERÐ ...... 7.995
IBILI
GRILLPANNA
FULLT VERÐ ... 8.495
TILBOÐ .......... 6.995
DELONGHI MÍNÚTUGRILL
FULLT VERÐ ...11.495
TILBOÐ ...........9.995
MEDISANA
VEKJARI MEÐ LJÓSI
VERÐ .....8.995
EXIDO
SAFAPRESSA
VERÐ ...24.995
DANTAX ÖRBYLGJUOFN
VERÐ .....9.995

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**1** Ævisaga stjörnu frá upphafi til enda (9)
**11** Rekur tungu í restarnar þann 16. (12)
**12** Þau sem ekki eru liðin lík vitna um tilvist ákveðinna skrímsla (9)
**13** Tel Bretaprins mannlegan, enda hreystin uppmáluð (12)
**14** Búnir að fá nóg af því sem afi lætur eftir sig (9)
**15** Snýst um þónokkrar, og allar í frásögur færandi (12)
**16** Skán – förum þangað með tvívængjum (9)
**17** Fundum fína trjáþyrpingu fyrir blíðan (9)
**20** Inna fróma álits vegna glæpa framtíðar? Hvaða rugl er það? (9)
**24** Fer til Ameríku og veld tjóni í borg englanna (4)
**26** Afkvæmi Jóns og Gunnu í Paradís er voða gott (9)
**30** Náum örmum að utan og gerum þá okkar (8)
**31** Frumkvöðull sambands míns og dóttur hans (11)
**32** Kvabb forðar okkur frá því að grípa til örþrifaráða (10)
**34** Vil að þú lagir limi 3 og 4 enn á ný (11)
**35** Hvað sagði gyðjan um leik æskufólksins? (8)
**36** Mun slasast ef bátsstafn splundrast (9)
**39** Múrsteinshús dagaði uppi (9)
**42** Heitir folar og prísar (5)
**45** Negla 550 ringlaða Rómverja við forna kyndingu (7)
**46** Bræðingur úr kláramör (11)
**47** Þessi fugl drapst tvisvar og telst útdauður (4)
**48** Áður óþekkt á skrá gjörninga og innsetninga (7)

**LÓÐRÉTT**

**1** Stillist klárinn ef rektorinn temur? (13)
**2** Tel upplegg pabba sæma meistara (9)
**3** Léttruglaðir og lausir með útdauðum kvikindum (9)
**4** Ég tel hann fullkomlega kyrran og kærleiksríkan (9)
**5** Hinn langi armur simpansans endar þar sem lumman byrjar (10)
**6** Fangelsisflóttarnir framkalla ofnæmisviðbrögðin (8)
**7** Svaka lúmsk kona eða sérlega illvíg hross? (8)
**8** Öslar gegnum keituna þegar rok er og rigning (10)
**9** Alveg hissa á skrámunni eftir skoltana (9)
**10** Kyndi minn kútter og kanna sveiflur í veðri (7)
**18** Klæðskiptakvöld kalla á réttar voðir (9)
**19** Hafmeyjar eru firnarakar segja þeir sem komust til botns í málinu (10)
**21** Hér segir frá þeim sem kveljast í litlum halla (9)
**22** Lyktandi lið úr Limafirði leitar angandi ertu (9)
**23** Les í fornan fjandann fyrir lærisveininn (9)
**25** Tökum tékk á því hvort hann standi í lappirnar (9)
**27** Spillti hrygningu um til þess gerðan farveg (7)
**28** Blæs á karla og blika (11)
**29** Heita Adam, ætíð mættir er kladdinn fer á loft (9)
**33** Garðlota færir miðpunkt borgarinnar úr skorðum (8)
**37** Les grein sem snýr upp á rengi (5)
**38** Farvel, svo aum sem þið eruð, og hvílurnar með (5)
**40** Þetta tekst er við reynum á ný (4)
**41** Sú fyrsta gríska á undan Romeo (4)
**43** Sæmundur fróði sat á sinni totu (4)
**44** Blæs á þennan margruglaða Bauna (4)





Lausnarorð síðustu viku var

**STJÓRNARMYNDUN**

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi að þessu sinni eintak af **Dalalífi – Æskuleikjum og ástum eftir Guðrúnu frá Lundi** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Helgi Hafliðason, Reykjavík.**




**LAUSNARORÐ**

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist birtist fyrirbæri sem auðmenn Íslands reka nú af miklum krafti.

Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 15. desember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „10. desember“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.









# Þrautir

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### Sannfærandi sigur þrátt fyrir vond spil

Gunnlaugur Sævarsson og Kristján Már Gunnarsson unnu góðan sigur á Íslandsmótinu í butler sem fram fór um síðustu helgi. Þeir félagar fengu 84 stig yfir meðallag. Þátttaka var 20 pör. Helgi Sigurðsson sem spilaði við Hauk Ingason og Helga Jónsson hafnaði í öðru sæti með 62 stig. Jón Baldursson og Sigurbjörn Haraldsson höfnuðu í þriðja sæti með 47 stig. Jón og Sigurbjörn voru nýbúnir, daginn á undan, að vinna Íslandsmeistaratitil í sagnkeppni. Gunnlaugur og Kristján Már náðu laufaslemmu í þessu spili í keppninni sem dugði þeim skammt. Spil 34, austur gjafari og NS á hættu:

| | Norður | |
|---|---|---|
| | ♠ 972<br>♥ 7<br>♦ D642<br>♣ KD963 | |
| **Vestur**<br>♠ 10<br>♥ D98632<br>♦ G73<br>♣ ÁG8 | | **Austur**<br>♠ G8654<br>♥ K4<br>♦ ÁK10985<br>♣ - |
| | **Suður**<br>♠ AKD3<br>♥ ÁG105<br>♦ -<br>♣ 107542 | |

Gunnlaugur og Kristján Már sátu NS. Austur opnaði á einum tígli, Kristján Már doblaði, vestur sagði 1♥ og Gunnlaugur 2♣. Opnarinn sagði 2♦, Kristján Már valdi 4♦ sem vestur passaði, Gunnlaugur gaf fyrirstöðu með 4♥ og Kristján Már sagði 6♣ sem lokasamning. Gunnlaugi mistókst að vinna spilið, en hefði getað þvingað austur í spaða og tígli fyrir 12 slagnum. Gunnlaugur og Kristján Már töpuðu 24 impum á spilinu en þoldu það samt sem áður til að hampa sigri í mótinu. Tveir sagnhafar náðu 6 laufum í spilinu og hinum sagnhafanna tókst að standa spilið eftir tígulás út.

## Skák Gunnar Björnsson

**Svartur á leik**



Ragosin átti svart gegn Lilienthal í Moskvu árið 1944.

**1....Hg4!!** Glæsilegt línurof sem byggir á leppun hróksins á f3. Hvítur gaf. Alþjóðlegt ofurskákmót hófst í gær í London.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttirnar.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 5 | | 1 | 4 | 8 |
| 8 | 3 | | | | | | | 6 |
| | 2 | 4 | 6 | 7 | | 3 | | |
| | 4 | 9 | | 3 | | 5 | 1 | |
| | | | | | 7 | 4 | | |
| | | 1 | | | 9 | 8 | | 3 |
| 9 | | 3 | | | | | 5 | |
| | | 2 | | 6 | | | | |
| | 6 | | 2 | | 3 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 4 | | 3 | | 5 | 1 | 9 |
| | | | 1 | | | 7 | | 4 |
| 5 | | | | | 4 | | | |
| | 9 | | | 6 | | | | |
| | | 8 | | | | 9 | 6 | |
| 2 | 6 | | 9 | 8 | | | | |
| 6 | 1 | | | 2 | | 4 | 5 | 8 |
| | 4 | 5 | | | | | | 6 |
| | | | 6 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | | | 6 | 1 | 4 |
| | | 9 | | | | | | |
| | | | 7 | 4 | | | | |
| | | | 6 | | | 7 | | |
| | | | 9 | | 7 | 1 | 3 | |
| 6 | 8 | | 1 | | | | | 9 |
| | 9 | | 8 | | | | 4 | |
| 7 | | | | 1 | | | | 5 |
| 2 | | | | | 5 | 9 | 7 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 | 4 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 6 | 9 | 5 |
| 8 | 9 | 6 | 4 | 5 | 7 | 2 | 3 | 1 |
| 5 | 1 | 8 | 7 | 6 | 9 | 4 | 2 | 3 |
| 2 | 3 | 7 | 1 | 4 | 8 | 5 | 6 | 9 |
| 9 | 6 | 4 | 2 | 3 | 5 | 8 | 1 | 7 |
| 4 | 7 | 3 | 9 | 8 | 6 | 1 | 5 | 2 |
| 6 | 2 | 9 | 5 | 7 | 1 | 3 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 3 | 2 | 4 | 9 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 8 | 2 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 |
| 5 | 2 | 7 | 3 | 9 | 6 | 1 | 4 | 8 |
| 9 | 1 | 3 | 8 | 5 | 4 | 6 | 7 | 2 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 1 | 8 | 7 | 9 | 5 |
| 8 | 5 | 6 | 7 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 7 | 9 | 4 | 3 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 4 | 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 |
| 6 | 8 | 1 | 9 | 4 | 2 | 3 | 5 | 7 |
| 3 | 9 | 5 | 1 | 8 | 7 | 2 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 | 4 | 3 | 7 |
| 8 | 7 | 9 | 1 | 3 | 4 | 2 | 5 | 6 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 1 |
| 3 | 5 | 6 | 4 | 2 | 1 | 7 | 8 | 9 |
| 9 | 2 | 8 | 7 | 5 | 6 | 1 | 4 | 3 |
| 1 | 4 | 7 | 9 | 8 | 3 | 5 | 6 | 2 |
| 7 | 8 | 3 | 2 | 4 | 9 | 6 | 1 | 5 |
| 4 | 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 8 |
| 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 8 | 9 | 2 | 4 |

markhönnun ehf

netto

# JÓLABÓKIN FÆST HJÁ OKKUR




FLUGSAGA
**4.799 KR**




VILJI ER ALLT SEM ÞARF
**4.479 KR**




LEYNILÍF GÆLUDÝRA
**2.111 KR**




FÓTBOLTASPURNINGAR 2016
**959 KR**




HÉRAÐSMANNASÖGUR
**2.111 KR**




LARS LAGERBÄCK
**1.913 KR**




SIGURÐAR SÖGUR DÝRALÆKNIS
**2.239 KR**




BESTU BRANDARARNIR
**959 KR**




SPURNINGABÓKIN 2016
**959 KR**




SKAGFIRSKAR SKEMMTISÖGUR 5
**2.111 KR**

**www.netto.is | Tilboðin gilda 10. - 11. desember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

## Konráð og félagar á ferð og flugi 229

Bragi Halldórsson

„Æi,“ sagði Kata önug. „Eigum við núna að fara að kubba?“ Hún dæsti. „Nei,“ svaraði Lísaloppa. „Þetta er þraut.“ „Nú,“ sagði Kata spyrjandi. „Hvernig þá?“ „Jú,“ sagði Lísaloppa. „við eigum að telja hversu margir kubbar eru í þessari kubbastæðu og þá líka þá kubba sem ekki sjást.“ „Eigum við þá að nota röntgengleraugu?“ sagði Kata glottandi. „Við þurfum þess ekki,“ sagði Lísaloppa. „Við getum reiknað út hvað það eru margir kubbar sem ekki sjást út frá þeim kubbum sem við sjáum.“ „Allt í lagi, reikna út og telja,“ sagði Kata og fór að rýna í kubbastæðuna.

Getur þú hjálpað Kötu og Lísuloppu að telja hversu margir kubbar eru í þessari kubbastæðu?




## Gátur

**1.** Hvað er það sem nærri allir menn hafa neytt, en þó hefur það aldrei komið á nokkurs manns borð?
**2.** Hvaða gjöf er sjaldan gefin með gleði?
**3.** Fólk borðar sjaldan nokkra máltíð án okkar en borðar okkur þó yfirleitt ekki ein sér.
**4.** Hvar voru básúnuleikararnir, þegar þeir blésu múrum Jeríkóborgar um koll?
**5.** Hvaða fætur eru alltaf skólausir?
**6.** Ég hef enga fætur, en þó fer ég sífellt fram og aftur. Ég hef engan munn og þó bít ég með tönnum. Ég sé ekki og verð alltaf að fá stuðning annarra. Hver er ég?

**SVÖR:**

**1.** Móðurmjólkin
**2.** Uppgjöf
**3.** Salt og pipar
**4.** Á bak við básúnurnar
**5.** Borðfætur
**6.** Sögin


HÁRÆÐASLIT Í ANDLITINU ?
ÞAÐ ER TIL LAUSN - VIÐ FJARLÆGJUM HÁRÆÐASLIT ENDANLEGA Í ANDLITI




PANTAÐU FRÍAN TÍMA Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA 893-0098
Snyrtistofan Hafblik
Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com




Guðrún Lilja var að mæta á æfingu í Laugardalshöllinni þegar þessi mynd var tekin. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hún er jólastjarna

**Guðrún Lilja Dagbjartsdóttir** sem kemur fram í kvöld á jólatónleikum Björgvins Halldórssonar sem jólastjarna ársins 2016 elskar list- og verkgreinar í skólanum.

Grindvíkingurinn Guðrún Lilja Dagbjartsdóttir, níu ára, hlakkar mikið til að fá að stíga á svið í Laugardalshöllinni í kvöld og syngja með fullt af rosalega góðum söngvurum. Hún er ekkert kvíðin.

**Hvenær byrjaði hún að syngja opinberlega?** Árið 2015 tók ég þátt í söngvarakeppni 17. júní og svo söng ég í fyrsta skipti með pabba mínum á kaffihúsinu Bryggjunni líka í júní 2015. Ég hef svo nokkrum sinnum sungið með pabba mínum opinberlega.

**Ertu í kór?** Nei, ég er ekki að læra söng og ekki heldur í kór. En ég hef farið á þrjú stutt söngnámskeið, fyrst eitt hjá Bríeti Sunnu Valdimarsdóttir og svo tvö hjá Sessý Magnúsdóttur, frænku minni.

**Í hvaða skóla ertu og hvert er þitt uppáhaldsfag?** Ég er í Grunnskóla Grindavíkur og ég elska list- og verkgreinar.

**Hefur þú leikið á sviði?** Nei, ekki enn en mig langar til þess.

**Hefur þú farið á sjó eða dorgað á bryggjunni?** Ég hef farið í ferjurnar Baldur og Herjólf, svo hef ég líka farið í hraðbát og þetta var allt bara rosalega gaman.

**Hefur þú ferðast um Ísland?** Já, ég hef til dæmis farið til Akureyrar, Barðastrandar, Stykkishólms, Vestmannaeyja og Grímseyjar.

**Hvað langar þig að verða?** Ég held að mig langi að verða söngkona og hundaræktandi eða bara einhvers konar listakona.

## Jólamyndir



**Snjókarl**

Teikning eftir Lúkas Loga Grétarsson.




**Snjóhús**

Teikning eftir Erni Þórsson.


Villeroy & Boch
1748
ROYAL COPENHAGEN
KONGELIG HOFLEVERANDØR
KAY BOJESEN DENMARK
WMF
BY APPOINTMENT TO HER MAJESTY THE QUEEN OF DENMARK
GEORG JENSEN
ESTABLISHED 1904
Glæsileg hönnun á jólatilboði
Karen Blixen jólaengill
TILBOÐ 2.290
VERÐ ÁÐUR 2.550
Jólaórói 2016 frá Georg Jensen
TILBOÐ 6.990
VERÐ ÁÐUR 7.560
WMF Bistro tertuspaði
TILBOÐ 2.150
VERÐ ÁÐUR 4.300
Georg Jensen Henning Koppel kertastjakar - 2 saman
TILBOÐ 9.990
VERÐ ÁÐUR 14.520
Philippi Globe glervasi
TILBOÐ 7.170
VERÐ ÁÐUR 14.340
WMF grilláhöld
TILBOÐ 4.450
VERÐ ÁÐUR 8.900
Villeroy&Boch BBQ Passion Steikardiskur
TILBOÐ 1.990
VERÐ ÁÐUR 2.790
Georg Jensen kertastjakar - 3 saman
TILBOÐ 19.990
VERÐ ÁÐUR 29.850
Villeroy&Boch Texas Pizza steikarsett
TILBOÐ 4.490
VERÐ ÁÐUR 6.490
Eva Solo sósupottur
TILBOÐ 9.995
VERÐ ÁÐUR 14.900
4 potta sett frá WMF
TILBOÐ 22.990
VERÐ ÁÐUR 29.920
Api 20 sm frá Kay Bojesen
TILBOÐ 12.990
VERÐ ÁÐUR 18.490
Sendum frítt á næsta pósthús ef verslað er fyrir meira en 3.000 kr á kunigund.is
KÚNÍGÚND
SÉRVERSLUN MEÐ VANDAÐAR GJAFAVÖRUR
Laugavegur - Kringlan - Glerártorg - kunigund.is

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Strekkings norðaustanátt. Rigning norðaustan til og slydda eða snjókoma til fjalla, en einnig dálítil rigning syðst á landinu. Hiti 2 til 11 stig, hlýjast syðst en svalast í innsveitum.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 11° | Oslo 1° | Stokkhólmur 2° | Gautaborg 8° | Helsinki -3° | Þórshöfn 9° | Nuuk -8° |
| London 12° | Amsterdam 10° | París 3° | Berlín 8° | Madríd 12° | Brussel 6° | Róm 14° |
| Boston -6° | New York -3° | Orlando 10° | Moskva -6° | Singapúr 27° | Tókýó 3° | Sydney 19° |







## Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| **2.48** | **9.06** |
| 3,44m | 0,01m |
| **3.14** | **9.35** |
| 3,52m | 0,73m |
| **Akureyri** | |
| **6.57** | **1.16** |
| 1,35m | 0,49m |
| **7.16** | **12.23** |
| 1,26m | 0,43m |
| **Ísafjörður** | |
| **4.52** | **11.12** |
| 2,92m | 0,64m |
| **5.11** | **11.39** |
| 1,99m | 0,41m |

Tunglstaða:

Vaxandi
75%

Sólarupprás:
11.08

Sólarlag:
3.32

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 5° ↑3 | 7° ←7 | 5° ↑20 | 4° ↑5 | 4° ←12 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 4° ↗10 | 4° ←12 | 2° ↖13 | 1° ↗12 | -1° ↖4 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 3° ↖5 | 5° ←12 | 4° ↑14 | 0° ↗7 | -1° ←4 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 3° ↖9 | 6° ↖16 | 4° ↑10 | 1° ↑10 | 2° ↖8 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 5° ←8 | 6° ↖9 | 5° ↑13 | 2° ↓1 | 4° ←15 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# HARÐIR TÖLVUPAKKAR

nextbook

## FRÁBÆR SPJALDTÖLVA Í JÓLAPAKKANN FYRIR BÖRNIN Á AÐEINS 12.995 !

Þessi spræka Nextbook 8" spjaldtölva kemur með fjögurra kjarna ARM Cortex 9 örgjörva og er hlaðin möguleikum fyrir börnin. Hægt er að nálgast þúsundir ókeypis leikja og smáforrita í gegnum Google Play. Kemur með 8GB minni sem hægt er að stækka auðveldlega upp í allt að 64GB með micro SD korti. Myndavél að framan og aftan.

Skemmtileg gjöf sem gerir börnunum kleift að fara í tölvuleiki, hlusta á tónlist, lesa, taka myndir og horfa á myndbönd.




ÓTRÚLEGT JÓLATILBOÐ

NEX-NX785QC8G

**12.995**
ÁÐUR 14.995



-30%

ASU-ZENPOWERBK/SI

**6.995**
ÁÐUR 9.995

**OPIÐ ALLA HELGINA !**
SUÐURLANDSBRAUT TIL 18
GLERÁRTORG TIL 22.



ASUS

## DRAUMARAFHLAÐAN FYRIR PÓKEMON GO !

Asus ZenPower er hágæða ferðarafhlaða með stórri 10.050 mAh hleðslu en er sömu stærðar og kreditkort í vasa. Getur hlaðið flest tæki 2-3 sinnum á einni hleðslu. LED ljós sem sýna stöðu rafhlöðunnar. Til silfurlituð og svört. Frábær jólagjöf fyrir þá sem eru oft batteríslausir og Pókemon Go spilara.

JBL

JBL-E50BTBLACK

**14.795**
FRÁBÆRT VERÐ

## ÞRÁÐLAUS BLUETOOTH HEYRNARTÓL FRÁ JBL

Frábær og snúrulaus hljómur hvert sem þú ferð í gegnum Bluetooth samband. Vönduð og þægleg heyrnartól sem hafa notið mikilla vinsælda.



chrome

GOO-CHROMECASTAC

## GOOGLE CHROMECAST FYRIR SJÓNVARPIÐ

Steymdu uppáhalds efninu þínu úr símanum eða spjaldtölvunni beint í sjónvarpið. Virkar með iPhone, iPad, Android símum og snjalltækjum auk Mac og Windows fartölvum. Vinsælt fyrir Netflix, YouTube og Spotify.

**6.995**
FRÁBÆRT VERÐ



JBL

JBL-XTREMEBLACK

## STÓR XTREME BLUETOOTH HÁTALARI

Taktu tónlistina þína á nýtt stig með þessum stóra vatnsvarða Bluetooth hátalara. Geggjaður hljómur, stór 10.000mAH rafhlaða með allt að 15 klukkutíma spilun. 3 geta tengst með Bluetooth í einu og hægt að hlaða símann í gegnum USB.

**37.995**
FRÁBÆRT VERÐ



RAZER

RAZ-RZ0201350100R3M1

## LITRÍK RAZER FIREFLY LED MÚSARMOTTA

Sérstaklega skemmtileg jólagjöf. Vönduð Razer músamotta með LED lýsingu í úthringnum, sem gefur mjög skemmtilega birtu inn í herbergið.

**9.995**
FRÁBÆRT VERÐ

**TÖLVULISTINN**

REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS AKRANES




Halldór Ragnarsson við verk á sýningunni Útskýringar í Galleríi Gróttu á Seltjarnarnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Nei, það er ekki hægt

**Halldór Ragnarsson myndlistarmaður opnaði sína elleftu einkasýningu í síðustu viku, en kveikjan var einkar forvitnileg og lýsandi fyrir stöðu allra myndlistarmanna á Íslandi.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Myndlistarmaðurinn Halldór Ragnarsson varð fyrir því fyrr á árinu að missa aleiguna í eldsvoða en síðan þá hefur hann svo sannarlega ekki setið auðum höndum. Síðastliðinn fimmtudag opnaði Halldór einkasýninguna Útskýringar í Galleríi Gróttu. Halldór lauk MA-gráðu í myndlist frá myndlistardeild Listaháskóla Íslands en áður en hann sneri sér að myndlistinni stundaði hann nám í heimspeki við Háskóla Íslands. „Já, heimspekin er eiginlega flöturinn þar sem ég datt inn í myndlistina. Ég hafði alltaf verið eitthvað að bralla í höndunum en ég hugsaði aldrei sem svo að ég ætlaði að gera eitthvað með þetta. Datt það ekki í hug fyrr en ég var kominn inn á þriðja árið í heimspekinni og þá ákvað ég að sækja um í Listaháskólanum og þar endar eiginlega mitt heimspekinám. Ég á alltaf ritgerðina eftir og ég hélt alltaf að ég mundi skrifa hana yfir sumarið en nú er ég hér ellefu árum síðar.“

## Bókstaflega

En skyldi margt af því sem Halldór var að fást við í heimspekinni hafa fylgt honum yfir í myndlistina? „Algjörlega. Þetta er kveikjan að flestu sem ég geri og hef verið að fást við. Það snertir mjög mikið tungumálið og málspeki ef ég get orðað það þannig og það eru í raun fyrst og fremst heimspekilegar pælingar.“

Aðspurður hvað sé kjarni sýningarinnar í Galleríi Gróttu segir Halldór að hann hafi í september verið með sýningu hjá Guðmundi í Listamönnum Gallerí. „Þannig að þetta var mjög knappur tími þarna á milli og að auki lenti ég í þessum bruna í mars síðastliðnum þannig að öll mín plön voru eiginlega farin út um allt. En þegar kom að þessari sýningu með tvo mánuði til stefnu þá gat ég ekki varist þeirri hugsun að þetta væri alltof knappur tími til þess að gera aðra einkasýningu. Ég ákvað samt að gera hana en mér fannst ég þurfa að finna einhverjar útskýringar fyrir sjálfum mér, svona hvernig ég ætlaði að fara að þessu. Þá kem ég að þessari leið að búa til sýningu sem felst í að útskýra verkin sem gerast í rauntíma. Sýningin heitir útskýringar og sem dæmi þá er ég kannski að útskýra að þetta sé strigi sem ég er að vinna með og núna er ég að nota blýant. Þetta stendur bókstaflega á verkinu; núna er þetta blýantur, núna er þetta hvít málning.“

## Hlutlægt verður huglægt

Halldór leggur mikla áherslu á að upphafið felist í því að hann sé að útskýra þetta fyrir sjálfum sér til þess að ná utan um það sem hann þurfti að gera. „Þetta er algjörlega það sem gerist á vinnustofunni og útskýringin þarf ekki að vera merkilegri en það, að það eru þrjátíu sentimetrar á milli þessara lína og þá er það bara þannig. Landslagsmálari er ekki að útskýra af hverju fjöllin hans eru blá, þannig að ég er dáldið að snúa þessu við. Reyna að útskýra af hverju fjöllin eru blá. Takast á við mörkin á milli innihalds og útkomu.“

Halldór segir að ef það er eitthvað sem hann er fyrst og fremst að skoða sem myndlistarmaður þá sé það aðferð og efni. „Oft er það efnið sem lætur mig taka næsta skref, hvort sem það er strigi eða eitthvað annað, en þá er það oft drifkrafturinn að því hvaða stefnu verkið tekur. Fyrir mér er þetta spurning um að vera með eitthvert ákveðið efni og leitast svo við að gera það að einhverju öðru. Einhverju með aðra eða nýja merkingu. Á þessari sýningu, eins og í öllum mínum sýningum, er ég því að nota mjög mismunandi efni í mín verk og það sem ég er að fást við er að gera hið hlutlæga huglægt. Það er verkefni mitt sem myndlistarmanns.“

## Staðlað svar

Halldór hefur verið að velta fyrir sér átakinu Við borgum myndlistarmönnum og hann ákvað að taka þar ákveðin skref. „Já, það varð kveikjan að ákveðnu verki enda er þetta búið að vera í hausnum á mér og eflaust mörgum myndlistarmönnum. Þetta er í raun mjög galin hugmynd að þegar myndlistarmaður er að halda sýningu, óháð því hvar það er, þá eru allir að fá borgað fyrir sína vinnu nema listamaðurinn. Fólkið er samt að koma til þess að sjá verk listamannsins. En þetta er eitthvað svo venjuleg pæling hjá þessari þjóð. Þessi hugsun að þetta hafi bara alltaf verið svona og eigi bara að vera það áfram.

Út frá þessu þá sendi ég forstöðumanni menningarsviðs Seltjarnarnesbæjar fyrirspurn, til þess að fá staðlaða svarið, því ég vissi alveg að það kæmi. Ég spurði hvort að það væri greidd einhver laun fyrir þetta eða efniskostnaður og ég vissi að ég fengi mjög staðlað: Nei, það er ekki hægt. Út frá því ákvað ég að gera verk og þetta var svona fyrsta kveikjan að því hvernig ég nálgaðist og vann þessa sýningu. Í þessu verki er ekkert innihald. Það er bara tölvupóstssvar en ég er búinn að vinna það eins og það væri verk. Út frá þessu kom þessi útskýringapæling. Ég nota alltaf texta í minni myndlist en ef maður sleppir því og gerir þetta bara þurrpumpulega þá myndast ákveðin tenging. En þetta er allt þarna inni á sýningunni og ég vona bara að fólk komi að sjá þetta.“





Verk á sýningunni Útskýringar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

markhönnun ehf

netto

# JÓLABÓKIN FÆST HJÁ OKKUR




**AFLAUSN**
**4 339 KR**




**ALLT MITT LÍF ER TILVILJUN**
**4.799 KR**




**HEIÐA Á LJÓTARSTÖÐUM**
**4.479 KR**




**TVÍSAGA**
**4.874 KR**




**DRUNGI**
**4.479 KR**




**LEITIN AÐ SVARTA VÍKINGNUM**
**4.479 KR**




**HARRY POTTER OG BÖLVUN BARNSINS**
**3.519 KR**




**LÓI-ÞÚ FLÝGUR ALDREINN EINN**
**2.559 KR**




**BALDURSBRÁ**
**2.559 KR**




**TRÖLLASTRÁKURINN LÆKNAR HREKKJUSVÍ**
**2.559 KR**

**www.netto.is | Tilboðin gilda 10. - 11. desember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# Söngurinn gefur fólki mikið

Kammerkór Mosfellsbæjar efnir til aðventutónleika í Fella- og Hólakirkju í Breiðholti annað kvöld, 11. desember, klukkan 20. Þar verða flutt jólalög frá ýmsum löndum. „Við leitum jafnan að nýjum lögum en um jólin eru auðvitað hefðbundin jólalög inn á milli,“ segir kórstjórinn Símon H. Ívarsson.

„Nú erum við með nýtt/gamalt jólalag, það er að segja Litla trommuleikarann í skemmtilegri útsetningu hóps sem kallar sig Pentatonix og hefur verið að gera garðinn frægan í Bandaríkjunum,“ tekur hann sem dæmi og nefnir líka Kanon eftir J. Pachelbel. „Það er lag sem margir kannast við og er samið fyrir strengi en ég útsetti sem keðjusöng fyrir kór.“

Liwen Huang leikur með á píanó á tónleikunum. Ástrún Friðbjörnsdóttir syngur einsöng og Ívar Símonarson leikur með á gítar. Einnig kemur fram söngtríóið Vox Camerata sem skipað er félögum úr kórnum. „Söngurinn gefur fólki mikið hvort sem það er þátttakendur eða hlustendur,“ segir Símon og getur þess að gestum verði boðið upp á kaffi á tónleikunum. – gun


Kammerkór Mosfellsbæjar verður í jólastuði annað kvöld.






# Þannig geymist

BÆKUR

**Bjartmar** **Þannig týnist tíminn**

★★★☆☆

**Sögur**
**279 bls**
**Kápa:** Kontor Reykjavík
Ljósmyndir af Bjartmari: Ari Magg
Prentmiðlun/Lettland

Bjartmar Guðlaugsson söng sig inn í vitund þjóðarinnar með plötunni Í fylgd með fullorðnum sem kom út árið 1987 þar sem hann fangaði veruleika leikskólabarnsins sem fær súrmjólk í hádeginu og seríós á kvöldin og horfir á foreldra sína drekka göróótta drykki og beygla munninn af ýmsum tilefnum, þar sem Sumarliði hreytti ónotum í alla sem hafa vildu og raunveruleiki kótilettukallsins gekk óþyrmilega nærri hugsjónum jafnaldra hans. Síðan hefur hann átt greiðan aðgang með lögum sínum og textum sem sést best á því að íslenska þjóðin valdi lag hans Þannig týnist tíminn sem vinsælasta lag allra tíma í sjónvarpsþættinum Óskalag þjóðarinnar árið 2014.

Í þessari bók er tíminn einmitt til umræðu, Bjartmar lítur langt um öxl, alla leið til æskunnar sem er kannski það tímaskeið sem lifir skýrast og sterkast í minningunni.

Bókin um Bjartmar spannar ævi hans frá fæðingu og fram á fullorðinsár. Hann segir frá foreldrum sínum og systkinum, bestu vinum sínum og óvinum og kann sögur af nánast öllu fólkinu í þorpinu með sínum sérkennum og skemmtilegheitum. Bjartmar er góður sögumaður, dregur lesandann með sér inn í frásögnina með kátlegum lýsingum, lofar tilgangi með söguunni og stendur við það loforð, tilgangurinn oftar en ekki setning sem fær lesandann til að skella upp úr, fyndnar aðstæður en stundum er líka alvarlegur undirtónn bak við grínið, eins og í lýsingunni á konunni sem var alltaf að ræða kosti mannsins síns, blá og marin




# Einfaldleikinn er stundum bestur

**TÓNLIST**

**Kórtónleikar**

★★★☆☆

**Jólatónleikar Mótettukórs Hallgrímskirkju.**
**Stjórnandi:** Hörður Áskelsson
**Organisti:** Mattias Wager
**Einsöngvari:** Maria Keohane
**Hallgrímskirkja**
**þriðjudagurinn 6. desember**

Sænsk jólastemning var í algleymingi á tónleikum Mótettukórs Hallgrímskirkju á þriðjudagskvöldið. Ástæðan var sú að organistinn, Mattias Wager, er sænskur, og einsöngvarinn, Maria Keohane, er það líka. Wager er sérlega snjall í að leika af fingrum fram og því var spuni áberandi á efnisskránni. Orgelspuni var oft á milli laga, og í sumum tilvikum tók kórinn þátt í spunanum. Engu að síður var prógrammið ekki aðeins einhver tilraunamennska, þarna var hefðbundin músík líka sem flutt var á virðulegan máta.

Eða hvað? Ef ég á að segja alveg eins og er þá saknaði ég þess síðarnefnda, þrátt fyrir að það hafi vissulega verið til staðar. Það var bara ekki nóg af því. Sópransöngkonan Maria Keohane var mjög ráðandi og þó hún hafi sungið glæsilega Rejoice Greatly úr Messíasi eftir Händel og annað í svipuðum dúr, voru hófsamari lög full ýkt í meðförum hennar. Tilfinningasemin var of mikil, útkoman átti það til að vera væmin. Söngkonan GERÐI of mikið í stað þess að leyfa tónlistinni að njóta sín í einfaldleika sínum.

Wager var aftur á móti með allt á hreinu við orgelið. Það sem hann spilaði var svo sem ekki krefjandi, en spunarnir hans voru skemmtilegir. Þeir tóku á sig ólíkar myndir, allt frá villtum sveitadansi yfir í fjarlægar kirkjuklukkur. Orgelið býr yfir ótal möguleikum – enda er það kallað drottning hljóðfæranna. Kannski hefði mátt vera smá einleikur á efnisskránni.

Kórinn söng fallega undir stjórn Harðar Áskelssonar, hreint og af innlifun. Spunarnir voru áhrifaríkir. Það var til dæmis dásamlegt þegar kórinn söng Hátíð fer að höndum ein um leið og hann gekk hægt inn í kirkjuna – sem leystist svo á undursamlegan hátt upp í allt annað lag. Sömuleiðis var Heims um ból í lokin magnað. En kórinn var bara í aukahlutverki á tónleikunum. Mistækur einsöngurinn var alltof áberandi, sem gerði dagskrána belgingslega. Ekkert er eins jólalegt og þegar Mótettukórinn syngur án einsöngs þekkta jólasálma. Stundum er minna meira. Það hefði mátt hafa í huga hér.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Fínn en nokkuð tilgerðarlegur einsöngur, kórinn söng hins vegar prýðilega og organistinn var góður.

# tíminn




**Í ÞESSARI BÓK ER TÍMINN EINMITT TIL UMRÆÐU, BJARTMAR LÍTUR LANGT UM ÖXL, ALLA LEIÐ TIL ÆSKUNNAR SEM ER KANNSKI ÞAÐ TÍMASKEIÐ SEM LIFIR SKÝRAST OG STERKAST Í MINNINGUNNI.**

eftir barsmíðar hans. Þarna veit heilt þorp af því hvað er á seyði en tíðarandinn var þess eðlis að enginn taldi sig þess umkominn að skipta sér af. Þannig er lífið í þorpinu ekki eintóm póstkortasæla en í endurliti æskunnar er allt samt svo bjart og Bjartmari tekst vel að fanga þennan áhyggjulausa blæ með léttum og gamansömum frásagnarstíl. Hann dregur upp skemmtilegar og fróðlegar mannlýsingar og lýsir æskuvinum sínum einkar vel og af miklum kærleika, einkum situr þó Indi vinur hans eftir með lesandanum, Indi sem var alltaf snyrtilegri en allir hinir, sem skipulagði fyrsta fylleríið þeirra félaganna með því að leggja á borð og hafa til munnþurrkur og var bara allt of líkur Paul McCartney. Eftirminnilegur er einnig Meysi frændi, sem gat ekki átt eina konu heldur vildi eiga þær allar uns að því koma að hann fékk magasár af eintómri rómantík. Lýsingar Bjartmars af sjálfum sér á unglingsárunum eru einnig glettnar, hann lýsir því vel hvernig hormónar sveifla fólki milli svæsinnar minnimáttarkenndar og upphafinnar sjálfsástar, fyrsta ástin er krufin vandlega og þroskastigið milli barns og fullorðins kannað af virðingu og húmor.

Frásagnirnar eru stuttar og hnitmiðaðar frekar en að um langa og samfellda frásögn sé að ræða, meira svipmyndir af aðstæðum en heildstætt skáldverk eða sjálfsævisaga.

Bókina prýða teikningar og málverk eftir hinn fjölhæfa listamann og einnig textabrot og ljóðsögur sem brjóta bókina upp á skemmtilegan hátt.

Í þessari bók lifa sögur og minningar góðu lífi og spretta fram hver af annarri, vel varðveittur og vandlega pressaður tími og sannarlega ekki týndur. **Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Fallega unnið og skemmtilega skrifað minningakver sem aðdáendur Bjartmars eiga eftir að njóta þess að lesa.

„Meistaraverk.“
Egill Helgason / Kiljan




„Algjörlega frábær bók … Ofsalega fallegt.“
Eiríkur Guðmundsson / Kiljan

★★★★
„Þetta er falleg bók, utan sem innan.“
Sölvi Sveinsson / Morgunblaðið

„Í þessari bók er allt vel gert. Þetta er ákaflega falleg bók. Örugglega áhrifamesta verk sem Sigurður hefur sent frá sér á sínum ferli.“
Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

„Þetta er með allra bestu bókum hans og þá er mikið sagt.“
Jón Yngvi Jóhannsson / Víðsjá

„… ljóð Sigurðar Pálssonar í Ljóð muna rödd munu seint líða mér úr minni. Svo sterk eru þau, fögur og magnþrungin og ægifögur sáttargjörð við lífið.“
Sigríður Albertsdóttir / Víðsjá

★★★★
„Verkið er svellandi óður til lífsins, óður til ástarinnar og sjónarhorns skáldskaparins, sem er ljósið sem lýsir; hin eilífa bergvatnsá, birtan.“
Arnaldur Máni Finnsson / DV

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu






# Leiftursaga er gott orð

**Sigurbjörg Þrastardóttir hefur sent frá sér ljóð, skáldsögur og leikrit en fer nú um slóðir örsögunnar með trompetleikara.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



„Það eiginlega gerðist bara ósjálfrátt,“ segir Sigurbjörg Þrastardóttir aðspurð um það hvað hafi orðið til þess að hún hefur verið að fást við örsöguna sem bókmenntaform. Nú í haust sendi hún frá sér bókina Óttaslegni trompetleikarinn og aðrar sögur, og eru allar sögurnar í þessu knappa en kjarnmikla formi örsögunnar. „Ég eiginlega bara slampaðist á þetta, hafði ekki mikið notað þetta áður, en fannst þetta bara svo skemmtilegt. Þannig að ég hreinlega sat við og skrifaði nokkra tugi af svona sögum síðasta árið.“

Örsagan er dáldið sérstök í forminu og þykir stundum falla aðeins á milli ljóðs og sögu en Sigurbjörg segist hallast að því að þetta séu sögur fremur en ljóð. „En ég hef hins vegar hitt lesendur sem segjast lesa þetta eins og ljóðabók og orðið svona frekar hissa á því. En ég hef þó bætt því við að það gangi alveg upp og að það væri auðvitað þeirra upplifun og auðvitað andmæli ég því alls ekki. En mér finnst vera meiri söguþráður eða kannski öllu heldur aðstæður í örsögunni heldur en í ljóðunum. En þetta er náttúrulega mjög knappt form og þess vegna er eflaust gott að vera með einhverja ljóðaæfingu í höndunum, að maður sé vanur því að þurfa að skera.“

**EN SÖGUMENNIRNIR ERU LÍKA ÞANNIG AÐ ÞAÐ ER TALSVERT HÆGT AÐ LESA Í ÞÁ OG VIÐHORF ÞEIRRA TIL LÍFSINS, VÍÐSÝNI EÐA FORDÓMA, SVONA EFTIR ÞVÍ HVERNIG SAGAN ER SÖGÐ OG Í HVAÐA PERSÓNU.**

Örsögurnar eru þó oft eins og Sigurbjörg bendir á aðstæður fremur en sögur með upphaf og endi. „Já, þetta eru svona leiftur. Ég á vin í Hollandi, frísneskan höfund, sem skrifar í nokkuð svipuðu formi og hann segist kalla þetta flash-fiction og mér finnst leiftursaga vera gott orð og ná ágætlega utan um þetta. Þá ljómar eitthvað upp, hvort sem það er persónan eða aðstæðurnar.“

Þetta lýsir forminu vel þar sem er rétt gægst inn í líf fólks en engu að síður inn að einhverjum kjarna. „Þakka þér fyrir. Það gleður mig ef það hefur heppnast,“ segir Sigurbjörg og hlær. Þetta eru nokkuð margar sögur og ólíkar aðstæður sem þarna verða til. En skyldi Sigurbjörgu ekki finnast neitt snúið að fara á milli svo margra radda og ólíkra sögumanna? „Nei, það kemur nú af sjálfu sér. Þetta er ólíkt því sem er í ljóðunum þar sem er oft sterkari strengur á milli ljóða í röðinni. En það er gaman að láta reyna á fjölbreytnina. En sögumennirnir eru líka þannig að það er talsvert hægt að lesa í þá og viðhorf þeirra til lífsins, víðsýni eða fordóma, svona eftir því hvernig sagan er sögð og í hvaða persónu. Þannig að þeir koma stundum upp um það hvað þeim finnst akkúrat þegar þeir eru að reyna að hylja yfir það.“

Sigurbjörg segist eiga slatta af afgangssögum sem fengu að vera með í þessu safni af ýmsum sögum. „En ég er eiginlega komin út í aðeins öðruvísi og aðeins lengri sögur þannig að maður veit eiginlega aldrei hvað verður næst.“



Sigurbjörg Þrastardóttir, skáld og rithöfundur, segir að það hafi verið gaman að láta reyna á fjölbreytnina sem örsagan veitir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## LEGNÁM

**Móðir mín fór í legnám fyrir skömmu. Ég veit að slíkt er yfirleitt ekki rætt í hópi sem þessum, og ég vona að móðir mín frétti ekki af þessu tali, en ég held á köflum að þetta hafi haft meiri áhrif á mig en hana. Auðvitað fór hún varlega fyrst eftir aðgerðina og svona, en svo virðist hún bara hafa gleymt þessu.**

**Ég hef hins vegar verið töluvert dapur síðan, segi ekki þunglyndur, en dapur. Mér finnst eins og ég hafi tapað einhverri rót, innri tilfinningu fyrir uppruna, sjálfu föðurlandinu – að breyttu breytanda. Ég á við, hvaðan er maður ef legið sem fóstraði mann er ekki lengur til staðar? Hvert á maður að beina sinni sívaxandi heimþrá? Hvað verður um frumskjólið, minninguna um líknarbelginn, allar duldirnar? Og svo heldur hún bara áfram að mæta í Pílates eins og ekkert sé!**

**Nú, til þess að létta stemmninguna áður en almennar umræður hefjast hafði ég ákveðið að segja ykkur skrýtlu, hún kemur hér í stuttri útgáfu:**

**Kona var hjá kvensjúkdómalækni, sem spurði hana nokkurra spurninga áður en skoðun hófst. Ein þeirra var hvort hún hefði farið í legnám.**

**– Nei, ég fór nú bara í húsmæðraskóla, svaraði konan að bragði.**

**Ég vil taka það fram, til þess að forðast misskilning, að konan í skrýtlunni er ekki móðir mín.**

## ÓTTASLEGNI TROMPETLEIKARINN

**Óttaslegni trompetleikarinn var aldrei í rónni. Hann var hræddur um að muna ekki kjúið sitt, hann var hræddur um að vita ekki hvernig lesa ætti úr formerkjum (það hefði þá þurft að athuga hjá lækni því hann hefur kunnað formerkin síðan hann var níu ára), hann var hræddur um að munnstykkið á hljóðfærinu myndi losna af í miðju sólói, hann var hræddur um að gleyma að anda.**

**Óttaslegni trompetleikarinn var líka hræddur við dauðann, hann var hræddur um að lenda í fjárhagskröggum, hann var hræddur um að konan hans myndi hætta að elska hann (það hefði þá þurft að útkljá hjá sálfræðingi enda er hún ekki viss um að hafa elskað nokkurn mann), hann var hræddur um að fá liðagigt í fingur, hann var hræddur um að eignast leiðinlega nágranna.**

**Eiginkona trompetleikarans tók annan pól í hæðina. Hún sagði eitt sinn:**

**– Elskan (sem var meira svona fast orðalag fremur en að hún meinti það heilshugar), brjóstin mín hafa aukist að skriðþunga og flutt suður á bóginn. Það er mitt svar, ef þú segir að þau séu sigin. Að sama skapi getur þú sagt að munnstykkið af hljóðfærinu hafi ákveðið að skoða heiminn, ef þú missir það úr gininu á þér. Og ég vona satt að segja að óþolandi nágrannar flytji í risið – það yrði þá dagleg staðfesting á því hvað við erum skemmtileg. Hættu nú þessu nöldri og haltu áfram að kremja rifsberin.**

**En óttaslegni trompetleikarinn sleppti ekki takinu af ótta sínum enda hefði það haft skaðleg áhrif á sjálfsmynd hans og við því mátti hann alls ekki.**

***Úr bókinni Óttaslegni trompetleikarinn og aðrar sögur eftir Sigurbjörgu Þrastardóttur***



Allt í jólapakkann
Dagskrá Breidd
LAUGARDAGINN 10.DES
JÓLASVEINAR 13-14
HREIMUR OG VIGNIR 14-15
TÓNLISTARATRIÐI
SUNNUDAGINN 11.DES
VIGGA OG SJONNI 13-14
INGUNN OG ARNAR 14-15
VÖFFLUVEISLA Í BREIDD, GRANDA OG SUÐURNESJUM Á LAUGARDAG
Harðir pakkar með notagildi!
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda til 18.desember.
SKOÐAÐU JÓLAGJAFAHANDBÓKINA Á BYKO.IS
NOKKRAR HUGMYNDIR
FÖNDURFRÆSARI,
3000MD 3 Star Kit
7.995 kr.
Almennt verð: 9.995 kr.
74780311
25% AFSLÁTTUR AF MATAR- OG KAFFISTELLUM
HEIL SETT
GROHE
PHILIPS
BLUETOOTH HÁTALARI
í sturtuna, baðið eða pottinn.
13.995 kr.
15326268
BOSCH
MATVINNSLUVÉL
800W.
13.995 kr.
Almennt verð: 17.995 kr.
65742022
byko.is
BYKO
SKREYTUM SAMAN







**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | |
|---|---|
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| OFFICE CHRISTMAS PARTY VIP | KL. (1 (LAU)) - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 10:10 - 12:40 - 2 - 3:10 - 4:30 - 5:30 |
| VAIANA ÍSL TAL 3D | KL. 10:20 - 12:30 - 3 |
| VAIANA ENSKT TAL 2D | KL. 10:10 - 12:30 - 3 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| ALLIED | KL. 8 - 10:40 |
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 8 - 10:45 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 5 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 - 10:45 |
| SJÖUNDI DVERGURINN ÍSL TAL | KL. 1 |
| STORKAR ÍSL TAL | KL. 11 - 3 |

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | |
|---|---|
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 2 - 3 - 5:30 |
| ALLIED | KL. 8 - 10:30 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 3:20 - 6 - 9 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 10:40 |
| SJÖUNDI DVERGURINN ÍSL TAL | KL. 1 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 8 - 10:20 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 3:20 |
| VAIANA ENSKT TAL 2D | KL. 5:40 - 8 |
| ALLIED | KL. 10:20 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 5 |
| TRÖLL ÍSL TAL | KL. 1 - 3 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| L'AMOUR DE LOIN ÓPERA | KL. 5:55 (LAU) |
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 8 - (9 (LAU)) - 10:20 - (10:45 (SUN)) |
| VAIANA ÍSL TAL 3D | KL. (12:30 - 2:50 (LAU)) - (2 (SUN)) |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 |
| ALLIED | KL. (10:45 (LAU)) - (5:20 - 8 (SUN)) |
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 5:15 - 8 (LAU) |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 2 - 5 - 8 (SUN) |
| LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 10:40 (SUN) |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 8 - 10:20 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 2 - 3:20 - 4:20 |
| VAIANA ENSKT TAL 2D | KL. 5:40 |
| ALLIED | KL. 10:45 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 8 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

## 10. DESEMBER 2016

### Tónlist

**Hvað?** Vaginaboys og kef LAVÍK
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Hörpu
Grímuklæddu strákarnir í Vaginaboys og dularfullu mennirnir í kef LAVÍK (sem spila á sínum fyrstu tónleikum) verða í jólastuði í Hörpunni þetta laugardagskvöld. Miðaverð er 2.900 krónur.

**Hvað?** Jón Jónsson
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn, Akureyri
Hressasti og pottþéttasti maður á Íslandi mun dreifa gleðinni til Akureyringa í kvöld. Það er náttúrulega aldrei lognmolla í kringum þennan pilt.

**Hvað?** Jólagestir Björgvins
**Hvenær?** 16.00 og 21.00
**Hvar?** Laugardalshöll
Jólagestir Björgvins í tíunda sinn. Fram kemur einvalalið íslenskra tónlistarmanna. Miðaverð 5.990 til 14.990.

### Viðburðir

**Hvað?** Lista- og handverksmessa Gilfélagsins
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Deiglan, Akureyri
Um er að ræða markað lista- og handverksfólks og þar mun kenna ýmissa grasa, myndlistar, handverks, tónlistar og ljóða. Upplagt að koma og kaupa eitthvað sniðugt í jólapakkann eða til að gleðja í skammdeginu.

**Hvað?** Jólasamvera á Garðakaffi
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Garðakaffi, Akranesi
Í boði verða dýrindis smákökur og annað gúmmelaði, heitt kakó og kaffi. Hægt verður að föndra jólaföndur, skreyta piparkökur og skoða gömul jólakort. Tónlistarfólkið Valgerður og Doddi sér um að leika jólatónlist fyrir gesti og býður einnig upp á „opinn hljóðnema“ frá kl. 14-15. Þá geta gestir stigið á svið og sungið jólalög við „lifandi“ undirleik. Verð fyrir 10 ára og yngri: 800 krónur. Fyrir eldri en 10 ára: 1.700 krónur.

**Hvað?** Jólaball Árbæjarkirkju og Fylkis
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Safnaðarheimili Árbæjarkirkju
Jólaball í boði Fylkis og Árbæjarkirkju. Jólasveinarnir líta í heimsókn og að sjálfsögðu eru öll börn velkomin.

**Hvað?** Jólaleikrit
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Það eru þau Jón Svavar Jósefsson og Thelma Hrönn sem fara með hlutverk systkina sem spjalla og syngja um jólin á meðan þau taka til í herberginu sínu. Grýla og jólasveinarnir, jólamatur og jólaföt eru meðal þess sem ber á góma í leikritinu sem er ætlað allri fjölskyldunni. Aðgangur er ókeypis en á milli 13 og 16 verður boðið upp á föndur á Bókasafninu og tilvalið að föndra fyrir eða eftir leikritið sem hefst kl. 14.

**Hvað?** Upplestur í Safnahúsinu
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Safnahúsið, Hverfisgötu
Rithöfundar lesa úr nýútkomnum bókum sínum í hlýlegu umhverfi lestrarsalar Safnahússins við Hverfisgötu. Þarna lesa meðal annars Ævar Þór Benediktsson, Steinunn Sigurðardóttir, Þórarinn Eldjárn og Auður Ava Ólafsdóttir. Aðgangur ókeypis.



Vaginaboys ásamt kef LAVÍK verða með jólatónleika í Hörpunni í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hvað?** Jólahugvekja Þráins – Sungið saman
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Þráinn Árni Baldvinsson, tónlistarkennari og gítarleikari Skálmaldar, stjórnar jólahugvekju með söng, spili og sögum. Stemningin verður afslöppuð og allir velkomnir að syngja með og taka þátt í að skapa einstaka jólastemningu. Verð 1.000 krónur en frítt fyrir börn.

### Viðburðir

**Hvað?** Íslenskir hönnuðir sýna og selja endurhannaðar vörur
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Norræna húsið, Sturlugötu
Það verða umhverfisvæn jól í Norræna húsinu með námskeiðum og vinnustofum á sunnudögum og þriðjudögum í desember. Þekktir hönnuðir og listamenn ætla að endurhanna, endurnýta og sýna sjálfbærar lausnir. Í dag verður markaður þar sem endurhannaðar vörur verða seldar.

# Sunnudagur

## 11. DESEMBER 2016

### Tónlist

**Hvað?** Kórahátíð
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Vídalínskirkja, Garðabæ
Kórahátíð í Garðabæ á Alþjóðadegi kóra (World Choral Day). Sex kórar úr Garðabæ syngja eigin dagskrá auk sameiginlegs söngs. Notaleg stemning og öll fallegu jólalögin. Ókeypis aðgangur.

**Hvað?** Jólaorgeltónleikar NOËL NOËL
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Jólatónlistarhátíð Hallgrímskirkju á vegum Listvinafélags kirkjunnar heldur áfram sunnudaginn 11. desember kl. 17, þegar Björn Steinar Sólbergsson leikur á hið volduga Klais-orgel Hallgrímskirkju. Á efnisskránni eru verk tengd aðventu og jólum, m.a. hið undurfagra Pastorale eftir J.S. Bach, frönsk Noël og kaflar úr Widor-sinfóníu sem tengist jólum, sjá efnisskrá að neðan. Miðasala er við innganginn og er miðaverð 2.500 kr. en 50% afsláttur fyrir nemendur, öryrkja og félaga í Listvinafélagi Hallgrímskirkju.

**Hvað?** Síðasta húllafjör ársins
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Eiðistorg, Seltjarnarnesi
Húlladúllan verður með heila hrúgu af húllahringjum; litla krakkahringi, hringi fyrir fullorðna og nokkra risahringi. Þátttakendum er boðið að koma og prófa að húlla, Húlladúllan mun ganga á milli, gefa góð ráð og kenna skemmtileg trix.

**Hvað?** Sunnudagsleiðsögn með Pétri Arasyni og sýningarstjóra um sýninguna TEXTI
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Listasafn Íslands, Fríkirkjuvegi
Á sýningunni T E X T I eru sýnd textaverk um fimmtíu íslenskra og alþjóðlegra myndlistarmanna. Verkin á sýningunni eru valin úr um 1.000 verka safneign listsafnaranna Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur en þau hafa safnað íslenskri og erlendri samtímamyndlist frá því á 7. áratugnum.

**Hvað?** Jóladansstuð
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Á næsta Heimilislega sunnudegi koma danskennarar frá Plié Listdansskóla og sjá um jóladansstuð fyrir allan aldur. Það mun verða dansað, sungið og haft gaman saman.











BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Absolutely Fabulous: the movie | 18:00 |
| Baskavígin | 18:00 |
| Innsæi | 18:00 |
| Space Jam | 20:00 |
| Captain Fantastic | 22:15 |
| Gimme Danger | 22:30 |
| Embrace of the Serpent | 22:30 |





emmessis
JÓLAÍS
&
HÁTÍÐARÍS
Fáðu þér nýjan og girnilegan ekta
rjómaís frá Emmessís.
emmessis
HÁTÍÐARÍS
RJÓMAÍS MEÐ FRÖNSKU NÚGGATI OG
STÖKKUM KARAMELLUKÚLUM
1,5 LÍTRI
emmessis
JÓLAÍS
RJÓMAÍS MEÐ TIRAMISÚ
1,5 LÍTRI
– EKTA –
ÍSLENSKUR
Rjómaís
PIPAR\TBWA • SÍA • 165455

#PL #enski365

Laugardagur 10. desember

Watford 12:20 Everton #WATEVE

Arsenal 14:50 Stoke City #ARSSTK

Leicester City 17:20 Man. City #LEIMCI

Sunnudagur 11. desember

Chelsea 11:50 West Brom #CHEWBA

Man. Utd 14:10 Tottenham #MUNTOT

Liverpool 16:20 West Ham #LIVWHU

KAUPTU STAKAN LEIK: Síminn 365

SPORT

Domino's Icelandair Coca-Cola

365.is | Sími 1817 365



# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## STÖÐ 2

**07.00** Jóladagatal Afa
**07.05** Strumparnir
**07.30** Waybuloo
**07.50** Doddi litli og Eyrnastór
**08.05** Ævintýraferðin
**08.20** Með afa
**08.30** Tindur
**08.40** K3
**08.50** Mæja býfluga
**09.05** Blíða og Blær
**09.30** Stóri og litli
**09.40** Grettir
**09.55** Elías
**10.05** Pingu
**10.15** Víkingurinn Viggó
**10.25** Kalli kanína og félagar
**10.50** Ævintýri Tinna
**11.15** Beware the Batman
**11.40** Ellen
**12.20** Víglínan
**13.05** Bold and the Beautiful
**13.30** Bold and the Beautiful
**13.50** Bold and the Beautiful
**14.10** The X-Factor UK
**15.30** The X-Factor UK
**16.30** Ísskápastríð
**17.10** Borgarstjórinn
**17.40** Jóladagatal Afa
**17.55** Sjáðu
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.05** Lottó
**19.10 Friends** Monica lendir í smá veseni þegar hún heldur ræðu í tilefni af 35 ára brúðkaupsafmæli foreldra sinna. Phoebe mætir með nýja kærastann sinn í veisluna sem Alec Baldwin leikur.
**19.40** Spilakvöld
**20.40 Battle of the Bulbs** Jólamynd frá 2010 og fjallar um Bob Wallace sem er mikill keppnismaður er kemur að jólaskreytingum og reynir að vera með flottustu skreytingarnar í hverfinu ár hvert. Nú í ár tekur hann eftir því að nýi nágranninn er búinn að hengja upp jafnvel enn glæsilegri skreytingar en hann sjálfur. Nú hefst stríðið um hver er með flottustu jólaskreytingarnar í hverfinu.
**22.15** Solace
**00.00** Horrible Bosses
**01.45** Burnt
**03.25** The Citizen
**05.05** Louie

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** NBA - Regular Season
**09.00** Dominos deild karla
**10.40** Körfuboltakvöld
**12.20** Premier League
**14.50** Premier League
**17.20** Premier League
**19.40** Spænski boltinn
**21.50** Domino's deild kvenna
**23.30** Spænski boltinn
**01.10** NBA
**01.40** UFC Now
**02.30** UFC Countdown Show 2
**03.00** UFC Live Events
**06.50** Premier League

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.35** UEFA Champions League
**10.15** Enska 1. deildin
**11.55** Spænski boltinn
**14.20** Þýski boltinn -2017
**16.25** Evrópudeildarmörkin
**17.15** Premier League
**19.00** Premier League
**20.40** Enska 1. deildin
**22.20** Premier League
**00.00** Premier League

## STÖÐ 3

**15.40** Vicious
**16.05** Who Do You Think You Are?
**17.10** Hell's Kitchen USA
**17.55** Mike and Molly
**18.20** The Big Bang Theory
**18.45** Baby Daddy
**19.10** New Girl
**19.35** Modern Family
**20.00** The Great Christmas Light Fight
**20.45** Suburgatory
**21.10** Fresh off the Boat
**21.35** Band of Brothers
**22.50** Homeland
**23.40** Bob's Burgers
**00.00** American Dad
**00.25** The Great Christmas Light Fight
**01.10** Suburgatory
**01.30** Fresh off the Boat
**01.55** Band of Brothers
**03.05** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur
**08.00** Ævintýri Tinna
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Stóri og Litli
**08.49** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**09.00** Víkingurinn Viggó
**09.13** Kormákur
**09.25** Brunabílarnir
**09.47** Mæja býfluga
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur
**12.00** Ævintýri Tinna
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Stóri og Litli
**12.49** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**13.00** Víkingurinn Viggó
**13.13** Kormákur
**13.25** Brunabílarnir
**13.47** Mæja býfluga
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur
**16.00** Ævintýri Tinna
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Stóri og Litli
**16.49** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**17.00** Víkingurinn Viggó
**17.13** Kormákur
**17.25** Brunabílarnir
**17.47** Mæja býfluga
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** How To Train Your Dragon Sequel

## GOLFSTÖÐIN

**08.35** Franklin Templeton Shootout
**11.35** Golfing World
**12.25** Franklin Templeton Shootout
**15.25** Champions Tour Highlights
**16.20** 2016 PGA TOUR Year in Review
**17.10** Einvígið á Nesinu
**18.00** Franklin Templeton Shootout
**22.00** CIMB Classic

## BÍÓSTÖÐIN

**08.30** St. Vincent
**10.10** 500 Days Of Summer
**11.45** Leonie
**13.25** Baby Mama
**15.05** St. Vincent
**16.50** 500 Days Of Summer
**18.30** Leonie
**20.15 Baby Mama** Drepfyndin rómantísk gamanmynd með hinni margverðlaunuðu Tinu Fey úr 30 Rock. Hér er hún í hlutverki kaupsýslukonu sem getur ekki eignast barn og ræður óheflaða lágstéttarkonu til að ganga með barn fyrir sig.
**22.00** The Voices
**23.50 San Andreas** Hörkuspennandi mynd frá 2015 með Dwayne Johnson í aðalhlutverki. Reyndur þyrluflugmaður lendir í æsispennandi kapphlaupi við tímann þegar risajarðskjálfti ríður yfir Kaliforníu og leggur nánast allt í rúst. San Andreas er stórslysa- og hasarmynd í stærri kantinum, en hún segir frá því þegar nokkrir risajarðskjálftar upp á meira en 9 á Richter ríða skyndilega yfir vesturströnd Bandaríkjanna.
**01.45** I Origins
**03.35** The Voices
**06.00** Boyhood

## RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**10.10** Saga af strák
**10.35** Hvergidrengir
**11.05** Vikan með Gísla Marteini
**11.50** Útsvar
**13.00** Edda - engum lík
**13.35** Konsúll Thomsen keypti bíl
**14.05** Saga af strák
**14.15** Áttundi áratugurinn – Glæpir og sértrúarhópar
**15.05** EM kvenna í handbolta
**17.05** Stundin okkar
**17.30** Krakkafréttir vikunnar
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** KrakkaRÚV (193)
**17.56** Jóladagatalið - Sáttmálinn
**18.23** Jóladagatalið - Leyndarmál Absalons
**18.54** Lottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.45** Hnotubrjóturinn
**21.35** Out of Time
**23.25** Fallega landið mitt
**00.50** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** America's Funniest Home Videos
**08.20** King of Queens
**08.45** King of Queens
**09.05** How I Met Your Mother
**09.30** How I Met Your Mother
**09.50** Benched
**10.15** Trophy Wife
**10.35** Younger
**11.00** Dr. Phil
**11.40** Dr. Phil
**12.20** The Tonight Show
**13.00** The Tonight Show
**13.40** The Tonight Show
**14.20** The Voice Ísland
**15.50** Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking
**16.15** Emily Owens M.D
**17.00** Parks & Recreation
**17.25** Growing Up Fisher
**17.50** 30 Rock
**18.15** Everybody Loves Raymond
**18.40** King of Queens
**19.05** How I Met Your Mother
**19.30** The Voice USA
**21.00** Father of the Bride
**22.45** 21 Grams
**00.50** '71
**02.30** The Portrait of a Lady
**04.55** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# ego dekor

# NÝ SENDING AF HÚSGÖGNUM



OSCAR LEÐURHORNSÓFI
Stærð: 265X218cm
Verð: 385.000



MODESTO LEÐURHORNSÓFI
Stærð: 300X210cm
Verð: 399.900,-



STÆKKANLEGT BORÐ - Hvítt háglans
stærðir
160(248)X100cm Verð: 199.000,-
200(288)X110cm Verð: 219.000,-

WOD TV SKENKUR – hvítt háglans
2 stærðir
Breidd: 163cm Verð: 127.000,-
Breidd: 240cm Verð: 158.000,-




Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun:13 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
**www.egodekor.is**

# DAGSKRÁ

## Sunnudagur

### STÖÐ 2

07.00 **Jóladagatal Afa**
07.05 **Strumparnir**
07.30 **Waybuloo**
07.50 **Elías**
08.00 **Doddi litli og Eyrnastór**
08.15 **Doddi litli og Eyrnastór**
08.25 **Kormákur**
08.40 **Zigby**
08.50 **Heiða**
09.15 **Tommi og Jenni**
09.40 **Stóri og litli**
09.50 **Óskastund með Skoppu og Skrítlu** Lifið er leikur hjá þeim vinkonum Skoppu og Skrítlu. Því finnst þeim við hæfi að bjóða áhorfendum inn á leikvöllinn sinn þar sem þær dvelja löngum stundum þegar þær ekki eru í leikhúsinu. Þær vita að öll börn stór og smá elska að leika sér og í gegnum leikinn öðlast þau hæfni og þor. Í hverjum þætti flýgur óskafiðrildi af stað með litla ósk sem síðar verður að þema hvers þáttar. Eitt leiðir af öðru og fyrr en varir eru vinkonurnar farnar að takast á við ólíkustu verk efni og þrautir. Fjölskyldustund full af fróðleik og fjöri með Skoppu og Skrítlu á Stöð 2.
10.05 **Latibær**
10.30 **Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga**
10.55 **Teen Titans Go!**
11.15 **Ellen**
12.00 **Nágrannar**
12.20 **Nágrannar**
12.40 **Nágrannar**
13.00 **Nágrannar**
13.20 **Nágrannar**
13.45 **Logi**
14.40 **Spilakvöld**
15.25 **Leitin að upprunanum**
16.10 **Lóa Pind. Bara geðveik**
16.50 **Landnemarnir**
17.30 **Jóladagatal Afa**
17.40 **60 Minutes**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.55 **Sportpakkinn**
19.10 **The Simpsons**
19.35 **Kevin Can Wait** Grínkonungurinn Kevin James er mættur aftur í frábærum nýjum gamanþætti.
20.00 **Leitin að upprunanum**
20.30 **Borgarstjórinn** Ný gamanþáttasería sem skarta einvala liði leikara og fjalla um daglegt líf borgarstjórans í Reykjavík og fólksins í Ráðhúsinu.
21.00 **Rizzoli & Isles**
21.45 **The Young Pope**
22.45 **60 Minutes**
23.30 **The Night Shift**
00.15 **Eyewitness**
01.00 **Murder in the First**
01.45 **Homeland**
02.35 **Lullaby**
04.30 **Backstrom**

### STÖÐ 2 SPORT

08.30 **Premier League**
10.10 **Premier League**
11.50 **Premier League**
14.10 **Premier League**
16.20 **Premier League**
18.35 **Premier League**
20.20 **Premier League World**
20.50 **NFL Gameday**
21.20 **NFL**
00.20 **Þýski boltinn**

### STÖÐ 2 SPORT 2

08.05 **Premier League**
09.45 **Premier League**
11.25 **Premier League**
13.05 **Domino's deild kvenna**
14.45 **Þýski boltinn**
16.25 **Þýski boltinn**
18.30 **Premier League**
20.10 **Premier League**
21.50 **Premier League**
23.30 **UFC Live Events**

### STÖÐ 3

14.30 **Hátíðarstund með Rikku**
15.00 **The Truth About Your Medicine**
16.00 **Hollywood Hillbillies**
16.25 **Last Man On Earth**
16.50 **Schitt's Creek**
17.15 **Comedians**
17.40 **League**
18.05 **Mike and Molly**
18.30 **The Big Bang Theory**
18.55 **New Girl**
19.20 **Modern Family**
19.45 **Cougar Town**
20.10 **Bob's Burgers**
20.35 **American Dad**
21.00 **South Park**
21.25 **Cold Case**
22.10 **The Sopranos**
23.10 **Grimm**
23.55 **Cold Case**
00.40 **Cougar Town**
01.05 **Bob's Burgers**
01.25 **American Dad**
01.50 **South Park**
02.10 **Tónlist**

### KRAKKASTÖÐIN

07.00 **Víkingurinn Viggó**
07.13 **Kormákur**
07.25 **Strumparnir**
07.47 **Mæja býfluga**
08.00 **Dóra könnuður**
08.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
08.47 **Doddi litli og Eyrnastór**
09.00 **Áfram Diego, áfram!**
09.24 **Svampur Sveinsson**
09.49 **Lalli**
09.55 **Rasmus Klumpur**
10.00 **Ævintýri Tinna**
10.25 **Hvellur keppnisbíll**
10.37 **Stóri og Litli**
10.49 **Óskastund með Skoppu og Skítlu**
11.00 **Víkingurinn Viggó**
11.13 **Kormákur**
11.25 **Strumparnir**
11.47 **Mæja býfluga**
12.00 **Dóra könnuður**
12.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
12.47 **Doddi litli og Eyrnastór**
13.00 **Áfram Diego, áfram!**
13.24 **Svampur Sveinsson**
13.49 **Lalli**
13.55 **Rasmus Klumpur**
14.00 **Ævintýri Tinna**
14.25 **Hvellur keppnisbíll**
14.37 **Stóri og Litli**
14.49 **Óskastund með Skoppu og Skítlu**
15.00 **Víkingurinn Viggó**
15.13 **Kormákur**
15.25 **Strumparnir**
15.47 **Mæja býfluga**
16.00 **Dóra könnuður**
16.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
16.47 **Doddi litli og Eyrnastór**
17.00 **Áfram Diego, áfram!**
17.24 **Svampur Sveinsson**
17.49 **Lalli**
17.55 **Rasmus Klumpur**
18.00 **Ævintýri Tinna**
18.25 **Hvellur keppnisbíll**
18.37 **Stóri og Litli**
18.49 **Óskastund með Skoppu og Skítlu**
19.00 **Baddi í borginni**

### GOLFSTÖÐIN

08.00 **Franklin Templeton Shootout**
12.00 **Golfing World 2016**
12.50 **Franklin Templeton Shootout**
16.50 **2016 FedExCup Playoffs Official Film**
17.45 **Solheim Cup 2015**
20.15 **Franklin Templeton Shootout**

### BÍÓSTÖÐIN

08.40 **Belle**
10.25 **Shallow Hal**
12.15 **In My Dreams**
13.50 **Boyhood**
16.35 **Belle**
18.25 **Shallow Hal** Gamanmynd, uppfull af rómantík og dramatík.
20.20 **In My Dreams**
22.00 **Veronica Mars** Allir þekkja Veronicu Mars úr samnefndum spæjaraþáttum. Nú er Veronica orðin fullorðin og starfar sem lögfræðingur í New York. Þegar gamall kærasti frá heimabæ hennar er sakaður um morð ákveður hún að hjálpa honum og komast að hinu rétta í málinu. Til þess þarf hún að hressa upp á spæjaragáfurnar.
23.50 **Puncture**
01.30 **Kept Woman**
03.00 **Veronica Mars**

### RÚV

07.00 **KrakkaRÚV**
10.15 **Krakkafréttir vikunnar**
10.35 **Draumurinn um veginn**
12.25 **Morgan Freeman: Saga guðstrúar**
13.15 **Saga af strák**
13.40 **Bækur og staðir**
13.50 **Reimleikar**
14.20 **Kiljan**
15.05 **EM kvenna í handbolta**
17.00 **Menningin**
17.25 **Táknmálsfréttir**
17.35 **KrakkaRÚV**
17.36 **Jóladagatalið - Sáttmálinn**
18.00 **Stundin okkar**
18.25 **Jóladagatalið - Leyndarmál Absalons**
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.35 **Veður**
19.45 **Landinn**
20.20 **Ferðastiklur**
21.05 **Svikamylla**
22.10 **Meteora-klaustrið**
23.30 **Þýskaland '83**
00.15 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### SJÓNVARP SÍMANS

06.00 **Síminn + Spotify**
08.00 **America's Funniest Home Videos**
08.20 **King of Queens**
08.45 **King of Queens**
09.05 **How I Met Your Mother**
09.30 **How I Met Your Mother**
09.50 **American Housewife**
10.15 **Speechless**
10.35 **Superstore**
11.00 **Dr. Phil**
11.40 **Dr. Phil**
12.20 **Dr. Phil**
13.00 **The Tonight Show**
13.40 **The Tonight Show**
14.20 **The Voice USA**
15.50 **The Good Place**
16.10 **No Tomorrow**
16.55 **Royal Pains**
17.40 **Psych**
18.20 **Everybody Loves Raymond**
18.40 **King of Queens**
19.05 **How I Met Your Mother**
19.30 **The Voice USA**
20.15 **Chasing Life**
21.00 **Law & Order. Special Victims Unit**
21.45 **Secrets and Lies**
22.30 **The Affair**
23.15 **Fargo**
00.00 **Rookie Blue**
00.45 **Shades of Blue**
01.30 **Law & Order. Special Victims Unit**
02.15 **Secrets and Lies**
03.00 **The Affair**
03.45 **The Walking Dead**
04.30 **The Walking Dead**
05.15 **The Walking Dead**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin





**LEITIN AÐ UPPRUNANUM**
Í sérstökum lokaþætti syrpunnar fáum við að heyra hvað tók við hjá ungu konunum þremur eftir að gerð þáttanna lauk. Þær Brynja, Kolbrún og Rósíka hittu Sigrúnu Ósk og segja henni sögu sína eftir að þær fundu líffræðilega foreldra sína eftir langa leit.

**SÚPER SUNNUDAGSKVÖLD**
Fáðu þér áskrift á **365.is**




**BORGARSTJÓRINN**
Stórskemmtileg gamanþáttasería um daglegt líf borgarstjórans í Reykjavík og starfsfólksins í ráðhúsinu sem er ekki alltaf sátt við störf borgarstjórans. Grátbroslegir og allt öðruvísi gamanþættir með Jóni Gnarr og Pétri Jóhanni í aðalhlutverkum.

SNÝR AFTUR
**RIZZOLI & ISLES**
Jane Rizzoli og Maura Isles eru mættar aftur til leiks og hafa aldrei verið öflugri í að leysa stórglæpamálin með stæl.



**THE YOUNG POPE**
Hörkugóðir þættir sem segja frá upphafi embættistíðar hins mótsagnakennda og umdeilda Lenny Belardo eða Píusar páfa 13. sem er jafnframt fyrsti ameríski páfinn.



**AMERICAN DAD**
Skemmtileg teiknimyndasería um Stan og fjölskyldu hans. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. **365.is**


LAGER
SALA
Víkurhvarf 2 - Kópavogur
-sama hús og Fjölsmiðjan
Í SÍÐASTA SINN!
NÝTT Haust 2016
DÚNJAKKAR DÖMU & HERRA
15.000 KR 100% ANDARDÚNN
PARKA ÚLPA DÖMU & HERRA
18.000 KR EKTA SKINN Á HETTU
KULDAÚLPUR 9.000 KR
BARNAÚLPUR 7.000 KR
einnig til í rauðu
KULDAÚLPUR Á BÖRN
10.000 KR
100% DÚNJAKKAR Á BÖRN
7.000 KR
GRI-SPORT LEÐURGÖNGUSKÓR
10.000 KR
HLÝJIR OG LIPRIR KULDAGALLAR
10.000 KR
POLLAGALLAR Á BÖRN
5.000 KR
OPNUNAR TÍMI
10. DES LAUGARDAGUR KL. 12-16
11. DES SUNNUDAGUR KL. 12-16
ATH!
síðasta opnunin
NORTH ROCK
- heldur á þér hita í vetur!

# Grænn silkikjóll varð fyrir valinu



ÉG GET VERIÐ MJÖG VANDLÁT Á FÖT OG VIL HELST VERA Í EINHVERJU SEM ENGINN ANNAR Á.

Magnea Einarsdóttir klæðist flíkum úr sinni eigin vetrarlínu yfir jólin. „Ég er þannig að ég vil helst ekki mæta í tvö jólaboð í sama kjólnum svo það kemur sér ágætlega að vera með gott úrval sem ég get valið úr. Ég ætla að vera í uppáhaldsflíkinni minni – grænum silkikjól með gegnsæju bakstykki á aðfangadag og nota svo prjónakjólana mína í veislurnar dagana á eftir sem ég hef hugsað mér að poppa upp með silkitoppum og skarti. Eftir jólin held ég svo áfram að nota þá hversdags,“ segir hún.

Magnea kveðst vera vandlát þegar kemur að jólafötunum. „Já, síðustu ár hef ég fengið mér fallega íslenska hönnun fyrir jólin. Annars finn ég oftast eitthvað í „vintage“-verslunum. Ég get verið mjög vandlát á föt og vil helst vera í einhverju sem enginn annar á svo ég hef oftar en ekki endað á að setja saman mín eigin dress úr fataskápnum og keypt mér fylgihluti til að setja punktinn yfir i-ð.“

### „Vintage“-prjónakjóll eftirminnilegastur

Þegar Magnea rifjar upp eftirminnilegasta jóladress sitt þá kemur „vintage“-kjóll upp í hugann. „Það er hvítur síður prjónakjóll með silfurþráðum sem ég keypti í „vintage“-búð í London þegar ég bjó þar fyrir nokkrum árum.“ Aðspurð út í eftirminnilegustu tísku-jólagjöfina sína nefnir hún bækur. „Fyrsta árið mitt í fatahönnun fengu allir fjölskyldumeðlimir sömu hugmynd og gáfu mér veglegar tískubækur í jólagjöf. Ég elska fátt meira en fallegar bækur svo ég var í skýjunum með þessar gjafir.“

Magnea selur hönnun sína í versluninni Kiosk á Laugavegi ásamt öðrum hönnuðum. Í þeirri verslun er ýmislegt fallegt að finna og sú flík sem er á óskalista Magneu þessa stundina kemur einmitt frá öðrum hönnuði Kiosk. „Mig dreymir um dásamlega fallegan bláan kjól frá Millu Snorrason sem var að koma í verslunina okkar.“ **gudnyhronn@365.is**



**Græni kjóllinn sem Magnea ætlar að klæðast um jólin.**



**Í vetrarlínu Magneu má finna prjónakjóla sem hægt er að nota bæði spari og hversdags.**

**Magnea Einarsdóttir er búin að finna jóladressið.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hvalfjörður heimsfrumsýndur á Vimeo

Hvalfjörður fjallar um samband tveggja ungra bræðra sem búa í sveit á Íslandi og hvernig sá yngri tekst á við það að koma að eldri bróður sínum sem er að reyna að taka sitt eigið líf,“ segir Guðmundur Arnar Guðmundsson, leikstjóri stuttmyndarinnar Hvalfjarðar, en Vimeo var að velja stuttmyndina sem þeirra „Staff Pick Première“ og verður myndin því heimsfrumsýnd á netinu á miðvikudaginn 14 desember.

Síðan stuttmyndin vann til verðlauna í aðalkeppninni á kvikmyndahátíðinni í Cannes fyrir þremur árum hefur hún farið út um allan heim og unnið til um 50 alþjóðlegra verðlauna. En hvaða þýðingu hafa þessi verðlaun fyrir myndina?

„Þetta er ákveðinn gæðastimpill en Hvalfjörður hefur náttúrulega gengið ótrúlega vel og við sjáum þetta núna sem möguleika til að enn fleiri fái tækifæri til að sjá myndina. Aðstandendur Vimeo áætla að að minnsta kosti 100.000 einstaklingar muni horfa á Hvalfjörð í gegnum síðuna, sem er náttúrulega gríðarlega stór tala og veitir myndinni og okkur sem listamönnum mikla ánægju,“ útskýrir Guðmundur og bætir við að myndin hafi nú þegar verið sýnd bæði á RIFF og RÚV.

„Okkur finnst mjög gaman að þeir Íslendingar sem misstu af að sjá Hvalfjörð þar, en langar að sjá myndina, fái tækifæri til þess á miðvikudaginn næsta,“ segir hann.

Guðmundur Arnar hefur vakið mikla athygli undanfarið fyrir sína fyrstu kvikmynd í fullri lengd, Hjartastein, en móttökurnar hafa farið fram úr þeirra björtustu vonum.

„Eins og er þá er ég í Marokkó þar sem ég er að sýna Hjartastein. Ég mun næstu mánuði halda áfram að ferðast með Hjartastein víða um heim og sýna á hátíðum. Þess á milli, þá aðallega í flugvélum, er ég að skrifa mína næstu kvikmynd sem ég er orðin mjög spenntur fyrir,“ segir Guðmundur.

**gudrunjona@frettabladid.is**



**Guðmundur Arnar Guðmundsson, leikstjóri stuttmyndarinnar Hvalfjarðar.**


SPORTS DIRECT
NÝ SENDING Í HVERRI VIKU
GELERT HERRA SOFTSHELL JAKKI
MEGA VALUE
EINNIG FÁANLEGUR Á DÖMUR
5.990 KR.
KARRIMOR DÖMU ÚTIHLAUPA PEYSA
MEGA VALUE
EINNIG FÁANLEG Á HERRA
7.190 KR.
FÍGÚRU BARNA HETTUPEYSA
MEGA VALUE
FRÁ 1.990 KR.
PUMA SUEDE HERRA STRIGASKÓR
MEGA VALUE
FÁANLEGIR Í MÖRGUM LITUM
FRÁ 9.590 KR.
NIKE FLEX TRAINER DÖMU SKÓR
MEGA VALUE
FÁANLEGIR Í STÆRÐ 36-44
10.890 KR.
KARRIMOR HERRA PARKA JAKKI
MEGA VALUE
EINNIG FÁANLEGUR Á DÖMUR OG BÖRN
13.890 KR.
NIKE HERRA ÆFINGARBOLUR
MEGA VALUE
3.390 KR.
KARRIMOR HERRA ÚTIHLAUPA PEYSA
MEGA VALUE
EINNIG FÁANLEG Á DÖMUR
6.790 KR.
KARRIMOR BOBCAT 65L GÖNGUPOKI
MEGA VALUE
EIGUM MIKIÐ ÚRVAL AF BAKPOKUM Í ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM
9.890 KR.
SOVIET BARNASKÓR
MEGA VALUE
TIL Í FLEIRI TÝPUM
4.790 KR.
NIKE STUTTERMABOLUR
2 FYRIR 5.390 KR.
3.590 KR.
BRITISH KNIGHTS HERRA SKÓR
MEGA VALUE
6.790 KR.
GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST. BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTAR- OG PRENTVILLUR.
SPORTS DIRECT
Skógarlind 2
Opnunartími
Mán-mið: 10-19
Fim: 10-21
Fös: 10-20
Lau-Sun: 10-18
LONSDALE LONDON
karrimor
PUMA
Slazenger
adidas
SPORT DIRECT
Hin Fullkomna Jólagjöf
Gildir í verslunum Sportsdirect.com á íslandi!
SPORTS DIRECT
GJAFAKORT



Eva Laufey Kjaran deilir gómsætum uppskriftum fyrir jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Gómsætur jólabakstur

**Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir**, sælkeri og sjónvarpskokkur, deilir með okkur jólauppskriftum sem sniðugt er að baka eftir um helgina. Um er að ræða ljúffengar Sörur og piparkökubollakökur.

Sörur eru ómissandi í desember og þær eru í sérstaklega miklu uppáhaldi hjá mér og minni fjölskyldu. Það tekur lengstan tíma að búa þær til svo ég byrja yfirleitt á því að baka þessar kökur fyrir jólin, það er svo gott að vera búin að því og geta fengið sér eina og eina í desember. Ég ætla að deila með ykkur uppskriftinni sem ég geri alltaf fyrir jólin en uppskriftin er frá mömmu minni," segir Eva Laufey.

**ÉG ÆTLA AÐ DEILA MEÐ YKKUR UPPSKRIFTINNI SEM ÉG GERI ALLTAF FYRIR JÓLIN EN UPPSKRIFTIN ER FRÁ MÖMMU MINNI.**

## Sörur

**Botn**
4 egg (eggjahvítur)
230 g heslihnetur (eða möndlur)
230 g flórsykur

Hitið ofninn í 180°C. Hakkið heslihneturnar eða möndlurnar í matvinnsluvél. Stífþeytið eggjahvíturnar þar til hægt er að hvolfa skálinni án þess að hvíturnar renni úr. Blandið hnetunum og flórsykrinum varlega saman við eggjahvíturnar með sleikju. Mótið kökurnar með teskeið og setjið á pappírklædda ofnplötu. Bakið í 10 – 12 mínútur.

**Krem**
4 egg (eggjarauður)
1dl vatn
130 g sykur
250 g smjör, við stofuhita
2– 3 msk. kakó
½ tsk. vanillusykur eða vanillu-extrakt
1msk. sterkt uppáhellt kaffi

Þeytið eggjarauðurnar. Hitið vatn og sykur þar til það hitnar og verður að sírópi. Hellið sírópinu saman við eggjarauðurnar i mjórri bunu og haldið áfram að þeyta. Skerið smjörið í teninga og bætið út í.

Næsta skref er að bæta kakó, vanillu og kaffi út í kremið. Þeytið í svolitla stund eða þar til kremið verður silkimjúkt. Það er ágætt að smakka sig til á þessu stigi. Kælið kremið áður en þið setjið það á kökurnar. Gott er að sprauta kreminu á kökurnar með sprautupoka eða nota teskeiðar til þess að smyrja kreminu á þær. Það er algjört smekksatriði hversu mikið af kremi fer á kökurnar.

Kælið kökurnar mjög vel, helst í frysti áður en kökurnar eru hjúpaðar.

**Hjúpur**
300 g súkkulaði, t.d. suðusúkkulaði

Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði. Dýfið kremhlutanum á Sörunum ofan í súkkulaðið.

Gott er að geyma kökurnar í frysti, takið þær út með smá fyrirvara áður en þið berið þær fram.



Sörur eru mjög vinsælar yfir hátíðirnar. MYND/EVA

## Piparkökubollakökur með karamellukremi

„Við bökuðum þessar ljúffengu piparkökubollakökur og þær voru virkilega góðar og skemmtileg tilbreyting frá klassísku piparkökunum. Þetta er öðruvísi útfærsla á piparkökum sem allir þekkja og kemur skemmtilega á óvart, einföld, fljótleg og góð uppskrift sem ég mæli með að þið prófið fyrir jólin," segir Eva Laufey.

**Uppskrift**
250 g sykur
140 g smjör við stofuhita
3 egg við stofuhita
250 g Kornax hveiti
1 tsk. lyftiduft
2 dl rjómi
2 tsk. vanillu-extrakt eða vanillusykur (það er líka gott að nota fræin úr vanillustöng)
1 tsk. kanill
½ tsk. malaður negull
½ tsk. hvítur pipar
½ tsk. engiferkrydd
Bollakökuform



Piparkökubollakökur með ómótstæðilegu karamellukremi er skemmtileg tilbreyting frá klassísku piparkökunum. MYND/EVA

Hitið ofninn í 180°C. Þeytið saman smjör og sykur í um það bil þrjár mínútur, bætið einu og einu eggi saman við. Þeytið vel á milli. Sigtið saman hveiti og lyftiduft, bætið hveitiblöndunni, vanillu, rjómanum og kryddum saman við eggjablönduna og þeytið mjög vel í nokkrar mínútur þar til blandan verður silkimjúk. Skiptið deiginu niður í bollakökuform og bakið við 180°C í 15–18 mínútur. Kælið kökurnar mjög vel áður en þið smyrjið á þær kreminu.

**Karamellukrem**
200g smjör, við stofuhita
400g flórsykur
4 msk. þykk karamellusósa, t.d. dulce de leche
½ tsk. kanill
1 tsk. vanillu-extrakt eða vanillusykur

Þeytið smjör og flórsykur saman í nokkrar mínútur, því lengur sem þið hrærið kremið því betri áferð verður á því. Bætið karamellu, kanil og vanillu út í og þeytið enn betur í 2–3 mínútur. Setjið kremið í sprautupoka og skreytið kökurnar að vild. Það er afar gott að rífa niður smá súkkulaði og skreyta kökurnar með súkkulaðibitum eða ferskum berjum.

GLAMOUR

GLAMOUR ER KOMIÐ ÚT!

200 blaðsíður




2 forsíður




Tryggðu þér eintak í næstu verslun eða áskrift á Glamour.is.


ÁLNAVÖRUBÚÐIN
Hveragerði
Jólatilboð
20%
afsláttur af fatnaði
Jólafötin eða í mjúku pakkana...
Ofelia
Stærðir S-XXL
Zhenzi túnika
Verð: 6.995 kr
TILBOÐ: 5.596 kr
Ofelia toppur
Verð: 7.495 kr
TILBOÐ: 5.996 kr
Ofelia kjóll
Verð: 6.995 kr
TILBOÐ: 5.596 kr
Ofelia skyrta
Verð: 7.795 kr
TILBOÐ: 6.236 kr
Ofelia skyrta
Verð: 7.495 kr
TILBOÐ: 5.996 kr
Ofelia toppur
Verð: 3.995 kr
TILBOÐ: 3.196 kr
zhenzi
WOMENS WEAR
Stærðir 42-56
Zhenzi túnika
Verð: 6.995 kr
TILBOÐ: 5.596 kr
Zhenzi túnika
Verð: 6.995 kr
TILBOÐ: 5.596 kr
Cassiopeia
Stærðir 42-56
Cassiopeia skyrta
Verð: 7.495 kr
TILBOÐ: 5.996 kr
Cassiopeia túnika
Verð: 6.495 kr
TILBOÐ: 5.196 kr
Ofelia & Cassiopeia jakki
Verð: 9.495 kr
TILBOÐ: 7.596 kr
Hummel fatnaður á börn
Hummel peysukjóll
Verð: 4.995 kr
TILBOÐ: 3.996 kr
Hummel leggings
Verð: 2.995 kr
TILBOÐ: 2.396 kr
Hummel
Verð: 5.695 kr
TILBOÐ: 4.556 kr
Hummel peysa
Verð: 4.995 kr
TILBOÐ: 3.996 kr
Hummel buxur
Verð: 4.995 kr
TILBOÐ: 3.996 kr
Hummel peysa
Verð: 4.995 kr
TILBOÐ: 3.996 kr
hummel
Hummel gallaleggings
Verð: 4.995 kr
TILBOÐ: 3.996 kr
Hummel buxur
Verð: 4.695 kr
TILBOÐ: 3.756 kr
50% afsláttur af metravöru - 20% afsláttur af öllum North Rock vörum
facebook.com/alnavorubudin
OPNUNARTÍMI: Mánudaga - laugardaga frá kl. 10-18 & sunnudaga frá kl. 12-18


Unge Ferrari

# Norrænar rappstjörnur á MR balli

Danski rapparinn Emil Stabil og hinn norski Unge Ferrari spila á jólaballi MR sem er haldið í Hörpunni. Þetta er í fyrsta sinn sem MR flytur inn erlenda tónlistarmenn til að spila á balli á vegum skólans.

„Við erum að halda jólaballið okkar í samstarfi við Coca-Cola í Hörpunni núna næsta föstudag. Við erum að fá Emil Stabil og Unge Ferrari. Emil er danskur rappari og þeir komu báðir fram á Airwaves – þannig að þegar við vorum að bóka þetta þá var engin spurning hvort þetta yrði gott „show“, enda vorum við búin að sjá þá og vitum að þetta verður geðveikt,“ segir Sólveig María Gunnarsdóttir, ritari Skólafélagsins.

Emil Stabil og Unge Ferrari eru báðir rísandi stjörnur í rappheiminum. Emil Stabil er frá danska rappbænum Arhus á meðan Unge Ferrari kemur frá Noregi og er ákaflega ungur.

„Þeir voru búnir að tala um að þeir væru til í að halda aftur gigg hér á landi þannig að þetta lá beinast við. MR hefur aldrei flutt inn erlendan tónlistarmann áður, fyrir utan eitt árið þegar það var reynt að flytja Hot Chip til landsins en það endaði með að einungis dj-inn þeirra mætti og var algjört flopp. Við vitum að þeir Emil Stabil og Unge Ferrari eru báðir að koma.“


Emil Stabil

**ÞEIR VORU BÚNIR AÐ TALA UM AÐ ÞEIR VÆRU TIL Í AÐ HALDA AFTUR GIGG HÉR Á LANDI ÞANNIG AÐ ÞETTA LÁ BEINAST VIÐ.**

Sólveig María Gunnarsdóttir, ritari Skólafélags MR



Ballið verður haldið í Silfurbergi en þangað komast 1.100 manns svo búast má við stórum tónleikum. Miðasalan var opnuð í gær fyrir MR-inga og opnast síðan fyrir alla aðra á sunnudaginn. DJ Sura og 101 Savage eða Jóhann Kristófer Stefánsson sjá um upphitun.

stefanthor@frettabladid.is


HÍBÝLI
FASTEIGNASALA
Kringlan 4-6, 103 Reykjavík - hibyli.is - hibyli@hibyli.is - Sími: 585 8800



Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali. Þórður S. Ólafsson, löggiltur fasteignasali. Ólafur Már Ólafsson, löggiltur fasteignasali. Björg Ágústsdóttir, skrifstofa






## Aflagrandi 40 – 107 Reykjavík - 60 ára og eldri

**Opið hús laugardaginn 10. desember milli kl. 14:00 og 14:45, íbúð 0206.**

Falleg 3ja herbergja 80,1 fm íbúð á 2. hæð í eftirsóttu fjölbýli fyrir 60 ára og eldri í Vesturbæ Reykjavíkur. Íbúðin er á skiptist í aðalrými með samliggjandi stofu, borðstofu og eldhúsi, útgengt á yfirbyggðar svalir með svalalokun og fallegu útsýni. Tvö góð svefnherbergi með fataskápum. Eikarparket á gólfum. Rúmgott baðherbergi með tengi fyrir þvottavél. Geymsla (búr) innan íbúðar og önnur sér geymsla í kjallara. Í sameign er bílageymsla sem íbúar geta fengið leigt bílastæði í og sameiginlegt þvottahús. Félagsmiðstöðin Vesturreitir er í húsinu þar sem boðið er upp á hádegisverð auk fjölbreyttra námskeiða, hársnyrtingu o.fl. **Verð 43,0 millj.**

**Rjúpnasalir 12 – 201 Kópavogur**

Mjög falleg 3ja herbergja 94 fm íbúð á 2.hæð í góðu lyftuhúsi í Salahverfinu í Kópavogi. Íbúðin skiptist í forstofu með fataskáp, stofu með útgengi á yfirbyggðar flísalagðar svalir, tvö svefnherbergi með fataskápum, eldhús með góðri innréttingu, baðherbergi með baðkari og þvottahús innan íbúðar. Parket á stofu og herbergjum, flísar á baðherbergi og þvottahúsi.
**Verð 36,7 millj.**



**Hringbraut 94 – 101 Reykjavík**



Fallegt og vel skipulagt parhús á þremur hæðum í Vesturbænum. Eignin skiptist í forstofu, hol með stiga upp á efri hæð, rúmgóð og björt stofa samliggjandi við borðstofu sem er opin við eldhús, parket á gólfum. Eldhús með góðri innréttingu. Á efri hæð er baðherbergi, rúmgott svefnherbergi og hjónaherbergi með fataherbergi inn af. Í kjallara er stofa/sjónvarpsherbergi og svefnherbergi, parketi á gólfum, þvottahús og geymsla. Hellulögð stétt og timburpallur eru framan við hús, tyrfður garður er aftan við hús. **Verð 57,5 millj.**

**Vesturgata 7 – 101 Reykjavík**



Falleg 2ja herbergja 65,6 fm íbúð í húsi fyrir 67 ára og eldri. Í húsinu er þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara og heilsugæsla. Íbúðin skiptist í forstofu með fataskápum, eldhús með viðarinnréttungu, svefnherbergi, stofa opin við sjónvarpshol, parket á gólfum, útgengt á hellulagðar vestursvalir. Baðherbergi, flísar á gólfum og veggjum, sturtuklefi sem gengið er beint inn í, tengi fyrir þvottavél. Frábær staðsetning við miðborgina, stutt í alla verslun og þjónustu. **Verð 34,0 millj.**

**Asparfell 6 – 111 Reykjavík**



Góð 5 herbergja 111,6 fm íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi við Asparfell . Íbúðin skiptist í forstofu með fataskápum, eldhús með viðarinnréttingu, samliggjandi stofur með útgengi á svalir, gestasalerni. Í svefnálmu eru þrjú svefnherbergi, öll með fataskápum, baðherbergi með baðkari, geymsla með hillum. Parket, korkur og dúkur á gólfum. **Verð 34,5 millj.**

**Aðalstræti 9 – 101 Reykjavík**



Falleg 2ja herbergja 49,7 fm íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi í hjarta miðborgarinnar. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús sem er opið við rúmgóða stofu, útgengt á svalir sem snúa að Fógetagarðinum, svefnherbergi með fataskáp, parket á gólfum. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, þvottahús/geymsla innan íbúðar, flísar. Frábær staðsetning. **Verð 31,5 millj.**

**VANTAR ALLAR STÆRÐIR OG GERÐIR EIGNA Á SÖLUSKRÁ, SKOÐUM SAMDÆGURS.**





RHOMB • kr. 52.900



DEK LJÓS • kr.48.700



MINIMAL • kr. 9.500



PULLA • kr. 23.700

# HÚSGÖGN OG FYLGIHLUTIR FYRIR HEIMILIÐ



OMG • kr. 34.650



DOT SKÁPUR • kr. 94.600



BESS BORÐ • kr. 148.800



VOLUSPA • kr. 5.990



CUPID • kr. 32.900



MOTTA • kr. 69.800



GÓLFLAMPI • kr. 44.600



TURTLE • kr. 239.000



KERTASTJAKI • kr. 4.900





PÚÐAR • kr. 7.900



SKENKUR • kr. 142.600

LÍNAN

BÆJARLIND 16 | KÓPAVOGI | SÍMI 553 7100 | WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 | LAUGARD. 11 - 16



Brot úr dansmyndbandi Dansstúdíós World Class og Inklaw Clothing. MYND/INKLAW

# Langaði að framkalla afslappaða stemningu sem Inklaw hefur

**Dansstúdíó World Class** og **Inklaw Clothing** sameina krafta sína í nýju dansmyndbandi sem vakið hefur talsverða athygli á samfélagsmiðlunum undanfarna daga. Stella Rósenkranz, deildarstjóri Dansstúdíós World Class, hefur nú þegar unnið með Of Monsters and Men, Svölu Björgvins og Emmsjé Gauta, í gerð tónlistarmyndbanda á þessu ári.

Guðrún Jóna Stefánsdóttir
gudrunjona@frettabladid.is



Það er frábært að vinna með strákunum í Inklaw. Þeir eru mega afslappaðir og við tengjumst þar. Ég fékk fullt listrænt frelsi við vinnslu á myndbandinu en mig langaði að ná að framkalla þessa afslöppuðu stemningu sem fatamerkið þeirra hefur. Mig langaði líka að einblína á að peysurnar myndu njóta sín með því að persónugera ekki dansarana. Það gerist að sjálfsögðu meira og minna í eftirvinnslu myndbandsins. Hörður Ragnarsson sá um upptöku og eftirvinnslu og á allan heiður af því. Lagið sem Inklaw vildu nota heitir Allt undir með Alexander Jarli, en það er með drungalega undirtóna og því er svona draugalegur bragur yfir þessu,“ segir Stella Rósenkranz, deildarstjóri og danskennari við Dansstúdíó World Class, spurð út í nýtt myndband sem vakið hefur talsverða athygli á samfélagsmiðlum undanfarna daga.

**ÞETTA ERU ALLT KENNARAR OG NEMENDUR VIÐ DANSSTÚDÍÓ WORLD CLASS.**

Dansarar í myndbandinu eru Bergdís Rún Jónasdóttir, Eydís Jansen, María Höskuldsdóttir, Rakel Kristinsdóttir og Stella Rósenkranz sjálf.

„Þetta eru allt kennarar og nemendur við Dansstúdíó World Class. Eydís og María eru meðlimir í eldri danshóp skólans en þær eru báðar 13 ára og eru saman í dans duo og kalla sig ME Crew. Danshöfundar frá skólanum vinna mikið með íslenskum tónlistarmönnum og fá nemendur skólans því mörg tækifæri,“ segir Stella og bætir við að nú í haust hafi þær unnið með til dæmis Of Monsters and Men, Svölu Björgvins og Emmsjé Gauta.



Stella Rósenkranz, deildarstjóri Dansstúdíós World Class, ásamt þeim Eydísi Jansen og Maríu Höskuldsdóttur. MYND/STELLA



Guðjón Geir Geirsson, Róbert Ómar Elmarsson og Anton Birkir Sigfússon hjá Inklaw Clothing. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Strákana í Inklaw Clothing hefur lengi langað að láta reyna á dansmyndband í kynningu á fatalínu sinni og höfðu þeir því samband við Stellu fyrir nokkrum mánuðum.

„Við erum rosalega ánægðir með afraksturinn af samstarfi við Dansstúdíó World Class. Við vissum að þau gætu leyst þetta vel. Stella tók svo alfarið við keflinu og á í rauninni allan heiður af gerð myndbandsins,“ segir Anton Sigfússon, spurður út í dansmyndbandið sem sýnir nýjustu línu Inklaw Clothing.

Nýjasta línan er eins konar tilraun strákanna til að fylgja óskrifuðum reglum tískuheimsins um útgáfu á árstíðabundnum fatalínum.

„Við höfum hingað til ekki verið að fylgja þeim reglum heldur hefur fyrirkomulagið fremur verið þannig að við markaðssetjum línur þegar okkur hentar og hafa þær þá verið fleiri og smærri. Þetta er sem sagt haust- og vetrarlínan okkar. Fyrsti hluti hennar var settur á markað í byrjun september, annar hluti í nóvember og svo verður þriðji og síðasti hlutinn settur í sölu eftir áramót. Af því sem þegar hefur verið markaðssett eru ellefu gerðir af jökkum, sex peysur, sex bolir og þrjár buxur,“ segir Anton Sigfússon, spurður út í nýjustu tískulínu Inklaw Clothing sem slegið hefur í gegn á síðustu mánuðum.

Frá því að strákarnir í Inklaw Clothing hófu starfsemi sína árið 2013 hafa þeir verið að gera það ansi gott, og meðal annars fært út kvíarnar í byrjun þessa árs með hjálp Olivers Luckett, þekkts samfélagsmiðlasnillings. Fjölmargar stórstjörnur hafa klæðst hönnun frá þeim sem vakið hefur talsverða athygli vestanhafs.

„Jú, það kemur alltaf reglulega fyrir. Það er samt ekki alltaf sem maður finnur í kjölfarið myndir af viðkomandi í fötunum. Það getur verið algjör frumskógur að skoða allar myndirnar sem teknar eru af sumum af þessum einstaklingum og það þarf svo ekki að vera að viðkomandi hafi verið í fötunum að viðstöddum myndavélum. Þessi leit ber hins vegar stundum árangur og er það þá stór bónus,“ útskýrir Anton.

Strákarnir setja markið hátt fyrir árið 2017 og ætla meðal annars að reyna komast að í verslunum erlendis. Aðspurðir hvort stórir samningar séu í höfn segir Anton að erfitt sé að svara þeirri spurningu að svo stöddu, þar sem allt slíkt sé enn á viðkvæmu stigi.

gudrunjona@frettabladid.is




DEVOLD®
Í SKÍTAKULDA OG ÖSKRANDI ROKI
ERU DEVOLD MERINO ULLARUNDIRFÖTIN LAUSNIN.
EXPEDITION
HALF ZIP WOMAN
13.990.KR
DUO ACTIVE
HALF ZIP NECK WOMAN
12.990.KR
EXPEDITION
HALF ZIP MAN
13.990.KR
EXPEDITION
WOMAN LONG JOHNS
12.990.KR
DUO ACTIVE
WOMAN LONG JOHNS
11.990.KR
DUO ACTIVE
MAN SHIRT
11.990.KR
DUO ACTIVE
MAN LONG JOHNS FLY
11.990.KR
EXPEDITION
MAN LONG JOHNS
12.990.KR
ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1
REYKJAVÍK
580-8500
SÍÐAN 1916
ELLINGSEN.IS
TRYGGVABRAUT 1-3
AKUREYRI
580-8550

## Lífið í vikunni
04.12.16-
10.12.16

### NÝ PLATA FRÁ EMILÍÖNU TORRINI

Emilíana Torrini og hljómsveitin Colorist Orchestra gáfu út plötu þann 9. desember með níu lögum Emilíönu í nýjum útgáfum. Á plötunni eru tvö ný lög – annað lagið er When we dance sem gert hefur verið myndband við og er tekið upp með Coloris Orchestra.



### TÍSKAN VIÐ ÞINGSETNINGU

Það voru allir í sínu fínasta pússi við þingsetningu á þriðjudaginn. Björt Ólafsdóttir, þingkona Bjartrar framtíðar, vakti sérstaka athygli en hún klæddist ansi smart dragt. Sömuleiðis vakti Framsóknarkonan Þórunn Egilsdóttir lukku en hún klæddist sínum allra fínustu fötum.



### NÝTT RISASVIÐ Á SECRET SOLSTICE



Á næstu Secret Solstice hátíð verður nýtt og stærra útisvið tekið í notkun og munu gestir hátíðarinnar geta séð aðalböndin vandkvæðalaust. Tilkynnt verður um næstu listamenn í janúar.

### TÍST UM MEINT LÍKINDI TVEGGJA LAGA FER Á FLUG

Darri Tryggvason tísti um möguleg líkindi með ársgömlu lagi sínu og smelli Friðriks Dórs, Fröken Reykjavík, en lagið er pródúserað af StopWaitGo-hópnum. Umrætt tíst hefur farið víða um samfélagsmiðlana og sitt sýnist hverjum um þessi meintu líkindi laganna.







BYLTING FYRIR ÞREYTTA FÆTUR
UNDRI HEILSUINNISKÓR

Með fimmsvæða nuddinnleggi UNDRA heilsuinniskónna nærðu slökun og vellíðan sem dregur úr spennu og örvar blóðflæði. Skórnir eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir. Fáanlegir í dökkgrárri eða ljósri Merino-ull.

**Komdu og prófaðu!**

5 reflex zones

7.900 KR.

BYLTINGAKENNT
5 SVÆÐA NUDDINNLEGG



ÖRVUN MEÐ SVÆÐANUDDS-INNLEGGI MIÐAR AÐ ÞVÍ AÐ:




FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK


# Manuela tók að sér heimilislausan hund

**Manuela Ósk Harðardóttir** er mikill dýravinur og hundamanneskja. Nýverið tók hún að sér fjögurra ára chihuahua-hund sem hafði verið yfirgefinn af eiganda sínum. Hún segir hundinn hafa aðlagast vel og fært sér og fjölskyldu sinni mikla gleði.

Fyrir nokkrum mánuðum flutti Manuela Ósk til Los Angeles ásamt fjölskyldu sinni til að stunda nám. Hún er búin að koma sér vel fyrir á nýja staðnum og er meira að segja búin að fá sér hund. Hundurinn heitir Suzie Q og hefur átt erfiða ævi.

„Ég fékk hundinn minn hjá hundaskýli hérna í Los Angeles sem heitir Dogs Without Borders. Á hverjum sunnudegi er hægt að fara í dýrabúð í hverfinu mínu og skoða hundana sem þessi samtök hafa bjargað og þar sem dóttir mín er gjörsamlega hundasjúk þá var ekkert annað í stöðunni en að fara með hana að skoða. Eðlilega labbaði ég út með hund í bandi, enda tekur það virkilega á mann að sjá þessi litlu grey sem mörg hver hafa þolað hræðilegt ofbeldi og mikla vanrækslu,“ segir Manuela.

Þegar kom að því að velja hund lagði Manuela áherslu á að hundurinn væri góður í návist barna. „Það er mjög mikið af hundum í boði og auðvitað er erfitt að velja en ég spurði yfirmanninn bara hvaða hundar væru góðir með börnum og það var ansi öflug sía. Það voru þrír hundar sem komu til greina. Suzie Q valdi okkur áður en okkur tókst að skoða hina tvo. Hún er alveg dásamleg,“ útskýrir Manuela sem þekkir sögu Suzie lauslega. „Ég veit að hún er fjögurra ára chihuahua og var skilin eftir af eiganda sínum. Hún sýnir ekki merki þess að hafa verið beitt ofbeldi en hún var svolítið illa farin eftir að hafa verið á vergangi.“

### Passar vel upp á fjölskylduna

Að sögn Manuelu hefur Suzie gengið vel að aðlagast nýja heimilinu. „Þetta hefur gengið alveg ótrúlega vel og okkur finnst eiginlega bara eins og hún hafi alltaf verið okkar. Hún er rosalega hlýðin og góð og elskar okkur ofsalega mikið. Ég finn það svo greinilega, því hún passar mjög upp á okkur öll, þótt lítil sé.“

Það kom aldrei til greina að kaupa hund af ræktanda að sögn Manuelu. „Ég hef enga þörf fyrir að snobbast eitthvað og kaupa af ræktanda þegar ég get styrkt frábæra starfsemi og gefið munaðarlausum hundi gott heimili. Það kostar líka að ættleiða hundana en sú upphæð er framlag til samtakanna. Þetta hefur verið algjör „win-win“-staða því hún Suzie hefur gefið okkur svo rosalega mikla ást og gleði.“ **gudnyhronn@365.is**




Manuela ásamt hundinum Suzie Q.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


MIÐASALA HEFST Á
FIMMTUDAG KL. 10!
RED HOT
CHILI
PEPPERS
NÝJA-LAUGARDALSHÖLLIN 31. JÚLÍ
pepsi MAX
MIÐASALA FER FRAM Á MIÐI.IS OG Í SÍMA 540-9800
FORSÖLUR PEPSI MAX OG SENU LIVE FARA FRAM Á MIÐVIKUDAG
NÁNAR Á WWW.SENA.IS/RHCP
sena LIVE!

# DORMA

Láttu drauminn rætast

SMÁRATORG | HOLTAGARÐAR
AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

# Stóladagar 25% afsláttur af öllum stólum





25% AFSLÁTTUR

## SILKEBORG
hægindastóll

Stillanlegur hægindastóll. með skemli. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

**Fullt verð: 69.900 kr.**

Aðeins **52.425 kr.**

## KOLDING
hægindastóll

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart, grátt og rautt leður.

**Fullt verð: 139.900 kr.**

25% AFSLÁTTUR



Aðeins **104.925 kr.**



25% AFSLÁTTUR

## TUCSON
hægindastóll

Stillanlegur hægindastóll. Svart, brúnt og grátt leður á slitflötum. Stærð: 85x90 H: 104 cm.

**Fullt verð: 99.900 kr.**

Aðeins **74.925 kr.**

## BUFFALO
rafmagns-lyftistóll

Þessi hallar til baka, skemill fram og lyftir þér á fætur.

Stillanlegur hægindastóll. Svart, brúnt og beigelitað leður á slitflötum. 85x90 H:106 cm.

**Fullt verð: 179.900 kr.**

25% AFSLÁTTUR



Aðeins **134.925 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 12-16 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

## DÚNSÆNG
Sérlega hlý og mjúk

600 gr. dúnsæng
135x200
· 90% dúnn
· 10% smáfiður

**Fullt verð: 25.900 kr.**

QUILTS OF DENMARK



**JÓLA-TILBOÐ**

Aðeins **20.720 kr.**




Ilmur mánaðarins
**25%**
**AFSLÁTTUR**

Lækkað verð á Yankee

## STILLANLEGT HEILSURÚM
með Shape heilsudýnu



**FRÁBÆRT Dormaverð**



SHAPE BY NATURE'S BEDDING

Charlotte Julien
Dream your world™

**C&J stillanleg rúm:**
- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar
- Val um lappir með hjólum eða töppum
- Hljóðlátur mótor

| Stærð cm. | Shape og C&J silver |
|---|---|
| 2x80x200 | 349.900 |
| 2x90x200 | 369.900 |
| 2x90x210 | 389.900 |
| 2x100x200 | 389.900 |
| 120x200 | 199.900 |
| 140x200 | 224.900 |

DORMA **VERÐ**

Nature's Bedding



**JÓLA-TILBOÐ**

**20%**
**AFSLÁTTUR**
af 160 x 200 cm á meðan birgðir endast.

Val um svart eða hvítt PU leður
eða grátt áklæði á Classic botni.

### NATURE'S REST
heilsurúm með botni

| Stærð cm | Fullt verð |
|---|---|
| 160x200 | 99.900 kr. |

Aðeins **79.920 kr.**

Nature's Bedding

**30%**
**AFSLÁTTUR**
af 120,140,160 og 180 x 200 cm á meðan birgðir endast.



Val um svart eða hvítt PU leður
eða grátt áklæði á Classic botni.

Gafl seldur sér

### NATURE'S DIAMOND
heilsurúm með botni

| Stærð cm. | Fullt verð | Jólatilboð |
|---|---|---|
| 120x200 | 139.900 kr. | 97.930 kr. |
| 140x200 | 169.900 kr. | 118.930 kr. |
| 160x200 | 192.900 kr. | 135.030 kr. |
| 180x200 | 204.900 kr. | 143.430 kr, |

**JÓLATILBOÐ**

DORMA
Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

Bakþankar

Óttars Guðmundssonar



# Hatursummæli

Íslendingar hafa frá landnámi verið móðgunargjörn þjóð. Gamlar lögbækur geyma alls kyns ákvæði um móðgandi ummæli og viðurlög við þeim. Hjalti Skeggjason var dæmdur fyrir níð um gömlu goðin í umróti kristnitökunnar. Ódámurinn Skarphéðinn Njálsson móðgaði helstu höfðingja landsins á Þingvöllum með alvarlegum afleiðingum.

Langvinn meiðyrðamál hafa um aldir verið þjóðarsport Íslendinga.

Lögreglan hefur nú tilkynnt að hún muni leggja aukna áherslu á svokölluð hatursummæli. Nýlega var gefin út ákæra á hendur þekktum útvarpsmönnum sem töluðu svo gáleysislega um kynlífsfræðslu skólabarna að einhverjir móðguðust.

Lögreglan hefur lengi búið við vaxandi niðurskurð. Daglega berast fréttir að illa gangi að sinna venjulegum útköllum. Rannsókn á kynferðisbrotum og fjármálamisferli gengur hægt fyrir sig sakir manneklu. Átta árum eftir hrun er enn verið að skoða flókin fjársvikamál. Sárafáir lögreglumenn sinna eftirliti í fjölmennum byggðarlögum þrátt fyrir mikla fjölgun ferðamanna. Í nýlegri skýrslu um löggæsluna stendur: „Lögreglan er ekki fær um að halda uppi ásættanlegri frumkvæðislöggæslu (sic) vegna fjárskorts og manneklu.“

Á þessum erfiðu tímum er gleðiefni að lögreglan skuli finna svigrúm til að eltast við móðganir á opinberum vettvangi. Herða þarf róðurinn og setja á stofn sérstaka deild innan löggunnar sem hefur eftirlit með fjölmiðlum, netinu, Facebook og kommentakerfinu. Þar sem lögreglan fær engar nýjar fjárheimildir verður að hagræða innan stofnunarinnar og hætta rannsókn á smáglæpum eins og ofbeldi, innbrotum og ölvunarakstri og einbeita sér að hatursummælum. Þjóðin mun skilja og fagna þessari forgangsröðun enda er komið til móts við aldagamla móðgunarfikn Íslendinga. Fari einhver að væla um ritskoðun eða tjáningarfrelsi má umsvifalaust lögsækja viðkomandi fyrir að hafa móðgað ríkissaksóknara.








